Hæstaréttarmálið nr. 610/2007

Tómas Ísleifsson og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir

gegn

Eyrúnu Sæmundsdóttur ofl.

I. FRAMLÖGÐ SKJÖL FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Hdskj. Nr.	Heiti skjals	Bls. í ágripi
1	Stefna ásamt birtingarvottorðum	6-21
2	Skjalaskrá	22-24
3	Aðilaskýrslu stefnanda;	40-56
4	Úrdrátt úr Gíslamáldögum;	61
5	Tölvupóst til stefnandans, Tómasar um Gíslamáldaga;	62
6	Úrdrátt úr jarðabók í Skaftafellsþingi 1697;	63-66
7	Úrdrátt úr jarðabók Skúla Magnússonar 1760;	67
8	Tölvupóst til stefnandans, Tómasar um dýrleika Sólheimatorfu;	68
9	Upplýsingar úr Alþingisbókum Íslands, afsalsbréf fyrir Sólheimahjáleigu 1784;	69
10	Úrdrátt úr Taxations Protocol fyrir V-Skaftafellssýslu 1805;	70-74
11	Skrif Óbyggðanefndar um Ytri-Sólheima, úrdráttur;	75-76
12	Úrdrátt úr bókinni Afi og amma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;	77
13	Úrdrátt um Sólheima úr bókinni Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar,	78-79
14	Afsal Sveins Alexanderssonar fyrir 25 hundr. úr Sólheimum, dags. 4. júní 1841;	80-82
15	Jarðatal Johnsens 1847, bls. IV-VI og bls. 19;	83-91
16	Úrdrátt, Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1847;	92-98
17	Lovsamling for Island, Tilskipun um jarðamat 27. maí 1848;	99-101
18	Lovsamling for Island, Reglugerð um jarðamat 1. sept. 1848;	102-106
19	Gjörðabók jarðamatsmanna í Skaftafellssýslu 1849, úrdráttur;	107-113
20	Úrskurðarbók v/jarðamats í Skaftafellssýslum 1850, bls. 25-26;	114-117
21	Veðsetning Berents Sveinssonar, dags. 6. júní 1852;	118-121
22	Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1854-1863, úrdráttur;	122-129
23	Úrdrátt, Ný jarðabók fyrir Ísland 1861;	130-132
24	Uppboðsgerð að Sólheimum 20. október 1869, úrdráttur;	133-135
25	Yfirlýsing vegna Sólheimahjáleigu frá 1870;	136-137
26	Sókn, 4. sept. 1871 í landsyfirréttarmáli, vegna uppboðs á Ytri-Sólheimum;	138-142
27	Landsyfirréttarstefna 22. maí 1871 í uppboðsmáli v/Sólheima;	143-146

28	Landsyfirréttardómur þ. 27. nóv. 1871;	147-153
29	Úrdrátt úr bókinni Pabbi og mamma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;	154-159
30	Erfðafjárskýrsla 2. jan. 1885, m.a. v/Sólheimahjáleigu;	160-166
31	Jarðarúttekt v/dómsmáls 4. jan. 1889, “Margrétarhundruð”;	167-170
32	Landsyfirréttardómur þ. 4. ágúst 1893, “Margrétarhundruð”;	171-172
33	Samningur vegna Dyrhóla- og Sólheimakirkju 20. maí 1898;	173-176
34	Gjafabréf 17. okt. 1900 fyrir 12 hndr. að f. m. í Ytri-Sólheimum (Sólheimakot);	177-179
35	Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 7. apríl 1900, 21 ½ H að f.m.;	180-182
36	Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 8. apríl 1901, 3 H og 59 1/5 al að f.m.;	183-185
37	Úttekt 18. apríl 1901 á tveimur hlutum Ytri-Sólheima, samtals 25 H að f.m.;	186-190
38	Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu 6. ágúst 1901, vegna kirkjuskuldar;	191-195
39	Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu v/Sólheimahjáleigu, 20. nóv. 1901;	196-204
40	Þinglesin yfirlýsing um eignir Jóns Eyjólfssonar, 7. jan. 1902;	205-208
41	Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar,þ. 2. okt. 1904, 4 H að f.m.;	209-211
42	Kaupsamningur 30. jan. 1905, 25 H að f.m., kaupandi Erlingur Brynjólfsson;	212-216
43	Jarðaúttektir að Ytri-Sólheimum, 9. apríl 1906 og 27. maí 1907;	217-222
44	Veðsetning Sólheimahjáleigu 18. jan. 1908, Þorvaldur Björnsson;	223-225
45	Veðdeildarlán 4. nóv. 1909 með veði m.a. í 29 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum;	226-228
46	Veðlán 5. des. 1911 með veði í 25 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum, Erlingur Brynjólfsson;	229-230
47	Kaupsamning Guðmundar Þorbjarnarsonar og Ólafs H. Jónssonar, 24. nóv. 1914;	231-233
48	Afsal Þorvaldar Björnssonar fyrir Sólheimahjáleigu, 15. júlí 1915;	234-236
49	Lög nr. 22/1915 um fasteignamat;	237-241
50	Reglugjörð nr. 7/1916 um fasteignamat;	242-258
51	Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Vestur–Skaftafellssýslu frá maí 1918, Úrdrátt v/Sólheimahjáleigu, Ytri-Sólheima I (Sólheimakot), Ytri-Sólheima II, Ytri-Sólheima III, Ytri-Sólheima IV, Ytri-Sólheima V, Ytri-Sólheima VI ásamt fasteignaskrá;	259-269
52	Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu v/fasteignamats, 12. apríl 1919, úrdráttur;	270-272
53	Úrdrátt úr fasteignabók 1922;	273-277
54	Úttekt 22. júní 1924 á 1/8 hluta Ytri-Sólheima, ábýli Stefaníu Sigurðardóttur;	278-280
55	Kaupsamningur 29. júní 1924, Ytri-Sólheimar III, 7,5 H að f.m., Ásgeir Pálsson;	281-283

56	Veðsetning 29. júlí 1924, Ytri-Sólheimar III sem 7,5 H að f.m, Ásgeir Pálsson;	284-285
57	Skýrsla hreppsstjóra 1. okt 1929;	286-287
58	Eignarheimild Ísleifs Erlingssonar 13. apríl 1930;	288-289
59	Veðmálaregistur Skaftafellssýslu ca. 1840 til 1930, úrdráttur (Sólheimahjáleiga og Sólheimar Ytri);	290-293
60	Gjörðabók, fasteignamat 1930, Úrdrátt (Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II til VI):	294-325
61	Úrdrátt úr fasteignabók 1932	326-327
62	Gjörðabók, fasteignamat 1940 (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II, Ytri-Sólheimar III, Ytri-Sólheimar IV);	328-345
63	Úrdrátt, þingskjal 145, greinargerð og umræður v/setningar laga nr. 46/1941;	346-350
64	Úrdrátt úr fasteignabók 1942;	351-354
65	Afsal Steinunnar Eyjólfsdóttur þ. 10. maí 1943, Ytri-Sólheimar 18 H að f. m.;	355
66	Afsal Ólafs H, Jónssonar þ. 23. okt. 1943 fyrir 12 ½ H f.m. úr Ytri-Sólheimum;	356
67	Afsöl kirkjumálaráðuneytisins 20. október 1942, 20. desember 1943 og 16. janúar 1945 fyrir prestmötukvöðum til eigenda Sólheimahjáleigu og Ytri-Sólheima (sjö afsöl, öll jarðartorfan, þar með núverandi Framnes og Sólheimatunga);	357-363
68	Landskipti Sólheima 1944;	364-376
69	Afsal Ólafs H. Jónssonar þ. 17. júlí 1955 fyrir jörðinni Ytri-Sólheimum V, skilgreind sem 25 hundruð samkvæmt fasteignamati 1932;	377-378
70	Úrdrátt úr fasteignabók 1956-57;	379-381
71	Afsal þ. 17. maí 1960; 12 ½ H f.m., (nú jörð Óskars Sigurðar Þorsteinssonar);	382
72	Svar biskups 23. nóvember 1960 við fyrirspurn um mat og sölu prestmötu að Ytri-Sólheimum;	383
73	Erfðafjárskýrsla 26. júní 1961, dánarbú Ólafs H. Jónssonar;	384-385
74	Fundargerð framhaldslandskiptafundar í Sólheimajarðaskiptum, dags. 29. janúar 1965;	386-388
75	Jörðin Ytri-Sólheimar VII frumskráð sem 4 hundruð forn í fasteignabók Vestur-Skaftafellssýslu, þ. 20. október 1965;	389
76	Afsal þ. 12. mars 1966, Ytri-Sólheimar V, 25 H samkv. fasteignamati 1932;	390
77	Gjörðabók, fasteignamat 1969, Sólheimatunga;	391-394
78	Gjörðabók, fasteignamat 1966, Framnes;	395-398
79	Endurmat v/ Sólheimatungu 19.1.1969;	399-400
80	Bréf matsmanna Dyrhólahrepps 19.1.1969;	401-402
81	Gjörðabók, fasteignamat 1969, Framnes;	403-406

82	Afsal 17. jan. 1970, Ytri-Sólheimar II, 18,5 H að f.m.;	407
83	Kæra þ. 18. nóvember 1970, vegna þess að 4 hundruð forn í Ytri-Sólheimatorfu séu óskráð;	408-409
84	Úrskurður fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, 18. desember 1970, jörðin Ytri-Sólheimar 3a frumskráð, sem 4 hundruð forn;	410
85	Gjörðabók fasteignamat 1970, Ytri-Sólheimar 3a;	411-412
86	Afsal fyrir jörðinni Ytri-Sólheimar 3 (áður IV), hinn 27. júlí 1984;	413
87	Uppdrættir Sólheimajarða, frá Landkostum hf. október 1987;	414-418
88	Kaupsamningur þ. 19. júlí 1997, Ytri-Sólheimar V, 20 H samkv. fasteignamati 1922;	419
89	Umsögn Gísla Gunnarssonar um forn hundruð á vísindavef HÍ;	420-421
90	Loftmynd af Sólheimatorfu með markalínum dregnum af stefnanda;	422
91	Þinglýsingavottorð fyrir Ytri-Sólheima 1, 2, 3, 3A, 4, Framnes, Sólheimatungu og Sólheimahjáleigu, dags. 8. nóvember 2006	423-430
92	Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 3 dags. 27. september 2006	431
93	Greinargerð stefndu, Eyrúnar Sæmundsdóttur, ofl.	25-32
102	Gjafabréf eigenda að Sólheimatorfu til Óskars M. Hallgrímssonar, dags. 10 júlí 1981	433-435
104	Veðbandslausn, dags. 24. júlí 1996	436-437
105	Yfirlýsing Sigurðar Ásgeirssonar, Kristins Stefánssonar, Kjartans Stefánssonar og Ástu Ósk Stefánsdóttur, dags. 24. mars 2003	438
106	Yfirlýsing eigenda Eystri-Sólheima og Ytri-Sólheima 3a dags. .19. júní 2003	439
107	Greinargerð stefnda, Tómasar Ísleifssonar, ofl. í málinu nr. E-1042/2003	440-445
108	Dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004 í málinu nr. E-1042/2003.	446-461
110	Greinargerð stefndu, Hildigunnar Þorsteinsdóttur, ofl.	33-39
111	Skiptavottorð v. db. Valgerðar Sigríðar Ólafsdóttur dags. 22. júlí 2003	469
112	Afrit úr fasteignamati fyrir Dyrhólahrepp 1970	470-472
113	Afrit úr fasteignamati fyrir Dyrhólahrepp 1972	473-475
114	Afrit úr fasteignamati fyrir Mýrdalshrepp 1998	476-481
115	Yfirlýsing Benedikts Bragasonar, Andrínu G. Erlingsdóttur, Einars Guðna Þorsteinssonar, Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur um að þau séu sammála dómkröfu stefnenda.	482
116	Afsal á hluta Ytri-Sólheima 3a til Þorsteins Magnússonar.	483
117	Yfirlýsing einstaklinga sem fæddir eru á Ytri-Sólheimum á árabilinu 1920-1940.	484

II. ÞINGHÖLD Í HÉRAÐI

Dags.		Bls.
15.11.2006	Héraðsdómur Suðurlands, lögð fram hdskj. nr. 1-92	485
17.1.2007	Héraðsdómur Suðurlands, lögð fram hdskj. nr. 93-114	485-486
15.3.2007	Héraðsdómur Suðurlands, lagt fram hdskj. nr. 115	486
24.4.2007	Héraðsdómur Suðurlands, lagt fram hdskj. nr. 116	487
31.8.2007	Héraðsdómur Suðurlands, lagt fram hdskj. nr. 117, aðalmeðferð	487-488
27.9.2007	Héraðsdómur Suðurlands, dómsuppkvaðning	488-489
27.9.2007	Héraðsdómur Suðurlands, endurrit	490-508

III. NÝ SKJÖL FYRIR HÆSTARÉTTI

Dskj.		Bls.
A	Áfrýjunarstefna útg. 16. nóv. 2007 með áritunum um birtingu.	509-512
B	Ágrip	1-513
C	Nýtt málsskjal, Yfirlýsing Andrínu G. Erlingsdóttur ofl. um samþykki þeirra, stefndu, á kröfum stefnenda, 3. des. 2007	513

RAGNAR ADALSTEINSSON
SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR
Lögmenn

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi
Suðurlands 15/11 2006

Tómas Ísleifsson,
kt. 070348-2769
og
Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
kt. 310555-3559
Ytri-Sólheimum 3,
871 Vík,

Gera kunnugt:
að þau þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands gegn Eyrúnu Sæmundsdóttur, kt. 060634-7699, Einari Þorsteinssyni, kt. 310828-3279, Elínu Einarsdóttur, kt. 080367-4069 og Magnúsi Þór Snorrasyni, kt. 180666-4279, öllum til heimilis að Sólheimahjáleigu, 871 Vík, Andrínu G. Erlingsdóttur kt. 220571-4599 og Benedikt Bragasyni kt. 030963-5399, báðum til heimilis að Ytri-Sólheimum 1, 871 Vík, Einari Guðna Þorsteinssyni, kt. 061258-5749 til heimilis að Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík, Óskari Sigurði Þorsteinssyni, kt. 291266-3719, Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík, Hildigunni Þorsteindóttur, kt. 020246-3249, Vesturási 32, 110 Reykjavík, Kristínu Þorsteinsdóttur, kt. 120348-3379, Eyjabakka 6, 109 Reykjavík, Ólafi Þorsteinssyni, kt. 180450-4919, Eystri-Sólheimum, 871 Vík, Sigríði Þorsteinsdóttur, kt. 220441-2299, Þverási 16, 110 Reykjavík, Sigrúnu R. Þorsteindóttur, kt. 260245-3179, Þyskalandi, Ingibjörgu Ásgeirsdóttur, kt. 010538-4599, Hrísateigi 5, 105 Reykjavík og Þresti Óskarssyni, kt. 300363-7849, Gauksási 47, 221 Hafnarfjörður og gera á hendur þeim eftirfarandi kröfur:

> Að viðurkennt verði með dómi, að eignarhlutdeild stefnenda, Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar R. Ragnarsdóttur, sem eigenda Ytri-Sólheima 3, sé 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum, þ.e. Sólheimatorfu. Þá er og krafist málskostnaðar alls úr hendi stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur, Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur, Magnúsar Þórs Snorrasonar, Hildigunnar Þorsteindóttur, Kristínar Þorsteinsdóttur, Ólafs Þorsteinssonar, Sigríðar Þorsteinsdóttur og Sigrúnar R. Þorsteindóttur *in solidum* eða hvers um sig að mati dómsins.

Um aðild
Á Ytri-Sólheimum hefur verið margbýli frá fornu fari. Ytri-Sólheimar skiptast í eftirtaldar átta jarðir og er getið þinglesinna eigenda við hverja jörð.

Ytri-Sólheimar 1 (Sólheimakot)	Andrína G. Erlingsdóttir og Benedikt Bragason
Ytri-Sólheimar 2	Einar Guðni Þorsteinsson
Ytri-Sólheimar 3	Tómas Ísleifsson og Sigrún R. Ragnarsdóttir
Ytri-Sólheimar 3a	Hildigunnur, Kristín, Ólafur, Sigríður og Sigrún R. Þorsteinsbörn

Klapparstíg 25-27 101 Reykjavík Sími 511 1206 Fax 511 1207
ragnar@adalsteinsson.is
rut@adalsteinsson.is

Ytri-Sólheimar 4 Framnes	Óskar Sigurður Þorsteinsson Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Þröstur Óskarsson, Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason
Sólheimahjáleiga	Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason
Sólheimatunga	Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson

Tún og slægjur næst bæjunum í Sólheimatorfu eru úrskipt, en að öðru leyti er land jarðartorfunnar og landsnytjar í óskiptri sameign eigenda jarðanna átta. Ekki hafa farið fram landskipti á Ytri-Sólheimum nema að hluta á landi næst bæjunum. Ágreiningur er um eignarhlutföll á landi og landsnytjum Sólheimatorfu í heild. Sá ágreiningur hefur leitt til þess að ekki hefur reynst unnt að skipta sameiginlegu landi jarðarinnar og landsnytjum milli eigenda í réttum hlutföllum. Eigendur Ytri Sólheima 1, 2, 3, 4 og hluta Framness eru sammála um hver séu rétt eignarhlutföll í jarðartorfunni milli jarðanna átta og telja að miða beri við skiptingu skv. fornu mati. Stefndu, eigendur Sólheimahjáleigu, Sólheimatungu og hluta Framness, eru ósammála meiri hlutanum og telja, að því er virðist, að skipta beri í sömu hlutföllum og land jarðanna var metið í jarðamatinu 1922, þ.e. úrskipt ræktað land og óskipt land með landsnytjum. Stefndu, eigendur Ytri-Sólheima 3a, taka ekki afstöðu til eignarhlutfalls Ytri-Sólheima 3 í Sólheimatorfu. Stefnendur komast því ekki hjá því að höfða mál þetta til að fá úr því skorið hvert sé eignarhlutfall jarðar þeirra, Ytri-Sólheima 3, í óskiptu landi og landsnytjum Sólheimatorfu í heild sinni. Á grundvelli dóms í máli þessu geta stefnendur síðan krafist skipta á sameiginlegu landi og landsnytjum jaðartorfunnar.

Aðrir eigendur Ytri-Sólheima en stefndu Elín Einarsdóttir, Magnús Þór Snorrason, Eyrún Sæmundsdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildigunnur Þorsteinsdóttir, Kristín Þorsteinsdóttir, Ólafur Þorsteinsson, Sigríður Þorsteinsdóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir eru sammála stefnendum um eignarhlutfall þeirra í jörðinni. Þrátt fyrir það verður af réttarfarslegum ástæðum ekki hjá því komist að stefna þeim til að þola dóm í máli þessu. Á hendur þeim er ekki gerð málskostnaðarkrafa. Af þeirra hálfu verður lögð fram yfirlýsing eða greinargerð þessu til staðfestingar.

Málstæður og önnur atvik

Eignarheimild stefnandans Tómasar að Ytri-Sólheimum 3 er frá 27. júlí 1984 og með skjali dagsettu 1. september 2006 afsalaði hann hálfri jörðinni til eignkonu sinnar, stefnandans Sigrúnar. Óumdeilt er að forverar stefnandans Tómasar, þ.e. þeir sem hann leiðir rétt sinn til jarðarinnar frá, eignuðust 25 hundruð forn í jörðinni Ytri-Sólheimum, sem metin var 100 hundruð forn. Jörð hans er því 25% af allri jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum. Einnig er óumdeilt að hvorki stefnendur né forverar stefnandans Tómasar hafa selt eða ráðstafað með öðrum hætti neinum hluta af þessum fjórðungi torfunnar. Jarðartorfan í heild sinni hefur og haldist óbreytt frá því að forverar stefnandans Tómasar eignuðust 25% í henni í þeim skilningi, að torfan hefur hvorki stækkað né minnkað og af því leiðir að hlutfall stefnanda í óskiptu landi og landsnytjum er óbreytt, hefur hvorki aukist eða minnkað.

Stefndu, eigendur Sólheimahjáleigu, Sólheimatungu og hluta Framness, eru hins vegar þeirrar skoðunar að þegar tekið var að verðmeta hverja jörð fyrir sig vegna jarðamatsins 1922 hafi eignarhlutdeild stefnanda í óskiptri sameign minnkað. Með þessu virðast þessir stefndu eiga við að hafi séreignir annarra einstakra jarðaeigenda á torfunni hækkað í mati t.d. vegna aukinnar og bættrar ræktunar á úrskiptum hlutum jarðartorfunnar, þá skuli sú hækkun matsverðs leiða til þess að hlutdeildin í hinu óskipta landi og landsnytjum skuli hækka samsvarandi. Þannig telja þeir að hlutdeild stefnenda í hinu óskipta landi með landsnytjum hafi minnkað án tilverknaðar og ráðstafana þeirra eða forvera stefnandans Tómasar. Ágreiningur aðila lýtur því að því hvort einstakir eigendur torfunnar geti aukið eignarhlutdeild sína í hinni óskiptu eign og landsnytjum með því að bæta mannvirki og úrskipta eign sína og þannig aukið verðgildi hennar til mats.

Um sögu Sólheimajarða og jarðamöt verður lögð fram ítarleg aðilaskýrsla stefnenda, Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar R. Ragnarsdóttur.

Í máldaga Sólheimakirkju í Gíslamáldögum frá því um 1570 er dýrleiki jarðartorfunnar talinn 100 hundruð. Í jarðabók Skúla Magnússonar frá 1760 er tilgreindur dýrleiki jarðartorfunnar 100 hundruð en einnig 120 hundruð og 20 álnir, en hafa verður í huga að jarðabók Skúla er ekki byggð á sjálfstæðu mati, heldur á söfnun eldri gagna.

Í jarðamötunum 1686 og 1695/1698 er að finna þrenns konar mat á Ytri-Sólheimum. Í jarðabókinni 1695 kemur fram hið forna mat, sem var 100 hundruð með hjáleigunni, þ.e. heimajörðin 92 2/3 hundruð og hjáleigan (Sólheimahjáleiga) 7 1/3 hundruð, sbr. Nýja jarðabók fyrir Ísland, sem lögleidd var 1861. Í dómi Hæstaréttar 19. maí 1988, dómasafn 1988 bls. 683, segir að í inngangi að jarðabókinni frá 1639 sé þess getið að dýrleiki sé þar reiknaður eftir hæð landskuldar af jörðum en hið forna hundraðamat sýnist hins vegar vera miðað við markaðsverð jarðanna. Með þessu skýrist munur á mati jarðar eftir mismunandi matsaðferðum. Í sömu heimild segir að í tilefni af gerð jarðatals Johnsens frá 1847 hafi ekki farið fram sjálfstætt jarðamat, heldur taldi Johnsen dýrleika jarðanna eftir því sem greint er í jarðabók Skúla Magnússonar landfógeta frá 1760, svo og hæð landskuldar og tölu kúgilda. Þar sem jarðabók Skúla greindi ekki frá dýrleikanum fór Johnsen eftir jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um hann.

Fram fór mat á Ytri-Sólheimum í júní 1849 og um matið segir í úrskurðarbók þeirra manna sem voru kvaddir til að rannsaka jarðamatið árið 1850, að Sólheimahjáleiga hafi verið talin 7 hundruð og 40 álnir eða nálægt 7 hundruðustu úr allri Sólheimaeigninni. Sólheimahjáleigan var þá virt á 400 ríkisdali en jörðin Ytri-Sólheimar á 1300 ríkisdali. Þetta verðmat er byggt á ástandi jarðanna á þessum tíma og hefur ekkert að gera með eignarhlutfall á því landi, sem þá var óskipt. Í Nýrri jarðabók fyrir Ísland sem lögleidd var árið 1861 á grundvelli tilskipunar frá 1848 er Sólheimatorfan skráð á eftirfarandi veg:

Sólheimahjáleiga	7 1/3 hundruð forn	12,2 hundruð ný
Ytri-Sólheimar	92 2/3 hundruð forn	39,9 hundruð ný

Í jarðamatsgögnunum frá 1850 er tekið fram að eignarhlutföll heimajarðar og hjáleigu í allri sameign Sólheima skuli áfram vera í hlutfalli hins forna mats. Hins vegar er hið

nýja skattmat í jarðabókinni frá 1861 í sama hlutfalli og verðmat heimajarðar og hjáleigu í jarðamatsgögnunum frá 1850. Þá er sérskráning Sólheimahjáleigu í jarðamatinu 1849/50 brot á 2. grein reglugerðar Rentukammers frá 1. sept. 1848 um verklagsreglur jarðamatsmanna.

Í dómi landsyfirréttar 27. nóvember 1871 um jörðina er hið forna jarðarmat lagt til grundvallar. Í auglýsingu um opinbert uppboð á jörðinni var tekið fram að kaupahlutinn í Ytri-Sólheimum 50 hdr. yrði seldur við opinbert uppboð og að kirkjuhlutinn 50 hdr. fylgdu með í kaupinu. Sama er að segja um dóm landsyfirréttar 14. ágúst 1893, en þar er fjallað um afsal á „5 hndr." f.m. í Ytri-Sólheimum. Enn fremur í dómi aukaréttar Skaftafellssýslu 6. ágúst 1901 og 20. nóvember 1901. Í öllum þessum tilvikum er byggt á hinu forna jarðamati. Í fasteignamati 1922 eru Sólheimar skráðir sem Ytri-Sólheimar I-VI auk Sólheimahjáleigu. Hlutföll eru önnur en í hinu forna mati. Í matið vantar Ytri Sólheima 3a og er matið því háð slíkum ágöllum að á því verður ekki byggt um skiptingu jarðarinnar. Verður ekki séð hvernig unnt er að leiðrétta það mat vegna ágallans.

Í fjölmörgum afsölum allt til þessa dags er hlutum úr jörðinni afsalað og miðað við hið forna mat og skiptingu. Sem dæmi má nefna afsal, þar sem Guðmundi Þorbjarnarsyni er hinn 7. apríl 1900 afsalað 21,5 hundraði að fornu mati úr austurjörð Ytri- Sólheima. Hinn 8. apríl 1901 afsalar Halldór Jónsson sama Guðmundi 3 hundruðum og 59 1/5 al. fornt mat úr jörðinni. Hinn 2. október 1904 selur Friðrik Björnsson Guðmundi Þorbjarnarsyni eign sína 4 hundruð að fornu mati í vesturjörð Ytri-Sólheima. Hinn 30. janúar 1905 selur Sverrir Magnússon Erlingi Brynjólfssyni með kaupsamningi part úr Ytri-Sólheimum að dýrleika 25 hundruð að fornu mati. Þannig mætti rekja í löngu máli upplýsingar um að jörðinni var skipt að fornu mati og hlutföllin eru greind í veðmálabókum og víðar og er miðað við að jörðin með hjáleigunni sé 100 hundruð að fornu mati og hjáleigan því sem næst 7 1/3 hundruð þar af. Hefur þessi háttur verið á hafður svo lengi sem rakið verður og allt fram á síðustu öld.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af HR 1988 bls. 683 skal því aðeins styðjast við fasteignamatið 1922 að ekki sé til eldri skipting á dýrleika jarðanna. Er þá haft í huga að beitt er mismunandi matsaðferðum.

Hið forna mat hefur að auki verið notað milli eigendanna með ýmsum hætti svo sem við ákvörðun prestsmötu, skiptingu rekafjöru og úttektargjörðir við ábúendaskipti leigujarða.

Svo sem fyrr segir var hálf jörðin Ytri Sólheimar eign kirkjunnar og greiddu eigendur hins helmings jarðarinnar kirkjunni í afgjald 16 fjórðunga smjörs árlega. Á tuttugustu öld var prestsmatan umreiknuð í pund í hlutfallinu 1:10, þannig að prestsmata Sólheimatorfu var 160 pund. Í gerðabókum jarðamatanna 1922, 1932 og 1942 er skipting prestsmötunnar á milli Sólheimajarða í hlutfalli hins forna mats. Eftir að landskiptalögin frá 1941 tóku gildi leystu ábúendur Sólheimatorfu prestsmötukvöðina til sín.
Þau afsöl eru einnig í hlutfalli hins forna mats, eins og eftirfarandi tafla sýnir.
Hið forna mat er sett aftar í töfluna til samanburðar.
Villur eru í númerum jarðanna í afsölunum.

Afsöl fyrir prestmötukvöð					Forna mat		Nafn jarðar árið 2006
Dagsetning	Eigandi/Ábúandi	Nafn jarðar í afsali	Pund	%	%	% samtals	
16.1.1945	Sæmundur Jónsson	Sólheimahjáleiga	12,5	7,8	7,33	7,33	Sólheimahjáleiga
20.10.1942	Sigurður Högnason	Sólheimakot	20	12,5	12	12	Sólheimakot
16.1.1945	Maríus Einarsson	Ytri-Sólheimar II	29	18,1	18,9	18,9	Ytri-Sólheimar 2
20.12.1943	Ísleifur Erlingsson	Ytri-Sólheimar	40	25	25	25	Ytri-Sólheimar 3
16.1.1945	Guðrún Einarsdóttir	Ytri-Sólheimar III	20	12,5	12,5	12,5	Ytri-Sólheimar 4
16.1.1945	Ásgeir Pálsson	Framnes	32	20	7,77+12,5	20,27	Framnes og Sólheimatunga
16.1.1945	Ólafur H. Jónsson	Ytri-Sólheimar IV	6,5	4,1	4	4	Ytri-Sólheimar 3a
		Samtals	160	100	100	100	

Skv.afsölunum telst eignarjörð stefnenda vera 25% af óskiptu, en hjáleigan tæplega 8% og Sólheimatunga með Framnesi 20%.

Landskiptagerð, sem fram fór 1944, tók ekki til alls heimalandsins heldur var aðeins víxlað slægjuskákum á milli jarða til að gera land hverrar jarðar samfelldara en áður var. Í skiptagerðinni er sagt að skipt sé eftir jarðamatinu frá 1922. Einnig er sagt að slægjuskákarnar hafi verið mældar. Þegar skiptagerðin er lesin kemur fram að landi tveggja jarðanna er ekki skipt.
Vitað er að við landskiptin kom mikið af ómældu landi á holtunum á milli hinna mældu slægjuskáka í hlut jarðanna. Þannig er það land, sem jarðirnar fengu, ekki í hlutfalli við fasteignamatið 1922 eða önnur möt. Á uppdráttum frá október 1987 kemur fram stærð graslendis jarðanna. Með því að nota þessa uppdrætti og landskiptagerðina frá 1944 kemur t.d. í ljós að jörðin Sólheimahjáleiga er með amk. 20 % af graslendi jarðanna en ekki 15,5 % eins og vera ætti ef skipt hefði verið samkvæmt fasteignamatinu 1922. Graslendi Sólheimahjáleigu er því meira en 30 % stærra en vera ætti samkvæmt fasteignamatinu 1922. Við skiptin var heimaland hjáleigunnar raunar aldrei mælt.

Enn var ítrekað reynt að koma á landskiptum á árunum 1960 til 1965, en tókst ekki vegna ágreinings um hlutföll. Eigendur Sólheimahjáleigu vildu nota hlutföll í matinu frá 1922.

Skipti milli Sólheimajarða í dýrleika í hundruðum er sem hér segir að fornu mati:

Ytri-Sólheimar 1 (Sólheimakot)	12 hndr
Ytri-Sólheimar 2	18,9 hndr
Ytri-Sólheimar 3 (áður Ytri-Sólheimar IV)	25 hndr
Sólheimatunga (án Ytri-Sólheima 3a)	12 ½ hndr
Ytri-Sólheimar 4 (áður VI)	12 ½ hndr
Ytri-Sólheimar 3a	4 hndr
Framnes	7,77 hndr
Sólheimahjáleiga	7 1/3 hndr

Samtals 100 hndr

Í 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 er við það miðað að skipta skuli eftir jarðamati frá árinu 1861 þar sem því verði við komið en séu tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi en aðgreint mat að finna í jarðatali Johnsens frá 1847 skuli það notað. Síðan segir að verði hvorugu þessu mati við komið skuli fara eftir fasteignabók 1922 eða síðari fasteignabókum, „þó þannig, að ávallt verði notað hið elsta jarðamat sem við verður komið." Í ákvæði þessu er fólgin leiðbeiningarregla um notkun sönnunargagna, en ekki er verið að binda sönnunarfærsluna við greind gögn. Í hinu tilvitnaða lokaákvæði 2. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 felst að heimilt sé að færa fram sönnun með öðrum hætti um dýrleika jarða í sömu jarðartorfunni og er því ekki verið að víkja frá grunnreglu íslensks réttarfars um frjálst mat á sönnun, sbr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði. Í 2. mgr. 3. gr. landskiptalaga segir að nú hafi eignarhlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja. Lagaákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir að eignarhlutdeild jarðareigenda í aðstöðu stefnenda minnki við misjafna ræktun eða aðrar framkvæmdir. Samkvæmt lagaákvæði þessu er útilokað að jarðamatið 1922 geti leitt til þess að hlutdeild stefndu, eigenda Sólheimahjáleigur, Sólheimatungu og hluta Framness, í jörðinni aukist á kostnað stefnanda.

Þá kemur og eignarréttarákvæði stjórnarskrár i veg fyrir að unnt sé að skerða eignarhluta stefnanda í þágu annarra án eignarnáms og fulls endurgjalds.

Í fasteignabók 1922 er land Ytri-Sólheimatorfunnar metið þannig:

Ytri-Sólheimar	I	15 hundruð eða	11,6 %
"	II	20 hundruð eða	15,5 %
"	III	9 hundruð eða	7,0 %
"	IV	30 hundruð eða	23,3 %
"	V	20 hundruð eða	15,5 %
"	VI	15 hundruð eða	11,6 %
Sólheimahjáleiga		20 hundruð eða	15,5 %

Matinu 1922 er ekki ætlað að greina frá eignarhlutföllum jarða á óskiptri jarðartorfu eins og t.d. að Ytri-Sólheimum. Land hverrar jarðar, bæði ræktað og óræktað, er metið til peningaverðs. Þannig hefur aukin ræktun úrskipts lands þau áhrif að metið landverð jarðar hækkar. Það á ekki að leiða til að hlutdeild viðkomandi jarðar í óskiptu landi hækki. Matið er því ekki nothæft við ákvörðun hlutfallslegrar eignar hverrar jarðar. Þess utan vill svo illa til að láðst hefur að geta um mat á Ytri-Sólheimum 3a og af því leiðir að matið er með öllu ónothæft einnig af þeirri ástæðu sem grundvöllur hlutfallsskipta.

Í jarðamötum 19. aldar er ætíð sérgreint mat á hlutfalli Sólheimhjáleigu af Ytri-Sólheimum og er hlutfallið 7,33%. Ekki er þar að finna hlutfallsskiptingu Ytri-Sólheima án hjáleigunnar. Hins vegar eru næg gögn um þá skiptingu, sem skylt og óhjákvæmilegt er að byggja skiptinguna á og ætíð með það sem óumdeilda upphafsstöðu að hjáleigan er 7.33% af torfunni. Eignarhlutfall hjáleigunnar í óskiptu landi og landsnytjum eykst ekki við umbætur á húsum eða aukna ræktun úrskipts

séreignarlands, enda myndi slík regla leiða til skerðingar á hlutdeild annarra eigenda jarðartorfunnar.

Ytri-Sólheimar 3

Afi stefnandans Tómasar, Erlingur Brynjólfsson og amma, Hallbera Ísleifsdóttir, eignuðust Ytri-Sólheima 3 (áður IV) eða 25% jarðarinnar úr hendi Sverris Magnússonar árið 1905, en Sverrir bjó á jörðinni frá 1860 til 1905. Ísleifur Erlingsson, faðir stefnandans Tómasar, eignaðist jörðina eftir dauða föður síns úr hendi móður sinnar og systkina 6. desember 1928. Stefnandinn Tómas eignaðist jörðina árið 1982 úr hendi systkina sinna eftir lát foreldra þeirra. Stefnandinn Sigrún eignaðist hálfa jörðina hinn 1. september 2006.

Elsta heimild um Ytri-Sólheima 3 sem 25% Sólheimatorfu er að finna í uppboðsgjörð Ytri-Sólheima með Sólheimahjáleigu hinn 20. október 1869. Í gjörðinni eru tiltekin og boðinn upp bændahluti allra ábýla torfunnar samtals 50 hndr. að fornu mati. Jörð stefnenda er í uppboðsgjörðinni tilgreind sem ábýli Sverris Magnússonar 12 hndr og 60 al. og að meðtöldum kirkjuhlutanum 25 hndr. Sólheimakirkja átti torfuna hálfa eða 50 hndr. Er þá sem endranær öll torfan 100 hndr forn og jörð stefnenda 25 hndr þar af. Heimildir stefnenda að jörð sinni og þar með 25% allrar torfunnar verða raktar til eignarheimildar Sverris Magnússonar. Ekki er deilt um að jörðin á fjórða hvern dag ársins á Sólheimafjöru. Einnig er óumdeilt, að jörðin greiddi fjórðung prestsmötugjalds allrar Sólheimatorfu og endurspeglast það í því gjaldi sem eigandi jarðar stefnenda varð að greiða við innlausn prestsmötunnar, þ.e. 25 %.

Sólheimahjáleiga

Forsendur fasteignamatsins 1922 eru jarðamatsgögn frá árinu 1918. Fram verða lögð gögn sem sýna að jarðamatsmenn skrá í matsgögnin jarðamat Sólheimahjáleigu frá 1861. Forsendur jarðamatsins 1861 eru jarðamatsgögn frá árinu 1850. Þegar þau gögn eru skoðuð sést að sérstaklega er tekið fram og undirstrikað um Sólheimahjáleigu: "Jörðin hefur verið talin 7 H- 40 al eður nálægt 7/100 úr allri Ytri-Sólheimaeigninni; ... hún á einnig 7/100 úr fjörunni;" Hér er í frumforsendum fyrir mötunum 1861 og 1922 tekið sérstaklega fram að eignarhluti Sólheimahjáleigu í sameign Sólheimatorfu sé um 7/100. Enn í dag á Sólheimahjáleiga annan hvern sunnudag á Sólheimafjöru eða 1/14, sem er 7,1 % fjörudaga. Hlutdeild jarðarinnar samkvæmt prestsmötu var sú sama.

Sólheimatunga

Áður hefur í stefnu þessari komið fram að jörðin Ytri-Sólheimar 3a er vantalin í fasteignamatinu 1922. Jörðin Sólheimatunga er sama jörð og árið 1922 er nefnd Ytri-Sólheimar V. Í jarðamatsgögnum frá 1918 sést að jörðin Ytri-Sólheimar V er tvískipt. Í þeim gögnum málsins sem fram verða lögð er unnt að rekja þessa tvískiptingu allt til þessa dags. Jörðin Ytri-Sólheimar 3a sést hvergi skráð fyrr en 18. desember 1970. Lagðar verða fram heimildir sem sýna að jörðin Ytri-Sólheimar 3a er hluti af jörðinni Sólheimatungu, enda þótt jarðirnar séu nú ekki eign sömu einstaklinga og hvor partur um sig hafi sjálfstæða eignarheimild í veðmálabókum. Þessu er svo varið þótt þessi staðreynd stangist á við eignaheimildir jarðanna.

Það á einnig við um Sólheimatungu og hlutajörð hennar, Ytri-Sólheima 3a, að jarðirnar eiga fjörudaga að réttu hlutfalli hins forna mats. Það sama gilti og um prestsmötu jarðanna.

Svo sem yfirlýsing annarra þinglesinna eigenda jarðartorfunnar en stefndu, eigenda Sólheimahjáleigu, Sólheimatungu hluta Framness og Ytri-Sólheima 3 a, mun bera með sér er ekki ágreiningur um eignarhlutföll þeirra á milli. Stefndu sem eigendur Sólheimahjáleigu, Sólheimatungu og hluta Framness eru þó annarrar skoðunar og telja eignarhlutföll jarða sinna í óskiptu landi og landsnytjum jarðatorfunnar hærri en hið forna mat og gögn tengd því gefa til kynna. Eignarhlutföll jarða þessara stefndu geta þó ekki hafa hækkað án þess, að eignarhlutföll annarra eigenda, eins eða fleiri, hafi minnkað að sama skapi. Þessir stefndu munu þó ekki byggja á því, að þeir eða forverar þeirra hafi eignast hlutdeild í öðrum jörðum í torfunni fyrir kaup, gjöf, erfð, eignarnám eða annars konar framsalagerninga og það sé skýringin á því að eignarhlutföll þeirra hafi aukist á kostnað annarra eigenda. Eina skýringin sem þessir stefndu munu hafa nefnt er að breytt mat á jörðum þeirra hafi leitt til aukinnar hlutdeildar þeirra í landi í óskiptri sameign og landsnytjum og þeir hafi ekki þurft að kosta neinu til. Stefndu eigendur Ytri-Sólheima 3a hafa ekki tekið afstöðu til dómkröfunnar eins og fyrr kemur fram í stefnu þessari.

Dómar

Dómar hafa gengið um dýrleika Sólheimajarða á síðari hluta 19. aldar og í upphafi 20. aldar og hafa þeir verið byggðir á hinu forna mati þar á meðal um Sólheimahjáleigu. Í þeim er ekki vitnað til eða byggt á jarðamatinu frá 1861.

Skráning í veðmálbækur

Í veðmálabókum er Sólheimahjáleiga skráð 7 H-50 árið 1868, 7 H-40 árin 1896 (skv. afsali) 7 H-40 (skv. dómi) árið 1908, en 12,2 H 10. ágúst 1915. Þorvaldur Bjarnason þinglýsir afsali sínu árið 1896 og dómi um sömu jörð 1908. Þegar hann selur nákvæmlega sömu jörð árið 1915 er hún talin12,2 H. Engu hafði Þorvaldur aukið við jörðina. Hér er einfaldlega um það að ræða að notað er hið forna mat 1868, 1896 (tvívegis) og 1908, en matið frá 1861 er notað við söluna 1915. Það eitt að seljandi og kaupandi velja að nota jarðamatið 1861 breytir engu um hlutdeild Sólheimahjáleigu í óskiptu landi og landsnytjum. Hlutdeildin er óbreytt 7,33 %.

Lagatilvísanir

Vísað er m.a til eignaréttarákvæðis stjórnarskrár og viðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu; landskiptalaga nr. 46/1941; laga nr. 41/1919 um landamerki og til jarðalaga. Enn fremur til laga um meðferð einkamála um heimild til að gera viðurkenningarkröfu, um sönnun og sönnunarbyrði, aðild, málskostnað ofl.

Sönnunargögn

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram þau gögn sem málsatvikalýsingin styðst við, þar á meðal:

1. Stefnu þessa
2. Skjalaskrá
3. Aðilaskýrslu stefnanda;
4. Úrdrátt úr Gíslamáldögum;
5. Tölvupóst til stefnandans Tómasar um Gíslamáldaga;
6. Úrdrátt úr jarðabók í Skaftafellsþingi 1697;
7. Úrdrátt úr jarðabók Skúla Magnússonar 1760;
8. Tölvupóst til stefnandans Tómasar um dýrleika Sólheimatorfu;

9. Upplýsingar úr Alþingisbókum Íslands, afsalsbréf fyrir Sólheimahjáleigu 1784;
10. Úrdrátt úr Taxations Protocol fyrir V-Skaftafellssýslu 1805;
11. Skrif Óbyggðanefndar um Ytri-Sólheima, úrdráttur;
12. Úrdrátt úr bókinni Afi og amma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;
13. Úrdrátt um Sólheima úr bókinni Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar,
14. Afsal Sveins Alexanderssonar fyrir 25 hundr. úr Sólheimum 4. júní 1841;
15. Jarðatal Johnsens 1847, bls. IV-VI og bls. 19;
16. Úrdrátt, Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1847;
17. Lovsamling for Island, Tilskipun um jarðamat 27. maí 1848;
18. Lovsamling for Island, Reglugerð um jarðamat 1. sept. 1848;
19. Gjörðabók jarðamatsmanna í Skaftafellssýslu 1849, úrdráttur;
20. Úrskurðarbók v/jarðamats í Skaftafellssýslum 1850, bls. 25-26;
21. Veðsetning Berents Sveinssonar 6. júní 1852;
22. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1854-1863, úrdráttur;
23. Úrdrátt, Ný jarðabók fyrir Ísland 1861;
24. Uppboðsgerð að Sólheimum 20. október 1869, úrdráttur;
25. Yfirlýsing vegna Sólheimahjáleigu frá 1870;
26. Sókn 4. sept. 1871 í landsyfirréttarmáli vegna uppboðs á Ytri-Sólheimum;
27. Landsyfirréttarstefna 22. maí 1871 í uppboðsmáli v/Sólheima;
28. Landsyfirréttardómur þ. 27. nóv. 1871;
29. Úrdrátt úr bókinni Pabbi og mamma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;
30. Erfðafjárskýrsla 2. jan. 1885, m.a. v/Sólheimahjáleigu;
31. Jarðarúttekt v/dómsmáls 4. jan. 1889, "Margrétarhundruð";
32. Landsyfirréttardómur þ. 4. ágúst 1893, "Margrétarhundruð";
33. Samningur vegna Dyrhóla- og Sólheimakirkju 20. maí 1898;
34. Gjafabréf 17. okt. 1900 fyrir 12 hndr. að f. m. í Ytri-Sólheimum (Sólheimakot);
35. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 7. apríl 1900, 21 ½ H að f.m.;
36. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 8. apríl 1901, 3 H og 59 1/5 al að f.m.;
37. Úttekt 18. apríl 1901 á tveimur hlutum Ytri-Sólheima, samtals 25 H að f.m.;
38. Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu 6. ágúst 1901, vegna kirkjuskuldar;
39. Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu v/Sólheimahjáleigu 20. nóv. 1901;
40. Þinglesin yfirlýsing um eignir Jóns Eyjólfssonar dags. 7. jan. 1902;
41. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 2. okt. 1904, 4 H að f.m.;
42. Kaupsamningur 30. jan. 1905, 25 H að f.m., kaupandi Erlingur Brynjólfsson;
43. Jarðaúttektir að Ytri-Sólheimum 9. apríl 1906 og 27. maí 1907;
44. Veðsetning Sólheimahjáleigu 18. jan. 1908, Þorvaldur Björnsson;
45. Veðdeildarlán 4. nóv. 1909 með veði m.a. í 29 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum;
46. Veðlán 5. des. 1911 með veði í 25 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum, Erlingur Brynjólfsson;
47. Kaupsamning Guðmundar Þorbjarnarsonar og Ólafs H. Jónssonar, 24. nóv. 1914;
48. Afsal Þorvaldar Björnssonar fyrir Sólheimahjáleigu 15. júlí 1915;
49. Lög nr. 22/1915 um fasteignamat;
50. Reglugjörð nr. 7/1916 um fasteignamat;
51. Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Vestur–Skaftafellssýslu frá maí 1918, Úrdrátt v/Sólheimahjáleigu, Ytri-Sólheima I (Sólheimakot), Ytri-Sólheima II, Ytri-Sólheima III, Ytri-Sólheima IV, Ytri-Sólheima V, Ytri-Sólheima VI ásamt fasteignaskrá;

52. Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu v/fasteignamats 12. apríl 1919, úrdráttur;
53. Úrdrátt úr fasteignabók 1922;
54. Úttekt 22. júní 1924 á 1/8 hluta Ytri-Sólheima, ábýli Stefaníu Sigurðardóttur;
55. Kaupsamningur 29. júní 1924, Ytri-Sólheimar III, 7,5 H að f.m., Ásgeir Pálsson;
56. Veðsetning 29. júlí 1924, Ytri-Sólheimar III sem 7,5 H að f.m, Ásgeir Pálsson;
57. Skýrsla hreppsstjóra 1. okt 1929;
58. Eignarheimild Ísleifs Erlingssonar 13. apríl 1930;
59. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu ca. 1840 til 1930, úrdráttur (Sólheimahjáleiga og Sólheimar Ytri);
60. Gjörðabók, fasteignamat 1930, Úrdrátt (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II til VI):
61. Úrdrátt úr fasteignabók 1932
62. Gjörðabók, fasteignamat 1940 (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II, Ytri-Sólheimar III, Ytri-Sólheimar IV);
63. Úrdrátt, þingskjal 145, greinargerð og umræður v/setningar laga nr. 46/1941;
64. Úrdrátt úr fasteignabók 1942;
65. Afsal Steinunnar Eyjólfsdóttur þ. 10. maí 1943, Ytri-Sólheimar 18 H að f. m.;
66. Afsal Ólafs H, Jónssonar þ. 23. okt. 1943 fyrir 12 ½ H f.m. úr Ytri-Sólheimum;
67. Afsöl kirkjumálaráðuneytisins 20. október 1942, 20. desember 1943 og 16. janúar 1945 fyrir prestmötukvöðum til eigenda Sólheimahjáleigu og Ytri-Sólheima (sjö afsöl, öll jarðartorfan, þar með núverandi Framnes og Sólheimatunga);
68. Landskipti Sólheima 1944;
69. Afsal Ólafs H. Jónssonar þ. 17. júlí 1955 fyrir jörðinni Ytri-Sólheimum V, skilgreind sem 25 hundruð samkvæmt fasteignamati 1932;
70. Úrdrátt úr fasteignabók 1956-57;
71. Afsal þ. 17. maí 1960; 12 ½ H f.m., (nú jörð Óskars Sigurðar Þorsteinssonar);
72. Svar biskups 23. nóvember 1960 við fyrirspurn um mat og sölu prestmötu að Ytri-Sólheimum;
73. Erfðafjárskýrsla 26. júní 1961, dánarbú Ólafs H. Jónssonar;
74. Fundargerð framhaldslandskiptafundar í Sólheimajarðaskiptum 29. janúar 1965;
75. Jörðin Ytri-Sólheimar VII frumskráð sem 4 hundruð forn í fasteignabók Vestur-Skaftafellssýslu, þ. 20. október 1965;
76. Afsal þ. 12. mars 1966, Ytri-Sólheimar V, 25 H samkv. fasteignamati 1932;
77. Gjörðabók, fasteignamat 1969, Sólheimatunga;
78. Gjörðabók, fasteignamat 1966, Framnes;
79. Endurmat v/ Sólheimatungu 19.1.1969;
80. Bréf matsmanna Dyrhólahrepps 19.1.1969;
81. Gjörðabók, fasteignamat 1969, Framnes;
82. Afsal 17. jan. 1970, Ytri-Sólheimar II, 18,5 H að f.m.;
83. Kæra þ. 18. nóvember 1970, vegna þess að 4 hundruð forn í Ytri-Sólheimatorfu séu óskráð;
84. Úrskurður fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, 18. desember 1970, jörðin Ytri-Sólheimar 3a frumskráð, sem 4 hundruð forn;
85. Gjörðabók fasteignamat 1970, Ytri-Sólheimar 3a;
86. Afsal fyrir jörðinni Ytri-Sólheimar 3 (áður IV), hinn 27. júlí 1984;
87. Uppdrættir Sólheimajarða, frá Landkostum hf. október 1987;

88. Kaupsamningur þ. 19. júlí 1997, Ytri-Sólheimar V, 20 H samkv. fasteignamati 1922;
89. Umsögn Gísla Gunnarssonar um forn hundruð á vísindavef HÍ;
90. Loftmynd af Sólheimatorfu með markalínum dregnum af stefnanda;
91. Þinglýsingavottorð fyrir Ytri-Sólheima 1, 2, 3, 3A, 4, Framnes, Sólheimatungu og Sólheimahjáleigu;
92. Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 3 dags. 27. september 2006

Skýrslur fyrir dómi
Stefnandinn Tómas mun koma fyrir dóm og gefa aðilaskýrslu. Ennfremur munu stefnendur leiða fyrir dóm sem vitni Erling Ísleifsson. Áskilinn er réttur til að leiða önnur vitni fyrir dóm allt eftir því sem varnir í greinargerð stefndu gefa tilefni til.

Fyrirkall
Fyrir því stefnist hér með, Eyrúnu Sæmundsdóttur, kt. 060634-7699, Einari Þorsteinssyni, kt. 310828-3279, Elínu Einarsdóttur, kt. 080367-4069 og Magnúsi Þór Snorrasyni, kt. 180666-4279, öllum til heimilis að Sólheimahjáleigu, 871 Vík, Andrínu G. Erlingsdóttur kt. 220571-4599 og Benedikt Bragasyni kt. 030963-5399, báðum til heimilis að Ytri-Sólheimum 1, 871 Vík, Einari Guðna Þorsteinssyni, kt. 061258-5749, Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík, Óskari Sigurði Þorsteinssyni, kt. 291266-3719, Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík, Hildigunni Þorsteindóttur, kt. 020246-3249, Vesturási 32, 110 Reykjavík, Kristínu Þorsteinsdóttur, kt. 120348-3379, Eyjabakka 6, 109 Reykjavík, Ólafi Þorsteinssyni, kt. 180450-4919, Eystri-Sólheimum, 871 Vík, Sigríði Þorsteinsdóttur, kt. 220441-2299, Þverási 16, 110 Reykjavík, Sigrúnu R. Þorsteindóttur, kt. 260245-3179, Þyskalandi, Ingibjörgu Ásgeirsdóttur, kt. 010538-4599, Hrísateigi 5, 105 Reykjavík og Þresti Óskarssyni, kt. 300363-7849, Gauksási 47, 221 Hafnarfjörður, til að mæta fyrir Héraðsdómi Suðurlands, sem háður verður í dómsal dómsins að Austurvegi 4, 800 Selfossi, miðvikudaginn 15 nóvember 2006 kl. 14 til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti mega stefndu búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Að lokum eru gerðar kröfur ítrekaðar og áskilinn réttur til að koma að nýjum gögnum, málsástæðum og rökum m.a. við munnlegan flutning málsins.

Fallið verður frá stefnufresti f.h. allra stefndu að undanskildum stefndu Hildigunni Þorsteinsdóttur, Kristínu Þorsteinsdóttur, Sigríði Þorsteinsdóttur og Ólafi Þorsteinssyni. Stefnufrestur gagnvart Ólafi Þorsteinssyni er þrír sólarhringar, en gagnvart Hildigunni, Kristínu og Sigríði Þorsteinsdætrum ein vika.

Stefnufrestur er ein vika.

Reykjavík, 7. nóvember 2006

F.h. stefnenda

Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Mér birt f.h. stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur,
Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur og
Magnúsar Þórs Snorrasonar, en
stefndu hafa falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins. Afrit stefnu
þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Selfossi, nóvember 2006

Óskar Sigurðsson hrl.

Mér birt f.h. stefnda Þrastar Óskarssonar,
en stefndi hafa falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins.
Afrit stefnu þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Reykjavík, nóvember 2006

Bjarni Ásgeirsson hrl

Stefndi þrastur hugast ekki láta máli
til sín taka

Mér birt f.h. stefndu Andrínu G. Erlingsdóttur,
Benedikts Bragasonar, Einars Guðna Þorsteinssonar,
Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur,
en stefndu hafa falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins. Afrit stefnu
þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Reykjavík, nóvember 2006

Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl.

Mér birt f.h. Sigrúnar R. Þorsteinsdóttur,
en stefnda hefur falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins.
Afrit stefnu þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Selfossi, nóvember 2006

Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl

Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Mér birt f.h. stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur,
Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur og
Magnúsar Þórs Snorrasonar, en
stefndu hafa falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins. Afrit stefnu
þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Selfossi, 9 nóvember 2006

Óskar Sigurðsson hrl.

Mér birt f.h. stefnda Þrastar Óskarssonar,
en stefndi hafa falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins.
Afrit stefnu þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Reykjavík, nóvember 2006

Bjarni Ásgeirsson hrl

Mér birt f.h. stefndu Andrínu G. Erlingsdóttur,
Benedikts Bragasonar, Einars Guðna Þorsteinssonar,
Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur,
en stefndu hafa falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins. Afrit stefnu
þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Reykjavík, nóvember 2006

Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl.

Mér birt f.h. Sigrúnar R. Þorsteinsdóttur,
en stefnda hefur falið mér að sækja þing
við þingfestingu málsins.
Afrit stefnu þessarar hefur verið afhent mér.

Fallið er frá stefnubirtingarfresti.

Selfossi, nóvember 2006

Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl

BIRTINGARVOTTORÐ

MÁL NR. .....20.....

Vegna birtingar á: ☐ Greiðsluáskorun ☒ Stefnu ☐ Boðun ☐ Kvaðningu ☐ Öðru .....

Síðasti birtingardagur er .....

Viðtakandi: Ólafur Þorsteinsson kt. 180450-4919 Eystri Sólheimum 871 Vík V/ **reiknnr.**

Fyrirsvarsmaður lögaðila:

Tilgreint heimilisfang er :
☐ Lögheimili ☐ Fastur búsetustaður ☐ Vinnustaður
☐ Dvalarstaður ☐ Annað .....

Fyrir hverjum er birt Ólafi Þorsteinssyni Eystri-Sólheimum 871 Vík kt. 180450-4919

Tengsl við þann sem birting beinist að :

Birtingarstund: ....Miðviku- Dagur, 8.11./..... 2006 kl. 13.45

Birtingarstaður:

Mýrdalshreppur . Eystri Sólheimum 871 Vík.

Sveitarfélag Gata og húsnúmer hæð, íbúð, annað

Birting tókst ekki þar sem viðtakandi:
☐ Er fluttur og ekki vitað hvert
☐ Þekkist ekki í húsinu
☐ Býr nú

Athugasemdir:

Dags. og undirskrift birtingarmanns:

8.11.06 Reynir Ragnarsson.

☐ Pósimaður ☒ Stefnuvottur

Gjald kr. ,-

3.000,-

Undirskrift viðtakanda:

Ólafur Þorsteinsson.

☐ Neitar viðtöku og að skrifa undir

Ragnar Adalstemdion [illegible]
Klapparstig 25-2.
101 R.

BIRTINGARVOTTORÐ

Birting á **stefnu**
Síðasti birtingardagur er 8. nóvember **2006**

Viðtakandi: Kristín Þorsteinsdóttir
Eyjabakka 6

Kt. 120348-3379
109 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður: kt.

Tilgreint heimilisfang er lögheimili X dvalarstaður ____

Fyrir hverjum birt:
Þorsteinn Magnusson kt. ____

Tengsl við þann sem birting beinist að: sonur

Birtingarstund: miðvik dagur, 8 / 11 2006, kl. 1302

Birtingarstaður:
Kill. / Eyjabakka 6 / 3
Sveitarfélag / Gata og húsnúmer / hæð íbúð

Birting tókst ekki þar sem viðtakandi:

____Er fluttur og ekki vitað hvert
____Þekkist ekki í húsinu
____Býr nú að

Athugasemdir: ____

Dagsetning og undirskrift birtingarmanns:
8 / 11 2006
[signature]
___Póstmaður X Stefnuvottur
Gjald kr. ~~1350,-~~
1750.

Undirskrift viðtakanda:
Þorstein Magnusson

BIRTINGARVOTTORÐ

Birting á **stefnu**
Síðasti birtingardagur er 8. nóvember **2006**

Viðtakandi: Hildigunnur Þorsteinsdóttir
Vesturási 32

Kt. 020246-3249
110 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður: kt.

Tilgreint heimilisfang er lögheimili X dvalarstaður ____

Fyrir hverjum birt:
Hermann Sjálfri kt.

Tengsl við þann sem birting beinist að:

Birtingarstund: fyrri dagur, 7/11 2006, kl. 2008

Birtingarstaður:
Reykjavík / Vesturási 32 /
Sveitarfélag Gata og húsnúmer hæð íbúð

Birting tókst ekki þar sem viðtakandi:

____Er fluttur og ekki vitað hvert
____Þekkist ekki í húsinu
____Býr nú að

Athugasemdir:

Dagsetning og undirskrift birtingarmanns:
7/11 2006

Undirskrift viðtakanda:

___Póstmaður X Stefnuvottur
Gjald kr. ~~1350,-~~ 1750-

RAGNAR AÐALSTEINSSON
SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR
Lögmenn

Nr. 2 lagt fram í Héraðsdómi Suðurlands 15. nóvember 2006.

Héraðsdómsmálið nr.

Tómas Ísleifsson ofl.
gegn
Eyrúnu Sæmundsdóttur ofl.

Skjalaskrá

1. Stefna ásamt birtingarvottorðum
2. Skjalaskrá
3. Aðilaskýrslu stefnanda;
4. Úrdrátt úr Gíslamáldögum;
5. Tölvupóst til stefnandans Tómasar um Gíslamáldaga;
6. Úrdrátt úr jarðabók í Skaftafellsþingi 1697;
7. Úrdrátt úr jarðabók Skúla Magnússonar 1760;
8. Tölvupóst til stefnandans Tómasar um dýrleika Sólheimatorfu;
9. Upplýsingar úr Alþingisbókum Íslands, afsalsbréf fyrir Sólheimahjáleigu 1784;
10. Úrdrátt úr Taxations Protocol fyrir V-Skaftafellssýslu 1805;
11. Skrif Óbyggðanefndar um Ytri-Sólheima, úrdráttur;
12. Úrdrátt úr bókinni Afi og amma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;
13. Úrdrátt um Sólheima úr bókinni Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar,
14. Afsal Sveins Alexanderssonar fyrir 25 hundr. úr Sólheimum 4. júní 1841;
15. Jarðatal Johnsens 1847, bls. IV-VI og bls. 19;
16. Úrdrátt, Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1847;
17. Lovsamling for Island, Tilskipun um jarðamat 27. maí 1848;
18. Lovsamling for Island, Reglugerð um jarðamat 1. sept. 1848;
19. Gjörðabók jarðamatsmanna í Skaftafellssýslu 1849, úrdráttur;
20. Úrskurðarbók v/jarðamats í Skaftafellssýslum 1850, bls. 25-26;
21. Veðsetning Berents Sveinssonar 6. júní 1852;
22. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1854-1863, úrdráttur;
23. Úrdrátt, Ný jarðabók fyrir Ísland 1861;
24. Uppboðsgerð að Sólheimum 20. október 1869, úrdráttur;
25. Yfirlýsing vegna Sólheimahjáleigu frá 1870;
26. Sókn 4. sept. 1871 í landsyfirréttarmáli vegna uppboðs á Ytri-Sólheimum;
27. Landsyfirréttarstefna 22. maí 1871 í uppboðsmáli v/Sólheima;
28. Landsyfirréttardómur þ. 27. nóv. 1871;
29. Úrdrátt úr bókinni Pabbi og mamma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;
30. Erfðafjárskýrsla 2. jan. 1885, m.a. v/Sólheimahjáleigu;
31. Jarðarúttekt v/dómsmáls 4. jan. 1889, "Margrétarhundruð";
32. Landsyfirréttardómur þ. 4. ágúst 1893, "Margrétarhundruð";
33. Samningur vegna Dyrhóla- og Sólheimakirkju 20. maí 1898;
34. Gjafabréf 17. okt. 1900 fyrir 12 hndr. að f. m. í Ytri-Sólheimum (Sólheimakot);
35. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 7. apríl 1900, 21 ½ H að f.m.;

36. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 8. apríl 1901, 3 H og 59 1/5 al að f.m.;
37. Úttekt 18. apríl 1901 á tveimur hlutum Ytri-Sólheima, samtals 25 H að f.m.;
38. Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu 6. ágúst 1901, vegna kirkjuskuldar;
39. Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu v/Sólheimahjáleigu 20. nóv. 1901;
40. Þinglesin yfirlýsing um eignir Jóns Eyjólfssonar dags. 7. jan. 1902;
41. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 2. okt. 1904, 4 H að f.m.;
42. Kaupsamningur 30. jan. 1905, 25 H að f.m., kaupandi Erlingur Brynjólfsson;
43. Jarðaúttektir að Ytri-Sólheimum 9. apríl 1906 og 27. maí 1907;
44. Veðsetning Sólheimahjáleigu 18. jan. 1908, Þorvaldur Björnsson;
45. Veðdeildarlán 4. nóv. 1909 með veði m.a. í 29 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum;
46. Veðlán 5. des. 1911 með veði í 25 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum, Erlingur Brynjólfsson;
47. Kaupsamning Guðmundar Þorbjarnarsonar og Ólafs H. Jónssonar, 24. nóv. 1914;
48. Afsal Þorvaldar Björnssonar fyrir Sólheimahjáleigu 15. júlí 1915;
49. Lög nr. 22/1915 um fasteignamat;
50. Reglugjörð nr. 7/1916 um fasteignamat;
51. Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Vestur–Skaftafellssýslu frá maí 1918, Úrdrátt v/Sólheimahjáleigu, Ytri-Sólheima I (Sólheimakot), Ytri-Sólheima II, Ytri-Sólheima III, Ytri-Sólheima IV, Ytri-Sólheima V, Ytri-Sólheima VI ásamt fasteignaskrá;
52. Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu v/fasteignamats 12. apríl 1919, úrdráttur;
53. Úrdrátt úr fasteignabók 1922;
54. Úttekt 22. júní 1924 á 1/8 hluta Ytri-Sólheima, ábýli Stefaníu Sigurðardóttur;
55. Kaupsamningur 29. júní 1924, Ytri-Sólheimar III, 7,5 H að f.m., Ásgeir Pálsson;
56. Veðsetning 29. júlí 1924, Ytri-Sólheimar III sem 7,5 H að f.m, Ásgeir Pálsson;
57. Skýrsla hreppsstjóra 1. okt 1929;
58. Eignarheimild Ísleifs Erlingssonar 13. apríl 1930;
59. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu ca. 1840 til 1930, úrdráttur (Sólheimahjáleiga og Sólheimar Ytri);
60. Gjörðabók, fasteignamat 1930, Úrdrátt (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II til VI):
61. Úrdrátt úr fasteignabók 1932
62. Gjörðabók, fasteignamat 1940 (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II, Ytri-Sólheimar III, Ytri-Sólheimar IV);
63. Úrdrátt, þingskjal 145, greinargerð og umræður v/setningar laga nr. 46/1941;
64. Úrdrátt úr fasteignabók 1942;
65. Afsal Steinunnar Eyjólfsdóttur þ. 10. maí 1943, Ytri-Sólheimar 18 H að f. m.;
66. Afsal Ólafs H, Jónssonar þ. 23. okt. 1943 fyrir 12 ½ H f.m. úr Ytri-Sólheimum;
67. Afsöl kirkjumálaráðuneytisins 20. október 1942, 20. desember 1943 og 16. janúar 1945 fyrir prestmötukvöðum til eigenda Sólheimahjáleigu og Ytri-Sólheima (sjö afsöl, öll jarðartorfan, þar með núverandi Framnes og Sólheimatunga);
68. Landskipti Sólheima 1944;
69. Afsal Ólafs H. Jónssonar þ. 17. júlí 1955 fyrir jörðinni Ytri-Sólheimum V, skilgreind sem 25 hundruð samkvæmt fasteignamati 1932;
70. Úrdrátt úr fasteignabók 1956-57;
71. Afsal þ. 17. maí 1960; 12 ½ H f.m., (nú jörð Óskars Sigurðar Þorsteinssonar);

72. Svar biskups 23. nóvember 1960 við fyrirspurn um mat og sölu prestmötu að Ytri-Sólheimum;
73. Erfðafjárskýrsla 26. júní 1961, dánarbú Ólafs H. Jónssonar;
74. Fundargerð framhaldslandskiptafundar í Sólheimajarðaskiptum 29. janúar 1965;
75. Jörðin Ytri-Sólheimar VII frumskráð sem 4 hundruð forn í fasteignabók Vestur-Skaftafellssýslu, þ. 20. október 1965;
76. Afsal þ. 12. mars 1966, Ytri-Sólheimar V, 25 H samkv. fasteignamati 1932;
77. Gjörðabók, fasteignamat 1969, Sólheimatunga;
78. Gjörðabók, fasteignamat 1966, Framnes;
79. Endurmat v/ Sólheimatungu 19.1.1969;
80. Bréf matsmanna Dyrhólahrepps 19.1.1969;
81. Gjörðabók, fasteignamat 1969, Framnes;
82. Afsal 17. jan. 1970, Ytri-Sólheimar II, 18,5 H að f.m.;
83. Kæra þ. 18. nóvember 1970, vegna þess að 4 hundruð forn í Ytri-Sólheimatorfu séu óskráð;
84. Úrskurður fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, 18. desember 1970, jörðin Ytri-Sólheimar 3a frumskráð, sem 4 hundruð forn;
85. Gjörðabók fasteignamat 1970, Ytri-Sólheimar 3a;
86. Afsal fyrir jörðinni Ytri-Sólheimar 3 (áður IV), hinn 27. júlí 1984;
87. Uppdrættir Sólheimajarða, frá Landkostum hf. október 1987;
88. Kaupsamningur þ. 19. júlí 1997, Ytri-Sólheimar V, 20 H samkv. fasteignamati 1922;
89. Umsögn Gísla Gunnarssonar um forn hundruð á vísindavef HÍ;
90. Loftmynd af Sólheimatorfu með markalínum dregnum af stefnanda;
91. Þinglýsingavottorð fyrir Ytri-Sólheima 1, 2, 3, 3A, 4, Framnes, Sólheimatungu og Sólheimahjáleigu, dags. 8. nóvember 2006
92. Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 3 dags. 27. september 2006

Nr. 93. Lagt fram í Héraðsdómi
Suðurlands þann 17.01.2007.

GREINARGERÐ

stefnda í héraðsdómsmálinu
nr. E-723/2006:

Tómas Ísleifsson og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
gegn
Einari Þorsteinssyni, o.fl.

KRÖFUGERÐ

Stefndu, Einar Þorsteinsson, Eyrún Sæmundsdóttir, Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason, krefjast sýknu af kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við flutning málsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefndu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ

Óskar Sigurðsson, hrl., Málflutningsskrifstofunni, Austurvegi 6, Selfossi, flytur mál þetta fyrir hönd stefndu, Einar Þorsteinsson, Eyrúnu Sæmundsdóttur, Elínu Einarsdóttur og Magnús Þór Snorrason.

FRAMLÖGÐ SKJÖL

Stefndu leggja fram eftirtalin skjöl (í ljósriti að undanskilinni greinargerð þessari):

nr. 93 Greinargerð þessa.
94 Ný jarðabók fyrir Ísland, staðfest 1. apríl 1861.
95 Jarðatal J. Johnsen 1847.
96 Vinnugögn fasteignamatsnefndar fyrir jarðamat 1922.
97 Uppgjör á dánarbúi Ólafs H. Jónssonar, dags. 26. júní 1961.
98 Endurrit fundargerðar landskiptanefndar, dags. 29. janúar 1965.
99 Afsal, dags. 12. mars 1966, þar sem Sigurður Ásgeirsson selur Stefáni Ásgeirssyni Ytri Sólheima V.
100 Kæra Þorsteins Jónssonar vegna mats á Ytri Sólheimum IIIa, dags. 18. nóvember 1970.
101 Úrskurður fasteignamatsnefndar vegna Ytri Sólheima IIIa, dags. 18. desember 1970.
102 Gjafabréf, dags. 10. júlí 1981.
103 Afsal, dags. 27. júlí 1984.
104 Veðbandslausn, dags. 24. júlí 1996.
105 Yfirlýsing Sigurðar Ásgeirssonar, Kristins Stefánssonar, Kjartans Stefánssonar og Ástu Ósk Stefánsdóttur, dags. 24. mars 2003.
106 Yfirlýsing eigenda Eystri Sólheima og Ytri Sólheima IIIa, dags. 19. júní 2003.
107 Greinargerð stefnda, Tómas Ísleifssonar, o.fl., í málinu nr. E-1042/2003.
108 Dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004 í málinu nr. E-1042/2003.
109 Túnkort.

Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. - Netfang: gudjon@mal.is
Óskar Sigurðsson hrl. - Netfang: oskar@mal.is
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími: 482 2299 - Bréfsími: 482 2229 - Veffang: www.mal.is
Banki: 0586-26-4908 - Innheimtureikn.: 0586-26-4980
Kt.: 490800-2980

MÁLSÁSTÆÐUR OG ÖNNUR ATVIK

1. Afmörkun ágreinings.
Ágreiningur máls þessa er afmarkaður og er ágreiningsefni málsins ekki eins flókið og umfangsmikið og umfang þess gæti bent til. Það snýst um ákvörðun eignarhlutdeildar í óskiptu landi Ytri-Sólheima, þ.e. Sólheimatorfu, og eftir hvaða hlutföllum eigi að skipta hinu óskipta landi í torfunni. Af hálfu stefnenda er byggt á að jörð þeirra, Ytri-Sólheimar III, eigi 25% í óskiptu landi torfunnar samkvæmt svonefndu „fornu mati" og er í því efni byggt á að um sé að ræða 25 hundruð forn án þess að tilgreint sé frá hvaða tíma sú viðmiðun eða mat sé gert. Af hálfu stefndu er þessum sjónarmiðum hafnað, þar sem ekki sé öðrum skiptagrundvelli til að dreifa en þeim sem fyrir sé mælt í 3. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941, þ.e. að eignarhlutfall jarða í sameiginlegu landi Sólheimatorfunnar fari eftir fasteignabókinni frá 1922. Í stuttu máli er því ágreiningur þessa máls afmarkaður við skiptagrundvöll landskiptalaga nr. 46/1941, þ.e. sérreglur þeirra um slit sameignar og þær ákveðnu reglur, sem leggja ber til grundvallar við ákvörðun eignarhlutfalla við landskipti.

2. Eignayfirfærslur að jarðapörtum að Ytri Sólheimum.
Ekki er sérstök þörf á því að rekja í smáatriðum upphaf byggðar á Sólheimatorfunni eða eignarheimildir allra þeirra jarða, sem þar koma að. Í stefnu er því hins vegar haldið fram að Ytri Sólheimar IIIa sé úr Sólheimatungu (Ytri Sólheimar V). Það er hins vegar nauðsynlegt að upplýsa hvernig mál hafa þróast með Ytri Sólheima V (Sólheimatungu), Ytri Sólheima VI og Ytri Sólheima IIIa síðan um aldamótin 1900 og hvernig eignayfirfærslur að jarðapörtum að Ytri Sólheimum hafa farið fram samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

Á Ytri Sólheimum, sem er landnámsjörð, hefur löngum verið margbýlt, nánar tiltekið Ytri Sólheimar I til VI og Sólheimahjáleiga, þ.e. 7 jarðir auk Ytri Sólheima IIIa. Ytri Sólheimar V nefndust síðar Sólheimatunga og Ytri Sólheimar III nefndist Framnes.

Rétt fyrir aldamótin, fluttist Guðmundur Þorbjarnarson, stórbóndi, kenndur við Stóra-Hof á Rangárvöllum, í Mýrdal. Hann gerðist umsvifamikill í Mýrdalnum og tók að kaupa jarðir. Með afsali, dags. 7. apríl 1900, seldi Vigfús Þórarinsson greindum Guðmundi austurjörð Ytri Sólheima. Er tekið fram að selt sé 21 ½ hundrað að fornu mati.

Þann 8. apríl 1901 keypti Guðmundur af Halldóri Jónssyni í Vík, 3 hundruð 59 1/5 álnir, í Ytri Sólheimum að fornu mati. Tilgreint er í afsali að seldur sé hluti sem hafi tilheyrt Dyrhólahreppi. Þessi hundruð sem Halldór selur eru í afsali ekki tilgreind tilheyrandi neinni ákveðinni jörð. En kaup og sölur eru mest tilgreind sem hundruð í Ytri Sólheimajörðinni frá þessum tíma.

Þessi tvö afsöl mynda svo til 25 hundruð að fornu mati en það var talinn helmingur af svonefndri austurjörð Ytri Sólheima, jafnstór þá á móti Ytri Sólheimum IV, sem Erlingur Brynjólfsson keypti af Sverri Magnússyni 30. janúar 1905.

Þessi 25 hundruð sem Guðmundur keypti mynda stofn að Ytri Sólheimum V og Ytri Sólheimum VI.

Með afsali, dags. 2. október 1904, seldi Friðrik Björnsson til Guðmundar Þorbjarnarsonar, 4 hundruð að fornu mati í vesturjörð Ytri Sólheima og er þessi partur enn í eigu eigenda Eystri Sólheima en um sjálfstæðan part er að ræða, sem heitir Ytri Sólheimar IIIa, eins og vikið verður að síðar.

Þar með liggur fyrir að Guðmundur Þorbjarnarson keypti 29 hundruð í Ytri Sólheima jörðinni (forn hundruð er ótilgreint jarðamat frá því fyrir 1848). Guðmundur bjó ekki lengi á Hvoli og fluttist að Stóra-Hofi um 1910. Seldi hann þá jarðeignir sínar í Mýrdal.

Með afsali 24. nóvember 1914 seldi Guðmundur Þorbjarnarson og afsalaði Ólafi H. Jónssyni jarðeignir sínar að Sólheimum. Í afsali er hið selda tilgreint sem 17 hundruð 59 álnir að dýrleika í jörðinni Eystri Sólheimum og 14 hundruð og 60 álnir að dýrleika í Ytri Sólheimum.

Með afsali, dags. 29. júní 1924, seldi Eyjólfur Ólafsson til Ásgeirs Pálssonar jarðapart í Ytri Sólheimum. Er tekið fram að parturinn sé 7 og hálft hundrað að fornu mati og að í jarðabókinni frá 1922 sé parturinn tilgreindur sem Ytri Sólheimar III. Faðir Ásgeirs var Páll Þórarinsson, sem fékk um 1907 ábúð á Ytri Sólheimum V og eftir hans dag, ekkja hans og sonur, Ásgeir, og var þá jörðin samnytjuð með Ytri Sólheimum III (Framnesi), eftir að Ásgeir keypti þá jörð 1924.

Þann 17. júlí 1955 seldi Ólafur H. Jónsson Sigurði Ásgeirssyni eignarpart sinn í Ytri Sólheimum V, sem þá var metin 25 hundruð í fasteignamatsbók 1932. Ekkert er þar undanskilið eða haldið eftir við kaupin. Þetta var sjálfstæð jörð sem var seld.

Með afsali, dags. 12. mars 1966, seldi Sigurður Ásgeirsson til Stefáns Ásgeirssonar jarðeign sína Ytri Sólheima V, sem fékk síðar nafnið Sólheimatunga. Er tekið fram að jörðin hafi í fasteignamatsbók árið 1932 verið metin á 25 hundruð, en metin með býlinu Framnes samkvæmt millimati 1958 á 12.000.00 og þá nefnd Framnes II.

Með kaupsamningi 19. júlí 1997 seldi Áslaug Kjartansdóttir, ekkja Stefáns Ásgeirssonar, stefndu, Eyrúnu Sæmundsdóttur og Einari Þorsteinssyni, jörðina Ytri Sólheima V, nú nefnd Sólheimatunga. Er tekið fram að í fasteignamatsbók frá 1922 hafi jörðin verið metin 20 hundruð og í fasteignabók frá 1932 25 hundruð.

Þann 11. maí 1944 fóru fram landskipti á slægjulandi (útslægjum) Ytri Sólheimajarða. Fram kemur í skiptagerðinni að með bréfi til sýslumanns 26. október 1943 hafi Sólheimabændur, þeir Ólafur Jónsson, Ásgeir Pálsson, Ísleifur Erlingsson og Maríus Einarsson óskað eftir að skipti færu fram. Viðstaddir með landskiptanefndinni 11. maí voru ábúendur og eigendur Sólheimajarða, þeir Sæmundur Jónsson Sólheimahjáleigu, Sigurður Högnason, Ísleifur Erlingsson, Einar Einarsson, Óskar Hallgrímsson, Ásgeir Pálsson og Ólafur Jónsson Eystri Sólheimum.

Í skiptagerðinni er m.a. tekið fram að Ólafur Jónsson eigi eftir jarðamati 1922 5 hundruð í Ytri Sólheimum, sem hann nytji sjálfur. Slægjulandi er honum hafi verið úthlutað sé svonefnd Æsumýri vestan við Merkigil, að fyrrnefndu marki milli hans og Ísleifs. Lambhúshóll og bali innan túngirðingar hjá Sæmundi og svonefnd Gjósta niður í Merkigil. Síðan fékk hann einnig land inn með Halalæk mjög nálægt sínu landi. Í niðurlagi skiptagerðarinnar er tekið fram að við landskiptin hafi verið skipt eftir jarðamatinu frá 1922. Er skiptagerðin undirrituð að Suður-Hvammi 30. nóvember 1944 af Kjartani L. Markússyni.

Þegar skipt var 1944 átti Ólafur H. Jónsson jarðirnar Ytri Sólheima V og VI og að auki 5 hundruð í Ytri Sólheima jörðinni, sem hann nytjaði sjálfur alfarið. Í síðari mötum er þessi hluti nefndur Ytri Sólheimar IIIa, en hann hefur ætíð verið nytjaður sjálfstætt og gengið sjálfstætt kaupum og sölum. Í skiptagerðinni er

þessi hlutur tiltekinn sem 5 hundruð og er þá miðað við jarðamatið frá 1922. Í jarðarmatinu er þessi partur hins vegar ekki tilgreindur en við landskiptin var hann viðurkenndur og honum skipt landi. Þau skipti voru ekki kærð. Gildi skiptagerðarinnar var staðfest með **dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004 í málinu nr. E-1042/2003**.

Í greindu dómsmáli var því m.a. haldið fram að þau 5 hundruð sem Ólafur H. Jónsson, Eystri Sólheimum, og erfingjar hans eiga væru úr jörðinni Ytri Sólheimum V (Sólheimatunga). Þá var því haldið fram að þegar Sigurður Ásgeirsson keypti jörðina af Ólafi H. Jónssyni árið 1955 hefði verið haldið eftir 5 hundruðum af Sólheimatungu. Sigurður Ásgeirsson gaf skýrslu fyrir héraðsdómi og kvaðst hann hafa eignast jörðina 1955 og hafi ekkert verið undanskilið við söluna. Á sama veg bar Áslaug Kjartansdóttir, sem eignaðist jörðina af Sigurði árið 1966. Erfingjar Ólafs H. Jónssonar, þau Sigrún, Sigríður, Kristín, Hildigunnur og Ólafur Þorsteinsbörn, sem eru núverandi eigendur þessara 5 hundraða, sem nefnt hefur verið Ytri Sólheimar IIIa eða Gjósta og Æsumýri lögðu fram skriflega yfirlýsingu í greindu máli, sbr. dskj. nr. 106, þar sem fram kom að eign þeirra væri ekki úr Ytri Sólheimum V (Sólheimatungu) heldur sjálfstæður partur. Ytri Sólheimar IIIa eru úr Ytri Sólheimum III, þ.e. þeim parti sem í dag heitir Framnes, sbr. kæru Þorsteins Jónssonar til fasteignamatsnefndar 18. nóvember 1970, sbr. dskj. nr. 100, og úrskurð fasteignamatsnefndar, dags. 18. desember 1970, sbr. dskj. nr. 101. Í kærunni og úrskurðinum kemur fram að þessi partur tilheyrði Ytri Sólheimum III og þar eru nefnd þessi fjögur hundruð, sem gömlu samningarnir tóku til. Systkinin í Eystri Sólheimum, Þorsteinsbörn, eiga síðan þetta land í dag en þau erfðu forelda sína, Þorstein Jónsson og Valgerði Sigríði, dóttur Ólafs H. Jónsonar, sbr. dskj. nr. 97. Ytri Sólheimar IIIa voru því skildir frá Ytri Sólheimum III (Framnesi) fyrir löngu síðan, enda eiga þessar jarðir alla mánudaga í fjörunni, Framnes 2 og Ytri Sólheimar IIIa 1. Í stuttu máli sagt þá féllst héraðsdómur ekki á þessi sjónarmið og var hlutdeild Sólheimatungu (Ytri Sólheima V) ákveðin 20 hundruð í sameiginlegum landspildum Sólheimatungu og Framness (Ytri Sólheimar III) og hlutdeild Framness 9 hundruð samkvæmt fasteignabókinni frá 1922, eins og krafist var.

Af hálfu stefnenda, sem eru eigendur Ytri Sólheima III, sem hét Ytri Sólheimar IV fram yfir 1935, er því enn haldið fram að Ytri Sólheimar IIIa séu úr Sólheimatungu, þrátt fyrir að fjölskipaður héraðsdómur sé þegar búinn að fjalla um málið. Ljóst er að það er rangt, eins og greindur héraðsdómur hefur staðfest.

3. Ákvörðun eignarhlutdeildar í óskiptu landi.
3.1. Grundvöllur landskipta skv. lögum nr. 46/1941.
Af hálfu stefnenda er byggt á því að við ákvörðun eignarhlutdeildar í óskiptu landi torfunnar skuli farið eftir því sem þau nefna fornt mat eða forn hundruð. Vegna umfjöllunar í stefnu um eignarhlutföll er nauðsynlegt að gera hér sérstaka grein fyrir grundvelli landskipta samkvæmt landskiptalögum nr. 46/1941 en fjallað verður nánar um grundvöll landskipta, forsögu þeirra og matsaðferðir við aðalmeðferð málsins.

Í landskiptalögum nr. 46/1941 er nákvæmlega tilgreint hver grundvöllur landskipta á að vera. Var um að ræða nýmæli við setningu laganna. Í tíð eldri landskiptalaga, þ.e. laga nr. 43/1913 og laga nr. 57/1927, var aðeins tekið fram að skipti skyldu miðuð við lögmæt eignarhlutföll lands og landsnytja en ekkert skýrt nánar hvernig ætti að finna þessi lögmætu eignarhlutföll. Olli þetta vandkvæðum í framkvæmd og deilum. Þess vegna var við setningu nýrra landskiptalaga 1941 tilgreint nákvæmlega hvaða heimildir skuli gilda um eignarhlutföll að landinu.

Í 2. gr. laga nr. 46/1941 er lögbundið það mat er verður lagt til grundvallar skiptum samkvæmt landskiptalögum. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal skipta eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verði við komið. Séu í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra að finna í jarðatali Johnsen frá 1847, skuli það þá nota. Verði hvorugu þessu mati við komið skuli fara eftir fasteignabók frá 1922, eða síðari fasteignabókum, þó þannig að ávallt verði notað hið elsta jarðamat, sem við verður komið. Grein þessi hefur af dómstólum og í framkvæmd verið skýrð þannig að ekki verði miðað við eldri möt en jarðamatið frá 1861 eða jarðatal Johnsen frá 1847. Með tilvitnaðri 2. gr. laga nr. 46/1941 er lögbundið það mat er verður lagt til grundvallar skiptum.

3.2. Eignarhlutföll í Sólheimatorfu.

Jarðamati frá 1861 verður ekki komið við í þessu máli, þar sem viðkomandi jarðir eru ekki metnar þar með aðgreindum hætti. Sama á við um jarðatal Johnsen frá 1847. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 skal fara eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum ef hvorki er til að dreifa aðgreindu mati á þeim jörðum sem verið er að skipta landi á milli í jarðamatinu frá 1861 né jarðatali Johnsen. Fyrsta fasteignabókin kom út árið 1922 samkvæmt lögum nr. 22/1915, og öðlaðist gildi 1. apríl það ár. Á bls. 215 í fasteignabókinni er kveðið á um landverð að Ytri Sólheimum í Dyrhólahreppi. Er tekið fram, að landverð Sólheimahjáleigu sé 20 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima I (Sólheimakots) sé 15 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima II sé 20 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima III sé 9 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima IV sé 30 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima V sé 20 í hundruðum króna og að landverð Ytri Sólheima VI sé 15 í hundruðum króna.

Þetta jarðamat lá til grundvallar landskiptunum 1944, eins og tekið er skýrlega fram í landskiptagerðinni. Með **dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004** var gildi greindrar landskiptagerðar staðfest og sérstaklega tekið fram að skiptagerðin fæli í sér landskipti að Ytri Sólheimum, sem farið hefðu fram á grundvelli laga nr. 46/1941. Þá hefði skiptagerðinni ekki verið skotið til yfirmats skv. 6. gr. laga nr. 46/1941 eða dómsmál höfðað til ógildingar hennar.

Ytri Sólheimabændur, að undanskildum Ytri Sólheimum IIIa, tóku til ræktunar land á Sólheimasandi laust eftir 1950. Landinu var skipt milli jarðanna í sömu hlutföllum og í skiptunum 1944 eða eftir jarðamatinu frá 1922, sbr. fyrirliggjandi túnkort.

Eftir að stefndu, Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson, keyptu Sólheimatungu (Ytri Sólheima V) árið 1997 óskuðu þau eftir að skipti færu fram á úrskiptu landi, sem jörðin átti í sameign með Framnesi. Samkomulag náðist ekki um afmörkun landsins eða eignarhlutföll og var leyst úr ágreiningi aðila með greindum **dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004**. Í málinu var umrætt land afmarkað og viðurkennt að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness væru í óskiptri sameign þessara jarða í þeim hlutföllum er fasteignabókin frá 1922 greindi, þ.e. 20 hundruð í hlut Sólheimatungu og 9 hundruð í hlut Framness, og skyldu landskipti spildnanna á milli jarðanna fara fram í þeim hlutföllum.

Í greindum dómi var tekið fram að ekki væri litið til eða tekin afstaða til skiptagrundvallar að Ytri Sólheimum að öðru leyti. Er það eðlilegt, enda laut umfjöllunarefni málsins að skiptagrundvelli Framness og Sólheimatungu. Stefndu í því máli gerðu heldur ekki kröfu um úrlausn á skiptagrundvelli á öðru landi á Ytri Sólheimum. Dómurinn tók því ekki afstöðu til annars en stefnendur gerðu kröfu til. Það liggur hins vegar fyrir að í greindu máli hefur með bindandi hætti verið

kveðið á um að ekki verið viðkomið jarðamötum frá 1861 og 1848 við skipti á sameiginlegu landi en farið skuli eftir jarðamati frá 1922.

Ljóst má því vera að hið sama á við um annað sameiginlegt land Sólheimatorfunnar og einsýnt að við landskipti á sameignarlandi jarðanna beri að fara eftir fasteignabókinni frá 1922 í samræmi við skýr fyrirmæli laga nr. 46/1941. Þá hafa þau hlutföll líka gilt á Ytri Sólheimum frá landskiptunum 1944 eða í 62 ár og verið staðfest í framkvæmd. Eignarhlutfall jarðar stefnenda getur því ekki verið annað en í fasteignabókinni greinir, enda ekki að finna aðgreint mat hennar í jarðamötum frá 1861 og 1848. Kröfugerð stefnenda er ekki í samræmi við eignarhlutföll fasteignabókarinnar frá 1922 auk þess sem stefnendur hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi eignast stærri sameignarhluta á kostnað annarra, hvort heldur með kaupum á landi, gjöfum eða erfð, og hafa þar með ekki sýnt fram á að eignarhlutur þeirra sé stærri heldur en hann var þegar jarðamatið fór fram 1922. Því ber að sýkna stefndu af kröfum þeirra.

Samkvæmt fasteignabókinni frá 1922 eru hlutföll jarðanna þessi:

Sólheimahjáleiga	20 hundruð
Ytri Sólheimar I (nú Sólheimakot)	15 hundruð
Ytri Sólheimar II	20 hundruð
Ytri Sólheimar III (nú Framnes)	9 hundruð
Ytri Sólheimar IV (nú Ytri Sólheimar III)	30 hundruð
Ytri Sólheimar V (nú Sólheimatunga)	20 hundruð
Ytri Sólheimar VI	15 hundruð

Þegar skipt var 1944 átti Ólafur H. Jónsson, eins og áður segir, jarðirnar Ytri Sólheima V og VI og að auki 5 hundruð í Ytri Sólheima jörðinni, sem hann nytjaði sjálfur alfarið. Í síðari mötum er þessi hluti nefndur Ytri Sólheimar IIIa. Tekið skal fram að matið á Ytri-Sólheimum IIIa var ekki í jarðarmatinu frá 1922 og virðist hafa fallið þar niður. Er hér um að ræða land sem Ólafur keypti af Guðmundi Þorbjarnarsyni 24. nóvember 1914 sem Guðmundur sjálfur hafði keypt af Friðriki Bjarnasyni 2. október 1904. Í viðkomandi heimildarskjölum er mælt fyrir um fjögur hundruð að fornu mati. Í landskiptagerðinni frá 1944 er tekið fram á bls. 3 að Ólafur eigi 5 hundruð í Ytri Sólheimum og vitnað til fyrrnefnds mats frá 1922. Þessu var ekki mótmælt við skiptin á sínum tíma og urðu menn því sammála um að meta þennan hluta með þessum hætti. Afkomendur Ólafs eiga enn þessi hundruð. Af því leiðir að þegar hundruðin eru lögð saman í matinu frá 1922 auk Ytri Sólheima IIIa, þá eru hundruðin samtals 134. Hlutfall stefnenda samkvæmt því er 22,4%.

3.3. Röng umfjöllun í stefnu um grundvöll landskipta.

Samkvæmt framangreindu er umfjöllun stefnenda um grundvöll landskipta og túlkun á ákvæðum laga nr. 46/1941 einfaldlega röng og á ekki við nein lagarök að styðjast, sbr. **dóm Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004**. Ekki er unnt skv. 2. gr. laga nr. 46/1941 að miða við eldri möt en frá 1861 eða 1848 og er þá skilyrði að um aðgreint mat sé að ræða. Sérstaklega skal á það bent í þessu samhengi að af hálfu stefnenda er ekki á því byggt að lög nr. 46/1941 séu andstæð stjórnarskrá. Þá er ekki sérstaklega rökstutt eða skýrt hvers vegna víkja ætti til hliðar hinum lögbundna skiptagrundvelli. Engin tök eru því fyrir stefndu að átta sig á þessum málatilbúnaði stefnenda. Er kröfugerð stefnenda verulega vanreifuð að þessu leyti. Þá byggir stefnandi á því að farið skuli eftir fornu mati án nánari tilgreiningar á því hvenær það mat fór fram. Á bls. 5 í stefnu eru tilgreind þau eignarhlutföll sem stefnandi vill fara eftir. Þau eru hins vegar í andstöðu við skýr fyrirmæli laga nr. 46/1941, sbr. það sem fyrr greinir, auk þess sem þar er ekki að finna aðgreint mat viðkomandi jarða.

Af hálfu stefnenda er m.a. vísað til 2. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1941 til stuðnings sínum sjónarmiðum. Sá skilningur er einnig rangur. Tilgreint ákvæði staðfestir einfaldlega fyrirmæli 2. gr. og þær heimildir sem á skuli byggja við ákvörðun eignarhlutfalla við landskipti. Reynt er að byggja á elsta matinu af þeim þremur, sem þar eru tilgreind, þar sem er að finna aðgreint mat jarða. Í tilviki Sólheimatorfunnar er það matið frá 1922. Ástæða þess að byggt skal á þessu mati en ekki nýrri mötum, er sú að í þeim fasteignamötum sem eftir koma er landið metið hærra eftir því sem meira hefur verið ræktað og gert fyrir það. Ef farið væri t.d. eftir mjög nýlegu fasteignamati við landaskipti á milli jarða yrði það til þess að sá eigandi, sem hefur verið mjög athafnasamur við ræktun og umbætur myndi fá meira af hinu óskipta landi í sínar hendur en honum ber. Í greinargerðinni með landskiptalögum kom sá löggjafarvilji skýrt fram að eigendur jarða eiga jafnan rétt til hins óskipta lands þótt að jarðir þeirra verði nú metnar mishátt og þrátt fyrir að fasteignamat jarða breytist vegna umbóta þá megi það ekki hafa áhrif á landskipti. Það eru því lögákveðin skiptahlutföll milli jarða, þ.e. hin tilgreindu þrjú möt til að nota við skiptin en sú flóra sem á eftir kemur eða hefur áður komið fram hefur enga þýðingu. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna vísar einfaldlega til þessa. Um ræktun eru síðan sérákvæði í 11. gr. landskiptalaganna, þ.e. þegar einhver landeigandinn hefur ræktað hluta af hinu óskipta landi án þess að samið hafi verið um eignarrétt hans að því. Er þá tekið tillit til þess við skiptin. Lögin eru því alveg skýr hvað þetta varðar.

3.4. Er eitthvað annað samkomulag í gildi um eignarhlutföll en fasteignabókin frá 1922 tilgreinir ?

Af hálfu stefnenda er ekki á því byggt í þessu máli að samkomulag hafi verið um önnur eignarhlutföll en jarðarmatsbækur þær, sem tilgreindar eru í 1. – 3. mgr., gefa upp, og allir eigendur hafi samþykkt, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941. Ekkert slíkt samkomulag er heldur til staðar. Ákvörðun eignarhlutfalla viðkomandi jarða fer því eftir fasteignabókinni frá 1922, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941.

4. Eignarheimildir stefnenda og ráðstafanir á landi.

Vegna umfjöllunar í stefnu um eignarheimildir stefnenda er óhjákvæmilegt annað en að fjalla aðeins um eignarheimildir þeirra, fyrirmæli heimildarskjala sem og ráðstöfun stefnenda á landi.

Faðir stefnanda, Ísleifur Erlingsson, hlaut jörðina Ytri Sólheima IV (nú Ytri Sólheimar III) í arf eftir föður sinn samkvæmt einkaskiptum er fram fóru 6. desember 1928. Þinglýst eignarheimild hans, dags. 13. apríl 1930, undirrituð af Gísla Sveinssyni, sýslumanni, sbr. dskj. nr. 58, er svohljóðandi: „Samkvæmt einkaskiftum í dánarbúi Erlings Brynjólfssonar á Ytri-Sólheimum, þ. 6. desbr. 1928, er Ísleifur Erlingsson bóndi á Ytri Sólheimum IV í Dyrhólahreppi réttur og óátalinn eigandi fasteignarinnar, jarðarinnar Ytri-Sólheima IV, að gildu fasteignamati kr. 3000,oo og öllum húsum á jörðinni – 2200,00, verð samt. Kr. 5200,00 ...". Hér er um að ræða jarðamatið frá 1922 og athygli vekur að sýslumaður tiltekur eignina samkvæmt gildu fasteignamati 30 hundruð.

Með afsali 27. júlí 1984 keypti stefnandi, Tómas Ísleifsson, eignarhlut systkina sinna í Ytri Sólheimum III, Erlingi Ísleifssyni, Hallberu Ísleifsdóttur og Margréti Ísleifsdóttur en þau áttu ¾ hluta jarðarinnar. Hvorki er getið í þessari eignarheimild né hinni fyrri um forn hundruð frá fyrri öldum heldur er í skiptagerð þeirri, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, skýrlega vísað til fasteignabókarinnar frá 1922.

Í stefnu á bls. 2 segir orðrétt: „Einnig er óumdeilt að hvorki stefnendur né forverar stefnandans Tómasar hafa selt eða ráðstafað með öðrum hætti neinum hluta af þesum fjórðungi torfunnar". Stefndu taka fram að þetta er ekki rétt og vísa í því sambandi til eftirfarandi skjallegra heimilda:

a) Gjafabréf til Óskars M. Hallgrímssonar, dags. 18. mars 1972, þar sem eigendur og ábúendur Ytri Sólheimajarða gáfu Óskari land úr óskiptu sameignarlandi jarðanna undir sumarbústað, allt að einum hektara að stærð.
b) Veðbandslausn, dags. 24. júlí 1996, fyrir tveimur spildum úr jörðinni Ytri Sólheimum III, samtals 3,9 hektarar, sem eru í eigu Ingibjargar Ólafsdóttur og Margrétar Ísleifsdóttur, o.fl.
c) Afsal, dags. 27. júlí 1984, til stefnanda, Tómasar, þar sem hann lofar að láta seljendum í té endurgjaldslaust land undir sumarbústaði, allt að 3 hekturum.

Vegna umfjöllunar stefnenda um eldri kaupsamninga og afsöl skal tekið fram að mjög mismunandi er hvaða möt eru tilgreind í kaupsamningum. Það hefur raunar litla þýðingu í þessu máli heldur lítur það fyrst og fremst að því hver sé hlutfallstala jarðar í jarðarmötunum 1848, 1861 og 1922, sbr. fyrri umfjöllun.

Stefndu mótmæla einnig túlkun stefnenda á stærð jarðanna Ytri Sólheima V og VI frá aldamótum 1900 og fram til seinni parts síðustu aldar. Það er rangt að nokkuð hafi horfið frá Ytri Sólheimum V, þótt jörðin væri leigð að mestu, en eigandi Eystri Sólheima, Ólafur H. Jónsson, nýtti lítinn hluta hennar. Jarðarmatið er ein stærð. Við söfnun upplýsinga um jarðirnar vegna undirbúnings matsins 1922 kom þetta fram:

	Kartöflur	Heyskapur	Kýr	Kindur	Hross
Ytri Sólheimar 5	12 tunnur	240 hestar	2	120	5
Ytri Sólheimar 6	6 tunnur	175 hestar	1	80	4

Þetta var mat á því hvað þessar jarðir gátu framfleytt og ekki er því að undra þótt að mat jarðanna sé mismunandi í fasteignabókinni 1922.

5. Niðurlag.
Fyrir liggur að við landskipti á óskiptu landi Sólheimatorfunnar ber að miða við þau eignarhlutföll, er tilgreind eru í fasteignabókinni frá 1922, sbr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 og fyrri framkvæmd. Ekki er að lögum unnt að mæla fyrir um annars konar skiptagrundvöll að hinu óskipta landi. Staðhæfingar stefnanda um byggja skuli á öðrum skiptagrundvelli en greinir í landskiptalögum eru beinlínis rangar, andstæðar skýrum fyrirmælum laganna sem og ósannaðar.

LAGARÖK
Stefndu byggja kröfur sínar á landskiptalögum nr. 46/1941 sem og almennum reglum eignaréttar. Að því er málskostnaðarkröfu varðar er byggt á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

SÖNNUNARGÖGN
Um sönnunargögn vísa stefndu til þeirra dómskjala sem lögð hafa verið fram af þeirra hálfu. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni verður til.

SKÝRSLUTÖKUR
Stefndu áskilja sér rétt til að leiða fram frekari vitni ef þörf krefur. Þá áskilja stefndu sér rétt til að leggja síðar fram ný skjöl, bera fram nýjar málsástæður og kröfur, eftir því sem tilefni gefst til við meðferð málsins.

Selfossi, 17. janúar 2007,
Málflutningsskrifstofan

Óskar Sigurðsson, hrl.

Rm 1

Nr. 110 Lagt fram í Héraðsdómi Suðurlands 17. janúar 2007

Greinargerð

stefndu:
Hildigunnar Þorsteindsóttur, kt. 020246-3249
Kristínar Þorsteindóttur, kt. 120348-3379
Ólafs Þorsteinssonar, kt. 180450-4919
Sigríðar Þorsteinsdóttur, kt. 220441-2299 og
Sigrúnar Ragnheiðar Þorsteinsdóttur, kt. 260245-3179

í héraðsdómsmáli nr. E-723/2006

Tómas Ísleifsson kt. 070348-2769 og
Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir kt. 310555-3559
gegn
öðrum eigendum Ytri-Sólheima.

1. Kröfugerð

Krafist er sýknu af dómkröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi þeirra skv. mati dómsins.

2. Málflutningsumboð

Stefndu flytja mál sitt sjálfir.

3. Framlögð skjöl

Nr. 111 Skiptavottorð v. db. Valgerðar Sigríðar Ólafsdóttur dags. 22. júlí 2003
Nr. 112 Afrit úr fasteignamati fyrir Dyrhólahrepp 1970
Nr. 113 Afrit úr fasteignamati fyrir Dyrhólahrepp 1972
Nr. 114 Afrit úr fasteignamati fyrir Mýrdalshrepp 1998

4. Málavextir og málsástæður

4.1. Almennt

Um er að ræða eignarhlut í óskiptu landi Ytri-Sólheimatorfu, ásamt slægjuskákum sem afi okkar, Ólafur H. Jónsson fékk úthlutað við landskipti 1944 (sbr. málsskjal nr. 68). Eignarhluturinn er skráður sem Ytri-Sólheimar III-A í fasteignamati og veðmálabókum og er í daglegu máli gjarnan nefndur „parturinn".

Hlut þennan fengum við í arf eftir móður okkar Valgerði Sigríði Ólafsdóttur (21.12.1909-09.10.2000), sbr erfðafjáskýrslu dags. 3. júlí 2001, sjá skiptavottorð dags. 22. júlí 2003 sem lagt er fram sem málsskjal. Áður hafði hún fengið partinn í arf eftir föður sinn Ólaf Helga Jónsson (1867-1960).

Frá því við munum eftir okkur höfum við vitað af þessum jarðarparti úr óskiptu landi Ytri-Sólheima. Alltaf hefur verið mál manna að hann næmi 4% af óskiptu landi Ytri-

Sólheima, þar sem hann hefði verið 4 hundruð samkvæmt fornu jarðamati. Heimaland partsins var fært að landi Eystri-Sólheima þar sem foreldrar okkar og afi bjuggu. Jörðin Eystri-Sólheimar er ekki hluti af Sólheimatorfu sem hér um ræðir heldur liggur land Eystri-Sólheima austan við land Sólheimatorfu. Nánar verður vikið að þeirri skiptingu heimalandsins síðar þegar rætt verður um land- og skákaskipti Ytri-Sólheima. Aldrei hafa komið fram athugasemdir eigenda Ytri-Sólheima varðandi þennan eignarhlut okkar í landi Ytri-Sólheima, né heldur af hálfu eigenda Sólheimatungu. Mýmörg dæmi eru um hið gagnstæða þegar aðrir eigendur hafa leitað eftir samþykki eigenda partsins fyrir ýmsum framkvæmdum sem teljast í óskiptu landi Sólheimatorfu.

4.2. Kaup Ólafs H. Jónssonar

Jarðakaup Ólafs H. Jónssonar koma fram í málskjölum sem þegar hafa verið lögð fram í máli þessu (sjá málsskjal nr. 47). Hann gerist landeigandi í Mýrdal þegar hann kaupir jarðeignir Guðmundar Þorbjarnarsonar, annars vegar Eystri-Sólheima þar sem hann bjó eftir það, og hins vegar jarðarhluta Guðmundar í Ytri-Sólheimum (málsskjal nr. 47). Hluturinn í Ytri-Sólheimum var við söluna tilgreindur sem 14 hundruð 60 al skv. nýju mati. Eftir því sem best verður séð skiptist umræddur hlutur þannig að um er að ræða 21½ hundruð að fornu mati sem Guðmundur hafði keypt af Vigfúsi Þórarinssyni úr austurjörð Ytri-Sólheima (sbr. málsskjal nr. 35), 3 hundruð og 59 1/5 al að fornu mati sem Guðmundur hafði keypt af Halldóri Jónssyni úr landi Ytri-Sólheima (málsskjal nr. 36) og 4 hundruð að fornu mati úr vesturjörð Ytri-Sólheima sem Vigfús hafði keypt af Friðriki Björnssyni (málsskjal nr. 41). Þessi 4 hundruð (að fornu mati) er eini hluturinn sem Ólafur eignaðist í vesturjörð Ytri-Sólheima, aðrar eignir hans tilheyrðu austurjörðinni. Eins og áður kom fram bjó Ólafur á Eystri-Sólheimum en leigði Ytri-Sólheimajarðir en nýtti þó hluta þeirra sjálfur eins og víða kemur fram í málskjölum þeim sem lögð hafa verið fram í málinu.

Í fasteignamati 1918 (málsskal nr. 51) á Ólafur H. Jónsson Ytri-Sólheima V (mat 7H 44 al) og Ytri-Sólheima VI (mat 5H 44 al). Samkvæmt fasteignamati 1922 eru þessir hlutar 27,1 % af Ytri-Sólheimatorfu, en þar eru vantalin þau 4 hundruð (að fornu mati) sem Ólafur eignaðist í vesturjörðinni. Síðar í greinargerðinni verður vísað í gögn sem sýna fram á að sá hlutur sem var vantalinn í matinu 1922 var í raun 5 hundruð samkvæmt þeim matsgrundvelli.

Samkvæmt fasteignamati árið 1930 (málsskjal nr. 60) er Ólafur skráður eigandi að Ytri-Sólheimum V og skráður ábúandi að ¼. Jafnframt er hann skráður eigandi að Ytri-Sólheimum VI og ábúandi að 1/3.

4.3. Landskipti 1944

Í maí, júní og nóvember 1944 var landskiptanefnd tilnefnd af sýslumanni til að skipta slægjulandi Ytri-Sólheimajarða (málsskjal nr. 68). Þar kemur fram að Ólafur H. Jónsson eigi og nýti 5 hundruð úr Ytri-Sólheimum skv. jarðamati frá 1922 og var úthlutað slægjulandi í samræmi við það. Þannig komu í hans hlut skikar sem lágu að landi Eystri-Sólheima þar sem hann bjó. Þar er nefnt Æsumýri á móti Ísleifi Erlingssyni, Lambhúshóll og bali innan túngirðingar hjá Sæmundi Jónssonar þáverandi eiganda Sólheimahjáleigu, og svo Gjósta vestan við Merkigil. Jafnframt hlaut hann landsvæði inn með Halalæk mjög nálægt sínu landi. Síðar hafa þessir skikar að hluta til verið innan girðingar Eystri-Sólheima og nýttir með því landi. Athyglisvert er að umrædd 5 hundruð sem Ólafur nýtti sjálfur koma ekki fram í

fasteignamatinu 1922. Þrátt fyrir það voru við skiptin engar athugasemdir gerðar af hálfu annarra jarðeigenda í Ytri-Sólheimatorfu um tilvist þeirra og ekki er að sjá að það land sem úthlutað er Ytri-Sólheimum V við skiptin skerðist á móti.

Í stefnu er vísað til uppdrátta frá október 1987 þar sem fram komi stærð graslendis jarðanna, til rökstuðnings þeirri staðhæfingu stefnenda að við slægjuskákaskiptin hafi ekki verið skipt samkvæmt fasteignamatinu 1922. Hins vegar kemur fram berum orðum í gögnum vegna skiptanna (sbr. málsskjal nr. 68) að í sumum tilvikum hafi menn fengið meira land að flatarmáli en þeim bar hlutfallslega vegna þess að landið var rýrt eða lítt ræktanlegt. Innbyrðis hlutföll flatarmáls þess heimalands sem til skipta kom 1944 eru því ekki þau sömu og eignarhlutföll í torfunni skv. fasteignamatinu 1922 jafnvel þótt skipt hafi verið samkvæmt því mati. Einnig kemur sem fyrr segir berum orðum fram í opinberum skjölum sem gerð voru vegna skiptanna (sbr. málsskjal nr. 68) að skipt hafi verið eftir jarðamatinu frá 1922.

4.4. Reki

Þessum parti í landi Ytri-Sólheima fylgir reki á sameiginlegri fjöru sem nýttur hefur verið af jarðeigendum Eystri-Sólheima. Skipting fjörudaga er í hlutfalli við eignarhlutdeild viðkomandi jarðar í Sólheimatorfu. Eigendur partsins eiga þannig þriðja hvern mánudag sem fjörudag á sameiginlegri Ytri-Sólheimafjöru. Þriðji hver mánudagur samsvarar 4-5 % eignarhluta. Hafa ber þó í huga að jarðirnar eiga heila daga á sama vikudegi þannig að skipting fjörudaganna er ekki nákvæm, sérstaklega þegar um er að ræða lítinn hluta af heildar landflæmi Sólheimatorfu. Aldrei hefur þessi fjöruréttur eigenda partsins verið véfengdur af öðrum eigendum Ytri-Sólheima. Þvert á móti hafa eigendur Eystri-Sólheima ávallt getað nýtt þennan fjörurétt í Ytri-Sólheimafjöru þriðja hvern mánudag. Þessi fjöruréttur var áfram fyrir hendi eftir sölu Ytri-Sólheima V árið 1955 í samræmi við það sem að ofan greinir.

4.5. Sala Ólafs H. Jónssonar á hlutum í Ytri-Sólheimum

Eins og fram hefur komið eignaðist Ólafur H. Jónsson á Eystri-Sólheimum þrjá hluta úr landi Ytri-Sólheima, tvo þeirra úr svonefndri austurjörð Ytri-Sólheima. Þeir voru hvor um sig 12 ½ hundrað að fornu mati, en 20 og 15 hundruð skv. fasteignamati 1922 og þar nefndir Ytri-Sólheimar V og Ytri-Sólheimar VI. Þá eignaðist Ólafur einnig hlut í vesturjörðinni og var hann talinn 4 hundruð skv. fornu mati en hans er að engu getið á fasteignamati 1922 þrátt fyrir að ýmis gögn og heimildir bæði fyrr og síðar staðfesti tilvist hans. Vert er að vekja athygli á að aðilum máls þessa ber saman um að eignarhlut þennan vanti í fasteignabókina 1922 sbr. m.a. ummæli í stefnu á bls. 4, og greinargerð stefndu eigenda Sólheimahjáleigu.

Ólafur H. Jónsson seldi Óskari Maríusi Hallgrímssyni Ytri-Sólheima VI í október 1943 sbr. málsskjal nr. 66.

Ólafu H. Jónsson seldi svo Sigurði Ásgeirssyni í júní 1955 Ytri-Sólheima V. Vottar að þessum kaupum voru Ásgeir Pálsson faðir Sigurðar og Þorsteinn Jónsson tengdasonur Ólafs. Ólafur H. Jónsson lést 2. september 1960. Þann 26. júní árið eftir kom hreppstjóri Dyrhólahrepps að Eystri-Sólheimum að gera upp dánarbú Ólafs (málsskjal nr. 73). Þar er meðal annars skráður hluti í Ytri-Sólheimum, 4 hundruð (fornt mat). Hreppstjórinn var Ásgeir Pálsson, sá sami og var vottur að kaupum sonar síns

Sigurðar af Ólafi um 6 árum áður. Þannig er ljóst að Ásgeiri var fulljóst að Ólafur átti áfram jarðeignir á Ytri-Sólheimum eftir að hafa selt Sigurði Ásgeirssyni Ytri-Sólheima V árið 1955, enda hafa Sigurður og síðari eigendur Ytri-Sólheima V (síðar Sólheimatungu) aldrei mótmælt því að svo hafi verið.
Þannig er ekki að sjá að vafi hafi leikið á því að Ólafur átti enn umræddan jarðarhluta í vesturjörð Ytri-Sólheima allt til dauðadags 1960 þrátt fyrir að hafa afsalað Sigurði Ásgeirssyni Ytri-Sólheimum V 17. júlí 1955.

Í þessu sambandi er rétt að árétta að þær slægjuskákir sem Ólafur H. Jónsson fékk úthlutað við landskiptin 1944 voru ekki látnar af hendi eftir sölu hans á Ytri-Sólheimum V og engar heimildir eru um að nokkur hafi krafist þess að það yrði gert. Það styrkir enn fremur það sem við höfum ætíð talið, að sá jarðarpartur sem hér um ræðir hafi verið ótengdur Ytri-Sólheimum V sem Ólafur afsalaði Sigurði Ásgeirssyni árið 1955.

Árið 1970 varð Þorsteinn Jónsson, faðir okkar og tengdasonur Ólafs H. Jónssonar, var við að eignarhlutinn í Ytri-Sólheimatorfu var ekki skráður á hann sem eiganda í landi Ytri-Sólheima og lagði fram kæru þar um. Í úrskurði fasteignamatsnefndar var fallist á þetta og úskurðað að umræddur jarðarhluti skyldi sérmetinn sem jörð undir heitinu Ytri-Sólheimar III-A og tekið fram að þar sé um að ræða 4 hundruð að fornu mati.

4.6. Grundvöllur landskipta

Í 1.- 3. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 er lögbundinn sá skiptagrundvöllur sem notast skal við þegar óskiptu landi í jarðatorfum er skipt niður. Ekki er að sjá að umræddar málsgreinar 2. gr. séu frávíkjanlegar nema hvað varðar undantekninguna í 4. mgr. sem tekur til þess ef í 20 ár eða lengur hafa gilt manna á meðal önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp, og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, þá er heimilt að skipta eftir þeim hlutföllum. Við getum því ekki séð að það sé rétt sem ráða má af orðalagi stefnu að hér sé einungis um að ræða „leiðbeiningarreglu um notkun sönnunargagna". Þá fáum við heldur ekki séð að lögin heimili skipti eftir eldri mötum en jarðatali Johnsen frá 1847. Niðurlagsákvæði 3. mgr. 2. gr. þess efnis að „ávallt verði notað hið elsta jarðamat sem við verður komið" tekur samkvæmt efni málsgreinarinnar einungis til þess ef grípa þarf til yngri mata en fasteignabókarinnar frá 1922. Í stefnu er gefið til kynna að ráða megi af Hrd. 1988 bls. 683 að því aðeins skuli styðjast við fasteignamatið 1922 að ekki sé til eldri skipting á dýrleika jarðanna. Við fáum ekki séð að sú staðhæfing sé rétt. Þvert á móti er í dómnum staðfestur sá skiptagrundvöllur sem landskiptalög mæla fyrir um. Við getum þannig ekki fallist á skipti eftir þeim fornu jarðamötum sem stefnendur vísa til, jafnvel þótt skipti eftir þeim mötum kynnu að vera okkur hagfelld, þar sem lögin heimila ekki þann skiptagrundvöll nema sátt hafi ríkt um hann með öllum aðilum í a.m.k. 20 ár.

Skv. 1. mgr. 2. gr. skal skipta eftir jarðamati frá árinu 1861 þar sem því verður við komið. Séu í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi til dýrleika en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsen frá 1847 skal það mat notað. Verði hvorugu þessu mati við komið skal fara eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig að ávallt verði notað hið elsta jarðamat sem við verður komið. Þannig er sem fyrr segir lögbundið hvaða mat skuli notað til grundvallar skiptum. Þannig breytir engu þótt eldri heimildum en jarðatali Johnsen frá 1847 kunni að bera að einhverju leyti saman um önnur hlutföll.

Í jarðamati 1861 er ekki að finna aðgreint mat þeirra jarða sem hér um ræðir, né heldur í jarðatali Johnsen frá 1847. Í fasteignabókinni frá 1922 er aðgreint mat hins vegar að finna en sem fyrr segir er Ytri-Sólheima III-A að engu getið þar og eru aðilar málsins sammála um að sú jörð sé þar vantalin sbr. stefnu þessa máls og greinargerð stefndu eigenda Sólheimahjáleigu. Hins vegar kom fram við landskipti 1944 að Ólafur H. Jónsson ætti „eftir jarðamati 1922 5 hundruð í Ytri-Sólheimum" sem hann nytjaði sjálfur.

Með dómi Héraðsdóms suðurlands 3. desember 2004 í máli nr. E-1042/2003 sem ekki var áfrýjað, var staðfest að landskiptin 1944 hefðu verið framkvæmd á grundvelli landskiptalaga nr. 46/1941 og fram kemur að skiptagrundvöllurinn var fasteignabókin frá 1922 sbr og umfjöllun í greinargerð stefndu eigenda Sólheimahjáleigu. Einnig er skýrt tekið fram í skjölum tengdum umræddum landskiptum að skipt sé eftir jarðamatinu frá 1922 (sbr. málsskjal nr. 68). Af þeim gögnum sem um ræðir má sjá sá hluti sem vantalinn er í matinu 1922 (nú Ytri-Sólheimar III-A) skyldi vera 5 hundruð skv. því mati hefði jörðin ekki verið þar vantalin.

Í ljósi þessa getum við fallist á að skipt sé eftir fasteignabókinni frá 1922 þrátt fyrir að Ytri-Sólheima III-A sé þar ekki getið undir því heiti né innan annarra jarða í Ytri-Sólheimatorfu, að því gættu að 5 hundruðum sé bætt við þá heild sem þar kemur fram varðandi Sólheimatorfu, eins og gert var við landskiptin 1944. Samanlagt landverð Sólheimatorfu er þannig rétt reiknað 134 hundruð samkvæmt matinu en ekki 129 hundruð eins og fasteignabókin 1922 gefur til kynna. Skipti á þeim grundvelli leiða til þess að hlutdeild stefnenda er 22,4% en ekki 25% eins og stefnendur krefjast. Okkur er því ómögulegt að fallast á kröfu þeirra, þar sem slíkt samþykki kynni að hafa í för með sér eftirgjöf á réttindum okkar til umrædds lands. Samkvæmt þessu er hlutur Ytri-Sólheima III-A í matinu 1922 3,9%.

Í þessu samhengi er vegna ummæla stefnenda í aðilaskýrslu sinni í máli þessu á bls. 6 þess efnis að aðrir eigendur Sólheimatorfu uni því ekki að „stolið verði af eignum þeirra með því að þessi jarðarhundruð verði tvítekin af heildinni" rétt að árétta að ekki er um það að ræða að þessi jarðarpartur sé tvítekinn af heildinni verði okkar skilningur á tilvist hans viðurkenndur af dómnum. Þvert á móti virðist ljóst að um villu er að ræða í fasteignamatinu 1922 og síðari fasteignamötum allt til ársins 1970 þar sem parturinn er þar ekki tilgreindur. Þar hlýtur að vera um mistök að ræða af hálfu þeirra sem framkvæmdu fasteignamatið. Við getum ekki unnt því að þau mistök opinberra aðila valdi því að eignarréttur okkar að umræddum jarðarparti verði fyrir borð borinn við ákvörðun á eignarhlutföllum í óskiptu landi Ytri-Sólheima. Sú villa sem þarna hefur komið upp í fasteignamatinu fékkst ekki leiðrétt fyrr en 1970 með úrskurði fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu eftir kæru föður okkar, Þorsteins Jónssonar á Eystri-Sólheimum sem áður er vísað til.

Við teljum sem fyrr segir að fasteignabókinni frá 1922 verði komið við sem grundvelli landskipta á Sólheimatorfu þrátt fyrir áðurnefndan annmarka, að því gættu að þeim 5 hundruðum sem þar eru vantalin verði þar bætt við heildina sem Ytri-Sólheimum III A. Sem fyrr segir kemur fram við landskiptin 1944 að Ólafur H. Jónsson eigi 5 hundruð í Ytri-Sólheimum eftir fasteignamatinu 1922 sem hann nýti sjálfur og var úthlutað slægjulandi í samræmi við það. Við teljum að því verði við komið þar sem þar er að finna aðgreint mat jarða í Sólheimatorfu en ekki er um það að

ræða að tvær eða fleiri jarðir séu metnar í einu lagi til dýrleika sbr. 2. gr. l. 46/1941. Einnig hefur Héraðsdómur Suðurlands staðfest að matið frá 1922 sé réttur grundvöllur landskipta á Sólheimatorfu sbr. dóm 3. desember 2004 í máli nr. E-1042/2003

Telji dómurinn hins vegar að fasteignabókinni frá 1922 verði ekki við komið við skipti þar sem Ytri-Sólheimar III-A koma þar ekki við sögu er óhjákvæmilegt að notast við elsta mat þar sem þá jörð er að finna aðgreinda frá heildinni ásamt öllum öðrum jörðum sem hér koma við sögu, aðgreindum. Sú niðurstaða leiðir af 3. mgr. 2. gr. l. 46/1941 sem tekur m.a. til þess ef grípa þarf til þess að nota yngri jarðamöt en fasteignabókina frá 1922. Sem fyrr segir er það ekki fyrr en 1970 sem Ytri-Sólheimar III-A koma inn á fasteignamat sem sjálfstæð jörð. Fasteignamatið 1970 og möt næstu ára þar á eftir hafa hins vegar þann annmarka að þar eru Ytri-Sólheimar II og Ytri-Sólheimar IV metnir í einu lagi til dýrleika.

Elsta fasteignamat þar sem er að finna aðgreint mat allra þeirra jarða sem tilheyra Sólheimatorfu er fasteignamat 1998. Ytri-Sólheimar IV eru þar metnir sér eftir að núverandi eigandi jarðarinnar, Óskar Sigurður Þorsteinsson, kaupir hana árið áður. Í nefndu fasteignamati er landverð umræddra jarða og hlutfall þeirra af heildinni sem hér segir:

Jörð	Landverð í þús. kr.	Hlutfall	
Ytri-Sólheimar I	457	15,4%	
Ytri-Sólheimar II	379	12,8%	
Ytri-Sólheimar III	577	19,5%	
Ytri-Sólheimar III-A	169	5,7%	
Ytri-Sólheimar IV	379	12,8%	
Sólheimatunga	268	9,1%	
Framnes	272	9,2%	
Sólheimahjáleiga	457	15,4%	
Alls	2958		

Skv. fasteignamatinu 1998 reiknast landverð jarðar stefnenda 19,5% af heildar landverði Sólheimatorfunnar. Við getum því heldur ekki fallist á kröfu þeirra um 25% eignarhlut í Sólheimatorfu ef notast verður við fasteignamatið frá 1998.

4.7. Samantekt

Að framansögðu má ljóst vera að stefndu erfingjar Ólafs H. Jónssonar eiga 3,9 % í óskiptu landi Ytri-Sólheima eftir síðustu sölu hans á eignarhluta í Ytri-Sólheimatorfunni 1955 miðað við fasteignamat 1922 og 5,7% ef miðað er við fasteignamatið 1998. Eignarhald okkar að umræddri jörð hefur aldrei verið vefengt af öðrum eigendum Ytri-Sólheima. Hlutur stefnenda samkvæmt umræddum mötum er 22,4% samkvæmt matinu 1922 og 19,5% samkvæmt matinu 1998. Sá skiptagrundvöllur sem 2. gr. laga nr. 46/1941 mælir fyrir um leiðir til þess að við getum ekki fallist á kröfur stefnenda um 25% eignarhlut í óskiptu landi Sólheimatorfu.

5. Lagarök

72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995.
1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. l. nr. 62/1994.
Landskiptalög nr. 46/1941.
Lög um hefð nr. 46/1905.
Lög um landamerki nr. 41/1919
Jarðalög nr. 81/2004
Lög 91/1991 um meðferð einkamála, einkum XXI. kafli laganna.

Reykjavík 15. janúar 2007

Hildigunnur Þorsteinsdóttir
Hildigunnur Þorsteindsóttir, kt. 020246-3249

Fh. Kristínar skv. umboði
Þorsteinn Magnússon
Kristín Þorsteindóttir, kt. 120348-3379

Fh. Ólafs skv. umboði
Hildigunnur Þorsteinsdóttir
Ólafur Þorsteinsson, kt. 180450-4919

Sigríður Þorsteinsdóttir
Sigríður Þorsteinsdóttir, kt. 220441-2299 og

Fh. Sigrúnar skv. umboði
Þorsteinn Magnússon
Sigrún Ragnheiður Þorsteinsdóttir, kt. 260245-3179

Til Héraðsdóms Suðurlands

Nr. 3 Lagt fram í héraðsdómi Suðurl. 15/11 2006

Eignahlutföll Sólheimatorfu

Aðilaskýrsla stefnenda

Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
og
Tómas Ísleifsson

Ár 2006

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir eignahlutföllum á Ytri-Sólheimum. Hin forna jörð Ytri-Sólheimar nær yfir landssvæðið frá skammt vestan við Jökulsá á Sólheimasandi og austur undir Pétursey frá sjó og að jökli. Nú eru skráðir að þessari sameign eftirtaldir átta jarðarhlutar:
Ytri-Sólheimar 1 (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar 2, Ytri-Sólheimar 3, Ytri-Sólheimar 4, Ytri-Sólheimar 3a, Framnes, Sólheimatunga og Sólheimahjáleiga.
Þessar jarðir eru á svonefndri Sólheimatorfu. Sólheimatorfa er 100 hundruð að fornu mati. Þar af er hjáleigan 7 1/3 hndr. og heimajörðin öll er 92 2/3 hndr.
Ábúendur á heimajörð Sólheima bjuggu að fornu allir í einu bæjaþorpi á kirkjustaðnum; “heima á stétt”. Bæjastéttin lá frá austri til vesturs. Á nítjándu öld voru ábúendur margir. Bæjardyr við stéttina voru þó færri og gengu því fleiri en ein fjölskylda um sömu dyr. Göng lágu frá dyrum til baðstofu sérhvers ábúanda. Ábúendur við austustu bæjardyrnar höfðu til ábúðar hálfa Sólheimatorfu eða 50 hndr. að f.m. Sá hluti heimajarðarinnar er Austurjörð Sólheima. Hinn hluti heimajarðarinnar, 42 2/3 hndr. að f.m. er Vesturjörð Sólheima.
Jörðin Eystri-Sólheimar er ekki hluti af Sólheimatorfu. Land þeirrar jarðar er austan við land Ytri-Sólheima eða Sólheimatorfu. Hitt er annað að eigendur Eystri-Sólheima hafa átt tilkall til eignarhluta í Sólheimatorfu.
Í þessum skrifum er hugtakið “heimaland” notað samkvæmt málvenju á Ytri-Sólheimum um það land sem er innan túngirðinga og í Sólheimanesi. Notkun þess hér er því á skjön við þá skilgreiningu sem orðið hefur fengið í þjóðlendumálum.
Skýrslan byggir á og vísar til heimilda sem eru fylgirit þessara skrifa. Úrvinnsla þeirra í þessari skýrslu er til að bregða ljósi á málavexti. Skýrslan skiptist í eftirfarandi hluta:

- Fasteignaskattmötin 1861 og 1922.
- “Fjögur hundruð forn” í Sólheimatorfu.
- Landskipti Sólheima árið 1944.
- Skákaskiptin.
- Sólheimafjara.
- Prestmata.
- Núverandi Sólheimajarðir að fornu mati.

Fasteignaskattmötin 1861 og 1922

Öll jarðamöt á Íslandi til þessa dags hafa verið gerð til þess að finna fasteignaskattstofn. Jarðamöt hafa; eftirá, verið notuð til að skilgreina eignahlut jarðarparts í sameignarjörð eða jarðatofu. Í gögnum þess dómsmáls, sem hér er vakið, liggur fyrir að frá því á elleftu öld til miðrar nítjándu aldar var nær alfarið eitt fasteignaskattmat á Íslandi; hið forna mat. Hið forna mat var m.a. notað til að skilgreina eignarhlut eigenda að sameign; jarðartorfu, í eignaskiptagerningum.
Laust fyrir miðja nítjándu öld var gert nýtt fasteignaskattmat í Danmörku. Þá komu tilmæli frá dönskum stjórnvöldum um að slíkt hið sama yrði einnig gert á Íslandi.
Með tilkomu verslunarfrelsis á Íslandi breyttust forsendur fyrir skattlagningu hérlendis. Dönsk stjórnvöld, Alþingi og almenningur á Íslandi voru ásátt um að hluti skattheimtunnar legðist á jarðir landsins. Einnig virðist samstaða hafa verið um að meta

þyrfti jarðirnar og að eðlilegast væri að skattbyrði hverrar jarðar væri í hlutfalli við söluverðmæti hennar.
Í gögnum frá þessum tíma finnast ekki vangaveltur um að hið nýja fasteignaskattmat hefði áhrif á eignahlutföll sameignarjarða eða söluverðmæti jarða yfirleitt. Öll umfjöllun Alþingis og stjórnvaldsins var um fasteignaskattinn og þá einkum um að jarðeigendur mundu óska eftir lægra mati til að skattbyrðin yrði sem léttbærust.
Það hefur löngum verið háttur eignamanna að tíunda galla eignarinnar þegar hún er virt til skatts. Í máldögum og jarðabókum er sífellt verið að tína til skriðuföll, vatnaágang osfrv. Við sölu eignar telur seljandi, hins vegar, fram kosti hennar eins og sölumenn allra tíma gera.
Um miðja nítjándu öld höfðu jarðir á Íslandi gengið kaupum og sölum samkvæmt fornu mati í meira en 700 ár. Eignaréttindi á jarðeignum voru með tilvísunum til hins forna mats. Uppá það höfðu menn bréf; afsalsbréf sinna jarða. Hins vegar var hið nýja fasteignaskattmat einskorðað við skattheimtuna. Ekki var ástæða til að ætla að hinn nýi fasteignaskattstofn mundi hafa áhrif á jarðaverð. Eigandi jarðar gat gengið að því vísu að söluverð færi eftir lögmálinu um framboð og eftirspurn, óháð skattmatinu.
Í yfirmatsgögnum frá árinu 1850 kemur ítrekað fram að jarðeigendur óska eftir lækkun á skattmati. Hið nýja fasteignaskattmat var lögleitt árið 1861. Lögleiðing þess breytti litlu um eignaheimildir, áfram var stuðst við hið forna mat, jafnt í eignaskiptagerningum og dómsmálum.
Á síðari hluta nítjándu aldar og fram á þá tuttugustu virðast jarðeignir yfirleitt hafa flust á milli kynslóða þannig að sá eldri afsalaði jarðeigninni samkvæmt fornu mati til hins yngri. Samkvæmt fornu mati hafði sá eldri fengið eignina í hendur og því afsalaði hann samkvæmt sömu skilgreiningu.
Kæmi til landskipta á slíkri jarðartorfu, var skiptahlutfallið samkvæmt hinu forna mati, því jarðeigendur höfðu pappíra uppá að þeir höfðu eignast sína hlutdeild að fornu mati. Þannig var staðan allt þar til lög nr. 46/1941 voru sett. Með setningu þeirra laga varð hins vegar tvímæli um eignahlutföll á jarðartorfum. Þó ekki á öllum. Það gat raunar aðeins gerst ef hlutfallið á milli ábýla jarðartorfunnar í síðari mötum (eftir 1848), væri annað en í hinu forna mati.
Hverfum aftur til miðrar nítjándu aldar. Í umræðum Alþingis og skrifum stjórnvaldsins kemur ítrekað fram að reiknað er með að jarðeigendur muni kæra nýtt fasteignaskattmat til lækkunar. Í þessum prentuðu heimildum kemur aldrei fram sá möguleiki að jarðeigandi muni óska eftir hækkun á fasteignaskattmati. Dæmi hins eru fjölmörg og í yfirjarðamatsbókunum frá 1850 eru skráðar lækkanir á undirmati og tiltekið að kæra liggi fyrir.
Við gerð þessa fasteignaskattmats kom engum til hugar að blanda því saman við eignahlutföll í sameign. Hið nýja fasteignaskattmat var gott til að ákvarða fasteignaskatta og hið forna mat var einnig gott til að skilgreina hlutdeild einstaklings (jarðeiganda) í sameign.
Sé afsals- og veðmálabókum fyrir Rangárvalla- og Skaftafellssýslur frá síðari hluta nítjándu aldar og fram á þá tuttugustu flett sést að nær allar veðsetningar og afsöl eru þar skráð samkvæmt fornu mati jarða. Vafalítið gildir hið sama um önnur héruð landsins.
Fasteignaskattmatið 1861 byggir á tilskipun og reglugerð Rentukammers í Kaupmannahöfn. Sérskráning Sólheimahjáleigu í fasteignaskattmatinu 1861 brýtur í bága við það regluverk, samanber 2. grein reglugerðar frá 1. sept. 1848 og umfjöllun Alþingis.

Árið 1915 eru sett lög um nýtt fasteignaskattmat. Matið var síðan framkvæmt á árunum 1917 og 1918. Í lögunum er tiltekið að við jarðamat skuli meta hverja jörð án húsa. Þá er tiltekið að jarðabætur síðustu 10 ára skuli sérmetnar. Ber líklega að skilja lögin svo að átt sé við jarðabætur unnar frá 1908 til 1917? Þessi fyrirmæli laganna valda því að jarðabætur, jafnt sem áföll, á úrskiptu landi ábýlis jarðartorfu, breyta því hlutfalli sem ábýlinu er skilgreint í skattmati jarðartorfunnar. Það er að segja, ef jarðabæturnar eða áföllin eru tilkomin fyrir árið 1908.
Ekki má gleyma að einnig þetta mat var fasteignaskattmat. Matið var upplýsandi og vonandi réttlátt til að finna skattstofn. Ekki skipti máli fyrir jarðeiganda hvort jarðabætur á úrskiptu landi hans, sem unnar voru fyrir árið 1908, voru skattlagðar sérstaklega eða með jörðinni. Það er hins vegar seinni tíma misskilningur að nota slíkt skattmat til að ákvarða eignahlut í sameign.
Í gögnum þessa máls liggur fyrir að í Vestur-Skaftafellssýslu voru engar jarðabætur sérmetnar við gerð fasteignaskattmatsins 1922. Það felur í sér að allar jarðabætur á úrskiptri sameign ábýla Sólheimatorfu gátu breytt hlutfalli á milli ábýlanna í skattmati. Slíkt er ásættanlegt í skattmati en brot á eignaréttarákvæðum Stjórnarskrárinnar ef jarðabæturnar væru látnar breyta eignahlutfalli í óskiptri sameign.
Heimildir um hið forna mat ábýla heimajarðarinnar eru fjölmargar en aðeins ein heimild er til um þær samkvæmt fasteignaskattmatinu 1861. Sú heimild er í jarðamatsgögnunum frá árinu 1918. Þær tölur komu þá ekki af himnum ofan, heldur hafa þær þá verið reiknaðar á þann hátt, að sérhvert ábýli heimajarðarinnar hefði sömu hlutdeild úr heimajörðinni samkvæmt fasteignaskattmatinu 1861 og ábýlið hafði samkvæmt hinu forna mati. Fullvíst er að tilgreint skattmat, frá 1861, í þessum jarðamatsgögnum frá árinu 1918, geti ekki verið tilkomið á annan veg. Matsmenn höfðu enga aðra leið til að finna þessar tölur, því þær voru hvergi skráðar.
Það er svo annað mál að skekkjur hafa verið í þessum útreikningum og skráningum. Sú veigamesta er að jörðin Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot) er skráð 15 H í stað 5 H ef rétt hefði verið reiknað og skráð. Þessi skekkja veldur því að heildarskattmat heimajarðarinnar er í þessum gögnum 49,9 H þrátt fyrir að skráð fasteignaskattmat heimajarðarinnar er 39,9 H í jarðabókinni frá 1861.
Jarðamatsmenn höfðu fyrirmæli um að skrá dýrleika jarða samkvæmt skattmatinu frá 1861. Heimajörð Ytri-Sólheima hafði þá aldrei verið skipt samkvæmt því. Ekki var þá um annað að ræða en að umreikna dýrleika ábýlanna að fornu mati yfir í skattmatið 1861. Þessir reikningar hafa verið allumfangsmiklir, þegar hvorki var vasareiknir eða töflureiknir til að létta starfið. Óvíst er hversu mikil skrifleg gögn matsmenn og ábúendur höfðu undir höndum.
Rýrustu heimildirnar eru um vesturjarðirnar að frátöldu Sólheimakoti. Það hefur aldrei vafist fyrir Sólheimingum að Austurjörð Sólheima er 50 hndr. að f.m. Það er einnig dagljóst að Austurjörðin skiptist, samkvæmt fornu mati, í þrennt í hlutföllunum: ½, ¼ og ¼. Það er því ekki tilviljun að í jarðamatsgögnum frá 1918 eru þessar jarðir skráðar í sama hlutfalli eftir 1861 skattmatinu. Það er: Ytri-Sólheimar IV sem 10 H og 88 ál., Ytri-Sólheimar VI sem 5 H og 44 ál. og hluti Ytri-Sólheima V; leigujörð Páls Þórarinssonar og konu hans Stefaníu Sigurðardóttur, sem 5 H og 44 ál.
Hinn hluta Ytri-Sólheima V, Vesturjarðarpartinn nytjar eigandi sjálfur, skráð 2 H samkvæmt skattmatinu 1861 en 4 hndr. að fornu mati.
Hér koma klippur úr fasteignamatsgögnum frá árinu 1918.



Fram hefur komið að hlutfall hjáleigu og heimajarðar er að fornu mati 7,33/92,67. Í fasteignaskattmatinu frá 1861 er þetta hlutfall 12,2/39,9. Við gerð fasteignaskattmats árið 1918 er síðara hlutfallið notað. Það leiðir til þess að hlutfall hjáleigu og heimajarðar í skattmatinu 1922 varð annað en hlutfall hins forna mats.
Í eftirfarandi töflu, sem er leiðrétt vegna Sólheimakots (Ytri-Sólh. I), kemur fram að hlutfallið á milli jarða heimajarðarinnar er samkvæmt hinu forna mati í jarðamatsgögnunum frá 1918.

skráð 1918, leiðrétt vegna Ytri-Sólheima I						forna mat		reiknað 2006	
	forna mat	dýrl. 1861	dýrl. 1861	prósent	dýrl. forna	prósent	dýrl.	prósent
Ytri-Sólheimar I		5 16	5,1	12,9%	12	12,9%	5,2	12,9%
Ytri-Sólheimar II		8 20	8,2	20,5%	18,9	20,4%	8,1	20,4%
Ytri-Sólheimar III	92 2/3	3 16	3,1	7,9%	7,77	8,4%	3,3	8,4%
Ytri-Sólheimar IV		10 88	10,7	26,9%	25	27,0%	10,8	27,0%
Ytri-Sólheimar V		7 44	7,4	18,5%	16,5	17,8%	7,1	17,8%
Ytri-Sólheimar VI		5 44	5,4	13,5%	12,5	13,5%	5,4	13,5%
Samtals			39,9	100,0%	92,67	100,0%	39,9	100,0%

“Fjögur hundruð forn”
Austurjörð Sólheima var og er 50 hndr. að f.m. eða hálf Sólheimatorfa, eins og fyrr er ritað.
Í gögnum málsins liggja fyrir sannanir þess að Ólafur H. Jónsson kaupir 29 hundruð forn í Sólheimatorfu árið 1914. Þá liggur fyrir að þessi jarðahundruð eru fulltalin eign Ólafs sem jarðirnar Ytri-Sólheimar V og VI í fasteignabókinni 1922. Þessi jarðarhundruð eru ½ Austurjörð Sólheima að dýrleika 25 hndr. f.m. og 4 hndr. f.m. úr Vesturjörð Sólheima.

Vesturjarðarpartinn, 4 hndr. f.m. nytjaði Ólafur sjálfur. Austurjarðarhlutann leigði Ólafur tveimur ábúendum, þeim Einari Guðmundssyni og Páli Þórarinssyni, 12 ½ hndr. f.m. hvorum. Þá liggja fyrir heimildir um að Ólafur afsalar frá sér jörðinni Ytri-Sólheimar VI sem 12 ½ hndr. f.m. árið 1943.
Þann 17. júlí 1955 afsalar Ólafur frá sér allri jörðinni Ytri-Sólheimar V og er tilgreint að hún sé metin 25 hundruð samkvæmt fasteignabókinni 1932. Glöggar heimildir eru um að afsalið er fyrir jafngildi 12 ½ hndr. að f.m. úr Austurjörð Sólheima og jafnframt vesturjarðarpartinn 4 hndr. f.m. Samtals 16,5 hndr. f.m.
Ýmsar heimildir bæði munnlegar og skriflegar benda til að aðilar þessa afsals hafi talið að afsalið væri aðeins fyrir 12 ½ hndr. að f.m.
Í samræmi við að þar með hafði Ólafur gefið afsal fyrir öllum sínum jarðarhlut í Sólheimatorfu er hann ekki skráður ábúandi þar í fasteignabókinni 1957.
Þrátt fyrir þetta voru dánarbúi Ólafs tilreiknuð “fjögur hundruð forn” í erfðafjárskýrslu 26. júní árið 1961.
Þá er þ. 20. okt.1965 “stofnuð” jörðin Ytri-Sólheimar VII í afsals- og veðmálabók Skaftafellssýslu á grundvelli fyrrgreindrar erfðafjárskýrslu.
Ekki dugðu þessar ráðstafanir erfingja Ólafs til að þeim væru tilgreind jarðahundruð í Sólheimatorfu hjá Fasteignamati ríkisins. Því kæra erfingjar Ólafs 18. nóv. 1970 til fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu að þau séu ekki skráð sem eigendur að 4 hndr. að f.m. í Sólheimatorfu. Fasteignamatsnefndin úrskurðar 18. des. 1970 að kærendur eigi hlut í Sólheimatorfu. Það gerði nefndin án undanfarandi dóms þarum.
Nú er bert orðið að tveir aðilar gera tilkall til títtnefndra “fjögurra hundraða fornra”; þ.e. erfingjar Ólafs og núverandi eigendur Sólheimatungu. Aðrir eigendur Sólheimatorfu una því ekki að stolið verði af eignum þeirra með því að þessi jarðarhundruð verði tvítekin af heildinni.

Landskipti Sólheima árið 1944

Allt frá fornu hefur verið réttlætismál að sérhver eigandi eða ábúandi á Sólheimatorfu fengi hlutdeild í kostum og göllum heildarinnar að sinni tiltölu. Fyrir daga girðinga og vélaaldar var búskap á þann veg háttað að allt land og nytjar voru sameiginlegar, nema slægjulandið en þó að tiltölu hins forna mats. Hlutdeild hverrar jarðar í óskiptu fór að sjálfsögðu einnig eftir dýrleika hins forna mats.
Slægjulandinu var skipt í skákar frá fornu. Skákaskiptin voru gerð til að hver jörð fengi sem réttast hlutfall, bæði af versta og besta landinu, en mikill munur er á því hve land er grasgefið í Sóheimanesi og þar með hversu gott slægjuland. Meira að segja túnum var skipt í skákar.
Allt land Sólheimatorfu er um 7000 hektarar. Heimaland er nálægt 200 hektarar. Þessu heimalandi höfðu ábúendur lokið við að skipta á milli sín um 1950 með girðingum. Í megindráttum skiptist þetta heimaland í heimatún og Sólheimanes. Nesið skiptist svo aftur í Uppnes og Framnes. Síðar í þessari greinargerð er sýnt að ekki var skipt landi jarðanna Sólheimahjáleigu og Sólheimakots í landskiptunum 1944. Heimatúnum hinna jarðanna var heldur ekki skipt. Skiptin voru aðeins á slægjuskákum í Nesinu. Stærð þessara slægjuskáka var um 50 hektarar. Á milli þessara fornu slægjuskáka var sameiginlegt beitiland sem ekki var skipt, en engu að síður lagt undir jarðirnar með girðingum. Afgirt land þessara sex (fimm?)[1] jarða í Sólheimanesi er um 110 hektarar.

[1] Leigujörð Ásgeirs og “fjögur hundruð forn” mynda jörðina Ytri-Sólheimar V.

Mismunurinn; 60 hektarar er sameiginlega beitilandið sem aldrei var skipt, en ábúendur innlimuðu sínum jörðum. Er þá ótalið óskipt sameignarland sem lenti innan girðinga Sólheimahjáleigu og Sólheimakots.
Heimaland Sólheimahjáleigu og Sólheimakots ásamt heimatúnum jarðanna Ytri-Sólh. II, IV og VI (númer frá 1922) er um 80 hektarar. Það land sem upp er talið í síðustu setningu var aldrei mælt til landskipta. Þá er úrskipt land “fjögurra hundraða fornra” um 5 hektarar. Hér hefur verið talið upp heimaland torfunnar 110 + 80 + 5, samtals um 190 hektarar. Auk þessa heimalands höfðu ábúendur tekið sér til eignar land úr högum og við landskiptin var ábúendum skömmtuð viðbót þar við. Þessi landtaka úr sameigninni var nefnd útsetur og var ef reiknað er út frá skiptagerðinni 22 hektarar. Er þá allt land í einkaeign á torfunni : 190 + 22; samtals um 210 hektarar.



Heimatún Sólheima og Sólheimanes er hæðótt rýrt valllendi með grasgefnari dalverpum. Mjög var misjafnt eftir staðháttum hve mikill hluti landsins var sleginn. Landið nærri bæjarþorpinu, “heima á stétt”, var að mestu slegið. Það er heimatún og litlu fjær Botnar og Skákar. Þegar fjær dró minnkaði hlutdeild hins slegna lands svo sem í Uppnesinu og innan við helmingur í Framnesinu; þ.e. syðsta hluta Sólheimaness.
Slægjuskákirnar voru útmældar eftir jarðahlutfalli. Þær voru einkum í dölunum, lautir og vangar voru slegin upp undir brekkubrúnir. Holtin á milli voru ekki slegin og voru því sameiginlegt beitiland, nytjað á öðrum árstímum. Mörk á milli skáka voru einkum sett upp undir brekkubrúnir, svo hátt sem slegið var. Þessi mörk voru steinar og þurfti sláttumaður ætíð að byrja á því að finna markið á milli skákarinnar sem hann ætlaði að slá og næstu skákar. Það gerði hann með því að reka ljáþjóið í markið svo glumdi í.
Víða í Sólheimanesi voru hrútaber. Þau voru að sjálfsögðu aðeins í því landi sem ekki var slegið og því ofan hinna slegnu vanga. Þegar beitarálag óx eftir miðja öldina hurfu berin.

Allt þetta land þurfti að verja fyrir beitarágangi frá því snemmsumars þar til slætti lauk. Landið var ógirt og var úr því hóað og sigað "heiman af stétt", það er næst var. Úr Nesinu þurfti að reka og var því skipt niður á heimilin eftir fjörudögum. Þeir sem mest áttu og höfðu mestar slægjur að verja þurftu oftast að sjá um úrreksturinn. Réttindi og skyldur kölluðust á.
Skákaskiptin áttu ekki við um Sóheimahjáleigu og Sólheimakot. Land þeirra jarða var nær allt samfellt. Fyrir skiptin var allt land Sólheimahjáleigu samfellt út frá bænum að því undanskyldu að jörðin átti Þórarinshaus. Bærinn í Sólheimakoti stendur vestast í Sólheimatúni. Jörðin átti túnspildu umhverfis bæinn. Þá átti jörðin samfellt slægjuland í Sólheimanesi.
Eyjólfur á Hvoli skrifar í bókinni Afi og amma[2]:

> Fyrir langa og trúa þjónustu gaf Eyjólfur Alexandersson Ólafi Högnasyni jarðarpart í Ytri-Sólheimum. [1)] Mældi þessum jarðarparti tún og útislægjur úr Sólheimatorfunni þar sem land bezt var. Þessi jarðarhundruð nefndu þeir Sólheimakot og gerðu að sjálfstæðu býli; það var metið til 12 hundraða, þegar Ytri-Sólheimar allir voru 92,7 hundruð að dýrleika. Hvort Eyjólfur Alexandersson sleppti þessum jarðarhluta strax úr ábúð, er ekki víst, en líklega hefur Ólafur Högnason fyrstur reist bæ í Sólheimakoti um 1822 og búið þar, áður en hann flutti að Pétursey. Síðar býr þar Björn

Landi Sólheimakots í Sólheimanesi hagaði þannig til að Sigurður Högnason í Sólheimakoti mun hafa ætlað, og getað, girt það án þess að hafa makaskipti við aðrar jarðir. Þetta slægjuland, sem var einkum í dölunum, girti Sigurður ásamt holtunum á milli dalanna en þau voru eins og fyrr greinir óskipt og ómælt land. Um þetta var þegjandi samkomulag, enda enginn vegur að girða landið með öðru móti.
Tún Sólheimahjáleigu voru alfarið sér. Þvergarðurinn sem er norðan við tún Hjáleigunnar er sannindamerki þess. Land Hjáleigunnar varð enn samfelldara eftir að eigendur hennar slógu eign sinni á Torfmýri, en hún var sameignarland allra Sóheimabænda, ætluð til torfskurðar (heytorf) eins og nafnið segir til um. Árekstrar um nýtingu Torfmýrar eru ekki í minni núlifandi manna. Einhverjarýfingar munu hafa verið um hana fyrir og um aldamótin 1900. Þær deilur munu hafa horfið að mestu eftir að torfskurði var hætt. Þó Sólheimabændur vissu að Torfmýri væri sameignarland létu þeir óátalið að Sólheimahjáleiga nytjaði hana til slægna, enda var hún ekki beysið slægjuland, þó nú sé búið að breyta henni í afbragðs tún.
Auk þess lands, sem nú hefur verið lýst að tilheyrði Sólheimakoti og Sólheimahjáleigu, höfðu eigendur þessara jarða tekið land úr óskiptu, voru það nefndar útsetur. Það land var því ekki eignarland jarðanna.
Skákaskiptin voru því á jörðum bændanna í bæjaröðinni heima á Sólheimum.
Þegar kom fram yfir 1930 hófu ábúendur skipti á túnaskákum til að sameina tún hverrar jarðar[3]. Þegar tún Ísleifs voru orðin samfelld girti hann þau um 1934. Nágrannar hans gerðu slíkt hið sama í kjölfarið. Við það lagðist af að kúm væri beitt sameiginlega á túnin. Árið 1936 fluttu Ásgeir og hans fjölskylda úr bæjaröðinni suður í Framnes. Á þessum árum hafði hann mjög makaskipti á landi við nágranna sína.

[2] Í þessari endurútgáfu bókar Eyjólfs er misritað "útislægjur", á að vera "útslægjur".
[3] Ábúandi er ýmist jarðareigandi eða leiguliði.

Í þjóðfélagsumróti næstu ára sáu þeir sem bjuggu við skákaskiptin í Nesinu að við þau var óbúandi. Talsverð breyting var þegar orðin á búskaparháttum og augljóst að enn meiri breytingar yrðu með vélvæðingu landbúnaðarins. Því var það að þeir Ólafur H. Jónsson, Ásgeir Pálsson, Ísleifur Erlingsson og Maríus Einarsson sendu sýslumanni bréf 26. okt. 1943 með ósk um landskipti. Eigendum Sólheimahjáleigu og Sólheimakots var engin nauðsyn á landskiptum.
Um jarðahlutföll hafði aldrei verið neitt vafamál, þar gilti hið forna mat. Það vissu allir, svo dæmi sé tekið, að hann Ísleifur bjó á $^1/_4$ af Ytri- Sólheimum og hann átti fjórðapartinn af fjörunni. Þess vegna bar honum skylda að gjalda fjórðapart af prestmötu. Ef átta menn fóru í Hvítmögu átti hann að sjálfsögðu að láta tvo. Þannig var það um öll þau réttindi og skyldur sem fylgdu jörðinni, um það var ekki deilt.
Fram til þess tíma, að þessi svonefndu landskipti fóru fram, hafði engum hugkvæmst annað en að eignahlutföll Sólheimajarða væru samkvæmt hinu forna mati.

Skákaskiptin
Við landskipti á jarðartorfu verður að gera þá kröfu að til skipta sé metið allt land sem eftir skiptin verður eign einstakra jarðarparta.
Þegar landskiptamenn koma að Sólheimum vorið 1944 eru aðstæður til skipta erfiðar. Landskiptamenn þurftu í fyrsta lagi að ákveða á hvaða forsendum verkið yrði unnið. Víst má telja að allir hlutaðeigandi hafi vitað að hin raunverulegu eignahlutföll voru samkvæmt hinu forna mati. Þá voru nýlega sett lög nr. 46/1941. Nefndin hefur vafalaust talið það lagaskyldu sína að skrásetja að skiptin færu fram samkvæmt þeim ramma sem hin nýju landskiptalög settu. Þau vísa ekki til hins forna mats. Því hefur ritari nefndarinnar kosið að skrá að verkið væri unnið samkvæmt skattmatinu 1922. Vissulega ber að virða það að embættismenn vinni sín verk samkvæmt lögum og reglugerðum. En það að breyta eignahlutföllum var og er einnig brot á lögum. Hér var úr vöndu að ráða fyrir skiptanefndina.
Skiptanefndin skipti ekki slægjuskákunum í Sólheimanesi samkvæmt skattmatinu 1922 en ritari lætur etv. líta svo út til að “halda andlitinu” gagnvart æðri stjórnvöldum. Sú ákvörðun kom Sólheimabændum á óvart.
Sú staðhæfing í síðari hluta skiptagerðarinnar, að skiptin hafi farið fram samkvæmt fasteignamatinu 1922, á ekki við um þann hluta skiptanna sem lokið var við í fyrri hluta skiptagerðarinnar þ.e. við víxlunina á slægjuskákum í Sólheimanesi.
Hinar raunverulegu forsendur sem skiptanefndin vann eftir, í fyrri hluta skiptanna, fólust í því að sérhver ábúandi hefði jafn stórt slægjuland að loknum skiptum eins og fyrir. Stærð slægjuskákanna var mæld og þess gætt að eftir skiptin hefði hver ábúandi jafn stórt slægjuland og fyrir. Eignahlutföll voru ekki notuð. Þessi leið mátti kallast ásættanleg fyrir ábúendur eða hvað?
Að skiptin hafi farið þannig fram sést í skiptagerðinni:

> Voru áður nefndir Sólheimabændur viðstaddir og sögðu til um mörk milli skáka.
> …Var verið að mæla stærð slægjulandsins þann dag allan,

Þegar mælingum var lokið er eftirfarandi skráð um vinnu nefndarmanna þann 27. júní:

> ...unnu nefndarmenn að því, að reikna út landstærð hverrar jarðar fyrir sig og gjörðu þá fyrstu tillögur sínar um landskifti.

Það er ljóst við lestur þessa texta og raunar allrar skiptagerðarinnar að þær forsendur sem gengið var út frá voru að hver ábúandi hefði jafn stórt slægjuland í Sólheimanesi eftir skiptin sem fyrir. Reiknað var hvað sérhver ábúandi hafði fyrir og honum síðan útmælt jafn mikið slægjuland í samfelldu girðanlegu landi.
Það er einnig ljóst að þetta slægjuland var ekki í hlutfalli skattmatsins frá 1922. Uppruni slægjuskákanna var ævaforn og þær voru því í hlutfalli hins forna mats. Þannig að eftir skiptin höfðu ábúendur slægjuskákir í hlutfalli hins forna mats.
Fleira en eignahlutföll varð til að gera verkið erfitt. Heimaland jarðanna þ.e. tún og Sólheimanes eru á þriðja hundrað hektarar, mestanpart hæðótt graslendi, mjög fjölbreytt, m.a. um landgæði. Þetta land var nytjað af 7 ábúendum og 5 þeirra áttu allt sitt land í smáskákum. Margt kom til álita ef meta átti gæði þessa lands enda virðist því að mestu hafa verið sleppt.
Afmörkun verkefnisins var að víxla slægjuskákum (útslægjum) í Sólheimanesi á milli þeirra ábúenda sem áttu þar allt sitt í smáskákum. Skipting á öðru landi og þar með mæling var ekki gerð. Bráðaþörfina bar mest að meta. Í upphafi skiptagerðarinnar kemur þessi afmörkun verkefnisins fram:

> til þess að framkvæma þar skipti á slægjulandi (útslægjum) Ytri–Sólheimajarða.

Landskiptamenn hafa vafalítið tekið því fegins hendi að afmarka verkefnið eins og kostur var. Þeir eru ekki komnir til þess að skipta öllu heimalandi Sólheimatorfu eftir jarðahlutföllum. Því sleppa þeir landskiptum á sameiginlega beitilandinu á holtunum á milli slægjuskákanna í Sólheimanesi og túngirðingum; þ.e tún og óræktað land innan þeirra.
Land Sólheimakots og Sólheimahjáleigu var því ekki mælt og ekki skipt að því undanskyldu að Sólheimahjáleigan missti Þórarinshaus. Land þessara jarða var samfellt fyrir og girðingarhæft. Um þetta er skiptagerðin berorð:

> Land Sigurðar Högnasonar er óbreitt frá því sem það var og sömuleiðis hjá Sæmundi Jónssyni Sólheimahjáleigu, að öðru leiti en því, að Þórarinshaus að stærð 2100 ferm. er undantekinn eins og að framan greinir.

Þegar afmörkun verkefnisins lá fyrir þurfti að taka ákvörðun um verklag. Verklagið kemur ítrekað fram í skiptagerðinni. Slægjuskákir hvers ábúanda voru mældar. Eins og fyrr segir var gengið út frá þeim forsendum að sérhver ábúandi fengi jafn stórt slægjuland og hann hafði haft fyrir. Ávinningurinn af verkinu; skiptunum, fólst í því að hver ábúandi fékk slægjuskákir sínar í samfellu, svo að hann gæti girt sitt slægjuland. Um mælingar á slægjulandinu segir í skiptagerðinni:

> …Því næst var byrjað að mæla slægjulandið og var hver slægjuskák mæld sérstaklega

Í skiptagerðinni, um Sólheimanes, er hvergi minnst á annað land en slægjur.
Landskiptamenn höfðu engin kort eða loftmyndir til að auðvelda skiptastörfin.
Landmælingatæki voru aðeins stikan, reikniáhöld, blýantur og blað.
Samkvæmt skiptagerðinni luku þeir mælingum á slægjuskákunum á þremur dögum eða dagana 11.-12. maí og 26. júní. Má það kallast rösklega unnið. Raunar gildir það einu nú,

hve vandað var til þessa verks; stærð þessara mældu slægjuskáka var líklega innan við 25% af afgirtu heimalandi Sólheimatorfu fáum árum síðar.
Rétt er að staðnæmast við orðið *útslægjur*. Það vísar til þess að aðeins átti að "*framkvæma þar skipti á slægjulandi*" í Sólheimanesi. Í heimildum frá nítjándu og tuttugustu öld eru allmargar tilvísanir til slægjulandsins í Sólheimanesi. Þar er ýmist talað um *útslægjur, útvalllendi* eða *valllendisslæjur*. Öll orðin skilgreina slægjur torfunnar í Sólheimanesi. Þau fyrri eiga sér hliðstæðu í hinu alþekkta orði *útengjar*.
Ekki var þörf á að mæla það land sem ekki var slegið. Það hafði alltaf verið sameignarland allra jarðanna og því var ekki skipt árið 1944 og hefur raunar aldrei verið skipt.
Í kjölfar skiptanna helguðu Sólheimabændur sér, með girðingum, misstóra bita af hinu sameiginlega beitilandi á holtunum á milli slægjuskákanna. Innlimun þessa óskipta lands fór eftir því hvernig slægjuland þeirra lá að óskipta landinu. Þessar girðingar voru allar komnar um 1950. Það er því fullvíst að ekki var allt graslendi innan girðinga jarðanna mælt.
Í síðari hluta skiptagerðarinnar er fjallað um útsetur ábúenda, en þær voru eins og fyrr greinir landtaka viðkomandi ábúanda á sameignarlandi inn í sína túngirðingu eða við beitarhús í sameignarlandinu. Þriðjudaginn 21. nóv. 1944 mæta tveir skiptamenn:

> ...til að mæla tún-útsetur Sólheima bænda og til að mæla þeim út land til túnauka þeirra, sem enn höfðu hlutfallslega oflitlar útsetur miðað við jarðarstærð.
> ... Sigurður Högnason Sólheimakoti hafði girt úr högum og ræktað að mestu 25800 fer m. Hafði hann tekið mest land í hlutfalli við jarðarstærð, eða sem næst 1700 fer m fyrir hvert jarðarhundrað (hans jörð 15 hnr. Jarðamat 1922)

Skiptanefndin ákvað að skammta ábúendum viðbótarland úr óskiptu þannig að allir fengju jafn marga fermetra úr sameignarlandinu fyrir hvert jarðarhundrað samkvæmt skattmatinu 1922. Samkvæmt forsendum skiptanefndarinnar gáfu þeir allri torfunni tæplega 22 hektara lands í útsetur. Þannig reiknað: 1700 ferm.*129 hundr = 22 hektarar. Útsetunum virðist því hafa verið útdeilt samkvæmt skattmatinu 1922.
En 22 hektarar eru aðeins 11% af heimalandi Sólheimatorfu. Er hægt að segja að 210 hekturum sé skipt samkvæmt skattmatinu 1922 þegar aðeins 22 hekturum var þannig skipt?
Raunar er hægt að halda því fram að allt sé satt og rétt sem í skiptagerðinni stendur. Skiptagerðin er í tveimur hlutum og báðir hlutarnir undirritaðir. Í fyrri hlutanum er að vísu minnst á skattmatið 1922, en því er ekki haldið þar fram að skiptin í Sólheimanesi séu gerð samkvæmt skattmatinu.
Síðasta setning síðari hluta skiptagerðarinnar er:

> Við landskifti þessi var skift eftir jarðamatinu frá 1922.

Var ætlun skrifarans að þessi setning væri skilin á þann hátt að aðeins þessi síðari hluti skiptanna; skiptin á útslægjunum, væri samkvæmt skattmatinu 1922? Vel má vera að svo hafi verið. Hitt er raunin að þessi setning hefur verið skilin á þann veg að hún eigi við alla skiptagerðina.

Hér skal enn ítrekað að margt var umhendis við þessi skipti og skiptanefndin var ekki öfundsverð af sínu hlutverki. Það breytir því ekki að margt var órökrétt og ranglátt í framkvæmd þeirra. Hér skal tvennt tínt til:
Í skiptagerðinni er tvisvar tiltekið að land sé virt niður vegna rýrra landkosta. Þetta land hefði tíu árum síðar verið metið dýrast vegna þess hve vel það er véltækt. Svo litlir spámenn voru landskiptamenn. Þetta sýnir hversu erfitt er að áætla um framtíðina.
Í annan stað; þegar nýjar útsetur voru skammtaðar. Hvernig var hægt að loka augunum fyrir því sameignarlandi sem var þegar innan girðinga jarðanna? Sáu menn ekki að réttlætismál var að þetta land væri mælt? Mundi þá enginn eftir Torfmýri innan girðinga hjá Sæmundi, svo dæmi sé tekið?
Sú skiptagerð sem lifað hefur best, á vörum fólks, er eftirfarandi vísa:

> Ísleifur fær alla Botna.
> Yfir þeim ei lengur drottna
> þorpararnir, þessi og hinn.
> Ólafur á austurköntum.
> Ásgeir þarna suðrá tröntum.
> Óskars magt og Einar minn.[4]

Einnig í henni kemur fram að jarðir Sæmundar og Sigurðar voru ekki í skiptunum. Þorpararnir voru væntanlega ábúendur “heima á stétt”; í bæjaþorpinu.
Þann 3. desember 2004 var kveðinn upp héraðsdómur um að þessi landskipti væru lögformleg. Í dómnum er tekið fram að ekki sé tekin afstaða til eignahlutfalla jarða Sólheimatorfunnar enda var ekki gerð dómkrafa þar um.
Slægjuskákar í heimatúnum Sólheimajarða voru úrskiptar frá fornu. Innan heimatúnsgirðinga er eigi að síður óskipt sameignarbeitiland. Munar þar mest um óskipt land innan girðinga Sólheimahjáleigu. Ekki er ósennilegt að þetta óskipta land sé um 20 ha.
Slægjuskákirnar sem víxlað var á milli jarða, árið 1944 voru um 50 ha. af graslendi torfunnar. Óskipt sameignarbeitiland í Nesi er um 60 ha. Er þá óskipt sameignarbeitiland innan girðinga einstakara jarða alls um 80 ha. Afgirt graslendi, um 1950, sem telst eignarland einstakra jarða, er hins vegar um 200 ha.
Jafnvel þótt aðeins sé tekin afstaða til eignarlands í Hölum er niðurstaða dómstólsins óásættanleg. Hölur eru um 16 ha., hinar úrskiptu slægjuskákir þar, sem til skipta voru árið 1944, voru rúmlega 3 ha. Hinn hlutinn af Hölum er enn þann dag í dag óskipt sameignarbeitiland allra Sólheimajarða.
Það er kostulegt að slík landskipti skuli dæmast lögformleg.
Í eftirfarandi næstu töflu eru helstu landstærðir Sólheimajarða. Þar er nánar sýnt fram á að land það sem jarðirnar hlutu við landskiptin 1944 er ekki í hlutfalli við fasteignaskattmatið 1922.
Taflan byggir á uppgefnum landstærðum á túnakortum frá 1987. Áætlaðar stærðir slægjuskáka, árið 1944, eru gerðar í samráði við Erling Ísleifsson. Við þessa vinnu voru gerðar töflur fyrir hverja jörð fyrir sig. Þær töflur eru ekki hér.

[4] Ýmist talin eftir Ásgeir Pálsson í Framnesi, einn landeigenda eða Stefán Hannesson kennara í Litla-Hvammi, einn landskiptamanna.



Ábúandi 1944	Jörð 1944	Merking á túnakorti 1987	graslendi innan giðinga og útseta	graslendi í Nesi eftir skipti	útslægjur í Nesi til skipta1944	sameignar beitiland í Nesi 1944	reiknaðar útsetur, forsendur skipta-nefndar	þekktar útsetur og skiptagerð	jarðar-hundruð skattmat 1922
Sæmundur Jónsson	Sólheimahjáleiga	Sólheimahjáleiga	42,1	?		?	3,4	1,7	20
Sigurður Högnason	Sólheimakot	Ytri-Sólheimar 1	22,1	15,2		?	2,6	2,6	15
Einar Einarsson	Ytri-Sólheimar II								20
Óskar Hallgrímsson	Ytri-Sólheimar VI	Ytri-Sólheimar 2	50,3	36,5	20,1	16,4	6,0	3,4	15
Ísleifur Erlingsson	Ytri-Sólheimar IV	Ytri-Sólheimar 3	42,1	27,7	18,1	9,6	5,1	4,4	30
	Ytri-Sólheimar III								9
Ásgeir Pálsson	Ytri-Sólheimar V, hluti	Framnes	46,6	42,6	10,7	31,9	4,1	4	15
Ólafur H. Jónsson	Ytri-Sólheimar V, hluti "fjögur hundruð forn"	ekki þar	5	3,5	2,6	0,9	0,9	1,6	5
		Samtals	208,2	110,3	51,5	58,8	21,9	17,7	129
		Samtals, um það bil	210	110	50	60	20		

Eftirfarandi tafla sýnir að land það sem jarðirnar hlutu við skiptin er ekki í hlutfalli við fasteignaskattmatið 1922.

Samanburður, túnakort 1987, landskipti 1944 og mat 1922					
	mat 1922			hektarar graslendi	prósent graslendi
Sólheimahjáleiga	20		15,5%	42,1	20,2%
Ytri-Sólheimar 1	15		11,6%	22,1	10,6%
Ytri-Sólheimar 2 og 4	35	20+15	27,1%	50,3	24,2%
Ytri-Sólheimar 3	30		23,3%	42,1	20,2%
Framnes	24	9+20-5	18,6%	46,6	22,4%
Ytri-Sólheimar 3a	5		3,9%	5	2,4%
Samtals	129		100,0%	208,2	100,0%

Hér er vakin athygli á eftirfarandi:

- Ekki voru allir landskiptamenn viðstaddir lokadag skiptanna.
- Undirskriftir landskiptamanna og landeigenda vantar undir skiptagerðina.

- Landskiptagerðin ber með sér að aðeins hluti þess lands sem jarðirnar fengu við skiptin var mælt til skipta.
- Vitni geta borið að aðeins hluti lands innan girðinga gekk til skipta.
- Aðeins í örfáum tilvikum eru landstærðir tilgreindar.
- Afmörkun landsins í skiptagerðinni er óljós.
- Sumar jarðirnar fara mjög halloka um hlutdeild af graslendi.
- Land það sem jarðirnar fengu við skiptin er ójafnt að gæðum.

Sólheimafjara
Frá fornu fari hefur Sólheimafjara verið sameign torfunnar. Fram að síðari heimsstyrjöld var hún nytjuð á þann hátt að jarðirnar fengu stórreka skiptan í hlutfalli hins forna mats. Smærri höpp hirti sá sem á fjöru fór, en fjaran var og er hirt í hlutfalli hins forna mats. Það er gert á þann veg að eigandi hverrar jarðar telst eiga allan reka sem á fjöruna kemur á ákveðnum vikudögum. Þannig hefur, í sextíu ár eða meir, sá sem fjörudag á hirt allan reka, hvort heldur það er smáreki; innan við þriggja álna tré, eða stórhöpp.
Í yfirjarðamatsgögnunum frá 1850 er tiltekið að Sólheimahjáleiga eigi 7/100 í Sólheimafjöru. Jörðin á fjörudag annan hvern sunnudag sem er sama hlutfall.
Í jarðamatsgögnunum frá 1918 fyrir skattmatið 1922 er tekið fram að eignarhlutir Sólheimajarða í fjörunni séu: "*hlutfallslegt eftir fornu mati* jarðanna" .... "*sameiginleg öllum jörðunum í réttri tiltölu við jarðarstærð* "og "*í hlutfalli við jarðarstærð*".

Ytri-Sólheimar II :



Ytri-Sólheimar IV :



Ytri-Sólheimar VI :



Skráning fjörunnar, árið 1918, sýnir að matsmönnum hins nýja skattmats var fullljóst að eignahlutföll í óskiptri sameign Sólheimatorfu voru samkvæmt hinu forna mati.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu Sólheimafjöru. Hlutfall jarðanna í vikudögum. Austurjarðirnar þrjár sem eru stjörnumerktar eiga helming fjörudaga eða 3,5 daga á viku. Enda eru þær 50 hndr. að f.m. eða hálf Sólheimatorfa.

Jörð	Sunnud.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.
Ytri-Sólheimar 1				1			
Ytri-Sólheimar 2						1	
Ytri-Sólheimar 3 *	1/4		1/2		1/2		1/2
Ytri-Sólheimar 4 *	1/8		1/4		1/4		1/4
Sólheimatunga *	1/8		1/4		1/4		1/4
Framnes		2/3					
Ytri-Sólheimar 3a		1/3					
Sólheimahjáleiga	1/2						
Samtals	1	1	1	1	1	1	1
3,5 =	0,5		1		1		1

Prestmata
Prestmatan var gjald til kirkjunnar af bændakirkjujörðum. Einnig prestmatan var í hlutfalli hins forna mats.
Í dómi 6. ágúst 1901 vegna kirkjuskuldar eru eignahlutföll á milli heimajarðar og hjáleigu ákvörðuð samkvæmt fornu mati.
Afsöl fyrir prestmötunni fengu eigendur jarðanna á fimmta tug síðustu aldar. Þau afsöl eru í hlutfalli hins forna mats.

Núverandi Sólheimajarðir að fornu mati
Sólheimatorfa er 100 hndr. að fornu mati. Samhljóða heimildir eru um eignahlutföll flestra Sólheimajarða að fornu mati.
Sólheimahjáleiga er samkvæmt heimildum frá nítjándu- og tuttugustu öld 7 hndr. og 40 ál. Í yfirmatsgögnum skattmatsins 1861 er kveðið á um þessa hlutdeild jarðarinnar.


217 Sólheimahjáleiga
Jörðin hefur aldrei talin 7-40 af eður minnst 7/100 úr alls
Ytri-Sólheima eignarinnar; hefur mest jafnaðarlega fylgt henni
til beitar í högum og afréttir allrar kúa ekki að færa meir
en 3 kýr og 100 fjár; kún á einnig 7/100 úr fjöruni;
Afgjald af haga og slægjum sjá N:218.

Austurjarðirnar eru samtals 50 hndr. Það er jörð Tómasar Ísleifssonar 25 hndr., jörð Óskars Sigurðar 12 hndr. og 60 ál., jörðin Sólheimatunga án "fjögurra hundraða fornra", úr vesturjörð Sólheima, er einnig 12 hndr. og 60 ál.
Vesturjörð Sólheima skiptist þannig:
Sólheimakot er 12 hndr.
Ytri-Sólheimar 3a er hluti úr Sólheimatungu og er "fjögur hundruð forn" að dýrleika.
Miklar og samhljóða heimildir eru fyrir dýrleika allra þessara Sólheimajarða að fornu mati.
Þá eru eftir vesturjarðirnar; Ytri-Sólheimar 2 og Framnes. Stærð beggja jarðanna er dálítið á reiki, þótt ekki skakki miklu. Í afsölum frá tuttugustu öld eru báðar jarðirnar skráðar of litlar, þannig að dýrleiki allra jarða Sólheimatorfu nær ekki 100 hundruðum.
Hægt er að rekja allar Sólheimajarðir til uppboðs Sólheimatorfu 20. okt. 1869.
Kirkjuhlutinn var þá ekki seldur svo tvöfalda þarf allan dýrleika. Þar er ábýli Eyjólfs Eyjólfssonar 18 hndr. og 93 ál. Það ábýli er nú Ytri-Sólheimar 2. Ábýli Guðrúnar Eyjólfsdóttur er við uppboðið 11 hndr. og 77 ál. Ábýlið klofnaði síðar í þá jörð sem nú er Framnes og "fjögur hundruð forn". Framneshlutinn er því 7 hndr. og 77 ál.
Við uppboðið er Sólheimahjáleigu oftaldar 30 álnir. Þessar 30 álnir geta aðeins fallið til jarðanna Framnes og Ytri-Sólheimar 2. Ef þessum álnum er skipt jafnt á milli þessara tveggja jarða verður Framnes 7 hndr. og 92 ál. eða 7,77 hndr. að f.m. Ytri-Sólheimar 2 verða 18 hndr. og 108 ál eða 18,9 hndr. að f.m. Þannig mundi Sólheimatorfa skiptast sem 100 hundruð að fornu mati milli jarðanna. Nær réttum eignahlutföllum verður ekki komist.
Vert er að athuga að þessar 30 álnir sem áhöld eru um hvernig skipta eigi milli tveggja jarða eru aðeins 0,25% af Sólheimatorfu.
Sólheimatorfa deilist með þessu móti á eftirfarandi veg:

jörð (núverandi númer)	hundruð	álnir		hundruð
Sólheimahjáleiga	7	40		7,33
Ytri-Sólheimar 1	12			12,00
Ytri-Sólheimar 2	18	108		18,90
Ytri-Sólheimar 3	25			25,00
Ytri-Sólheimar 4	12	60		12,50
Sólheimatunga, án 4 hndr.	12	60		12,50
Ytri-Sólheimar 3a.	4			4,00
Framnes	7	92		7,77
	97	360		
Sólheimatorfa	100			100,00

Ytri-Sólheimum 31. ág. 2006

Sigrún Ragnh. Ragnarsdóttir
Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir

Tómas Ísleifsson
Tómas Ísleifsson

Heimaland Sólheimatorfu, mörk dregin af stefnanda, númer samkv. fasteignamati 1922.



Nr. 4-90 Lagt fram í héraðsdómi Suðurl. 15/11 2006

Heimildir um eignahlutföll á Sólheimatorfu

Tekið saman í maí 2006

Tómas Ísleifsson

Heimildaskrá:

1. Úrdráttur úr Gíslamáldögum;
2. Tölvupóstur til stefnanda um Gíslamáldaga;
3. Úrdráttur úr jarðabók í Skaftafellsþingi 1697;
4. Úrdráttur úr jarðabók Skúla Magnússonar 1760;
5. Tölvupóstur til stefnanda um dýrleika Sólheimatorfu;
6. Upplýsingar úr Alþingisbókum Íslands, afsalsbréf fyrir Sólheimahjáleigu 1784;
7. Úrdráttur úr Taxations Protocol fyrir V-Skaftafellssýslu 1805;
8. Skrif Óbyggðanefndar um Ytri-Sólheima, úrdráttur;
9. Úrdráttur úr bókinni Afi og amma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;
10. Úrdráttur um Sólheima úr bókinni Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar,
11. Afsal Sveins Alexanderssonar fyrir 25 hundr. úr Sólheimum 4. júní 1841;
12. Jarðatal Johnsens 1847, bls. IV-VI og bls. 19;
13. Úrdráttur, Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1847;
14. Lovsamling for Island, Tilskipun um jarðamat 27. maí 1848;
15. Lovsamling for Island, Reglugerð um jarðamat 1. sept. 1848;
16. Gjörðabók jarðamatsmanna í Skaftafellssýslu 1849, úrdráttur;
17. Úrskurðarbók v/jarðamats í Skaftafellssýslum 1850, bls. 25-26;
18. Veðsetning Berents Sveinssonar 6. júní 1852;
19. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1854-1863, úrdráttur;
20. Úrdráttur, Ný jarðabók fyrir Ísland 1861;
21. Uppboðsgerð að Sólheimum 20. október 1869, úrdráttur;
22. Yfirlýsing vegna Sólheimahjáleigu frá 1870;
23. Sókn 4. sept. 1871 í landsyfirréttarmáli vegna uppboðs á Ytri-Sólheimum;
24. Landsyfirréttarstefna 22. maí 1871 í uppboðsmáli v/Sólheima;
25. Landsyfirréttardómur þ. 27. nóv. 1871;
26. Úrdráttur úr bókinni Pabbi og mamma eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli;
27. Erfðafjárskýrsla 2. jan. 1885, m.a. v/Sólheimahjáleigu;
28. Jarðarúttekt v/dómsmáls 4. jan. 1889, "Margrétarhundruð";
29. Landsyfirréttardómur þ. 4. ágúst 1893, "Margrétarhundruð";
30. Samningur vegna Dyrhóla- og Sólheimakirkju 20. maí 1898;

31. Gjafabréf 17. okt. 1900 fyrir 12 hndr. að f. m. í Ytri-Sólheimum (Sólheimakot);
32. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 7. apríl 1900, 21 ½ H að f.m.;
33. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 8. apríl 1901, 3 H og 59 1/5 al að f.m.;
34. Úttekt 18. apríl 1901 á tveimur hlutum Ytri-Sólheima, samtals 25 H að f.m.;
35. Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu 6. ágúst 1901, vegna kirkjuskuldar;
36. Dómur í aukarétti Skaftafellssýslu v/Sólheimahjáleigu 20. nóv. 1901;
37. Þinglesin yfirlýsing um eignir Jóns Eyjólfssonar dags. 7. jan. 1902;
38. Afsal til Guðmundar Þorbjarnarsonar þ. 2. okt. 1904, 4 H að f.m.;
39. Kaupsamningur 30. jan. 1905, 25 H að f.m., kaupandi Erlingur Brynjólfsson;
40. Jarðaúttektir að Ytri-Sólheimum 26. júní 1904, 9. apríl 1906 og 27. maí 1907;
41. Veðsetning Sólheimahjáleigu 18. jan. 1908, Þorvaldur Björnsson;
42. Veðdeildarlán 4. nóv. 1909 með veði m.a. í 29 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum;
43. Veðlán 5. des. 1911 með veði í 25 hndr. f.m. í Ytri Sólheimum, Erlingur Brynj;
44. Kaupsamningur Guðmundar Þorbjarnars. og Ólafs H. Jónssonar, 24. nóv. 1914;
45. Afsal Þorvaldar Björnssonar fyrir Sólheimahjáleigu 15. júlí 1915;
46. Lög nr. 22/1915 um fasteignamat;
47. Reglugjörð nr. 7/1916 um fasteignamat;
48. Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Vestur–Skaftafellssýslu frá maí 1918, úrdráttur v/Sólheimahjáleigu, Ytri-Sólheima I (Sólheimakot), Ytri-Sólheima II, Ytri-Sólheima III, Ytri-Sólheima IV, Ytri-Sólheima V, Ytri-Sólheima VI ásamt fasteignaskrá;
49. Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu v/fasteignamats 12. apríl 1919, úrdráttur;
50. Úrdráttur úr fasteignabók 1922;
51. Úttekt 22. júní 1924 á 1/8 hluta Ytri-Sólheima, ábýli Stefaníu Sigurðardóttur;
52. Kaupsamningur 29. júní 1924, Ytri-Sólheimar III, 7,5 H að f.m., Ásgeir Pálsson;
53. Veðsetning 29. júlí 1924, Ytri-Sólheimar III sem 7,5 H að f.m, Ásgeir Pálsson;
54. Skýrsla hreppsstjóra 1. okt 1929;
55. Eignarheimild Ísleifs Erlingssonar 13. apríl 1930;
56. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu ca. 1840 til 1930, úrdráttur (Sólheimahjáleiga og Sólheimar Ytri);
57. Gjörðabók, fasteignamat 1930, úrdráttur (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II til VI):
58. Úrdráttur úr fasteignabók 1932

59. Gjörðabók, fasteignamat 1940 (Framnes, Sólheimahjáleiga, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II, Ytri-Sólheimar III, Ytri-Sólheimar IV);
60. Úrdráttur, þingskjal 145, greinargerð og umræður v/setningar laga nr. 46/1941;
61. Úrdráttur úr fasteignabók 1942;
62. Afsal Steinunnar Eyjólfsdóttur þ. 10. maí 1943, Ytri-Sólheimar 18 H að f. m.;
63. Afsal Ólafs H, Jónssonar þ. 23. okt. 1943 fyrir 12 ½ H f.m. úr Ytri-Sólheimum;
64. Afsöl kirkjumálaráðuneytisins 20. október 1942, 20. desember 1943 og 16. janúar 1945 fyrir prestmötukvöðum til eigenda Sólheimahjáleigu og Ytri-Sólheima (sjö afsöl, öll jarðatorfan, þar með núverandi Framnes og Sólheimatunga);
65. Landskipti Sólheima 1944;
66. Afsal Ólafs H. Jónssonar þ. 17. júlí 1955 fyrir jörðinni Ytri-Sólheimum V, skilgreind sem 25 hundruð samkvæmt fasteignamati 1932;
67. Úrdráttur úr fasteignabók 1956-57;
68. Afsal þ. 17. maí 1960; 12 ½ H f.m., (nú jörð Óskars Sigurðar Þorsteinssonar);
69. Svar biskups 23. nóvember 1960 við fyrirspurn um , mat og sölu prestmötu að Ytri-Sólheimum;
70. Erfðafjárskýrsla 26. júní 1961, dánarbú Ólafs H. Jónssonar;
71. Fundargerð framhaldslandskiptafundar í Sólheimajarðaskiptum 29. janúar 1965;
72. Jörðin Ytri-Sólheimar VII frumskráð sem 4 hundruð forn í fasteignabók Vestur-Skaftafellssýslu, þ. 20. október 1965;
73. Afsal þ. 12. mars 1966, Ytri-Sólheimar V, 25 H samkv. fasteignamati 1932;
74. Gjörðabók, fasteignamat 1966, Ytri-Sólheimajarðir;
75. Endurmat v/ Sólheimatungu 19.1.1969;
76. Bréf matsmanna Dyrhólahrepps 19.1.1969;
77. Afsal 17. jan. 1970, Ytri-Sólheimar II, 18,5 H að f.m.;
78. Úrdráttur úr fasteignabók 1970, Ytri-Sólheimajarðir;
79. Kæra þ. 18. nóvember 1970, vegna þess að 4 hundruð forn í Ytri-Sólheimatorfu séu óskráð;
80. Úrskurður fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, 18. desember 1970, jörðin Ytri-Sólheimar 3a frumskráð, sem 4 hundruð forn;
81. Afsal fyrir jörðinni Ytri-Sólheimar 3 (áður IV), hinn 27. júlí 1984;
82. Uppdráttur Sólheimajarða, frá Landkostum hf. október 1987;
83. Kaupsamningur þ. 19. júlí 1997, Ytri-Sólheimar V, 20 H samkv. fasteignam 1922;
84. Umsögn Gísla Gunnarssonar um forn hundruð á vísindavef HÍ;

Hun ä alla reka hälfa ä Høfda.

Hun ä[1]) Hafnarnessfiøru.[2]) Halfa huali ä Efre Eyiarfiøru. tuijtuga og leingre.

Stadurinn ä tuijtuga huale og leingre ä Bulandsfiøru vestan aff. hälffan allan reka ä Dunskoga fiøru. hälffan reka vid ytre Aasa.

CCCXLI.

Kirkian ad Solheimum ä heimaland hälfft med øllum gøgnum og giædum.

Jtem i frijdu .xij. kyr og .v. äsaudar kugillde og .ij. ær betur. iiijc i køplum. fimm naut veturgømul. ij tuævetur.

Jtem innan kirkiu .ij. messuklædi gømul alfær. eirn sloppur. ij kaleikar. iiij kluckur og .j. bialla. iij koparpijpur. eirn kross yfer alltare.

Jtem eirn psaltare og nockrar skrædubækur.

Jtem gallt Petur bonde i portio messuklædi ä .iijc. grallara ä hundrad. tialde(!) .x. aura.

Jtem ä kirkian skrudastock. alltarisbuningur mäladur med saumadre brun.

Jtem gamall vatskall. ampli og glodarker gamalltt.

Jtem garduren tijutiger hundrud.

fastagotz hundrad hundrada og .vjc.[3]) betur.

Þessi minnisgrein er í AM. 261, fol., bl. 75 a næst á eftir kirknatalinu; máldagabók Gísla byskups Jónssonar m. h. Hákonar Ormssonar skr. 1642.

Lbs. 108, 4to., bls. 488—9 (skjalabók frá síra Jóni Halldórssyni í Hítardal).

Þaa Skaalholltskirkia brann ä døgum Byskups Øgmundar brann þar jnne Maldagabok su sem Michel Byskup haffde giordt. Þesse Michel[4]) var Danskur. Hann vard Byskup Anno 1385. rijkte 3 aar for afftur til Danmerkur.

1) [Eftir 104. 2) Hafranessfiøru, utanmáls m. h. Páls stúdents eftir Steingrími byskupi. 3) vij, Páll stúdent, utanmáls eftir Steingrími byskupi. 4) biskup, þ. v. 108.

Skaalholltskirkia heffur tuisvar brunned. fyrst ä døgum Aarna Byskups Helgasonar Anno 1309. J annad sinn ä døgum Byskupz Øgmundar.

Datum ä Vilchins Maaldagabok 1397.

Datum annarar Mäldagabokar i Skalhollte þar Hollts mäldage er i 1326. Hun er 71 aare elldre enn Vilchinsbok.[1])

Domsbreffed þess Datum 1343. Þad er 54 aarum elldra enn Vilchinsbook.[2])

Kristfiär Jarder i Skälhollts Stigte.

CCCXLII.

Kristbued ad Kieldunupe ä selsetur i Seltungur. en hälffan mänud i Hørksdals land.

CCCXLIII.

Kristfiär Jørdin ä Breidabolstad fylger Geirlandsheidur. med merkium, tiutiger og .ccc. fiøru medal Thyckvabæinga fiøru og Hørksdæla. Skogarteigar fimm i Sulufelle. og .iijc. i Fliotsdalnum vestra.

Thadan er afriett i Lambatungur og ä millum ää.

Fiskveidur i Hørksä upp til Merkigards og vt i os fyrer Breidabolstad.

CCCXLIV.

Kristbued ad Fossvøllum ä iiij mälnytu kugillde.

er Jørden .xijc. Landskylld .jc. Sä gudstakamadur sem hreppstiorar af sveitenne(!).

CCCXLV.

Kristfiär Jørdin ad Arneidarstodum ä ij kugillde Hross kapall med .x. skiolna keralld og pottur .jc.

Jtem fiøgra vetra gamallt naut fyrer .jc.

Jtem fimm sauder gelder .jc.

Jtem klucka og bialla.

1) Ergo er hun giord af Jone Halldorssyne biskupe, b. v. 108. 2) Ergo er þad giort sama är og Jon biskup Sigurdsson kom til stols sins b. v. 108.

Byggðanefnd
Málsnr. OBN C3G1 CCCI
Db. 1-32
Mótt.
Tilv. Skj.nr. 6/2003 4(10)
Hdskj. 4
00003 61

Tölvupóstur Gunnars F. Gunnarssonar sagnfræðings til Tómasar Ísleifssonar þ. 30.10.2003.

Í framhaldi af samtali okkar í fyrradag um það hvernig bæri að skilja muninn á "garði" og "fastagóssi" í máldaga Sólheimakirkju frá um 1570 (Íslenskt fornbréfasafn. 15. b., s. 706) vil ég bæta þessu við:
Þegar jörð var metin til dýrleika hefur trúlega fyrst og fremst verið athugað hversu mikið jörðin gaf af sér í fóðurgæfu heyi og hlunnindum. Það er því öldungis óvíst hvort "óarðbær" eign eins og byggingar hafi verið taldar fram sem verðmæti við jarðamat. Í tillögum um nýtt jarðamat frá um 1700 er gert ráð fyrir því að á sérhverri tíundarskyldri jörð sé tiltekinn húsakostur sem nokkurs konar fast fylgifé (sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. b., s. 13-44). Þó kemur fyrir í máldögum að byggingar séu metnar sérstaklega og er ekki ólíklegt að það hafi verið gert að ósk biskups sem hafði eftirlit með því að eignum kirkna, jafnt í föstu sem lausu, væri haldið við. Ekki verður séð að þetta hafi verið í neinum tengslum við sjálft jarðamatið sem átti að upplýsa um skattstofn jarða og ef til vill einnig söluverðmæti. Í máldaga Hrunakirkju frá sama tíma og fyrrnefndur máldagi Sólheimakirkju eru byggingar á jörðinni taldar upp og metnar í hundruðum, og eru sameiginleg verðmæti þeirra um 50 hundruð. Í lok máldagans segir að "fastaeign" sé tíutíu (þ.e. 100) hundruð. Í einu handriti máldagans er því haldið fram að fastaeignin sé 60 hundruð (Íslenskt fornbréfasafn. 15. b., s. 651). Ekki er loku fyrir það skotið að lægri talan eigi að tákna dýrleika jarðarinnar (eða "garðsins") líkt og raunin er um máldaga Sólheimakirkju. Þegar þessar tvær tölur, hugsanlegur dýrleiki jarðarinnar (60 hundruð) og verðmæti byggginganna (um 50 hundruð), eru lagðar saman lætur nærri að niðurstaðan verði hin sama og verðgildi "fastaeignarinnar" eins og það er tilgreint í meginhandriti máldagans. Þrátt fyrir framangreinda óvissu má segja að þessi stutta athugun styðji þá tilgátu þína að í fastagóssi Sólheima séu reiknaðar með byggingar á jörðinni.

Anno 1697.

Jarda-bok i Skaptafells þingi,

hvar i er nidurreiknadur og uppsettur Jardanna Dyrleiki, epter Landskulldarhæd, svo sem Kongl. Majestatis G. Stridshialpar bref fyrersetur Anno 1679 þañ 21. Maij. Eñ þann gamla halldna dyrleika er hier og ad sia til vinstre Handar a Spatziuñe.

Päll Amundason	Kyrkiubæar Klaustur	Landskuld	Kugillde
Elldri helldur þad med underliggiande Jordum fyrer Veiting hr. Landfogetans Johans Peturssonar Klein sijdan Anno 1681	Virdt . . . . XX rth		
	Landskulld - " - " - " - " -	72 al.	
	Kugillde - " - " - " - " -	" - " - " -	16 og 4. ær.
	Eñ Inventarium frijdt og ofridt, sijst af uttekta Reikningum Syslumañsins Biarna Eirekssonar, hver hia Klaustur-haldaranum Pale Amundasyni Elldra liggur med Syslumañsins underskrifudu nafne.		

Bænda Eign

Halldin XXIV rt Gudrun Niculasdottir à 9 rt er heimanfylgiu Jord, afgreidd af Niculase Formodssyne Ao 1677. Gudfinna Magnusdotter à VI rt ad erfd, Katrin Magnusdotter à VI rt ad erfd. Item 3 rt til erfda fallin Erfingium Jons Salz Einarssonar, Arna, Kort og Margretu 1675.

Solheimar eystri reiknast XL rt

Landskulld	2 rt	
Kugillde		5

Bænda Eign

Halldin 100 rt Pall Amundason yngre à V rt Keipt af Sra Einare Magnussyne Ao 1684. Item à hann 10 rt Keipt af Sigurde Hakonarsyni 1684. Fesse XV rt Seger Pall sier og sinum brodur Sra Hogna Amundasyni tilheyre. Hier ad auke Peim gefed i sonu Jordu af Vigfuse Sigurdssyne 19 rt og 15. al. 1685. fyrer utan Petta à Pall Amundason yngri 8 rt 40. al. Keipt af Jone Eiolfssyni 1687. Isleifur Einarsson a 8 rt 15 al. VI rt Keipt af Sigurde Hakonarsyni 1684. En 2 rt 15 al. gaf honum Einar Forsteinsson 1686. Item à Sra Hogne Amundason IV rt Keipt af Erfingium Salz Sra Sigurdar Jonssonar

Solheimar ytri reiknast LLviij rt 40 al.

Kugillde	5 rt 50 al.	
Kirkiu Kugillde		14½

Gudmundur Magnusson à xv rt. Jon Fabiansson à 12½ rt. keipt af Sra Katle Halldorssyne og hans brædrum Anno 1694. Magnus Kortsson à vij rt. keipt af Magnuse Forsteinssyne Anno 1660.

Bænda Eign

Halldin xxiv rt. Forleifur Einarsson à x rt. erft epter sinn fødur Einar Forsteinsson 1691. Sigurdur Einarsson à x rt. falid af Einare Forsteinssyne til giftingar Ao 1677. en fiell til erfda 1691. iv rt. eiga born Sal. Jons Einarssonar, Arne Kort, og Margret, fieck Peinn til eignar Einar Forsteinsson Anno 1687. þan. 3. Maii

Hollt reiknast xl rt.
Landskulld — 2 rt.
Kugilldi — " — " — 0

Bonda eign

Halldin xij rt. à Helga Forläksdotter

Kielldudalur reiknast xvi rt. og 80 al.
Landskulld — 100 al.
Kugilldi — " — " — 4.

Bond Eign

Halldin 84 rt. Magnus Sigurdsson og Elen Hakonardotter eiga

Dyrholar reiknast 1 rt rt 22 rt 10 pal.

Anno 1697

Jarðabok í Skaptafellsþingi,

hvar i er niðurreiknaður og uppsettur Jarðanna Dyrleiki, eptir Landskulldarhæð, svo sem Kongl Majestatis C5. Striðshjalpar bref fyrirsetur

Anno 1679 21. Maij. En þann

gamla halldna dyrleika er hier og að sia

til vinstre handar a Spatziúne.

		Landskuld	Kúgilde
Bændaeign Halldin 100 H Páll Ámundason yngre á V H keypt af sera Einare Magnússyne A° 1684. Item á han 10 H keypt af Sigurðe Hakonarsyni 1684. Þessi XV H segir Páll sér og sínum bróður sera Högna Ámundasyni tilheiri. hérr að auki þeim gefið í sömu jörðu af Vigfúse Sigurðsyne 19 H og 15 al. 1685 fyrir útan þetta á Páll Amundason yngri 8 H 40 al. als keypt af jone Eiolfssyni 1687. Isleifur Einarsson a 8 H 15 al. VI H keipt af Siguðe Hakonarssyni 1684. en 2 H 15 al. gaf hónum Einar Þorsteinsson 1686. Item á sera Högne Amundason IV H keipt af erfingjum sal sera Sigurðar Jonssonar. Guðmundur Magnússon á XV H. Jon Fabiansson á 12 ½ H keipt af sera Katle Halldorssyne og hans bræðrum Anno 1694. Magnús Kortsson á VIJ H keipt af Magnúse Þorsteinssyne Anno 1660.	Solheimar ytri reiknast LLVIII H 40 al Kúgilldi Kirkju kúgilldi	 5 H 50 al ---- ----	 14 1/2

Samantekt samkvæmt jarðabókinni:

Páll Ámundason:	15 + 19 15/120 +8 40/120 =	42	55/120
Ísleifur Einarsson		8	15/120
Högni Sigurðsson		4	
Guðmundur Magnússon		15	
Jón Fabiansson		12	60/120
Magnús Kortsson		7	
	Alls	88	130/120 = 89 H og 10 ál.

Skaytefell Syssels Westere Parts

		Land	Tyld	Qvi
		d#	al	
	Transport	6		16
	Aar 1696 Dyrhed 22# Land Rd 2# 46 al Qvild 7			
	1759 — 1# 20 al — 7	1	20	7
	Dyrholi			
	Ling-Sogn			
	V Tille pag 135.			
5	Solheimar Ytre — Dyrhed 1# 20 al	5	50	14½
	Aar 1696 Dyrhed 100# Land Rd 5# 50 al Qv. 14½			
	1759 — 4-47 — 13½			
1	Solheime Hialeyn			
	VI Tille pag 137.			
3	Solheimar Østere Dyrhed — 24#	2		5
	Aar 1696 Samme Afgift			
	1759 dito			
	VII Tille pag. 137.			
1	Holt — Dyrhed 24#	2		
	Aar 1696 } Samme Afgift			
	1759 }			
	Lateris	16	70	22½

Rentekammer
K-1
Jakobi 1760.
Skaftet efrit 6/10 Islands
Jon Torf

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Date: 01/16/2004 08:22
From: gunnar.fridrik.gudmundsson@obyggd.stjr.is
Subject: Jarðamat
To: solheimar@simnet.is

Tómas Ísleifsson

Skýringin á því hvers vegna gefinn er upp þrenns konar dýrleiki á Sólheimum ytri (þ.e. 122 hndr., 120 hndr. og 100 hndr.) er trúlega þessi:

Tölurnar 122 og 120 munu eiga rætur að rekja til jarðabókarinnar 1686 þegar dýrleikinn var reiknaður sem tvítugföld landskuld. Þar er landskuldin sögð vera 6 hndr. og 15 álnir og dýrleikinn því rúmlega 122 hndr. En jafnframt virðist gert ráð fyrir að landskuldin geti verið 6 hndr. og dýrleikinn því 120 hndr.

Hið forna mat, sem m.a. kemur fram í jarðabókinni 1695, var hins vegar 100 hndr. með hjáleigunni, þ.e. heimajörðin 92 2/3 hndr. og hjáleigan 7 1/3 hndr. (sbr. Ný jarðabók fyrir Ísland...1861. Kaupmannahöfn. S. 9).

Kveðja,
Gunnar F. Guðmundsson

(29)

7. Caution Hallgríms Einarssonar vegna Jóns Sigurðssonar með 6 hund. í Haga innan Eyjafjarðar sýslu fyrir árlegt eftirgjald til hans Majst. af Eyjafjarðar sýslu jörðum, dat. 23. Junii 1785.[40]

Eftirfylgjandi bréf og kauplýsingar voru upplesnar í lögþingisréttinum 1785:

1. Kongl. confirmation uppá testament Einars sál. Brynjólfssonar og madme. Jórunnar Sigurðardóttur,[41] að hvört þeirra, sem lengur lifir, skuli uppbera þess afdauða eftirlátið gótz og að þaug megi hafa fríheit til að skipta sínum eigindóm til þeirra, sem þaug kunna að ansjá þar til verðugasta, dat. Christiansborg þann 23. Jan. 1784.
2. Afsalsbréf Gunnlaugs Sigurðssonar á hálfu Múlakoti, 7½ hundr., liggjandi í Fljótshlíð, til madame Jórunar Sigurðardóttur fyrir Syðri Gröf í Flóa,[42] 10 hundruð, og 48 rixdala croner millilag til nefnds Gunnlaugs, dat. 4. April. 1785.
3. Afsalsbréf Einars sál. Brynjólfssonar á Breiðuhlíð í Mýrdal, 10 hundr., til mr. Guðmundar Nikolaussonar fyrir 150 rixdali croner, dat. 5. Junii 1784.[43]
4. Afsalsbréf prestsins sra. Gunnlaugs Magnússonar á Núpufelli innan Vaðla sýslu ásamt eyðikotinu Þormóðstöðum til prestsins sra. Jóns Jónssonar á Grund fyrir 190[44] rixdali croner, uppí hverja peninga Núpufells seljandi tekur 15 hundr. í Hálsi við Svarfaðardal[45] fyrir 30 rixdali croner, dat. 14. Aprilis 1785.
5. Jarðaskiptabréf madame Dómhildar Eiríksdóttur á Kristnesi í Eyjafirði, 10 hundr., til mr. Símonar Bech fyrir Syðsta Samtún, 10 hundr.,[46] liggjandi í Glæsibæjarhrepp, dat. 21. Martii 1785.
6. Aðvörun kaupmannsins við Ísafjarðar höndlun, sr. Busch, að einn og sérhver haldi sér frá að kaupa prestsins sra. Gunnlaugs Snorrasonar eigindóms part, Háfafell, 24 hundr., með 4 inventarii kúgildum, innan Dala sýslu, so lengi þeir eru ei vissir um,[47] að nefnds prests, Snorrasonar, 177 rdla. 30¾[48] ss. restantz til þeirrar kongl. höndlunar er að fullu betalaður, dat. 20. Junii 1785.

Þjóðskjalasafn Íslands. Hb. 6. (Mál nr. 6)

Óbyggðanefnd

Málsnr.	Tilv.
OBN 93-1000 1	6/2000
Db. 1-32	Skjalnr. 4/1700
Mótt.	

7. Gjafabréf Kristínar Konráðsdóttur á Ytri Neslöndum, 10 hundr., liggjandi í Reykjahlíðar kirkju-, en Skútustaða þing-sókn, til hjónanna Ara Ólafssonar og Maríu Aradóttur mót skikkanlegri forsorgun og aðbúnaði hennar lífstíð, dat. 2. Junii 1777.
8. Afsalsbréf Sigurðar Benediktssonar á Villinganesi, 20 h., innan Hegranessýslu til Ólafs Þorvaldssonar fyrir 100 rixdl. specie, dat. 24. Martii 1785.
9. Afsalsbréf Jóns Þórólfssonar á 11 hundr. 80 al. í Ölvarsholti, liggjandi í Hraungerðishrepp, með 2 kúgildum til prófastsins síra Sveins Halldórssonar fyrir 68[49] rdl. croner, dat. 9. Junii 1785.
10. Afsalsbréf Þórdísar Jónsdóttur á 7 hundr. í Kekki í Stokseyrar sókn, sem er syðsti partur jarðarinnar, til Jóns Þórólfssonar fyrir 42 rdl. í croner mynt, dat. 4. Julii 1785.
11. Makaskiptabréf sgr. Einars Brynjólfssonar eldra á Barkastöðum í Fljótshlíð, 20 hundr., til prestsins síra Sæmundar Hálfdanarsonar fyrir Stóra Dal undir Eyjafjöllum, 27½ hundr., hvar með fylgir kirkju eign, 20 hundr., nefnil. [illegible] Syðstu Mörk 10 hundr., Neðra Dal 5 hundr. og Sauðhúsvelli[51] 5 hundr., en uppá kirkjunnar brostfældugheit lofar presturinn að betala til sgr. Einars 24 rixdali croner, dat. 23. Februarii 1784.
12. Afsalsbréf sgr. Einars Brynjólfssonar eldra á Sólheimahjáleigu í Mýrdal, 7 hundr. 50 al., til mr. Jóns Bjarnasonar fyrir 50 rdl. specie, dat. 8. Julii 1784.
13. Afsalsbréf lögréttumanns Jóns Brynjólfssonar á 10 hdr. í Felli í Hornafirði til Halls Jónssonar fyrir 60 rdr. til specie reiknaða, dat. 20. Octobr. 1784.
14. Afsalsbréf fyrrum lögréttumanns Sigmundar Þorlákssonar á Hallbjarnarstöðum[52] innan Norðursýslu, 16 hundr., til kaupmannsins í Húsavík, B. Thorlacii, fyrir 100 rdl. courant, dat. 12. Januarii 1785.[53]
15. Afsalsbréf Jóhans Jóhanssonar á hálfum Hamraendum, 12 hundr., innan Dala sýslu til prestsins síra Benedix Hannessonar fyrir hálfan 5ta rdl. courant hvert hundrað, dat. 18. Aug. 1784.
16. Afsalsbréf Torfa Steindórssonar á Svalbarða, 16 hund[illegible]

Hdskr. 69
69

Hdskj. 10 0001470

Denne gjennemtrukne, forseglede og af 97 Blade foruden Registeret bestaaende Protokol, authoriseres herved, i følge Instruktionen af 2den Aug. 1800 for den til at lagere Jordegodset i Island allernaadigst nedsatte Commission, til Taxations Protokol for Jordegodset i Vester Skaptefields Syssel. Kiøbenhavn den 12te Octbr 1805.

Diverssen

Ljósrit úr
Taxations Protokol
V. Skaftafellssýslu
1805
Þjóðskjalas. V/4.

30/9 2003
Sigrun S.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Wester Skaptefields Sysel.

Jordernes Navne, med Forklaring, om de ere Kongens, beneficerede eller Selveier-Jorder, samt Jordens Dyrhed efter den gamle Jordebog.	Af hvem beboes, Selveier, Beneficiarius eller Leilænding, og Beboernes Navne.	Hvormange Køer og Faar derpaa holdes.	Herlighederne beskrives og anslaaes til Storhundrede med Grundene for Evaluationen.
		20 Køer	— — — — — —
		130 Faar	— — — — — —
			Herkan 80 Læder holdes ved Udgang, hvoraf 36, 1aarg. 2st. — 28, 2aarg. 2 — 96 — 16, 3 a 4 aar 2 — —
No. 1. Solheimar ytre 1st 2al uu med Hjaleje 100st. den halve Selveierjord hvoraf Bjarne Bjørnson mfl. tilhører 60st.; Svein Alexanderson 20st. og John Jonson 12st. 70al — Kirken paa Staadt tilhører den halve Jord	Selveiere Sveinn Alexanderson John Jonson og Enkj. Dep. Styrer Golver Alexanderson		Jorden har Afret, eller fraliggende Sommer Græsgange for 240 gode Faar, hvorfore Opsiddernes kunde aarlig appebære paa Landsviis Heale denne dep. Driver Hafiskerie ved Gaardene No. 12 og 35 sædvanligst med 6 Fiskerbaade i det Heale, der ere 8 Mannefarer og hvoraf tages 4 Tød Skibslotter Almindeligst er Middeltal af Torsk 120 Fl., 60 paa Vaaten, som [illegible]

Landsbókasafn Íslands

Vester Skaptefieldt Syssel.

Jordernes Navne, med Forklaring, om de ere Kongens, beneficerede eller Selveier-Jorder, samt Jordens Dyrhed efter den gamle Jordebog.	Af hvem beboes, Selveier, Beneficiarius eller Leilænding, og Beboernes Navne.	Hvormange Køer og Faar derpaa holdes.	Herlighederne beskrives og anslaaes til Storhundrede med Grundene for Evaluationen.
			
No. 2. Solheimahjalega p. gd. 7 ℔ 50 ad. Selvejerjord tilhører Socirn Alexandersons Arving	Leilænding Ingebjörg Gjolvsdotter	3 Køer – 24 Faar –	Her kan 15 Beder holdes ved Udegang hvoraf 9,1 aaer 90 ad. 4,2 aar 48 2,3 a 4 aar 30 Hjalegee har Andeel i Hiemmegaardens Herligheder, i Forhold til dens Dyrhed, nemlig 1/100 Deel deraf p. n. den er samme Skade underkastet som Hiemmegaarden
		7½ Q.	

Hdskj. 10 73
Obyggðanefnd
Málsn. OBN 03010001 Tilv. 6/2003
Db. 1-32 Skj.nr. 2(44)
Mótt. D

Í jarðamatinu frá 1804, sem aldrei var löggilt, er, hvað varðar Vestur-Skaftafellssýslu, oft getið um afrétti og útigang sauðfjár. Því hafa lýsingar varðandi viðkomandi jarða verið ljósritaðar.

Mjög erfitt er að ná öllu því, sem á síðunum stendur, því að bókin er það fast bundin. Það, sem yfirstrikað er með gulu í ljósriti, er skrifað upp.

Ytri-Sólheimar.

„Jorden har Afret eller fraliggende Sommer Græsgang for 240 golde Faar, hvorfore Opsidderen kunde aarlig oppebære paa Landsviis 44 <Alen>."

„Endvidere haves her ubetydeligt af Angelica Rödder.

Gaarden har Enge Itak i Hvolsland No 11, mod Adgang til forbemte Afret.

Í athugasemdum segir:

„Her er Nedsættelse for Beder ikke nödvendig da Udegangen er god.

Nota. Ved de Gaarde hvor saadan Anmærkning ikke er vedföyet der er Nedsættelse for Beder fornöden, paa Grund af, at Vinter Udegang for Faar er ved de Jorde enten maadelig, slet eller aldeles ingen."

Sólheimahjáleiga.

„Her kan 15 Beder holdes ved Udegang. ... Hialejen har Andeel i Hiemmegaardens Herligheder, i forhold til dens Dyrhed, neml. 7/100 Deele deraf."

Her er ikke Nedsættelse for Beder nödvendig, da Udegangen er god."

Pétursey.

„Her kan 40 Beder holdes ved Foder og Udegang. ... Jorden har Afret som anslaaes til 80 <Alen>."

Í athugasemdum segir:

„Her er Nedsættelse for Beder ikke nödvendig da Udegangen er god."

Fell.

„40 Beder ut supra. ... P.n. Udmarken er Skredfald underkastet"

Í athugasemdum segir:

„Her er Nedsættelse for Beder ikke nödvendig da Udegangen er god."

Holt.

„Her kan 15 Beder holdes ved Foder og Udegang".

Álftagróf.

„Her kan 5 Beder holdes ved Foder og Udegang".

Keldudalur.

„Her kan 15 Beder holdes ved Foder og Udegang, ... Jorden har Beitelands Jtak i saakaldet Storhöfda. ... P.n. Udmarken er Elvebrud underkastet"

Í athugasemdum segir:

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

N°1
Solheimar ytre 1
.....med Hjaliga 100 H...
þaraf Bjarne Björnsson tilhörar 60H; Svein Alexanderson 20 H og John Jonson 12 H 70 al

N°2

Hialejen har Andeel i hjemmegaardens Herligheder, i forhold til dens Dyrhed, neml. 7/100 Deele deraf.

Solheimahjalega
7 H 50 al
.....til.örar
Sveinn Alexandersson....

numið allt austur að Eyjará (Blautukvísl).[13] Sigmundur kleykir var mágur Eysteins og kann því að hafa fengið land það í heimanmund sem honum er eignað í Landnámu. Einar Ólafur komst svo að orði að það gæti ekki hafa verið annað en „af kurteisi" að Sigmundur væri kallaður landnámsmaður sennilega sökum þess að hann var sagður ættfaðir þriggja biskupa.[14] Frásögn Landnámu er einnig skýr um landnámsmörk Reyni-Bjarnar: Hafursá að vestan og Kerlingará að austan. Af lýsingu Landnámabókar verður því sú ályktun dregin að land hafi verið numið milli Jökulsár á Sólheimasandi og Múlakvíslar en um efri mörk landnámanna er ekki getið.

5.2. Ytri-Sólheimajarðir ásamt Hvítmögu

Eins og áður hefur komið fram (sbr. kafla 5.1.) voru Sólheimar landnámsjörð Loðmundar hins gamla. Þar var kirkja um 1200 þegar Páll Jónsson Skálholtsbiskup lét gera skrá yfir kirkjur í biskupsdæmi sínu. Elsti varðveitti máldagi kirkjunnar (Maríukirkju) „a solheimum" er talinn vera frá um 1179 og skyldu þar þjóna tveir prestar eða prestur og djákni. Frá Sólheimum var „brottsöngur" í fjórar kirkjur[15] og var ein þeirra (fjórðungskirkja) „a solheimum". Þar mun átt við Eystri-Sólheima.[16] Þetta er síðan ítrekað í máldaga kirkjunnar frá um 1340.[17] Ekki er kunnugt um eldri heimildir um að Sólheimajarðirnar hafi verið tvær, þ.e. Ytri-Sólheimar og Eystri-Sólheimar. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er ekki lengur minnst á þær kirkjur sem þjónað var frá Sólheimum, en þar er skýrt frá dýrleika jarðarinnar og greint annars vegar á milli „garðsins" og hins vegar „fastagóssins":

> Jtem garduren tijutiger hundrud.
>
> Fastagotz hundrad hundrada og .vj^{c} betur.[18]

Hér er trúlega verið að greina á milli dýrleika jarðarinnar (garðsins), sem metinn var á 100 hundruð, og heildarverðmætis fasteignarinnar með kirkjubyggingu og öðru húsnæði (fastagóss), samtals 120 hundruð og 6 álnir. Þetta fær stuðning af því að í jarðabók frá 1695 eru Ytri-Sólheimar taldir vera 100 hundruð að dýrleika og mun þar farið eftir fornu jarðamati. Í eldri jarðabók, frá 1686, er dýrleikinn sagður vera 122 hundruð og 120 álnir og var það nálægt tvítugfaldri landskuld.[19] Nokkurs ósamræmis gætir í yngri jarðabókum um dýrleika Ytri-Sólheima. Í jarðamati frá 1804 er gefinn upp dýrleikinn 120 hundruð og 20 álnir[20] og síðan bætt við: „...en med Hjaleje 100^{c}

---

[13] Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 401.
[14] Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 111.
[15] Eina hálfkirkju og þrjár fjórðungskirkjur, að því er virðist.
[16] Skjöl nr. 4 (4, 8).
[17] Skjal nr. 4 (5).
[18] Skjal nr. 4 (10).
[19] Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 340. Landskuldin 1686 var 6 hundruð og 15 álnir og er tvítugföld sú upphæð 122 hundruð og 24 álnir. Ef miðað er við 6 hundruð í landskuld verður dýrleikinn, samkvæmt sömu reiknireglu, 120 hundruð.
[20] Reyndar virðist standa þarna *2 álnir* en það fær varla staðist.

[100 hundruð]".[21] Hér mun annars vegar vera vísað til jarðabókarinnar 1686 (120 hundruð), þar sem dýrleikinn er miðaður við landskuldina, og hins vegar til jarðabókarinnar 1695 (100 hundruð) þar sem hið forna mat er lagt til grundvallar. Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin sögð 120 1/6 hundruð (þ.e. 120 hundruð og 20 álnir) en í Nýrri jarðabók er hinu forna mati skipt á milli heimajarðarinnar, 92 2/3 hundruð, og hjáleigunnar, 7 1/3 hundruð. Samkvæmt því verður öll jörðin, „með háleigunni" (sbr. jarðamatið 1804) 100 hundruð að dýrleika. Þá er þess að geta að heimildir liggja fyrir um að á 18. öld hafi Ytri-Sólheimar gengið kaupum og sölum og verið veðsettir.[22]

Í elstu landamerkjalýsingu Ytri-Sólheima, frá 1573, er gerð grein fyrir mörkum á milli Ytri- og Eystri-Sólheima (sjá kafla 5.3.). Í vísitasíum biskupa frá 17. og 18. öld er mörkum ekki lýst og vísað til máldaga um eignir kirkjunnar.[23] En árið 1789 var gerð svofelld lögfesta fyrir Ytri-Sólheima:

> Vid undirskrifadir lögfestum hér í Dag okkar Eignar og Ábylisjörð Ytri Sólheima í Mýrdal, sovel sjálft Heimalandid, sem Slæjuplátsítakid í Hvols Landi Kallad Solheimamÿri, ásamt allar Landsnÿtjar er því Landi fÿlgja ber til ytstu Ummerkja, sem adrir eiga á móti: Landamerkin eru ad vestannverdu Jökulsáar gamli Farvegur frá Sjó og norduri Jökul; enn ad austannverdu Sjónhendíng úr Merkiaur í opna báda Fossana í Merkigili, rædur so þad gil, so leingi sem þad tilvinst, sídann eistra Gilid í Ófærubotninn, og þadann Sjónhendíng nordur í Jökul.[24]

Lögfesta þessi var lesinn upp fyrir manntalsþingsrétti á Dyrhólum 23. júní 1790 „og protesterad sovídt áhrærir Hvolsland".[25] Hún var síðan endurnýjuð á fundi eigenda Ytri- og Eystri-Sólheima 10. júní 1865.[26]

Frá lokum 18. aldar, þ.e. 1792, er einnig varðveittur vitnisburður um ítök Ytri-Sólheima:

> Virduglegumm Brædrumm Sveine Alegsandersÿne og Ejolfe Alegsandersÿne hefe eg selt og fullkomlega til Eignar feinged allt þad eg atte i Jördunne Ÿtre Sólheimumm ad Dÿrleika[27] og fÿrer gildt Andvirde sem Kaupbrief ockar i mille sÿner, og effter þui j á minnstu Brefe eru ei á Nafn nefnd þau Jtök sem Ÿtre Solheimumm fÿlgia, verd eg á þad ad minnast svo Kaupendur vite hvad þeir meiga med friálsu bruka og er þad fÿrst Gield Fiár og Lamba Afriettur kallad Hvÿtmaga, annad Slæiu Plats fyrer austann Hafurs Aa, kallad Solheima Mÿre sem leiged hefur under Ytre Solheima sydann eg til man, og notad effter Hentugleikum, og þad sama hefe eg heÿrt gamla Menn seigia, af

---

[21] Skjal nr. 2 (44).
[22] Skjöl nr. 4 (52, 55-60, 74, 77, 78).
[23] Sbr. skjöl nr. 2 (48, 49).
[24] Skjal nr. 2 (57).
[25] Skjal nr. 2 (57).
[26] Skjal nr. 2 (57).
[27] Dýrleika er hér ekki getið.

heimum í Mýrdal. Eyjólfur átti Guðríði dóttur hans. Jarðarparti mun hann þó hafa haldið úr Ytri-Sólheimajörðum, því að 17[9]4 er hann talinn einn af 7 búendum þar. Kona séra Sigurðar var Ólöf Vigfúsdóttir lögréttumanns í Skál á Síðu, Ketilssonar prests í Ásum, Halldórssonar prests á Kálfafellsstað, Ketilssonar prests þar Ólafssonar (Sauðanessætt).[1)]
Um börn þeirra séra Sigurðar og Ólafar er óljóst, önnur en þau *Guðríði*, konu Eyjólfs Alexanderssonar (hún var fyrri kona hans) og *Högna* bónda á Svaðbæli undir Eyjafjöllum og síðar á Ytri-Sólheimum, og hjá honum mun séra Sigurður hafa andazt um eða eftir aldamótin 1800, rúmlega sjötugur að aldri (f. um 1730).

Högni í Svaðbæli kvongaðist Málfríði Árnadóttur frá Hlíð undir Eyjafjöllum. Þau áttu mörg börn, og var elztur þeirra *Ólafur,* fæddur að Ytri-Sólheimum 19. ágúst 1791 (heldur en 1793). Högni Sigurðsson féll frá á bezta aldursskeiði og lét eftir sig ekkju og mörg börn í ómegð. Málfríður ekkja hans baslaði fyrir sér og börnunum og komst að Holti í Mýrdal. Þaðan flutti hún austur á Síðu og mun hafa gifzt þar aftur.[2)] En Guðríður systir Högna tók Ólaf til sín, og ólst hann upp hjá þeim Eyjóli Alexanderssyni á Ytri-Sólheimum. Þar er hann talinn fyrst vikadrengur og síðar vinnumaður.

Ekki hefur geymzt neitt verulegt um uppeldisár Ólafs. En synir hans Jón og Guðmundur, sem bjuggu í Pétursey og síðar koma við þessa sögu, sögðu svo frá, að faðir þeirra hefði aldrei sleppt blótsyrði, og til þeirrar orðstillingar hans hefði legið sú rót, að þegar hann var að læra lestur á unglingsaldri hjá Sigurði afa sínum á Ytri-Sólheimum, hafi komið fyrir lítið, en minnistætt atvik, sem olli því.

Stafrófskverið var Nýja testamentið, og gekk lesturinn heldur stirt. Sigurður afi heyrði illa, og bætti ekki til, að hann sat vegna kulda með prjónaða skotthúfu niður fyrir eyru. Eitthvert sinn, þegar kveða skyldi að orðinu „Belsebúls", komst drengurinn í vandræði. Aldrei fannst afa hans, að rétt væri að því kveðið, og síðast brast hann þolinmæði og hrifsaði bókina af Ólafi, en gaf honum um leið vænan löðrung og skipun um að vanda sig betur næsta sinn. Upp frá því hataði Ólafur nafn óvinarins og leiddi það aldrei í munn sér í hverri mynd sem það svo var.

Uppeldi fékk Ólafur dágott á Ytri-Sólheimum og tók bráðum og góðum þroska. Var þar þá mannmargt og allmikill mannsbragur hjá þeim bræðrum Eyjólfi og Sveini Alexanderssonum og fólki þeirra, Lærði Ólafur þar söng, skrift og reikning, en var að upplagi hagleiksmaður.

Fram yfir tvítugsaldur vann Ólafur fósturforeldrum sínum, en nálægt 1815 (aðrir segja 1817) réðst hann ráðsmaður að Eystri-Skógum undir Eyjafjöllum, til Steinunnar Jónsdóttur, sem þar bjó ekkja. Var í Skógum hinn mesti búskapur, og þó hnignandi, hvað snerti húsakynni og umbætur, eftir fráfall Guðmundar Nikulássonar síðari manns hennar. Áður var

Þegar Ólafur kom að Skógum, tók hann strax til við húsabætur og aðrar byggingar og gerði það þegar hinn einstakasti atorkumaður. Nýbreytinn var hann, hagsýnn og laginn við allar byggingar, einnig smiður á járn og tré. Féll Steinunni hið bezta við hann og lét hann njóta þess á ýmsan hátt.

Laun trúrrar þjónustu.

Fyrir langa og trúa þjónustu gaf Eyjólfur Alexandersson Ólafi Högnasyni jarðarpart í Ytri-Sólheimum. [1)] Mældi þessum jarðarparti tún og útislægjur úr Sólheimatorfunni þar sem land bezt var. Þessi jarðarhundruð nefndu þeir Sólheimakot og gerðu að sjálfstæðu býli; það var metið til 12 hundraða, þegar Ytri-Sólheimar allir voru 92,7 hundruð að dýrleika. Hvort Eyjólfur Alexandersson sleppti þessum jarðarhluta strax úr ábúð, er ekki víst, en líklega hefur Ólafur Högnason fyrstur reist bæ í Sólheimakoti um 1822 og búið þar, áður en hann flutti að Pétursey. Síðar býr þar Björn Jónsson frá 1835 til 1863. Eftir hann tekur Guðmundur yngri Ólafsson frá Eyjarhólum Sólheimakot og býr þar í mikilli fátækt fram að aldamótum 1900. Við jörðinni tekur þá Högni Jónsson og kona hans Ragnhildur Sigurðardóttir og flytja þangað frá Eystri-Sólheimum með 5 drengi sína unga. Þar andaðist Högni á fyrsta ári eftir flutninginn, og bjó Ragnhildur þá um sinn. Brá hún þó búi um eitt ár vegna heilsubilunar og leigði jörð og bú Tómasi Helgasyni lækni, sem þá var héraðslæknir í Mýrdal. Ragnhildur tók svo við búi sínu og jörð af honum og bjó með drengjum sínum til 1907, að hún andaðist þar. Þá tók Sólheimakot Sæmundur Bjarnason og bjó þar í 1 ár, 1908, Benedikt Jónsson til 1910. Þá tók Sigurður Högnason jörðina og hefur búið þar síðan. Mun Sólheimkot vera fyrsta nýbýlið sem Ólafur Högnason byggði, en síðar urðu þau fleiri og stærri. Nú býr þar þriðji maður frá Ólafi Högnasyni í beinan karllegg,

Jón Björnsson (ríki).

Um aldamót 1800 bjó í Drangshlíð undir Eyjafjöllum *Jón Björnsson*, sem oft er nefndur „hinn ríki". Hann var talinn stór í lund, harðdrægur og mikilmannlegur. Björn faðir hans var og nefndur „Björn ríki" og bjó á Eystri-Sólheimum í Mýrdal. Kona Björns ríka og móðir Jóns var Steinunn, sem fyrr var getið og var hin merkasta höfðings húsfreyja. Hún giftist að Birni látnum Guðmundi yngra Nikulássyni, og bjuggu þau í Eystri-Skógum undir Eyjafjöllum. Guðmundur dó 1808, og bjó Steinunn eftir hann í mörg ár í Eystri-Skógum. Nánara um ættir þessara hjóna er að finna í Sýslumannaævum o.v. Björn ríki var Jónsson, Jónssonar, Odds-

Hlöðver 2012
77

SKAFTAFELLSSÝSLA

SÝSLU- OG SÓKNALÝSINGAR
HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAGS
1839–1873

JÓN AÐALSTEINN JÓNSSON
OG
SVAVAR SIGMUNDSSON
SÁU UM ÚTGÁFUNA

BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

SÖGUFÉLAG
REYKJAVÍK 1997

Hdskj. 13
78

á því af Hafursá,[11] því Steigarland liggur næst ánni. Haga hefur hún litla, en notalega þar um aurinn og vestan í Steigarhálsi. Jörðin kvað vera 8 hndr. að dýrleika.

p) *Hvoll,* 18 hndr., hér um bil 1/2 mílu í útsuður frá Steig, en vestur af Dyrhólum, fram undir sjó. Þar eru 3 bæir frá norðri til suðurs í sama sléttu túni. Túnin ganga árlega af sér fyrir fjörusandfoki. Jörðin er landrík og útslægjumýri í norður frá bæjunum stór og grasgefin. Þó hleypur Hafursá ósjaldan fram yfir hana, en ekki enn þá til mikils tjóns. Hrossaútigangur er í Hvolseyjum sagður góður á vetrum, en sauðfjárútigangur verri, því landið er allt slétt og mýrin kvistlaus.

Bæjaröð í Sólheimasókn:

q) *Keldudalur,* 6 hndr., fyrir norðan Hafursá, gegnt Búrfelli, efsti bær í sókninni vestan undir samnefndri heiði. Heiðin er stór, mjög blásin í sker og sand. Telst þó útigangur allgóður. Túnin sem annars eru hálend og brött, eru vegna góðrar ræktunar grasgefin, en utanslægjumýrin er gisin og snögg. Beði eru þar tún og engjar nokkrum í skriðum og grjótfoki ofan af heiðum undirorpin.

r) *Álftagróf,*[12] 6 hndr., stendur austan í líkum hálsi fyrir vestan Keldudalstún; túnajörð allgóð, en mýrarengi fyrir framan bæinn loðið á sumrum, en ekki víðlent. Jörðin á litla haga, en er engum sérlegum áföllum undirorpin.

s) *Holt,* 18 hndr., er hér um bil 500 faðma í útsuður af Álft[a]gróf. Bærinn stendur framan í einstöku háu holti; hefur tún umhverfis grasgefin, en mýrarengi snöggt og víðlent. Holtsheiði, aðalhagaplássið, er mjög blásin í sker og sand, en sléttlendið hefur Hafursá mjög fordjarfað og hleypt í aur. Engjarnar liggja milli heiðarinnar og bæjarins.

t) *Fell,* 12 hndr., í fullt vestur frá Holti circa 1/3 mílu. Bærinn stendur á sléttum flöt vestan undir Fellsfjalls suðurenda. Það er úti-

11 Svo í hdr., en líklega á hér að standa: en þó nokkurri eyðileggingu á því umhverfis bæjarhólinn af Hafursá.

12 Í hdr. stendur *Álfagróf,* þar sem bæjarnafn þetta kemur fyrir. Hér mun langsennilegast um ritvillu að ræða – eða þá einhverja alþýðuskýringu. Þess vegna er einsætt að taka upp orðmyndina *Álftagróf,* þar sem hún er alkunn og algengust notuð í jarðabókum.

gangsjörð í betra lagi fyrir sauðfé í fjallinu, Snjókömbum og Hrosshömrum austan á móti. Túnin eru heldur lítil og harðlend, en vallendisbrekkur neðan til framan í fjallinu gefa oft mikinn heyskap, líka heiði fyrir vestan bæinn. Af þessu hvörtveggju fellur taða. Mýri er og grasgefin, en mikið votsöm, fyrir framan og sunnan túnið.

Jarðarinnar ókostir eru sérlegastir: Landbrot mjög mikið eftir jökulána Klifandi, sem rennur skammt fyrir vestan bæinn á sléttum aur og í vatnavöxtum kastar sér við og við heim á túnið, hvört hún hefur og nokkuð fordjarfað. Líka falla skriður á brekkurnar í stórleysingum á vetrardaginn, sem ekki virðist mögulegt að afvenda skaðræði frá að öllu leyti. Svipvindar af landnorðri gjöra oft í brekkunum, þá hey liggur á þeim, og einstökum sinnum við bæinn, skaða.

u) *Pétursey,* í útsuður frá Felli, hér um 1/3 mílu, 60 hndr. jörð, stendur á sléttum grundvelli framan undir Péturseyjarfjalli. Bærinn stóð allur í einu þorpi til þess 1825, að hreppstjóri Ólafur Högnason flutti bæ sinn vestan undir fjallið og byggði þar framan í lítilli hæð snotran og af köntuðu stórgrýti vel settan bæ sér til mikils hagnaðar á túni og högum. Jörðin er yfir höfuð túnastór, þó víða skriðum undirorpin, en mýrarengi er víðlent og allgrasgefið. Klifandi hefur og hleypt miklu af sauðfjárhögum Péturseyjar í aur, en hrossaútigangur á vetrum er þar sæmilegur.

v) *Sólheimar eystri,* 18 hndr., stendur frá Pétursey í útnorður, circa 1/3 mílu, en í fullt vestur frá Felli. Bærinn stendur framanvert á stórum valllendisflöt, sem útgjörir slétt og grasgefin tún, en mýrarblettur, veita, er fyrir framan bæinn. Útvalllendi að austanverðu í Sólheimanesi, allt út að Merkigili, heyrir til þessari jörð og heiði mjög blásin og jarðlítil. En landið fyrir framan bæinn er mjög fallið í aur og stórgrýti af yfirgangi árinnar Klifandi, þá hún kastar sér á vesturbóginn.

x) *Sólheimar ytri,* hér um bil 1/4 mílu frá Eystri-Sólheimum í fullt vestur, eru með *Sólheimahjáleigu* 100 hndr. Það er túnastór valllendisjörð, en á snöggt útvalllendi fyrir engjar að fráteknu ítaki í Hvolsmýri, allgóðri slægju. Útigangur er þar góður fyrir sauðfé og hross á vetrardag. Þó hafa Sólheimajarðirnar enn ekki nærri náð sér aftur síðan árið 1823, að askan úr Kötluhlaupinu féll þar óvenjulega mikil yfir.

Hdskj. 13 79

Hdskj. 14

afannefnd 8 [illegible]
Jordernar afhendast med [illegible], med öllum hennar
gögnum og gjædum, hvem hvem fylgt hefir og fylgja ber ad
fornu og nyu, ad undanskiljum kvi, ad Sigurdur hvem Pet-
ursey fylger ad tilhölu, undanskilst frá hvesu Kaupi.
Fenglysing hvesa Makasskipta brefs, kosta bädir hvem Sonn-
eigenn gördu

ut supra

S. Alexandersson Mothephensen

Ecclesiæ Fyrer Mannhalls Fengvrutte ad Dyrhola Kingfud
kann 4ta Junii 1841 vitnar Mothephensen.

No 102

Anno 1841 kann 18da Januar frammfor ad Höfda-
brekku i Myrdal svolgtandi Kaupsamningur, millum
Administrators yfir Bickvabæ ne Sveins Alexanders-
sonar á adra Sidunna, vun sonar hans Berents Sveins-
sonar á hina, begyja á Ytri Solheimum: Ad sá fyrrnefndi
selur og afhendir frá ser ödrum sinum Erfingjum, til
Erfingja hans Berents Sveinssonar 25tt tuttugu og fimm
hundrud á Jördunni Ytri Solheimum fyrer 8ta atta Sneiur
hvort Hundrad, med ernikadri, i hvem afannefndu
25tt Kirkju Eignenni, til fullkominnar eignar og um
rada og nota, á svorel Jördunni sjalfri, hvem öllum hennar
gögnum og gjædum til Lands og Sjöar, hvem henni fylgt
hefir og fylgja ber ad fornu og nyu.

Fyrer afannefnd 25tt borgar Kaupandi nu strax
á stadnum 400 rad Fiogurhundrud Rikisbankadali
i vidverandi rotta vidervist. — Kaupandi frammfilgi
Kaupi sinu ad Lögum, en seljandi svari Lagarefteingum

Kaupbæk þ. 18. Januarii 1841

Jón Sveinsson
Berent Sveinsson

Jón Sigurðsson nefnir Eyrbyggja
Sullmark fyrir regnda Jarðirnar
og mun Jarðarbyrkir Þórðar á Stað
P. J. Thorsen d. J.

Jón Sveinsson
Stephensen

Jón Sigurðsson

Merkist degnar Manntals Þingvitni að Dyrhóla Þing
þad 4ta Junii 1841 vetnar Stephensen
Nr 103.

Eyrarbakka Hreppur Berent Sveinsson bóndi á Ytri-
Sólheimum í Mýrdal, undirskrifuð vottfestir Jón Sigurðsson
á Syðri Sólheimum og Jón Sigurðsson bónda á Skarða-
nesi og Jón Sigurðsson bónda á Ytri Sólheimum í Mýrdal
hvörjir allir Lausamenn eru að Aldri sem
hér segir: Stephensen skrifaður að vera 40 ára
gamall R. S. Fyrgr hundrað Rikis Landaldi sem
Jörðin, af hvörri Jörðunni hann og nú er Ábú-
andi Jarðarinnar að Borgum undir Eyjafjöll
hefur af Jarðarinnar Grasa, nýa á allt 16 hdr hey Jörðin
Ríkis-Landaldrinn nefnd Jörðin, hún borgadur hún
Jörðinni 4. 12 Grös árs Jafn Málnadar, Fiskur og hún
hún Jörðinni Landi að Jarðarinnar að Borgum
Landi Jörðinni hún og Jarðarinnar, Jarðarinnar
hún Jarðarinnar Jörðinni, og Jarðarinnar að Jarðarinnar
Jörðinni Jarðarinnar að Jarðarinnar — Að hún Jarðarinnar Jarðarinnar
Jarðarinnar Jarðarinnar Jarðarinnar, að Jarðarinnar Jarðarinnar
Jarðarinnar og Jarðarinnar af Jarðarinnar Jarðarinnar Borgað, Jarðarinnar
og Jarðarinnar Jarðarinnar hún Jarðarinnar og Jarðarinnar
Jarðarinnar Jarðarinnar Jarðarinnar Jarðarinnar Jarðarinnar
Ytri Sólheimum í Mýrdal og 24 Jarðarinnar Jarðarinnar
Jarðarinnar Jarðarinnar og Jarðarinnar Jarðarinnar

Hdskj. 14

Anno 1841 Þann 18da Januar frammfór ad Höfdabrecku í Mýrdal svolátandi Kaupsamníngur, millum Administrators yfer Þickvabæar kl. Sveins Alexanderssonar á adra Síduna, enn sonar hans Berents Sveinssonar á hina, beggja á Ytri Sólheimum: Ad sá fyrrnefndi selur og afhendir frá sér ödrum sínum Erfíngjum, til Erfíngja síns Berents Sveinssonar 25 hndr. tuttugu og fimm hundrud í Jördunni Ytri Sólheimum fyrer 8ta atta Speciur hvert Hundrad, med íreiknadri, í þeim ofannefndu 25 hndr. Kirkju Eigninni, til fullkominnar eignar og umm ráda og nota, á svovel Jördunni sjálfri, sem öllum hennar gögnum og gjædum til Lands og Sjóar, sem henni fylgt hefir og fylgja ber ad fornu og nýu.

Fyrer ofannefnd 25 hndr. borgar kaupandi nú strax á stadnum 400 rbd. Fiogurhundrud Ríkisbánkadali í vidverandi votta vidurvist. – Kaupandi frammfilgi kaupi sínu ad Lögum, en seljandi svari Lagariftíngum.

Höfdabrecku þann 18da Januar 1841

Sem kaupandi

Berent Sveinsson

Sem seljandi epter skriflegri Fullmakt fra eiganda Jardarinnar og med hans Signeti hjáþricktu

B. S. Paulsen L. S

Sem vidstaddir vottar

M Stephensen

Jón Sigurdsson

Upplesid fyrir Manntalsþingsrétti ad Dyrhóla Þíngstad Þann 4da Júnii 1841

vitnar

M Stephensen

JARDATAL

Á

ÍSLANDI,

MED BRAUDALYSINGUM, TÓLKSTOLU ÍLLETTUM OG PRESTA-
KÖLLUM, ÁGRIPI ÚR BONADARTOLLUM 18[illegible] OG
SKÝRSLUM UM SÖLU ÞJÓDJARDA Á LANDINU.

[illegible]
á Eltureyri

GEFID ÚT AF

J. JOHNSEN,

ASSESSOR Á LANDSHAFTSTRÆTINU.

KAUPMANNAHÖFN.

Prentad hjá S. Fabricius.

1847.

0002[illegible]

Formáli.

Bók þessi mun þykja þess eðlis, að eigi sè vanþörf á, að eg fari nokkrum orðum um tilgáng minn, er eg fór að taka hana saman, og hvernig hún er orðin til, eins og nú er komið.

Skömmu eptir að eg var búinn að gefa út Hugvekju þá, um þínglýsíngar, jarðakaup, veðsetníngar og peníngabrúkun á Íslandi (Kpmh. 1840), sem landar mínir nú þekkja, kom mèr til hugar, að útvega þeim lýsíngu á jörðunum, er hvervetna gæti verið til lèttis, er jarðir væri seldar eða veðsettar, og þannig studt að tilgángi mínum með Hugvekjuna. Á öndverðu árinu 1842 fór eg þess því á leit við Rentukammerið, að stjórnarráð þetta útvegaði mèr skýrslur: *a)* yfir allar jarðir í hreppi hverjum á landinu, dýrleika þeirra, landskuldargjald og innstæðukúgilda-tölu, eins og nú er ástatt, hverjar jarðir nú væri konúngs, kirkna, spítala, fátækra, eða bænda eignir, og hverjar bænda eignir eigendur sjálfir hefði til ábúðar og hverjar leiguliðar, og um ábúenda tölu jarðanna, svo og hverjar bænda eignir áður voru eignir biskups stólanna; og *b)* um sölu konúngs og stóls eigna á landinu, kúgilda tölu á þeim, er þær voru seldar, og um kaupverð þeirra og kúgildanna. Rentukammerið reit mèr þarnæst 23. Maí 1843, að amtmenn væri beðnir um, að fá hjá sýslumönnum hreppaskýrslur þær, sem eg hafða óskað, þó þannig, að stjórnarráðinu eigi þókti það vinnanda, að fá skýrslur um landskuldar hæð eða kúgilda tölu á hverri jörðu, en það hafði í þess stað lagt fyrir, að sýslumenn skýrði frá vanalegum leigumála á meðaljörð í hreppi hverjum, en sjálft sendi það mèr skýrslu þá, er eg hafði mælzt til, um sölu konúngs jarða frá árinu 1760 til enda ársins 1842, og var eg um leið hvattur til að birta almenníngi skýrslurnar, eða þá aðalatriði þau, sem mèr þækti mest um varða.

En þegar eg fór að hugsa þetta efni enn ýtarlegar, fannst mèr í mörgu tilliti áríðanda, að setja áformi því, er eg frá upphafi hafða, töluvert rýmra mark og mið. Mèr þókti það eigi aðeins áríðanda, að vita nokkuð gjör um, hvernig jarðaeignum er skipt millum eigenda og ábúenda í bygðarlagi hverju

Hdsk. 15 84

heldur líka í mörgu tilliti mikils vert, að komast eptir fólkstölu í minni og stærri bygðarlögum, hreppi, prestakalli, sýslu og amti hverju, því, eins og amtmenn, presta, sýslumenn og hreppstjóra opt varðar það nokkru, að vita um hag og ástand umdæma þeirra hvers um sig, í þessu efni, svo hèlt eg það og hverjum þeim, sem hugsa um eigið gagn og annara, og veita fèlagi því eptirtekt, sem þeir lifa í, ómissanda, um leið og þeim, sem hafa tekjur nokkrar af jörðunum, t. a. m. hreppstjórum fyrir hönd enna fátæku, prestum fyrir hönd sjálfra sín og kirknanna, og bændum, sem eiga eða kaupa bænda kirkjur, er skýrt frá, hvaða og hverra eign sèrhver jörð er og hve mikil að dýrleika, í prestakalli hverju, hreppi og kirkjusókn, auk þess, að þetta er hverjum þeim mjög áríðanda, sem vill eða þarf að grennslast eptir kjörum presta í hverju brauði, sem er á landinu, og þurfa menn þá einkum líka að vita nokkuð gjör um ástand brauðanna að öðru leiti, hvernig prestsetrum er varið, hverjar kirkju- eða lènsjarðir fylgja brauðinu, og hvernig þær byggjast nú á tímum og hve háfar aðaltekjur prestsins eru hjá sóknamönnum, og þá einkum presttíund af föstu og lausu, heytollar og dagsverk, og loksins offur og aukatekjur, þar sem nokkuð kveður að þeim og eigi er hægt að ætla á þær fyrir hvern þann, sem nokkuð þekkir til um þær yfirhöfuð í landinu.

Eg gat því aðeins ráðizt í, að koma mönnum í góðan skilníng um allt þetta, að biskup lèði mèr lið með brauðaskýrslum þeim, sem eg vissa að hann safnaði frá prestum um land allt árið 1839, og þar að auki með fólkstölulistum þeim, sem prestar eru vanir að senda honum við hvers árslok, og er þar tilgreindur bær hver í prestakallinu og fólkstala á honum. Fólkstölulistar þessir urðu mèr líka í öðru tilliti ómissandi, til þess að geta notað skýrslur þær, er eg fèkk annarstaðar, með gætni þeirri og nákvæmni, sem þörf krafði; því þó að engum verði álasað, gat samt eigi hjá því farið, að vart yrði við ónákvæmni og vangá í hreppaskýrslunum, enda þó sýslumenn sjálfir annaðhvort hafi samið þær, eða þá þó gjört þær athugasemdir við þær, sem þeim hefir þókt þurfa; en frá Árnes og Skagafjarðar sýslum eru mèr sendar skýrslurnar, eins og þær eru komnar frá hreppstjórunum, og má eins um þær segja, að verkið sè af hendi leyst með alúð, en þó þannig, eins og von er á í þesskonar skýrslum yfirhöfuð, að brestir sè á nokkrir, enda hefir Konferenzráð Thorsteinson, einn amtmannanna, reynt til að bæta úr þeim hèr og hvar í Vesturamtinu.

Eg kaus lista prestanna yfir fólkstal þann 31. Decbr. 1842, helzt vegna þess, að mèr þóktu þeir enir fullkomnustu af þeim, sem eg hafða um að velja, um það árabil, sem mèr þótti eiga bezt við (1840—1845), og hefi eg sagt frá fólkstali

eptir þeim, bæði í prestakalli hverju (í brauðlýsíngunum) og hreppi hverjum, við enda jarðatalsins í hverri sýslu; en, til að geta sagt frá fólkstali í hverjum hreppi, varð eg að hafa fyrir mèr bæði hreppalistana og fólkstölulista prestanna, og að skipta fólkinu á bæjunum niður á hreppana (þar sem hreppaskil eru önnur enn sókna, og er það eins og menn vita, víðast hvar) jafnóðum og bæirnir koma fyrir í jarðatalinu, og var þetta hvorki lítið vandaverk nè heldur hægðarverk, ef satt átti að segja frá og rètt (um fólkstöluna í hreppunum), en það ætla eg að nú sè gjört allstaðar.

Við jarðatalið sjálft hefi eg haft þá aðferð, að eg, auk fólkstölulista prestanna og hreppalista sýslumanna og hreppstjóra, hefi haft fyrir mèr jarðabækurnar, svo og bækur þær, sem innihalda jarðamat það, sem fór fram á Íslandi eptir aldamótin seinustu, 1802—1806, og eru bækur þessar, þegar einhvers er getið eptir þeim í athugasemdunum, kenndar við ár það, sem hver þeirra um sig er löggildt á til jarðamatsins. Bæjaröð hefi eg yfirhöfuð fylgt þeirri, sem sýslumenn eða hreppstjórar hafa við í hreppalistunum, og mun röð sú optast nær vera eptir boðleið vanalegri; þó hefir mèr fundizt fara bezt á því, að telja hjáleigur allar strax á eptir heimajörðunni, án tillits til, hvernig þær liggja við í bæjaröð sýslumanna, enda hefir mèr á einstöku stöðum riðið á, að víkja nokkuð frá henni, þar sem eg sá, að mèr annars yrði hætt við að hlaupa yfir einhverja jörð, eða láta nokkurrar jarðar, sem jarðabækurnar herma um, ógetið. Um dýrleika jarðanna, landskuldar, kúgildi og kúgilda tölu hefi eg farið eptir jarðabók landfógeta Skúla Magnússonar frá 1760, en þar sem hún eigi greinir frá dýrleika jarðanna, en það gjörir hún eigi á Hóla stóls jörðunum, hefi eg talið dýrleikann í dýrleika dálkinum þann, sem jarðabók Árna Magnússonar, sem samin er 1702—1714 af þeim Prófessor Árna Magnússyni og lögmanni Páli Vídalín, hefir á jörðunum, og hefir hún frá upphafi verið til fyrir allt land, en eptir eru nú aðeins 15 þykkir partar í arkar broti, en 4 halda menn hafi brunnið í húsbruna Kaupmannahafnar 1728, og voru þeir partarnir, sem fórust, fyrir Múla og Skaptafells sýslur, enda vantaði líka þessa jarðabók fyrir Barðastrandar sýslu, þángað til Skúli Magnússon gróf handrit til hennar upp í bókasafni A. Magnússonar, og færði hana í lag 1777. En þar sem hvorug þessara jarðabóka greinir frá dýrleikanum, og gjöra þær það eigi frá dýrleika Skálholts stóls jarða í Árnes og Gullbríngu sýslum, er hann tekinn í dýrleika-dálkinn eptir jarðabók biskups-stóls þessa, sem var samin og prentuð áður enn farið var að selja jarðirnar, og læt eg það óvíst, hvort máske hefði verið rèttara að telja dýrleika á öllum Skálholts stóls jörðum, sem áður voru, eptir þessari jarðabók, eins og

Landsbókasafn 1855

hann líka er talinn sá sami í afsalsbréfum konúngs fyrir jörðunum, og enn líka víðast hvar mun vera hafður við í viðskiptum manna um þessar jarðir allar; en í þess stað hefi eg þó aðeins í athugasemdum skýrt frá, hver hann sè á jörðum þeim, sem dýrleiki er á eptir jarðabók 1760. Sömuleiðis er í athugasemdunum jafnan greint frá, þegar á milli ber dýrleika jarðabóka þessara og þess, sem sýslumenn og hreppstjórar telja á jörðunum, hvort heldur hann er hærri eða lægri (og verður eigi sagt, hvort optar kemur fyrir) enn sá, sem á þeim er eptir jarðabókunum, eins líka þegar prestar skýra frá dýrleika á prestsetrunum eða lènsjörðum þeirra; enn fremur þegar annar er sagður dýrleiki við jarðamatið, enn í jarðabókunum, en þá er af hlutað igendum skýrt frá honum, eins og hann var haldinn og hafður við á jörðunum, þegar matið fór fram eptir aldamótin. Í athugasemdunum er líka vikið á, þegar dýrleiki jarða þeirra, er konúngur hefir átt, er annar, eptir jarðabók þeirri, sem samin var yfir konúngs eignir á landinu árið 1639; enn fremur ef dýrleiki jarðanna, eptir jarðabók þeirri, sem var samin 1696 (eða 1695) yfir allar jarðir, eigi er hinn sami, sem enar seinni jarðabækur, er nú var getið, hafa á þeim, og sömuleiðis eins, þegar jarðabók 1760 og A. Magnússonar ber á milli um dýrleikann, og er hann þá í dýrleikadálkinum talinn eptir enni fyrrgreindu. Annars er það alkunnugt, að mat jarða til dýrleika aldrei hefir farið fram á Íslandi fyrr enn eptir aldamótin seinustu (eptir kon. úrsk. 18. Júní 1800), heldur er dýrleiki sá frá upphafi orðinn á jörðunum, sem lagður var til grundvallar, er farið var að tíunda þær, á elleftu öld og úr því, en hann gekk nokkuð upp og niður, er hann hlaut að fara eptir fénaðarhöldum til hvers tíma á jörðunum. Að segja frá mati því til dýrleika, er sett var á jarðirnar eptir aldamótin, þókti mèr lítils varðanda, er allir munu vera samdóma um, að það nú megi álítast fráleitt því sem er eða vera ber, og hefi eg því aðeins við yfirlitið yfir jarðatalið skýrt frá tölu jarðarhundraða, sem urðu við matið í hverri sýslu*.

Þareð jarðamatsbækur þær, sem nú voru nefndar, nákvæmlega skýra frá við sèrhverja jörð, hver á þeim búi, og hvort þeir sè eigendur jarðanna eða leiguliðar á þeim, hefi eg getið þess í skýrslunum á eptir jarðatali sýslu hverrar, um leið og sagt er frá vanalegum leigumála og fólkstali í hreppunum, hve mörg voru bygð ból í sýslunni og hve margir búendur, og meðal þeirra sjálfseignar-bændur, þegar matið fór fram, og er í mörgu tilliti eigi ófróðlegt, þannig að geta

*) Sjá um jarðabækurnar og jarðamatið Thorsteinson »*om de islandske Afgifter*», Kh. 1819, bls. 1—13.

borið ástand bygðarlaganna í þessum efnum saman, þá og nú á tímum.

Frá landskuldar hæð og kúgilda tölu á jörðunum* er skýrt (í landskuldar- og kúgilda-dálkunum), einkum af því það þókti geta orðið til upplýsingar um ástand og gæði jarðanna á fyrri tímum, og var líka að því leiti til stuðnings við yfirlit það, sem mèr þótti nauðsynlegt og í mörgu tilliti gagnlegt að hafa yfir jarðatalið, sem nokkrar eru jarðir á landinu, og þær eigi allfáar, sem hvorki fyrr nè seinna segir frá dýrleika á. Annars má þess geta um leigumála þenna, að hann allstaðar er hafður eptir jarðabók 1760, þar sem hann er tilgreindur á jörðunum í henni, eptir skýrslum þeim, sem Skúli Magnússon fèkk um hann frá sýslumönnum 1753 og 1759 (er leggja átti á tollinn til tukthússins), en á hjáleigunum sèr segir jarðabók þessi sjaldnast frá leigumála, en þar á móti Árni Magnússon, og er hann á þeim hafður eptir honum, nema þegar það ber við, að hann (á þeim) líka er tilgreindur af Skúla Magnússyni, og er, þegar svo er, skýrt frá í athugasemdunum, að leigumálinn sè hafður eptir honum á hjáleigunum. Eins þókti það líka ómaksins vert, að láta upplýsingar þær um leigumálann, er eg fèkk í einstöku hreppaskýrslum og um einstöku jarðir, koma fram í athugasemdunum, þegar hann var annar enn sá, sem Skúli Magnússon eða A. Magnússon segja á jörðunum, auk þess, sem brauðlýsingarnar innihalda, um leigumálann á lènsjörðum prestanna; og er það hvorki nè getur verið tilgangur minn með þessum upplýsingum, að setja nokkrum reglu með þeim, um leigumála jarðanna nú um stundir.

Annars er í brauðlýsingum þessum farið svo nákvæmlega eptir brauðskýrslum prestanna, þeim sem áður var ámint, sem varð, og hefi eg, þegar eg hefi verið í nokkrum efa um þýðingu innihaldsins hjá prestunum, jafnan haft sömu orðatiltæki, sem þeir hafa við sjálfir, um tekjur, hlynnindi og annmarka prestakallanna, eins og eg líka hefi skýrt frá um brauða útgjöldin, til uppgjafa-presta og fátækra presta ekkna, eins og þeir, þó eigi komi það ætíð sem bezt heim við ákvarðanir þær, sem þar að lútandi eru til; en með tilskipun 14. Febrúar 1705 átti að leggja uppgjafaprestum, í góðum og gildum landaurum

a. af *brauðum í Suðuramtinu:*

Stafafelli (bls. 16)	40 al.
Holti (bls. 47)	80 —
Breiðabólstað (bls. 49)	150 —
Odda (bls. 51)	100 —
Gaulverjabæ (bls. 79)	60 —

*) Sjá Thorsteinson s. st. bls. 143—156.

Landsbókasafn Íslands
Safnahúsið við Hverfisgötu
101 Reykjavík
Sími 525 5600

Hruna (bls. 80)	60	al.
Görðum (bls. 103)	60	—
Melum (bls. 119)	40	—
Reykholti (bls. 120)	60	—
b. *í Vestur amtinu:*		
Stafholti (bls. 138)	60	—
Hítardal (bls. 139)	100	—
Staðastað (bls. 159)	150	—
Setbergi (bls. 161)	80	—
Selárdal (bls. 190)	80	—
Holti (bls. 207)	60	—
Vatnsfirði (bls. 209)	80	—
Stað í Grunnavík (bls. 210)	40	—
Stað í Steingrímsfirði (bls. 219)	40	—
c. *í Norður amtinu:*		
Staðarbakka (bls. 247)	30	—
Melstað (bls. 248)	90	—
Breiðabólstað (bls. 249)	60	—
Grímstúngum (bls. 250)	15	—
Höskuldstöðum (bls. 252)	30	—
Glaumbæ (bls. 280)	40	—
Mælifelli (bls. 280)	15	—
Miklabæ (bls. 281)	20	—
Völlum (bls. 310)	60	—
Hrafnagili (bls. 311)	20	—
Saurbæ (bls. 313)	40	—
Laufási (bls. 333)	60	—
Grenjaðarstað (bls. 336)	100	—
Múla (bls. 337)	80	—
Sauðanesi (bls. 349)	10	—
Hofi (bls. 364)	90	—
Kirkjubæ (bls. 365)	80	—
Valþjófstað (bls. 366)	70	—
Vallanesi (bls. 382)	100	—
Skorastað (bls. 384)	30	—
Hólmum (bls. 384)	30	—
Kolfreyjustað (bls. 385)	40	— og
Heydölum (bls. 386)	100	—

eða þá í peningum, 5 al. á 1 mark specie, en eptir að búið var að meta brauðin að tekjunum til árið 1740, eru þau orðin fleiri, sem greiða eiga tillag til uppgjafa-presta. Aptur á móti var 5. Júní 1750 tilskipað af konúngi, að fátækum ekkjum presta af brauðum þeim enum beztu, sem konúngur veitir sjálfur, skyldi leggja 1 rd., af þeim, sem eru metin lægra enn 100 rd., en þó yfir 50 rd., 4 mk., af brauðum milli 40 og 50 rd., 3 mk., og af þeim, sem eru milli 30 og 40 rd., 2

mk. specie, þegar ekkja eigi er í brauðinu; prestar áttu þar að auki að greiða tillag til ekknanna, er þeim eru veitt brauðin, og var það ákveðið 2 rd. specie fyrir veitíngu konúngs, 1 rd. fyrir veitíngu brauðs, sem hann staðfestir, ef það er af enum betri, en 3 mk., sè það af þeim minni, en kalli stiptamtmaður án staðfestíngar konúngs prestinn, á hann að greiða 1 rd. Cróner ekkjunum til uppheldis, ef brauðið eigi er metið minna enn 30 rd., annars eigi. Þar að auki greiða nú prestar (eptir öðrum ákvörðunum) til ríkissjóðsins mest 28 rd. 3 mk. fyrir veitíngu konúngs til enna beztu brauða, og að því skapi fyrir staðfestíngu hans á veitíngu stiptamtmannsins til brauða þeirra, sem eru metin á 40 rd. eða þar yfir (sjá kon. br. 29. Janúar 1740). Um »pensión» ekkna af brauðunum var það líka ákveðið 5. Júní 1750, að þær af brauðum þeim, sem konúngur veitir, skyldu hafa til uppheldis $\frac{1}{8}$; af hinum, sem metið er að hafi meir enn 60 rd. árstekjur, $\frac{1}{10}$; og af þeim, hverra árstekjur eru 50—60 rd., $\frac{1}{12}$ hluta af tekjum þessum enum vissu, og mega ekkjurnar (meðal lènsjarðanna) velja sèr þá bújörð, er þeim þykir bezt tilfallin, og gengur þá jarðargjaldið uppí »pensión» ekkjunnar, þar sem hún nýtur hennar, eins og nú var sagt. Með tilliti til þessara ákvarðana þókti mèr eiga vel við, að greina frá mati brauðs hvers í brauðalýsíngunum, því sem ákveðið var með kon. br. 29. Janúar 1740, þó langt sè frá, að það samsvari ástandi brauðanna og tekjum þeirra, eins og högum nú er orðið varið við hvert þeirra um sig. Að öðru leiti sem prestum í Norður-amtinu, eptir brèfi háskóla- og skólastjórnarráðsins til stiptsyfirvaldanna frá 23. Júlí 1843 og konúngsúrskurði 24. Apríl 1846, nú er bætt mata sú upp úr jarðabókarsjóðnum, sem þeir mistu við sölu stólsjarðanna, hefi eg einnig í brauðalýsíngunum skýrt frá því, einsog yfirhöfuð frá öllum þeim tekjum, fyrir utan offur og aukatekjur, hlynd-indum, göllum og útgjöldum við brauðin, sem prestar sjálfir segja frá, svo nákvæmlega sem eg gat; þó þókti mèr síður eiga við, að greina frá útgjaldi prestanna fyrir aðhlynníng á kirkjustöðunum, sem mun fara eptir venju og samkomulagi á hverjum stað, en optast virðist gánga upp móti prestgjaldi kirkjubónda, enda skýra fæstir prestar frá þessum kostnaði, og sömuleiðis fæstir frá gjafarkostnaði eldishesta, er þeir þurfa að halda.

Þar sem sóknaskil hafa verið svo óljós eptir fólkstölu-listum prestanna, að eigi hefir orðið sèð með fullkominni vissu, hver þau sè, hefi eg getið þess í athugasemdum við brauðlýsíngarnar: en vegna þess, að mèr þótti bæði prestum og kirkna eigendum áríðanda, að vita, hverir bæir sè í sókn-inni, hefi eg þó allstaðar skýrt frá því, eptir sem eg hefi getað komizt næst, ef eg eigi (af tèðri orsök) gat sagt það með vissu;

Landsbókasafn 1987

þar á móti má (af brauðlýsingunum) komast að fullri raun um, hverjir bæir heyri undir prestakall hvert, og er prestum, er þeir sækja um brauð, þetta eigi hvað sízt áríðanda, er þeim undir eins er lagt fyrir sjónir, hvers kyns eignir jarðirnar í prestakallinu sè, og er það, með tilliti til tíundarfrelsis þess, sem stólseignirnar gömlu enn njóta, gefið til kynna við hverja jörð, með merkinu †, ef hún áður var stóls jörð, og er sama að segja um þörf á þessu fyrir hvern annan, sem tekur jarðar tíund; og þareð eg átti eins hægt með, að gjöra uppskátt við hverja jörð, ef hún áður var meðal klaustra eða konúngs eigna, sem hafa verið seldar síðan 1760, gjörði eg það líka, með merkinu *, við þessar jarðir, en í öðru tilliti þókti mèr það nokkurs varðanda, að skýra frá, við konúngs jarðirnar, sem eptir eru óseldar, undir hvaða umboð þær heyri, hver um sig.

Þareð fólkstölulistar prestanna, sem eg þannig hefi haft stuðníng af, allir voru eldri, enn hreppaskýrslur sýslumanna og hreppstjóra (sem eru samdir 1843—1846 og flestir á árunum 1844—1845, og er þess getið annaðhvort á eptir jarðatali hverrar sýslu eða í leiðrèttíngunum, hvert árið hreppalistarnir eru samdir, meðal annars með tilliti til ábúðar jarðanna) varð eg, um byggíngu jarðanna og ábúð, að fara eptir þeim seinni, og það líka vegna þess, að eigi er sagt frá í fólkstölulistunum, hvort heldur býli þau, sem þar er talið fólk á (31. Decbr. 1842) eru meðal jarða (eða grasbýla), eða þá tómthúsa eða þurrabúða (við sjáfarsíðuna), en í hreppaskýrslunum eru aðeins talin ból þau, sem hafa grasnyt, og önnur vilda eg eigi telja í jarðatalinu; en af því eg þó ástundum hefi orðið var við, að hlaupið var yfir jarðir, hjáleigur og grasbýli í hreppaskýrslunum, hefi eg þó eigi að síður talið þau með, ef þau voru talin bygð í fólkstölulistum prestanna, en þó þá því að eins að þau finnist í jarðabók einhverri, eða þá í jarðamatsbókunum eptir aldamótin, talin með jörðum, er eg annars óttaðist fyrir, að telja þau býlin með jörðum, sem í raun og veru eru tómthús, og eg ætlaði mèr að sneiða hjá, og hefir víðast hvar staðið svo á hreppaskilum, að þess eigi gætti með tilliti til fólkstölu hreppanna, hvort heldur býli þau (jarðir og tómthús), sem prestar telja, eru meðal jarða eða tómthúsa. Aptur á móti hefi eg talið býli þau öll með jörðum, sem prestar og sýslumenn eða hreppstjórar báðir nefna, þó eigi segi frá þeim í jarðabókunum, en þegar hvorugur nefnir jarðirnar, er þeirra aðeins getið í athugasemdunum, ef þeirra er getið í jarðabókunum, er eg þá hefi orðið að álíta þær lagðar í eyði; en sè útaf þessu brugðið, er sagt frá, hvers vegna.

Því má nærri geta, að eg eigi hefi getað samið jarðatalið eptir þeim mörgu skýrslum, er eg varð að hafa fyrir mèr

allar í einu, aðstoðarlaust, heldur hefi eg orðið að halda mann mèr til styrktar, sem gjörði handritið, einsog eg las fyrir, eptir skýrslunum og jarðabókunum, og höfum við þarnæst, þegar lokið var sýslu hverri, borið handritið svo nákvæmlega, sem unnt var, saman við skýrslurnar og einkum jarðabækurnar; og þareð mjög er hætt við, að tölustafir detti eða raskist undir prentuninni, hefi eg orðið að auka á mig fyrirhöfn þeirri, að bera allt saman á eptir að búið var að prenta, við handritið og jarðabækurnar, á sama hátt, og undireins og eg varð prentvillu nokkurrar, vangár eða skorts var, að auka við leiðrèttíngum þeim, sem bók þessi endar með, og hefi eg í þeim kappkostað að bæta úr því, sem mèr eptirá þótti vanta, einkum um að skýra frá öllum eyðijörðum og eyðihjáleigum þeim á landinu, sem jarðabækurnar, og einkum jarðabók A. Magnússonar, greina frá, enda varð mèr það í fyrstu á, að eg eigi allstaðar sagða svo ýtarlega frá þessum eyðibólum, sem mèr þókti óskanda, en eg byrjaði, einsog sjá má af leiðrèttíngum þessum og viðauka, í Suðuramtinu.

Sumum kann að þykja nokkuð ótrúlegt, að eg hafi leyst verk þetta af hendi á eigi lengri tíma enn eg hefi haft til þess, frá því um nýjárs-leitið, en bæði ber til þess, að svo langt er komið, að eg fyrirfram sá um, að búa mig svo út, bæði frá Íslandi, og líka með skýrslum þeim, sem eru fáanlegar í Rentukammerinu, auk jarðabókanna, að eigi yrði nein viðstaða á verkinu, er eg væri byrjaður á því, og líka er það rauplaust, þó eg segi, að eg hafi lagt mig til við það í alla staði, að brúkað vinnutímann með öllu því fylgi, sem eg átta kost á. Eigi að síður hefði eg á þessum tíma enganveginn komizt alla leið, hefði ekki landi vor, kandidat Jón Sigurðsson lètt undir með mèr, meðal annars með því, að ljá mèr útdrætti þá, sem hann, í öðru skyni, var búinn að gjöra af jarðabókunum yfir allt land, og hafa þeir verið mèr til stuðnings að því leiti einkum, sem eg, með þá í höndunum og augun um leið á jarðabókunum og hreppaskýrslunum o. s. frv., fljótt hefi getað fundið jörð hverja í jarðabókunum, og er það þannig orðið eigi síður honum enn mèr að þakka, að bók þessi nokkurntíma kom út, þareð það bæði varð að vera hèr í borginni, þar sem náð varð til hjálparmeðala annara, og líka á meðan eg átti kost á að vera hèr að heiman; og er það á hinn bóginn eins biskupi herra Thordarsen að þakka, að eg gat leyst verk þetta af hendi, með þeim hætti sem orðið er, með aðstoð bæði brauðlýsínga og fólkstölulista þeirra, sem hann svo fúslega lèði mèr til þess híngað. — Þó sagt sè frá jarðatölu, búenda, sjálfseignar bænda (eptir sýslumönnum og hreppstjórum) og fólks (31. Decbr. 1842) í hreppi hverjum og sýslu að framan, þókti mèr samt áríðanda að hafa yfirlit yfir allt þetta,

Hólskj. 15

einkum yfir dýrleika jarða (eptir jarðatalinu) í hreppi hverjum, sýslu og amti, á einum stað, og það þannig, að sjá mætti jöfnuð ámilli dýrleika á beneficiis og lensjörðum presta, konungsjörðum, bændaeignum og fátækra og spítala eignum, í hreppum, sýslum og ömtum innbyrðis; og var það eigi alllítil fyrirhöfn, að semja yfirlit þetta, svo vel færi og rètt, en þeirri fyrirhöfn ætla eg eigi hvað sízt varið.

Úr því eg á annað borð var farinn að skýra frá fólkstölu á landinu, þókti mèr því rúmi vel varið, sem brúkað er til fólkstölu í prestakalli hverju, árin 1801, 1835, 1840 og 1845, en það er dregið út úr töflusafni því (»*Statistisk Tabelværk*»), sem hèr er gjört, og haldið er áfram fyrir Danaríki, og þar í aðeins brugðið af frá töflusafninu, að fólkið eigi hèr er talið, eins og þar, í hverri sókn (sem mèr þókti síður áríðanda), heldur í prestakalli hverju, og er það, þar sem fleiri sóknir eru enn ein, talið saman eptir safninu í öllum sóknum brauðs hvers, og svo í sýslu hverri og amti, og er þar við athuganda, að sýslu skil og enda amta sumstaðar eru önnur, þegar farið er eptir skiptíngu prestakalla, enn þegar hrepparöð er höfð við, og að fólkstalan því í einstöku sýslum og ömtum eigi er einmitt sú, sem höfð er í þeim á þenna hátt, eða eptir fólkstölulistum prestanna í hverri sókn, sem eru lagðir til grundvallar, og er, þegar svo stendur á, skýrt frá því aptanvið jarðatal sýslnanna og í brauðlýsíngunum.

Þareð mèr vannst tími til að semja ágrip af búnaðartöflum landsins, þókti mèr eins það ómaksins vert, og hefi eg meðal annars þess vegna tekið svo mörg ár fyrir, sem gjört er, að það því að eins verður sèð, í hverju töflum þessum kann að vera ábótavant, til þess að þær geti lagt fyrir sjónir eð rètta og sanna um fjár-magn og hag sýslu hverrar, á hverjum tíma; en eigi var auðið að gefa skýrslu um fjártölu hreppanna, hvers um sig, eptir búnaðartöflunum.

Í skýrslum þeim, sem hèr koma fyrir sjónir um sölu konúngs og stóls jarða, þókti mèr áríðanda, að tilgreina við jörð hverja afsalsbrèf konúngs, sem eru til, eða úrskurði fyrir sölunni, einkum vegna þess, að opt ber svo undir, að menn þurfa að vita innihaldið nokkuð gjör, og að þess þá því að eins er kostur, ef vísað er á það, þar sem það er að finna, þegar afsalsbrèfin, sem opt kemur fyrir, eru farin forgörðum, og þau eigi heldur eru til í afsalsbrèfabókunum á landinu.

Þannig hefi eg í stuttu máli, en þó laungu, gjört nokkra grein fyrir, hvernig bók þessi er komin undir, og verða nú lesendur, hver um sig, að dæma um, til hvers gagns og nota hún má verða þeim, en það get eg borið um sjálfur, að enginn hefði tekið mèr fram um það, að *vilja* láta hana koma löndum mínum að liði, sem framast er kostur á, og að enginn hefði

unnið betur að þessu augnamiði, eða með meira fylgi og álúð, erfiðismunum og kostnaði, enn eg vilda vinna, og varla neinn með meiri eirð gætt þess, að frá öllu sè sagt sem sannast og rèttast, samkvæmt því, sem eg hefi haft fyrir mèr um hvað eina, hvort heldur það hefir verið samanhángandi ræða eða tölustafir, sem bók þessi mest megnis stendur saman af, og eigi ætíð er gamans verk að eiga við.

Kaupmannahöfn, 12ta dag Maí mánaðar 1847.

J. J.

Hdskj. 15

		dýrl.	landsk.	kúg.	ábúendur
227. Giljar	Þbkle.	12	1,10	3	2 l.
228. Skammárdalur[11]	½ Kbkle. og ½ be.	24	2,60	6	3 l.
229. Skagnes (Nes)	Þbkle.	12	1,60	4	2 l.
230. Fjós	be.	10	1,0	2	2 l.
231. Breiðahlíð	be.	10	1,30	3	1 eig.
232. Stóridalur	be.	10	1,30	3	1 eig.
233. Neðridalur	be.	10	1,30	2	2 l.
234. Kaldrananes[12]	be.	10	1,30	2	1 l.
235. Brekkur[13]	Kbkle.	24	2,60	6	5 l.
236. Rauðháls	Dyrh. kke.	16	1,70	4	3 l.
237. Ketilstaðir	Þbkle.	24	3,0	6	3 l.
238. Dyrhólar[14]	be.	24	7,17	9	2 eig.
239. Litluhólar	hjál.	..	...	..	1 l.
240. Garðakot	hjál.	..	...	..	1 l.
241. Loptsalir (Lopt)	hjál.	..	...	..	1 eig.
242. Dyrhólahjáleiga	hjál.	..	...	..	1 eig.
243. Norðurgarður	hjál.	..	...	..	1 l.
244. Vatnskarðshólar	hjál.	..	...	..	1 l.
245. Skarðshjáleiga (Skarð)	hjál.	..	...	..	1 eig.
246. Hvoll[15]	Þbkle.	24	1,90	4	4 l.
247. Hryggir[16]	Þbkle.	12	1,10	3	3 l.
248. Steig	Dyrh. kke.	10	0,60	2	1 l.
249. Keldudalur[17]	be.	12	0,100	4	1 l.
250. Holt[18]	be.	24	2,0	..	2 l.
251. Álptagróf	hjál.	..	...	..	1 l.
252. Fell.[19] Sólh. og Dyrh. pr. lènsj.		12	0,100	4	prestur
253. Þèturseý	be.	60	5,5	5	4 eig. að 37⅓ h. og 3 l.
254. Sólheimar eystri	be.	24	2,0	5	1 eig. að ⅔ j. og 1 l.
255. Sólheimar ytri[20]	be.	120⅙	5,50	14½	5 eig. að j.
256. Sólheimahjáleiga	hjál.	..	...	..	1 l.

11) Skoðunargjörðin lætur landskuldina á klausturpartinum vera 1 h. 80 al., en áður var helmíngur, bæði leigumála og dýrleika, á hvorum partinum um sig.

12) Prestur nefnir og »Kárhólma», sem býli í Höfðabrekku sókn, en þareð þess hvergi annarstaðar finnst getið, er því hèr sleppt.

13) 1769 er landskuldin hèr gjörd 3 h. 80 al.

14) Sýslumaður, sem einn telur Dyrhóla alla 52 h. að dýrleika, nafngreinir eigi hjáleigurnar, en segir, að 5 eigendur (hvaraf 4 eigi 6 h. hver og einn 1 h.) og 4 leiguliðar búi á eign þessari. Jarðabækurnar nefna eigi Dyrhólahjáleigu, Vatnskarðshóla nè Skarðshjáleigu, en þar á móti »Vesturhús» og »Austurhús», »Hóla» og »Haug», sem prestur eigi nefnir. Það, sem þær nefna »Skarð», er hèr látið vera Skarðshjáleiga, og það, sem þær nefna »Lopt», er hèr líka kallað Loptsalir, eptir prestinum. Að ¼ hluti af Dyrhólum var konúngseign þángað til honum var makaskipt 1643, sèst af Ketils. II. bls. 379 og 436.

15) Skoðunargjörð 1769 setur hèr 2 h. lsk. og 6 kúg.

16) 1769 er hèr sett 1 h. 60 al. lsk.

17) Um þetta bil er Miðhúsa getið í jarðabókunum, en hvorki prestur nè sýslumaður nefnir býli þetta. 1806 eru Miðhús þar á móti talin með Reynisholti (210).

18) Sýslumaður telur jörð þessa aðeins 18 h. að dýrleika, en Álptagróf 6 h.

19) Hèr gjörir skoðunargjörðin 1 h. 20 al. lsk. Sjá 224. 1697 er hèr getið um 60 al. útsvar til fátækra, er varði við 1769, og vissu menn engin skil fyrir því, nema, að sögn manna, að sá hafi mælt svo fyrir, sem gaf klaustrinu jörðina.

20) 1806 er jörð þessi (hálf bænda eign og hálf eign kirkjunnar) talin aðeins 100 h., og hjáleigan sèr 7⅙ h.; sýslumaður þar á móti telur alla jörðina 100 h., en í jarðabókunum (enum eldri, 1760) er hún sögð 120⅓ h.

Sýslumaður skýrir frá, að í *Bæjar hreppi* (þar voru, eptir skýrslu prests við árs lokin 1842, 177 manns) sè 10 al. vanaleg lsk. af jarðar hundraði hverju og 1 kúg. á hverjum 6 jarðar hundruðum, þó sè þar engin kúgildi á bænda eignunum; í *Bjarnaness hreppi* (567 m.) 5 al. af hverju hundraði, en kúgildi sè aðeins á Bjarnaness umboðs- og kirkjujörðum; í *Borgarhafnar hreppi* (236 m.) 4 al. af einu hundraði, en kúgildi aðeins 9 í öllum hreppnum, og þaraf 5 á lènsjörðum prestsins; í *Hofs hreppi* (203 m.) er vanalegs leigumála eigi getið; í *Kleifa hreppi* (626 m.) 10 al. af hverju jarðar hundraði og kúg. 1 á hverjum 6 hundruðum; í *Leiðvallar hreppi* (673 m.) sama lsk., og 1 kúg. á hverju 7. eða 8. jarðar hundraði, og í *Dyrhóla hreppi* (772 m.) sama lsk., nema á Ytri Sólheimum, hvar 5 al. gjaldist af hverju hundraði, og kúg. sè 1 á hverjum 6 hundruðum bænda eigna, en á 4 hundruðum hverjum konúngs eigna.

Í sýslunum báðum eru þannig 3,254 manns, og, einsog að framan sèst, að hjáleigum með töldum, 256 jarðir, en (þegar sambýlin öll — að undanteknu húsfólki — eru talin) 424 búendur, og búa 78 þar af, að nokkru eða öllu, á sjálfs-

slægjulítið, en hagagaungu jörð góð. Taða fæst á 20 og úthey á 100 hesta. Selveiði er nokkur á vorin. Ítök nokkur og fjörur liggja undir jörðina, samkvæmt Vilkins máldaga. Kálfafellskot er leigt með 60 al. og Maríubakki með 50 al. lsk., en afgjalds af Blómsturvöllum er eigi getið. Fasteignar tíund er hèr eigi talin, en lausafjár tíund, að 5 ára meðaltali, 78 f., heytollar 9, en dagsverk ekkert. Söknarmenn: 94.

7. *Kirkjubæjar klaustur* (á Síðu), þ. e. bæirnir 100—120 og 123—145. Brauðið er metið 43 rd. 1 mk. Lènsjörðin Prestsbakki framfærir 4 kýr, 60 ær, 40 sauði, 10 lömb og 8 hross; hún er fremur landlítil og harðbalaleg. Af töðu fást þar 130 hestar, af valllendi 30 og af útheyi 160. Prestur leigir Prestbakka með 60 al. lsk. og 1 kúgildi, og Prestbakkakot með 40 al. lsk., en lènsjörðina hálfan Foss með 100 al. lsk. og 2 kúg., og nýbýlið Slèttaból (102), með 70 al. lsk. Af klaustrinu eru prestinum goldin 5 h. á landsvísu (Canc. br. 13. Mai 1817) og af Hörgslands spítala (þegar þar er ómagi) 4 rbd. Fasteignar tíund 19 f., lausafjár tíund, að 5 ára meðaltali, 380 f., heytollar 71 og dagsverk 22. Presturinn svarar 54 sk. af brauðinu. Söknarmenn: 508.

8. *Ásar (í Skaptártúngu);* og eru í Búlands sókn bæirnir 121—122 og 178—184, en í Ása sókn: 146, 174—177 og 185—188*. Brauðið er metið 16 rd. 5 mk. Prestsetrið Eystri Ásar framfærir 5 kýr, 60 ær, 20 sauði, 30 lömb og 10 hross, og fást af því 100 töðuhestar og 200 útheyshestar. Það er landlítið og örðugt, er mikið af heyskapnum verður að sækja yfir ferjuvatn (Eldvatnið), og brýtur vatnið bæði af túni og eingjum; með Ytri Ásum hefir fylgt lítið skógarpláz eða ítak í Hrífuness landi, og 720 faðma fjara (hálf Ása fjara) í Meðallandi. Af Búlands kirkju eign fær presturinn 8 fjórð. smjörs. Fasteignar tíund 18 f., lausafjár tíund að 5 ára meðaltali 96 f., heytollar 19 og dagsverk 5. Staðnum fylgja 2 kúg., þ. e. 1 kýr og ferjubátur á Ása Eldvatni. Söknamenn: 193.

9. *Meðallands þing* (Lángholts sókn); þ. e. bæirnir 147—173. Brauðið er metið 22 rd. 2 mk. Prestinum er eigi lögð nokkur bújörð, en hann hefir búið til leigu á Lángholti. Af lènsjörðu prestakallsins, Eystri Skógum í Rángárvalla sýslu (1), fær hann 8 fd. smjörs (og heyrt hefir hann, að þaðan hafi verið 2 rbdala vorgjald, en segir þó, að ekkert sè þar kúgildi nè kvaðir), og af klaustrinu 1 h. og 60 al. (Canc. br. 13. Mai 1817) optast nær í smjöri. Fasteignar tíund er hèr engin, en lausafjár tíund, að meðaltali í 5 ár, 200 f., heytollar 62 og dagsverk 26. Söknarmenn: 375.

*) Hèr eru sókna skil nokkuð óljós eptir prests-skýrslunni.

10. *Þykkvabæjar Klaustur* (í Álptaveri, Þykkvabæjar sókn), þ. e. bæirnir 189—200. Brauðið er metið 24 rd. Prestsetrið framfærir 5 kýr, 3 geldneyti, 80 fjár og 10 hross, og er í meðallagi til heyskapar og haga, og fást þar 60 töðuhestar og 210 útheyshestar; en jarðarkostir eru: selveiði, og meltak í Niðurfjöllum. Ítök eru talin: Fjara, »Mýrnatángi» kölluð, og fyrir utan Mýrnabót 1200 faðmar; geldfjár upprekstur í Atley, Einhyrningsfjöllum og Merkigiljum. Af klaustrinu fær presturinn 5 hundruð á landsvísu (Canc. br. 13. Mai 1817). Fasteignar tíund er engin, lausafjár tíund að 5 ára meðaltali 100 f., heytollar 21 og dagsverk 5. Söknarmenn: 129.

11. *Reynir* (í Mýrdal); og eru í Höfðabrekku sókn bæirnir 201—204 og 216, en í Reynis sókn 205—215 og 217—234. Brauðið er metið 21 rd. 1 mk. Prestsetrið framfærir 6 kúa þúnga, 80 ær, 60 sauði, 20 lömb og 8 hross, og er jörðunni talið til gildis töluvert landrými og landgæði fyrir búsmala, svo og silúngsveiði í Heiðarvatni. Af túninu fást 80 og af eingjunum 260 hestar. Litla Heiði er bygð með 50 al. lsk. og 1 kúg., og er þaðan áskilinn skips áróður. Af Höfðabrekku kirkju eign fær presturinn 11, af Reynis kirkju eign 10 og í bænhústoll af Stóradal, eða þeim svo nefndu Dala jörðum, 4 fd. smjörs, svo hafa og að undanförnu verið goldnir 2 fd. smjörs í seltoll frá Reyni, en sem eigi lengur er krafinn. Fasteignar tíund 62½ f., lausafjár tíund, að 5 ára meðaltali, 214 f., heytollar 54 og dagsverk 19. Söknamenn: 411.

12. *Sólheimar* (í Mýrdal); og eru í Dyrhóla sókn bæirnir 235—248, og í Sólheima sókn 249—256. Brauðið er metið 26 rd. 3 mk. Prestsetrið Fell er heyskaparjörð góð og hagasæl, en heldur hagaþraung; þó er slægjulandið undirorpið sand- og grjót-áburði úr jökulánni Klifanda; það framfærir 8 kýr, 1 eldishest, 4 geldneyti, 140 fjár fullorðið, 40 lömb og 10 útigángshesta. Þar fást 100 töðuhestar, 200 vallendis hestar og 160 eingjaheys hestar. Jörðunni er jafnframt talið til gildis skógarhögg í Hrífuness skógi (188) og afrètt fyrir 60 lömb; en þar á móti til útsvars handa sveitarómögum, skirtunna, eða 80 fiska virði, og kallast þetta »Fellstollurinn» (sjá 252). Af Sólheima kirkju eign fær presturinn 16, en af Dyrhóla kirkju jörðum, Rauðhálsi og Steig, 14 fd. smjörs. Fasteignar tíund 108 f., lausafjár tíund, að 5 ára meðaltali, 218½ f., heytollar, sömuleiðis, 44 og dagsverk 7. Söknamenn: 361.

Hdskj. 15 91

TÍÐINDI

FRÁ

ALÞÍNGI

ÍSLENDÍNGA

ANNAÐ ÞÍNG

1. JÚLÍ TIL 7. ÁGÚST

1847.

Ritnefndarmenn:

Jón Sigurðsson
kandíd. philos.

Jón Guðmundsson
umboðsmaður.

REYKJAVÍK, 1847.

PRENTAÐ Á KOSTNAÐ ALÞÍNGIS, Í PRENTSMIÐJU LANDSINS
af Helga prentara Helgasyni.

HÁSKÓLABÓKASAFN

Hdskj. 16

00088

92

og tekin var af ásigkomulagi landsins, var sú, að annars mundi ofþýngja á sjóplázunum vegna þess, að fjöldi fólks, sem ekki geta haldizt við í sveit, flytja að sjó, og hafa þar ofanaf fyrir sèr í nokkur ár, en geta þó ekki síðan komizt þar af hjálparlaust.

En þrátt fyrir það, yrði það þó einganveginn sanngjarnt hvernig sem á stendur, að þeir sem í 5 ár hafa ofanaf fyrir sèr við sjó, skyldi verða reknir á þann hrepp, sem þeir fyrir mörgum árum síðan hafa dvalið í um 10 ár, eða jafnvel á fæðíngarhreppinn. Auk þessa var þess við meðferð málsins getið, að komast mætti hjá vandkvæðum þessum í sjóplázunum ef þess væri nákvæmlega gætt, að farið væri eptir 21. gr. í reglugjörðinni, og var því einganveginn mótmælt. En væri nú svo, að menn í sjóhreppunum notuðu ekki lagaboð þau, sem gefin eru út til að koma í veg fyrir að ofmargir setjist þar að af þessháttar mönnum, sem ekki hafa nóg fyrir sig að leggja, vegna þess menn vildu hafa notin af vinnu þeirra, virðist það og sanngjarnt, að hreppar þessir sjái fyrir þeim, ef þeir, þegar 5 ára tími er liðinn, verða þurfandi.

Þó nú kansellíið þannig ekki gæti fullkomlega sannfærzt um, að frumvarp það, er alþíng hafði gjört, mundi breyta til batnaðar því, sem nú er, og þó virðast mætti, að ofmikið hafi verið gjört úr einstöku vandkvæðum, sem reglur þær, er nú eru í gildi um sveitar rèttindi, eins og hverjar aðrar reglur, hafa í för með sèr, varð tèð stjórnarráð þó, eins og hið konúnglega rentukammer, að viðurkenna, að það væri náttúrlegt, í öðru eins máli og þessu, að farið væri að áliti alþíngis, þegar ekki órækar ástæður mælti í móti, og áleit kansellíið því rèttast, að búa til lagafrumvarp samkvæmt því, og leggja fyrir þíngið.

Viðvíkjandi 2. atriði bænarskrárinnar ber þess einúngis að geta, að nauðsyn muni á, til að komast hjá öllum efa og ágreiníngi, að tekinn sè til viss frestur fyrir allt land, þá 5 ára dvöl ekki leingur nægi til að afla sveitarrèttinda í einum hrepp; þótti mega miða tímabil þetta við 1. Júlí eða 1. Jan. eptir, nær vanta má að lagaboð þetta verði almenníngi kunnugt.

Samkvæmt því, sem að framan er talið, var samið frumvarp til opins brèfs um breytíng á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit, eptir 6. grein í reglugjörðinni 8. Jan. 1834, og var það þann 17. Marts 1847 allramildilegast samþykkt, einsog það nú verður lagt undir álit alþíngis.

II.

Frumvarp

tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

---

1. grein.

Á landi Voru Íslandi skal setja nýjan dýrleik á allar jarðir sem fyrst má verða.

2. grein.

Til að meta jarðirnar sem við þarf til dýrleikans skal sýslumaður, með ráði prests og hinna beztu hreppsbænda, nefna til 3 menn fyrir hvern hrepp. Sýslumaður skal því ráða, í hverjum hrepp upp skuli hefja að meta jarðirnar, og skulu það þar starfa þeir menn 3, er til þess voru nefndir. En þá er lokið er hinum fyrsta hrepp, skulu 5 menn meta jarðirnar í hverjum hinna hreppanna, en það eru þeir menn, er í þeim hrepp voru til nefndir og tveir af þeim mönnum, er áður hafa verið að slíku starfi í hinum næstu hreppum þar í kríng, og sem sýslumaður álítur bezt til þess hæfa.

Sýslumenn skulu vera fyrir störfum þeirra, en eiga þó ekki atkvæðisrètt um virðínguna.

3. grein.

Virðíngarmenn skulu meta hverja jörð til peníngaverðs, að því, sem slíkar jarðir verða seldar eptir gæðum sínum.

4. grein.

Rentukammer Vort skal skipa fyrir um það, hvernig fara skuli með virðíngar jarðanna, mótmæli þeirra, er hlut eiga í

Hdskr. 16 93

og rannsókn virðínganna í hverri sýslu, og hvernig á endanum skuli setja dýrleik á hverja jörð.

5. grein.

Sýslumenn skulu hafa 3 rbd. fyrir dag hvern, meðan þeir eru að virðíngum jarðanna og rannsóknum virðínganna, en virðíngarmenn og rannsóknarmenn 1 rbd. Skulu þeir ekki önnur laun hafa fyrir starfa sinn, nè annað endurgjald fyrir ferðakostnað.

6. grein.

Allan kostnað, sem af þessu efni leiðir, skal fyrst greiða úr jarðabókarsjóði Íslands. En síðar mun það ákveðið með konúnglegri tilskipun, hvernig endurgjaldinu skuli jafna á jarðirnar.

Ástæður

fyrir frumvarpi til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Formaður embættismannanefndar þeirrar, er konúngsfulltrúinn á alþíngi, kammerherra, stiptamtmaður Bardenfleth, samkvæmt konúngsúrskurði, dags: 23 Apr: 1845, setti þann 6. Aug. s. á., og sem meðal annars átti að rannsaka og síðan rita frumvarp um, hvernig koma mætti betra skipulagi á skattgjaldslögin á Íslandi, sendi, þá er tèð nefnd í haust er var hafði lokið störfum sínum, rentukammerinu álitsskjal það, sem meiri hluti hennar hafði samið í áðurnefndu máli, ásamt ágreiníngsatkvæði frá einum af nefndarmönnum.

Þareð rentukammerið, er átti að fara með mál þetta, átti, að boði konúngs, að segja álit sitt um bænarskrá, er komin var frá alþíngi um rýmkað verzlunarfrelsi á Íslandi, voru þessi 2 mál teingd saman, vegna þess að skatta þá, er kynnu að leiða af rýmkuðu verzlunarfrelsi, verður að taka til greina þegar breyta á hinum almennu skattgjaldslögum.

Allir nefndarmenn höfðu samt verið á eitt sáttir um það, að nokkurn hluta af skattgjaldi því sem nú er, ætti, þó skattgjaldslögunum yrði breytt, að leggja á jarðirnar, þarámóti

kom þeim ekki öllum ásamt um, hversu stór sá hluti skattgjaldsins skyldi vera. Auk þessa kom þeim öllum saman um, að, ef þetta ætti að framkvæma, þyrfti nýtt jarðamat á Íslandi. Rentukammerið var einnig samdóma í þessu, og var því samið lagafrumvarp um þetta efni, til að leggja fyrir alþíng það er nú skal halda.

Þegar tèð frumvarp var samið, var það haft fyrir augum, að jarðadýrleikinn á Íslandi yfirhöfuð er svo misjafn, að ekki er að hugsa til að lagfæra hann með því, að taka af ójöfnuðinn í einstöku sýslum eða hèruðum, þar svo getur á staðið á sumum stöðum, að jarðadýrleikinn, jafnvel í heilli sýslu, kann stundum að vera helmíngi hærri enn í annari, eða jafnvel meira á stöku stað, og verður því við hið nýja jarðamat alls ekki farið eptir jarðadýrleika þeim, sem nú er.

Þar sem nú þannig verður að hugsa fyrir, að búa til nýja jarðabók frá rótum fyrir Ísland, þá er það viðurkennt af öllum, að það leiði óumflýjanlega af ásigkomulagi landsins, að ekki sè að hugsa til, að meta nokkra jörð eptir sjálfum landsgæðum þannig, að tiltekin verði viss jörð til fyrirmyndar, og miðað við hana aflamegin og gæði annara jarða, því fyrst og fremst væri aðferð sú óhafandi sakir örðugleika þeirra, sem eru á að fá hæfilega menn til þessa starfa, og auk þessa mundi, þó þessu væri öðruvísi varið, gánga til þess fjarska mikill tími og kostnaður, vegna víðlendis jarðanna og annars ásigkomulags þeirra.

Nú mætti að sönnu útvega skýrslur um, hvað ein jörð gefur af sèr, eða hefir gefið af sèr að fornu lagi, eða um arrakstur hennar að fornu og nýju, og kann það þó opt að veita örðugt, en fyrir það veit maður þó ekki verð jarðarinnar svo gjörla, að á því megi byggja skuldsetníng hennar.

Til að setja nýjan dýrleik á jarðirnar á Íslandi virðist því ekki verða höfð önnur aðferð enn sú, að láta meta þær til peníngaverðs af skynsömum mönnum, sem þekkja vel til og hafa verið leingi í þeim sveitum, þar sem jarðirnar liggja, og eru því nákunnugir bæði aflamegni þeirra og öllum gæðum og annmörkum er þeim fylgja, og skyldi þeim, ef þá stöku sinnum kynni að bresta nauðsynlega þekkíng, vera heimilt, að kalla til ráðaneytis þá menn, er vænta má að geti gefið skýrslur þær, er viðþarf.

Nefnd sú, er áður var getið, var einnig á því máli, að sú

Hbs. 94

einasta aðferð, sem höfð yrði við jarðamat á Íslandi án afarmikils kostnaðar og tímaspillis, væri, að láta jarðirnar meta af nákunnugum mönnum.

Hafði og nefndin tilgreint reglur nokkrar, er fylgja mætti við jarðamatníngunа, og voru reglur þessar, að áliti rentukammersins, yfir höfuð að tala vel til fallnar.

Þarámóti virtist, að nefndinni hefði tekizt miður að ákveða grundvallarreglurnar fyrir sjálfri skuldsetníngunni, þarsem hún ekki hafði ákveðið neitt um, hversu mikið ætti að gjöra úr þeim einstöku atriðum, sem jarðarverðið er metið eptir, þegar þeim er jafnað saman bæði hverju við annað og við jörð þá, sem tekin er til fyrirmyndar, enda er það ei heldur svo hægt, þarsem eingin þvílík jörð er til; en allt þetta hafði nefndin falið virðíngarmönnum á vald; en á hinn bóginn hafði hún þó ætlazt til, að virðíngarmenn ætti að skuldsetja jarðirnar samkvæmt mati því, er þeir áttu að gjöra.

Þarsem nú ýmsir menn eiga að meta dýrleik jarðanna á ýmsum stöðum, er það bert, að ekki yrði viðhafður sami mælikvarði allstaðar við matið. Að sönnu hèlt nefndin, að mönnum væri það innprentað, hverja jörð ætti að taka til fyrirmyndar, en nefndin er þó eflaust hèr á raungum vegi, því þetta geta menn ekki vitað, nema með því, að jafna saman einstaka jörðum, er liggja ekki leingra hver frá annari enn í sama hrepp, hèraði, eða, í mesta lagi, sömu sýslu.

Með því nú jarðadýrleikinn um lángan tíma, í mörg hundruð ár, hefir verið svo gagn-ólíkur í ýmsum bygðarlögum, þá leiðir af því, að eptir öllu öðru verður að fara þegar velja á jörð til fyrirmyndar á einum stað enn á öðrum. Þarsem nú nefndin hefir ætlazt til, að virðíngarmenn skyldi fylgja þeirri reglu: að skuldsetníngin með eingu móti ætti að vera í því innifalin, að halda sömu hundraðatölu og híngaðtil, eða að jafna henni öðruvísi niður, annaðhvort á einstakar sveitir eða heilar sýslur, heldur ætti að hækka hundraðatalið yfirhöfuð í þeim sveitum eða hèruðum landsins, þarsem skuldsetníngin híngaðtil hefði verið of lág, en aptur á móti mínka það þar, sem hún hefir verið of há, — Þá mundi af reglu þessari einúngis leiða, að ójöfnuðurinn á skuldsetníngunni yrði tekinn af í einstöku hèruðum, en ekki milli hèraðanna sjálfra innbyrðis.

Til þess nú að koma jöfnuði á, er það öldúngis nauðsynlegt, þegar setja á nýjan jarðadýrleik á ymsum stöðum af

ymsum mönnum, þeim er kunnugir eru, að finna þvílíka stærð eður mælikvarða fyrir matinu, sem vænta má að þeir þekki allir. Mælikvarði þessi getur einginn annar verið enn peníngaverð jarðanna í kaupum og sölum eptir ásigkomulagi þeirra sjálfra, þar svo má ráð fyrir gjöra, að ekki sè sá mismunur á peníngaverði á ýmsum stöðum á Íslandi, að það geti truflað þann jöfnuð á jarðamatinu sem á því er bygður. Það virðist því rèttast, að koma nýjum jarðadýrleik á á Íslandi með því móti, að kunnugir menn væri látnir meta allar jarðeignir til peníngaverðs, og þóttist rentukammerið þess fullvíst, ekki að eins, að jarðamat þetta mundi koma meira jöfnuði á skuldsetníng jarðanna enn híngaðtil hefir verið, heldur og einnig verða hæfilegur mælikvarði fyrir verði eignanna.

Viðvíkjandi aðferð þeirri, er samkvæmt grundvallarreglum þessum ætti við að hafa við tèð virðíngarstörf, hefir það verið tekið til yfirvegunar í rentukammerinu, hvort ekki mætti fara að því á þann hátt, er nú segir:

Svo snemma vors 184.., sem unnt er, skyldi sýslumaður með ráði prests og hinna beztu hreppsbænda nefna til 3 menn til að meta allar jarðir er þar liggja, hver sem þær á.

Skyldu þeir einkum til starfa þessa velja þá menn, sem annaðhvort eru eða hafa verið hreppstjórar. Menn þessir skyldu vinna eið fyrir sýslumanni, að leysa starf þetta af hendi eptir beztu vitund og samvizku.

Sýslumenn skyldu því ráða, í hvaða hrepp byrja skuli að meta jarðirnar, og eiga þá að því að starfa þeir 3 menn, er til voru nefndir.

En þá lokið er virðíngargjörð í hinum fyrsta hrepp, skyldu 5 menn meta jarðirnar í hverjum hinna hreppanna, en það eru þeir 3 virðíngarmenn, er í þeim hrepp voru tilnefndir, og 2 af þeim mönnum, sem verið hafa að virðíngu áður í hinum næstu hreppum þar í kríng, og sem sýslumaður álítur bezt til þessa hæfa.

Virðíngarmenn ættu að meta sèrhverja jörð í hreppnum út af fyrir sig til peníngaverðs þess, er hún, eptir gæðum sínum, hefir í kaupum og sölum, og skyldi í erindisbrèfi þeirra nákvæmar tiltaka aðferð þá, er við skyldi hafa.

Nú liggja hjáleigur undir jörð nokkra, en hafa þó ekki

landamerki sèrílagi, þá skal þær meta í einu lagi með jörð þeirri, er þær liggja undir.

Sýslumenn skyldu stjórna virðíngargjörðunum og leiðbeina virðíngarmönnum í öllu er þartil heyrir, en eiga þó ekki atkvæðisrètt um virðínguna. Allt það sem fram fer við virðínguna eiga þeir að bóka í 2 gjörðabækur og skyldi amtmaður löggilda þær. Skyldi í aðra þeirra bóka allt það, er gjörist við jarðamatið, en í hina verð það, er hver jörð er metin til. Skal sýslumaður ásamt virðíngarmönnum rita nafn sitt undir bækur þessar, þegar virðíngunni er lokið í einum hrepp. Prestar mætti að sönnu vera viðstaddir jarðamatið til ráðaneytis, en eiga þó ekki atkvæðisrètt. Svo skyldi og virðíngarmönnum heimilt, að kalla til hvern þann búanda mann í hreppnum, er þykir geta gefið skýrslu um málið.

Sýslumenn skyldu gæta þess, að virðíngargjörðunum yrði flýtt svo sem verða mætti, og að þeim, þá þeim er lokið í einum hrepp, verði haldið áfram svo fljótt sem verður í öðrum hrepp.

Þegar virðíng væri lokið í einum hrepp, ætti sýslumaður að láta taka 2 eptirrit af gjörðabók þeirri, er verð jarðanna stendur í, og síðan afhenda presti annað af þessum eptirritum en hitt hreppstjóra, og ætti þau svo, til eptirsjónar öllum þeim er hlut eiga að máli, að liggja hjá presti og hreppstjóra að minnsta kosti í heilan mánuð eptir að þau eru send þeim, og sjálfsagt til Júlí-mánaðar útgaungu. Þyki þá nokkrum jörð, sem hann á með, ránglega metin, skal hann kæra það fyrir sýslumanni, og rita um það skrá, og færa rök til, og á hann, ef það skal til greina taka, hafa gjört það áður áminnzt tímabil er útrunnið.

Til að rannsaka áðurnefndar virðíngagjörðir, ætti sýslumaður ásamt prófasti að nefna til 5 af þeim mönnum, sem unnið hafa að tèðum starfa þar í sýslu, og skal hann kveða menn þá til fundar einn hinn fyrsta dag í Aug. mán. á hentugum stað. Menn þessir ættu að sverja sýslumanni sama eið og áður er sagt um virðíngarmennina. Skyldu þeir ekki að eins leiðrètta villur þær, er á kynni að hafa orðið við matið, heldur og dæma um aðfinníngar þær, sem fram eru komnar gegn virðíngarverði jarðanna, og ætti sýslumaður að stjórna gjörðum þeirra og leiðbeina þeim, en þó ekki hafa atkvæðisrètt við úrskurðinn. Ef nokkur af þessum mönnum áður hef-

ir átt þátt í virðíngu jarðar þeirrar, sem þræta er um, yrði hann að hverfa frá meðan úr þrætunni er skorið og svo einn af hinum er sýslumaður tekur til; verða þá hinir 3 að leggja úrskurð á málið.

Þegar þannig væri lokið rannsókn virðíngarinnar, ættu sýslumenn tafarlaust að senda áðurnefndar gjörðabækur hlutaðeiganda amtmanni, en hann aptur rentukammeri, ásamt athugasemdum þeim, er honum þykir þurfa. Yrði því viðkomið, ætti hann að gjöra það með haustskipum sama ár, eða að öðrulagi með póstskipi hið næsta ár. Rentukammerið ætti þvínæst að láta rannsaka gjörðabækurnar, og þætti virðíngargjörðin yfirhöfuð sæmilega af hendi leyst, ætti að leggja saman penínga upphæð þá, sem allar jarðeignir í landinu eru metnar til, og skipta því næst upphæð þessari með hundraðatali því, er þætti mátulegt fyrir skuldsetníng alls landsins, og mætti eptir því finna dýrleik sèrhverrar jarðar. Þætti þarámót virðíngargjörðir fyrir einstaka sýslur ekki nógu vel af hendi leystar, ætti rentukammerið að sjá um, að bætt yrði úr brestum þeim áður nýr dýrleiki er settur á jarðir á Íslandi.

Viðvíkjandi einstöku atriðum í aðferð þeirri, sem við á að hafa við hið nýja jarðamat, er athuganda:

Rentukammerið hèlt, að nefna ætti til 5 menn í hverjum hrepp, til að meta jarðirnar til dýrleika, og einnig 5 menn til að rannsaka á eptir virðínguna. Þarámóti hafði nefndin stúngið uppá, að sýslumaður og 6 menn með honum, er til þess væru kjörnir, ætti bæði að meta jarðirnar í hverjum hrepp og endurskoða virðíngargjörðirnar, skyldi sýslumaður stjórna verkum og þaraðauki eiga atkvæðisrètt við virðíngarnar og við rannsóknar-úrskurðina. Að því leiti frumvarp nefndarinnar hnè að því, að sýslumenn skyldi stjórna verkum við hvorutveggi störfin, þótti rentukammerinu þetta mikið vel tilfallið. En þarsem þeim var ætlaður atkvæðisrèttur bæði við hina upphaflegu virðíngu, og við endurskoðun hennar, þá ætti þeir með því móti að dæma um sín eigin störf; fyrir þá sök þótti rentukammerinu það rèttast, að þeim væri ekki veittur atkvæðisrèttur um störf þau, sem þegar voru nefnd. En af þessu leiðir aptur, að ekki tjáir að setja 6 virðíngar- og rannsóknar-menn, heldur verður að standa á stöku, til þess skorið verði úr þegar menn greinir á, og þótti rentukammerinu að 5 mundi nægja.

Hdskr. 96

Í erindisbrèfi því, er gefa ætti virðíngarmönnum til veg-
leiðslu þá, er þeir eiga að meta jarðirnar til peningaverðs, virð-
ist ekki eiga að tilgreina mjög smásmuglegar ákvarðanir, er
virðíngarmenn með því hæglega kynni að leiðast á afvegu,
en vænta má, að aðgjörðir þeirra yrði áreiðanlegri, væri þeir
látnir sjálfráðir um matið á jarðarverðinu. Aðalreglan, er gefin
yrði í tèðu erindisbrèfi fyrir virðíngunni, mundi verða sú: að
virðíngarmenn skyldu meta jörðina til þess verðs, er vænta
má að jörðin, eptir öllu hennar ásigkomulagi, hafi í kaupum og
sölum, án tillits til þeirra kríngumstæðna, sem ein-
úngis um stundarsakir geta ollað því, að verð jarð-
arinnar hækkar eða lækkar. Auk þessa mætti benda virð-
íngarmönnum til við jarðamatið að taka til greina:

a) Ásigkomulag jarðarinnar, bæði túns, eingja og beitilands, þannig, að ekki að eins sè haft tillit til tölu fènaðar þess, er framfleyta má á jörðunni, heldur og í hvaða standi hann er eptir landsgæðum jarðarinnar;
b) ágóða þann, er hafa má af æðarfugla- og öðru varpi, selveiði, fiskveiði og dýraveiði, rekum, skógi, mótaki, o. s. frv.
c) kostnað þann, er hafa þarf til að hagnýta jörðina, þar til má telja, það sem geingur til að varna hættulegum fjallskriðum eða jarðfalli, ágángi af ám eða sjó, sandfoki og þesskonar.

Þarámóti ætti að vara virðíngarmenn við, að taka til greina:

a) peningshald það, sem nú er á jörðunni, ef það ekki samsvarar því, er vænta má að jörðin, með venjulegri hirðíng, geti framfleytt í meðal-ári;
b) ágóða þann, er jörðin að eins getur gefið með feykilegum tilkostnaði, eða þegar hún er stunduð með stakri kunnáttu og snild, sem ekki má ætlazt til hjá bændastèttinni yfirhöfuð í atvinnuvegum hennar.
c) Það stærra eða minna verð, sem jörðin kann að hafa sem stendur, vegna þess hún er sameinuð annari jörð, eða vegna þess byggíngarskilmálar þeir, er nú eru á henni, eru annaðhvort úr hófi strángir eða óvenjulega linir; og
d) ásigkomulag húsa þeirra, er nú eru á jörðinni.

Þareð prestarnir, vegna kunnugleika og vitsmuna þeirra, optast mundi geta leiðbeint virðíngarmönnum og látið í tè

ýmsar upplýsíngar, væri æskilegt, að þeir væru viðstaddir virð-
ínguna, þá er því verður viðkomið. Rentukammerið hèlt samt
ekki að menn ættu að gjöra sèr neitt sèrlegt far um að taka
presta til virðíngarmanna, því að sönnu eiga þeir ekki bein-
línis hlut að máli um virðínguna, þar fyrir því mun verða sèð,
þegar nýr jarðadýrleiki verður settur, að kirkjur og einstakir
menn, þeir er taka tíundir uppí embættislaun sín, fyrir em-
bættistíma þeirra, haldi tekjum sínum óskertum. En þar þeir
þó eru skattheimtumenn, kynni það samt að vera þeim óþægi-
legt, að verða kvaddir til sem virðíngarmenn. Það sem hèr
er tilgreint um, hvern þátt prestar eigi að hafa í virðíngar-
gjörðunum, er samkvæmt uppástúngu nefndarinnar. Þó hafði
nefndin farið framá í uppástúngu sinni, að prestar ætti, vænt-
anlega sem skattheimtumenn, að vera skyldir til, ef svo
kynni til að bera, að þeir stöku sinnum kynni að vera óá-
nægðir með matið, að bera fram ritaða mótmælis-skrá með rök-
um fyrir mótmælum sínum, og skyldi það bóka; skyldi og
aðrir hlutaðeigendur á sama hátt vera skyldir að bera fram
mótmæli sín, ef nokkur eru. En með því prestarnir, eins
áður er á vikið, varla verða álitnir beinlínis viðriðnir jarð-
virðíngarnar, enn þótt þeir sèu skattheimtumenn, þótti mèr
setja þá í sömu röð og aðra hlutaðeigendur. Svo hèlt og
rentukammerið, að það mundi trufla og leingja um of aðgjörð-
irnar, ef hlutaðeigendum væri leyft að bóka aðfinníngar sínar
í gjörðabókina.

En til þess þeim þó gæfist færi á, að frambera mótmæli
sín gegn mati jarðar þeirrar, er þeir eiga með, þótti rentu-
kammerinu hæfa, að virðíngargjörðirnar yrði gjörðar öllum
kunnar með þeim hætti, er áður er greint; gæti hlutaðeigend-
ur þá feingið mátulegan frest til umhugsunar og til að fram-
bera aðfinníngar sínar gegn virðíngunni.

Rentukammerinu þótti ekki hæfa, að láta smáatriði þau,
sem hèr eru talin, viðvíkjandi aðferð þeirri, er við skal hafa
við jarðamatið, koma fram í frumvarpi því, er leggja á fyrir
alþíng; og heldur að tilgreina þau í erindisbrèfum virðíngar-
manna enn í almennum lagaboðum; var og þannig aðfarið, þá
hinn nýi jarðadýrleiki var búinn til í Danmörku. En þó nú
svo virðist, að þetta ætti ekki að leggja fyrir alþíng til

Landsbókasafn 1997

þess það skyldi láta í ljósi um það allraþegnsamlegast álit, þótti samt æskilegt, að alþing, er svo vel þekkir til hvernig á stendur í raun og veru, feingi færi á, ef nauðsyn þykir, að gjöra athugasemdir þessu viðvíkjandi í álitsskjali því, er það á að semja um frumvarpið; hèlt rentukammerið því, að geta mætti áðurnefndra athugasemda í ástæðum þeim fyrir frumvarpinu, er leggja ætti fyrir þingið, þó svo, að einúngis væri gefið til kynna, að það hefði komið til yfirvegunar í rentukammerinu, hvort ekki mætti koma jarðamatinu fyrir á þann hátt, sem áður er sagt, þar rentukammerið hlaut að áskilja sèr, þá er það hefði nákvæmar rannsakað þetta vandamál, að mega stínga uppá stöku breytíngum á því, sem að framan er talið, og svo, þegar alþing hefði kveðið upp álit sitt um hinar almennu grundvallarreglur fyrir jarðamatinu, er fyrir það verða lagðar, að útlista málið allt fyrir Hans Hátign Konúnginum. Samþykkti og konúngur þessa uppástúngu rentukammersins.

Viðvíkjandi einstökum greinum frumvarpsins er athugandi:

um 1tu, 2ra og 3ju grein.

Í 1tu grein er ákveðið, að setja skuli nýjan dýrleik á allar jarðir á Íslandi sem fyrst verða má. Þvínæst eru í 2ari og 3ju gr. tilgreindar 2 aðalreglur fyrir jarðavirðíngunni: að eptir 2. gr., eiga nákunnugir menn að virða jarðirnar, og eptir 3. gr. á að meta þær til peníngaverðs.

um 4ðu grein.

Þess er áður getið, að ekki þótti hæfa í sjálfu lagafrumvarpinu að ákveða neitt um aðferð þá, er við skyldi hafa við jarðamatið og endurskoðun þess, er það þótti rèttara, að tilgreina þetta í erindisbrèfum virðíngarmanna, þó virtist mega geta þess í frumvarpinu, að fastar reglur skyldi verða ákveðnar um, hvernig þessu ætti að koma fyrir.

um 5tu grein.

Stærð tæripeninga þeirra, sem hèr eru nefndir, er tekin eptir uppástúngu nefndarinnar; hafði hún, til þess að komast hjá ágreiníngi um sanngirni ferðakostnaðar, stúngið uppá slíkum dagpeníngum, er hún hèlt mundi nægja til að gjöra hlutaðeigendur skaðlausa, þó ekki feingi þeir borgaðan ferða-

kostnað að auki. Og varð rentukammerið að fallast á uppástúngu þessa.

Þar sem sýslumönnum eru ætlaðir meiri dagpeníngar enn hinum, er að virðíngunum standa, kemur það til af því, að þeir verða að ferðast svo miklu leingri veg, og hafa með sèr fylgdarmann og gjörðabækur, o. s. frv.

Hdskj. 16 98

Les

LOVSAMLING FOR ISLAND,

INDEHOLDENDE

UDVALG AF DE VIGTIGSTE ÆLDRE OG NYERE LOVE OG ANORDNINGER, RESOLUTIONER, INSTRUCTIONER OG REGLEMENTER, ALTHINGSDOMME OG VEDTÆGTER, COLLEGIAL-BREVE, FUNDATSER OG GAVEBREVE, SAMT ANDRE AKTSTYKKER,

TIL OPLYSNING OM

ISLANDS RETSFORHOLD OG ADMINISTRATION

I ÆLDRE OG NYERE TIDER.

LAGASKOLI ÍSLANDS

Samlet og udgivet

af

Oddgeir Stephensen, og **Jón Sigurðsson,**
Etatsraad og Directeur for det islandske Departement.
Althingsmand.

FJORTENDE BIND.

1848—1850.

KJÖBENHAVN.
Forlagt af Universitets-Boghandler ANDR. FRED. HÖST.
Trykt hos S. Trier.
1868.

Hdskj. 17
99

1848. 27. Mai.

at have modtaget allerunderd. Betænkning fra Vort tro Althing, over et Samme forelagt Udkast til en Anordning, angaaende en ny Matrikulering af Jordeiendomme i Island, have fundet Os foranledigede til allernaad. at befale, som følger:

1. En ny Skyldsætning af samtlige Jordeiendomme paa Vort Land Island bliver snarest muligt at foretage.

2. Til at udföre den til Skyldsætningen fornödne Taxation udmelder vedkommende Sysselmand for hver Rep, efter Overlæg med Stedets Præst og Reppens kyndigste Bönder, 3 Mænd, fornemmelig af de i selve Reppen bosatte. Og skulle de aflægge Eed for Sysselmanden, förend de skride til Forretningen. — Det er Sysselmanden overladt at bestemme, i hvilken Rep Taxationen först skal foretages, og bliver den da der at udföre ved de dertil udnævnte 3 Mænd. Men naar Taxationen i den förste Rep er tilendebragt, skal den i de övrige Repper stedse skee ved 5 Mænd, nemlig de dertil fra Reppen udnævnte 3 Taxatorer samt tvende Mænd, som Sysselmanden dertil finder bedst skikkede blandt dem, der have udfört Taxationen i de nærmeste Reppe. — Sysselmanden leder Forretningen, men har ikke Stemme ved Ansættelsen.

3. Hver Eiendom bliver af Taxatorerne at ansætte til den Pengeværdi, som samme, ifölge sin Beskaffenhed, har efter billig gangbar Priis paa saadanne Eiendomme.

4. Til at revidere Jordernes Taxation har Sysselmanden tilligemed Provsten — eller i de Sysseler, hvor der ere 2 Provster, med den af disse, som han dertil vælger — at udnævne 5 af de Mænd, der sammesteds have deeltaget i Taxationen. Disse Mænd, hvilke for Sysselmanden skulle aflægge en lignende Eed som Taxationsmændene, skulle ikke alene paavise de Feil, der kunne være indlöbne ved Taxationen, men ogsaa paakjende de fremkomne Indsigelser mod Værdi-Ansættelsen. Og har Sysselmanden under deres Forhandlinger at veilede dem, uden dog at have nogen Stemmeret ved Afgjörelsen.

1848. 27. Mai.

5. Hvorledes der iövrigt vil være at forholde med Taxationsforretningernes Udförelse, Paaklage af de Vedkommende, den paafölgende lokale Revision, Bestemmelsen af det Hundrede-Antal, der bliver at paaligne hele Landet, og om hvis Störrelse Althinget vil blive hört, förend endelig Bestemmelse tages, samt med den endelige Fastsættelse af den Dyrhed, som bliver at paalægge hver Eiendom, bliver nærmere at ordne ved Instructioner gjennem Vort Rentekammer.

6. For de Dage, der anvendes til Taxationen og Revisionen, tillægges Sysselmændene Diæter af 3 Rbd. daglig, Taxationsmændene og Revisorerne 1 Rbd. 32 Sk. daglig, hvorimod der ikke tilstaaes dem videre Betaling for deres Arbeide eller Godtgjörelse for Befordring.

7. Alle de af den her omhandlede Foranstaltning flydende Omkostninger blive forskudsviis at udrede af den islandske Jordebogskasse. Deres Refusion ved Ligning paa Jordeiendommene i Island vil i sin Tid nærmere blive bestemt ved en allerhöiest Anordning.

Hvorefter de Vedkommende sig allerund. have at rette. — Givet paa Vort Slot Christiansborg den 27. Mai 1848.

TILSKIPUN um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Vèr Friðrik hinn Sjöundi &c. Gjörum kunnugt: Undir Vora hollu alþingismenn hefir verið borið lagafrumvarp um nýjan jarðadýrleika á Íslandi. Um það frumvarp höfum Vèr meðtekið þegnlegt álitsskjal þeirra, og skipum nú svo fyrir, sem hèr segir:

1. Á landi Voru Íslandi skal setja nýjan dýrleika á allar jarðir sem fyrst má verða.

2. Til að meta jarðirnar sem við þarf til dýrleikans skal sýslumaður, með ráði prests og hinna beztu hreppsbænda, nefna til þrjá menn fyrir hvern hrepp,

Hdskj. 17 100

1848. 27. Mai.

helzt af hreppsbúum, og skulu þeir sverja sýslumanni eið, áður þeir taki til starfa sinna. — Sýslumaður skal því ráða, í hverjum hrepp upp skuli hefja að meta jarðirnar, og skulu það starfa þeir menn þrír, er til þess voru nefndir. En þá er lokið er hinum fyrsta hrepp, skulu fimm menn meta jarðirnar í hverjum hinna hreppanna; en það eru þeir menn, er í þeim hrepp voru til nefndir, og tveir af þeim mönnum, er áður hafa verið að slíku starfi í hinum næstu hreppum þar í kring, og sýslumaður hyggur bezt til þess hæfa. — Sýslumenn skulu vera fyrir störfum þeirra, en eiga þó ekki atkvæðisrètt um virðínguna.

3. Virðíngarmenn skulu meta hverja jörð til peníngaverðs, að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum.

4. Til að rannsaka virðíngu jarðanna skal sýslumaður og prófastur — eða, þar sem fleiri eru prófastar í sýslu, en einn, sá af þeim, er sýslumaður kýs — nefna til fimm af þeim mönnum, er unnið hafa að virðíngunni þar í sýslu. Menn þessir skulu sverja sýslumanni líkan eið og virðíngamennirnir, og skulu þeir ekki að eins vísa á villur þær, sem hafa orðið í virðíngunni, heldur og dæma um mótmæli þau, sem fram eru komin gegn virðíngaverði jarðanna. Sýslumaður skal leiðbeina þeim við störf þeirra, en eiga þó ekki atkvæðisrètt um úrskurðinn.

5. Rentukammer Vort skal skipa fyrir um það, hvernig fara skuli að öðru leyti með virðíngar jarðanna, mótmæli þeirra, er hlut eiga að, og rannsókn virðínganna í hverri sýslu; svo skal það og kveða á hundraðatal það, er allt landið skal hafa, eptir að alþíngi hefir sagt álit sitt um það efni, og setja að lokunum dýrleika á hverja jörð.

6. Sýslumenn skulu hafa 3 rbd. fyrir dag hvern, meðan þeir eru að virðíngum jarðanna og rannsóknum virðínganna, en virðíngarmenn og rannsóknarmenn 1 rbd.

32 sk. Skulu þeir ekki önnur laun hafa fyrir starfa sinn, nè annað endurgjald fyrir ferðakostnað. 1848. 27. Mai

7. Allan kostnað, sem af fyrirtæki þessu leiðir, skal fyrst greiða úr jarðabókarsjóði Íslands. En síðar mun það ákveðið með konúnglegri tilskipun, hvernig endurgjaldinu skuli jafna á jarðir landsins.

Í umræðunum um málið á alþingi og í álitsskjali þingsins er það nú reyndar tekið fram, að ástæða sè til að slengja ekki saman gjöldum þessum, bæði af því, að tilskipun 27. maí 1848 7. gr. naumast hafi getað haft tillit til annars kostnaðar en þess, sem fyrst er talinn, sem stendur beint í sambandi við jarðamatið sjálft, og svo vegna þess, að hin síðarnefndu gjöldin eru annars eðlis, þarsem nefndin í Reykjavík hafi verið konungleg nefnd, og útreikningur jarðabókarinnar verið gjörður í skrifstofum stjórnarinnar, og er af þessum ástæðum farið fram á, að einungis þau gjöldin, sem fyrst eru nefnd, eður 5,720 rdl. 92 sk., skuli leiðu á Íslandi, og verða jafnað niður á jarðir í landinu eptir hinu nýja jarðamati, en hinn kostnaðinn, eður 2,639 rdl. 86 skild., virtist þinginu eiga að greiða úr ríkissjóði og telja með skrifstofukostnaði.

En ekki virðist eiga að láta það, er alþingi þannig hefir tilfært, neinu ráða. Í 7. gr. í tilskipun 27. maím. 1848 er það ákveðið með berum orðum, að allur sá kostnaður, er rísi af ráðstöfun þessari, skuli endurgoldinn, og er engin heimild til að álíta, að það hafi verið tilgangur tilskipunarinnar, að þessi regla skyldi að eins eiga við um þann kostnað, er reis af jarðamatinu árin 1849 og 1850; miklu fremur er það ljóst, þegar 7. grein er borin saman við 5. grein, að einnig átti að endurgjalda ríkissjóðnum allan þann kostnað, er reis af þeim störfum, er miðuðu til að fullgjöra jarðamatið, eptir að hinni eiginlegu virðing var lokið; þau störf eru þar að auki gjörð eptir uppástungum alþingis, og er það ákveðið í konungsúrskurðum 18. maím. 1855, 27. maím. 1857 og 27. maím. 1859, að kostnaður sá, er af þessu risi, skyldi endurgoldinn ríkissjóðnum á sama hátt og annar

Hdlsj. 22 128

1861. 1. aprílm. kostnaður við jarðamatið. Við þetta bætist enn fremur, hvað sèrstaklega snertir jarðamatsnefndina í Reykjavík, að hún ekki var konungleg nefnd, því konungur hafði eigi skipað hana, heldur hafði konungsfulltrúi nefnt í hana einn mann, en alþingi tvo, og að alþingi þá, er það í þegnlegu álitsskjali sínu 10. ágústm. 1853 bað um, að nefndin yrði skipuð, með 15 atkvæðum mót 2 stakk upp á, að allur sá kostnaður, er leiddi af ráðstöfun þessari, og er með berum orðum þar með talið hæfileg þóknun handa nefndarmönnunum og kostnaður við ritföng m. m., yrði fyrirfram[1] greiddur úr jarðabókarsjóðnum, en í þessu liggur augljóslega sú þýðing, að kostnaðurinn skyldi síðar endurgoldinn, þetta virðist einnig hafa verið álit alþingis 1857, því þá var þinginu kunngjörður konungsúrskurður 27. maí 1857, en í honum var meðal annars ákveðið, að þóknun til nefndarmannanna m. m. skyldi endurgoldin ríkissjóðnum; en eigi að síður komu engin mótmæli fram móti þessu frá þingsins hálfu, heldur stakk alþingi jafnvel upp á því, að hver nefndarmanna fengi 100 ríkisdölum meira, en ákveðið var í konungsúrskurðinum.

Það hefir því ekki þótt vera ástæða til að gjöra greinarmun á gjöldum þessum, sem til bráðabyrgða hafa greidd verið úr ríkissjóðnum til hins nýja jarðamats, heldur hefir virzt eiga að endurgjalda allt það fè, er til þess hefir gengið, en það eru 8,360 ríkisdalir 82 sk. Þegar jafna skal þessu fè á allar jarðir í landinu þannig, að af hverju jarðarhundraði í hinni nýju jarðabók sè goldið að tiltölu rèttri, þá telst svo til, að næst því fer að jafna skuli $9\frac{1}{4}$ sk. á hvert hundrað. Að vísu er öll hundraðatalan í hinni nýju jarðabók 86755,1 hndr., og fæst því með

1) Í hinum danska texta álitsskjalsins stendur „forskudsviis", og er það einnig ljóst af álitsskjalinu sjálfu, að sú hefir átt að vera þýðingin í orðinu fyrirfram í niðurlagsatriðinu, að kostnaðinn skyldi til bráðabyrgða eða fyrst um sinn greiða úr jarðabókarsjóðnum, en ekki sú þýðing, sem næst liggur í þessu orði, að kostnaður sá, er leiddi af starfa þessum, skyldi greiddur úr jarðabókarsjóðnum áður en starfinn færi fram (fyrirfram), án þess þar með væri sagt, hvort hann ætti að endurgjaldast sjóðnum eður ekki. Ritst.

niðurjöfnun þessari að eins 8359 rdl. 20 sk., eður 1 rdl. 62 sk. of lítið; en líklegt er, að þessi skakki muni jafnast, þegar skildingabrot eru gjörð að heilum skildingum, þá er reikna skal gjaldið af hverri jörð fyrir sig; svo yrði og skakkinn meiri, eður 73 rdl. 63 sk. of mikið, ef jafnað væri $9\frac{1}{3}$ sk. á hvert jarðarhundrað, og á hinn bóginn yrði það of erfitt, ef jafna skyldi gjaldinu á jarðarhundruðin þannig, að hafa við brot er væri milli $\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{3}$.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, og samkvæmt þeirri ákvörðun í tilskipuninni um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, að hún skuli fá gildi 6. júnímánaðar 1862, verður að bæta við, því sem með þarf, í 1. og 2. grein frumvarps þess, sem hèr er um rætt, og þykir þar að auki ástæða til að gjöra orðabreyting í niðurlagi 2. greinar, til þess efni hennar verði ljósara.

---

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnarinnar um launaviðbót embættismanna á Íslandi, m. m.

Í brèfi 23. f. m. hefir innanríkisstjórnin lýst því yfir um reikning þann, er henni var hèðan sendur um launaviðbót embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi og Færeyjum fyrir fjárhagsárið $18\frac{6}{6}\frac{1}{2}$ eptir lögum 19. febrúarm. þ. á., að ekkert hafi þótt athugavert um það, hvernig launaviðbót embættismanna á Færeyjum hafi verið reiknuð, en þar á móti þyki innanríkisstjórninni vafasamt, hvort lög þessi verði heimfærð til embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi, er fái laun sín úr ríkissjóðnum.

Í þessu efni skal þess getið, að eins og hin fyrri lög um launaviðbót ætíð hafa verið heimfærð til embættismanna á Íslandi, þannig hefir og dómsmálastjórnin gjört ráð fyrir því, að einnig ætti að heimfæra til embættismanna þessara hinar almennu ákvarðanir í lögunum 19. febrúarm. um greiðslu embættislauna, með því öldungis sömu ástæður eru til þess, og

Hdskj. 22 4. a 129

Hdskj. 23 130
Héraðsdómi Suðurlands
13 / 9 2004

Tryggvi Lorsteinnon

NÝ JARÐABÓK

fyrir

ÍSLAND,

samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.

Kaupmannahöfn.

Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju.

Staðfest afrit / hösrit úr jarðabókinni
Kristján Bj. Jóns

SKAPTAFELLS SÝSLA.

Heiti jarðanna.	Hundraðatala	
	forn	ný
Leiðvallar hreppur		
Nr. (framh.).		
141. Mýrar	(12)	17.5
142. Sauðhúsnes	(10)	4.6
143. Hraungerði	(10)	7.6
144. Þykkvabæjar klaustur *með* Norður-hjáleigu	(20)	19.9
145. Hraunbær	(12)	7.6
146. Herjólfstaðir	(24)	20.9
147. Holt	(12)	17.8
148. Skálmarbær	(12)	15.3
149. Hrísnes	(12)	16.9
150. Flaga	(12)	17.5
151. Hemra	(12)	12.2
152. Gröf	(12)	13.8
153. Borgarfell	(12)	12.2
154. Snæbýli	5	6.1
155. Ljótarstaðir	(6)	10.4
156. Búlandssel	6	6.4
157. Svartinúpur	6	5.5
158. Búland	18	16.2
159. Hvammur	(12)	12.2
160. Svínadalur	(24)	12.9
161. Hlíð	(12)	16.9
162. Ásar	(16) 28	18.4
hjáleiga: Ytri Ásar	(12)	
Eyðijörð: Bolhraun		3.0
Umþrætt slægjuland: milli Nr. 162 (Ása) og Nr. 161 (Hlíðar) ½ Hlöðumýri		1.2
samtals		573.0

Heiti jarðanna.	Hundraðatala	
	forn	ný
Dyrhóla hreppur.		
Nr.		
163. Hjörleifshöfði	5	10.7
164. Höfðabrekka	24	36.8
165. Kerlingardalur	50	35.3
166. Bólstaður	6	10.7
167. Fagridalur	(12)	16.9
168. Vík	(24)	46.1
169. Reynisdalur	4	5.5
170. Reynishjáleiga	8	8.6
171. Reynir	16	15.3
172. Lækjarbakki	8	7.3
173. Presthús	10	11.0
174. Garðar	8	7.9
175. Hellur	8	9.2
176. Kvíaból	2½	3.0
177. Hólar	8	6.7
178. Reynisholt	16	16.9
179. Þórisholt	8	8.6
180. Foss	(24)	17.8
181. Engigarður	5	7.9
182. Heiði *hjáleigur*: a. Litla Heiði b. Kárhólmur	12	27.6
183. Rofin	1	3.9
184. Suður-Götur	(12)	8.9
185. Norður-Götur		9.2
186. Norður-Hvammur	12	14.1
187. Suður-Hvammur	12	15.0
188. Giljur	(12)	13.8
189. Skammidalur	(24)	27.6
190. Skagnes	(12)	13.5

SKAPTAFELLS SÝSLA.

Heiti jarðanna.	Hundraðatala	
	forn	ný
Dyrhóla hreppur (framh.).		
Nr.		
191. Fjós	12	12.2
192. Stóridalur	12	14.1
193. Breiðahlíð	12	13.5
194. Neðridalur	12	12.2
195. Kaldrananes	12	13.5
196. Brekkur	(24)	21.5
197. Rauðháls	12	13.5
198. Ketilstaðir	(24)	30.7
199. Norðurgarður	4	5.5
200. Loptsalir	6	6.7
201. Skarðshjáleiga	6	6.7
202. Haugur (Dyrhólahjáleiga)	4	4.3
203. Miðhús	18	7.9
204. Dyrhólar		10.4
205. Garðakot	9	6.7
206. Litluhólar	1	3.0
Dyrhóla hreppur (framh.).		
Nr.		
207. Vatnskarðshólar	4	10.4
208. Hryggir	(12)	7.6
209. Skeiðflötur		7.6
210. Steig	10	15.3
211. Hvoll	(24)	27.6
212. Pjetursey	60	49.1
213. Sólheimahjáleiga	$7\frac{1}{3}$	12.2
214. Ytri Sólheimar	$92\frac{2}{3}$	39.9
215. Eystri Sólheimar	24	18.4
216. Fell	12	24.5
217. Holt	18	14.1
218. Álptagróf	6	8.2
219. Keldudalur	6	7.6
Eyðijörð:		
Stararkot	$3\frac{1}{2}$	3.0
samtals...		843.7

Yfirlit yfir hið nýja hundraðatal.

Bæjar	hreppur	235.9
Bjarnaness	—	439.0
Borgarhafnar	—	215.8
Hofs	—	122.8
Kleifa	—	632.8
Leiðvallar	—	573.0
Dyrhóla	—	843.7
	í allri sýslunni....	3063.0

Sysselmandens Skiptafells System
Skaptafells Syssel. Aar 1869 mandagen 20 Octbr.
var af undertegnede Sysselmand uppbo-
dad Skiptafells Thing, hvorved af
Valed af Sysselmannsembedet i Skiptafells
Syssel til Hans Hoistærdigheds
Jón Jónsson paa Ufra 23 J. gl. paa, som
udsatte sin 20de Hr. Sölvi Sölvason, og derefter
Hr. Daníel Bjarnason Scheving Thorsteinsson Ma-
dan krude (26 Juli gl.) samme Aar bode bergda-
under hans Myndum Skyndi-Salutation
a Skiptafells Thing, som fra 24 August
gl. paa, som vedtoges om 40 Aar, saa fra
dette Aar regnede Sysselmand Hr. Sölvi
Sölvason var udnævnt.

Efter at have forelæst Kongl. Allernaadigst
Confirmation paa Hr. Sölvi Sölvason
som Sysselmand i Skiptafells Syssel,
samt Kongl. Allernaadigst Confirmation
paa Hr. Daníel Bjarnason Scheving Thorsteinsson
som Sysselmand i Skiptafells Syssel, efter
Hr. Sölvi Sölvasons Afgang, blev
Hr. Daníel Bjarnason Scheving Thorsteinsson
af Hr. Sölvi Sölvason indsat i Sysselmands-
embedet i Skiptafells Syssel.

Derefter blev

Uppboðid framfór kannig:

№	Kaupegrís	Hæstu bod rd	sk	Kaupandi
1	ábýli Sverris Magnusonar 12 ct.	—	—	Ekkert bodid
2	— " — Sverris Amásonar — 6-30	—	—	— " — " —
3	— " — Berents Sveinsonar 6-30	—	—	— " — " —
4	— " — Guðrúnar Ególfsdóttar 5-98⅓	—	—	— " — " —
5	— " — Ególfs Ególfsonar 9-46⅔	—	—	— " — " —
6	— " — Sæmundar Amásonar 3-95	—	—	— " — " —
7	— " — vid Hásá — 6 —	(250)	—	gekk um
8	Øllgörðin Ytri-Sólheimar med Sólheima hjáleigu, bændaeignin 50 ct. (: stimulum tabri 60 ct. 10 ál.) — — —	1869	—	Ólafr Pálsson á Hafdabrekka

Þared ekki komflura til uppbods, var uppbods kaupinn sagt slitid.

Á Gulason

J. Þorsteinsson V. Þórarinsson

Uppbodsgjörningi þessum til staðfestu er nafn uppbodshaldarans og innsigli Skaptafells sýslu anna.

Á Gulason

Borgad: a, fyrer uppbodsgjörðinar 84/
— " — b, — " — staðfestinguna — 20 1 8/
(einn rikisdalr átta skildingar) r. m.

Á Gulason

Uppboðið framfór þannig:

N	Kaupagrein	hæsta boð rd	sk	Kaupandi
1	ábýli Sverris Magnússonar 12 H – 60 al			Ekkert boðið
2	-- -- Sveins Árnasonar 6 – 30			
3	-- -- Berents Sveinssonar 6 – 30			
4	-- -- Guðrúnar Eyjólfsdóttur 5 – 98 1/3			
5	-- -- Eyjólfs Eyjólfssonar 9 – 46 2/3			
6	-- -- Sæmundar Árnasonar 3 – 95			
7	-- -- við Húsá 6			
8	Öll jörðin Ytri Sólheimar með Sólheimahjáleigu bændaeignin 50 H (stundum talin 60 H 10 ál)	1869		Ólafi Pálssyni á Höfðabrekku

298

299

300

301.

Þareð jörðin Sólheimahjáleiga sem er 7 H 70 ál. að fornu mati sem nú á næstliðnu hausti var seld við opinbert uppboð var óðalseign föður míns Sveins Sigurðssonar þá lýsi jeg undirskrifaður með þessu mínu brjefi ...7 hdr 70 al ...rjetti á áðurnefndri jörð og áskil mjer innlausnarrjett á ....því sem gjört var á jörðinni með öllum þeim rjettindum sem nefndri jörð tilheyra eptir rjettu hlutfalli við heimajörðina og lofa jeg þá að borga upphæð jarðarverðsins að minni tiltölu samkvæmt því sem sett var á uppboðsskilmálunum. Þessu til staðfestu er mitt undirskrifaða nafn

Skarðshlíð þann 4. júní 1870

Sigurður Sveinsson

(LS Lesið fyrir manntalsþingi Loptsalahelli 22 Júní 1870 og innfært á afsals- og veðBrjefabók Skaptafellssýslunnar N 299 vottur Gíslason)

Jón Guðmundsson
Reykjavik

Sókn

í gjafsóknarmálinu: Guðmundur Ólafsson og aðrir sameigendur bænda kirkjueignarinnar Ytri-Sólheima í Vestur-Skaptafellssýslu.

gegn

Ólafi Spítala umboðsmanni Pálssyni bónda á Höfðabrekku, Jóni umboðsmanni Jónssyni á Vík og lögerfingjum sálhúsfrúar, Sigríðar Pálsdóttr.

Eg hefi þegar framlagt:

1. Skikkunarbréf Stiftamtsins til mín að sækja mál þetta fyrir yfirrétti dags. 20 Maj þ. á.
2. Áfrýjunarstefnu dags. 22. s. mán. með vottorðum um að hún sé löglega birt öllum þeim er hún uppáhljóðar; og er við hana fest beðiskýtini Stiftamtsins um að konungleg uppreisn sé veitt á málið, og sömuleiðis gjafsóknar-veitingarbréf sama yfirvalds
3. Uppboðsgjörðir in forma.
4. Konunglegt leyfisbréf til að framleggja ný skjöl og skilríki fyrir yfirréttinum.

Eg skal fyrir fram leyfa mér að taka fram at það hefir verið og er um álitið in confesso, að kirkjan að Sóheimum eigi heimland hálft eður helming allrar eignarinnar uns í „Hálegunni" sem í heimajörðinni en eigi talin bændaeign nema helmingurinn (hinn) og er það þessi (bændaeignar) helmingurinn sem í uppboðsgjörðinni og í uppboðsskilmál-

/. ünum er hér fylgja í afskrift Litr. A er nefndur „kaupahlutinn" eder sá helmingurinn er selja skyldi og sídan var seldur; – ad öll jördin Sólheimar ytri, er í hinum eldri jardabókum talin 120 ℔ ad dýrleika, ad medtaldri Sólheimahjáleigu, en ad á sinni árum (allan fyrri helming þessarar aldar?) hafi hún öll verid talin (edr téundud til helminga) 100 ℔ med hjáleigunni. (sbr Johnsens jardatal bls 15 N° 255 og þartil heyrandi indarmálsgrein (20)); – ad jardabókin 1861. (bls 9 Matr. N° 213 og 214) hefir lagt sídast nefndan dyrleika til grundvallar sem „forna hundradatölu": Sólheimahjáleigu (N° 213) 7⅓ ℔, Ytri Sólheima (N° 214) 92⅔ ℔ – jafnframt og öll eignin er þar í jardabókinni færd inder ad dýrleika, sem næst til helminga, svo ad hún er þar „ný hundradatala": Sólheimahjáleiga 12.2 ℔ (og þannig færd upp um 4 ℔ 104 ál.) og Ytri-Sólheimar heimajördin 39 ℔ 9 ct (sv. 39.9 ct) (og þannig færd inder um 52 ℔ 92 ál.) er þvé öll eignin eder „torfan" nú talin med nýjum dýrleika 52.1 ℔ og hefir þannig lækkad ad hundradatali frá þvé sem var fyrir 1861, um 47 ℔ 108 ál.; ad eignin var nú vid uppbodid 20 Oct. 1869 bodin upp og seld, ekki eptir þeim dýrleika edr nýja hundradatali sem er ákvedid í jardabókinni 1861, einsog nú var sýnt, hildr sem 100 ℔ forn samtals, en einungis „kaupahluti" hennar edr bænda eignin 50 ℔ bodin upp, en eptir uppbodsskilmálanna (Litr. A.) 5 tölulid, „skyldi í kaupinu fylgja

„kirkjuhlutum, helmingur jardarinnar, sem er
„óadgreinanlega sameinad kaupahlutanum
„Svo og öll kúgildi jardarinnar yfir höfud" (16
kúgildi ad tölu, med því presturinn skal upp
bera árlega 16 frd. prestsmötu af allri Sólheim
aeiginni: Johnsens jardabal bl. 19.).

Þannig var öll Ytri-Sólheima eigin boden
þarna upp fyrir uppbodsrittinum 20 Octbr 1869,
fyrst hin einstöku 7 býli hvert útaf fyrir
sig; án þess ad getid væri hundradatölu er
kúgildaþúnga á hverju þeirra fyrir sig, og
án þess ad „Hjáleigunnar" (s: Sólheimahjáleigu
sem hefir jafnan verid lögbýli útaf fyrir sig
og hefir verid talin þannig í öllum jardabök
um frá elztu tímum, — væri sérstaklega getid — þarnæst öll torfan
í einu lagi, eder „kaupahluti" hennar eptir
þvi sem í uppbodsgjördinni er kallad; en ekki
getid med einu ordi hvad mörg kúgildi fylgi
hvorki sem bændaeigu né sem kirkjunnar eigu
samanber uppbodsgjörd bls. 13 og uppbodsskil-
málana Litr A.

En sjálf upptök og addragandi þessa merki-
lega uppbodssölu-málo eru þau, ad eptir
þad ad einn af sameigendunum Sveinn Árna-
son búandi þar á parti úr Sólheimum,
hafdi verid tekinn til ad vera fjárhaldsmad
Sólheimakirkju, 1866 vid embættisskodun
héradsprófastsins á kirkjunni 20 ágúst s. á.,

annulerud edur dæmd marklaur og sem ógjörd og sömuleidis öll sú rádsmenska og rádstafanir sem hæstbjódandi Ólafur bóndi Pálsson sjálfur edr adrir í notum þess eignar- og proprietair réttar er hann hyggst áunnid hafa med því hæsta bodi sínu í eignina hafa gjört med eignina sjálfa, sölu verd hennar, jardagjöld, kirkjutekjur m. m. En ad hann og hinir stefndu uppbodskrefjendur verdi dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til ad greida áfrýendunum allan málskostnad, bædi hinn undanginna og hér fyrir yfirrétti skadlaust edr ad minsta kosti med 70 rd, þarund talin hæfileg málsfærslulaun til mín, er eg ad ödrum kosti krefst ad mér verdi dæmd úr opinberum sjódi.

Legg eg svo sök í dóm med fyrirvara.

Reykjavik, 4 Septbr 1871.

Med lotningu

J. Gudmundsson

No 5

Lagt fram í hinum kgl: yfirdomi á Isl: 4. sept: 1871.

Magnus Stephensen

Til

Íslands konunglega Landsyfirréttar.

...Ég skal fyrirfram leyfa mér að taka fram að það hefir verið og er enn álitið in confesso, að kirkjan að Sólheimum eigi heimaland hálft eður helming allrar eignarinnar eins í "hjáleigunni" sem í heimajörðinni ein eigi talin bændaeign nema helmingurinn (hinn) og er þar þessi (bændaeignin) helmingurinn sem í uppboðsgjörðinni, og í uppboðsskilmálunum er hér fylgja í áfskrift. Citr A er nefndur (kaupahlutinn) eður sá helmingurinn er selja skyldi og síðan var seldur; - að öll jörðin Sólheimar ytri er i hinum eldri jarðarbólkum talin 120 h að dýrleika, að meðtaldri Sólheimahjáleigu, en að á seinni árum (allan fyrri helming þessarara aldar?) hafi hún öll verið talin (eður tíunduð til helminga) 100 h með hjáleigunni (sbr Johnsens jarðatal bls 15 N 255 og þar tilheyrandi neðanmálsgrein (20)); að jarðabókin 1861. (bls 9 matr M no 213 og 214) og hefur lagt síðastnefndan dýrleika til grundvallar sem forna hundraðatölu: Sólheimahjáleigu (No 213) 7 1/3 H, Ytri Sólheimar (N 214) 92 2/3 H – jafnframt og öll eignin er þar í jarðabókinni færð niður að dýrleika, sem næst til helminga, svo að hún er þar "ný hundraðatala": Sólheimahjáleiga 12,2 H (og þannig færð upp um 4 H 104 áln.) og Ytri Sólheimar heimajörðin 39,9 H og þannig færð niður um 52 H 92 ál.) er því öll eignin eður "torfan" nú talin með nýjum dýrleika 52,1 H og hefir þannig lækkað að hundraðatali frá því sem var fyrir 1861, um 47 H 108 áln; að eignin varð nú við uppboðið 20 Oct 1869 boðin upp og seld, ekki eptir þeim dýrleika eður nýa hundraðatali sem er ákveðið í jarðabókinni 1861, einsog nú var sýnt, heldr sem 100 H forn samtals, en einungis "kaupahluti" hennar eður bændaeignin 50 H boðin upp, en eptir uppboðsskilmálanna (Citr A) 5 töluliðs, "skyldi í kaupinu fylgja kirkjuhlutinn, helmingur jarðarinnar, sem er óaðgreinanlega sameinað kaupahlutanum. Svo og öll kúgildi jarðarinnar yfirhöfuð" (16, kúgildi að tölu, með því presturinn skal uppbera árlega 16 fnð. prestmötu af allri Sólheimaeigninni: Johnsens jarðatal bls 19.).

Þannig var, öll Ytri-Sólheima eignin boðin þarna upp fyrir uppboðsréttinum 20 Octbr 1869, fyrst hin einstöku sjö býli hvert út af fyrir sig, án þess að getið væri hundraðatölu eður kúgildaþinga á hverju þeirra fyrir sig, og án þess að "Hjáleigunnar" (: Sólheimahjáleigu sem hefir jafnan verið lögbýli útaf fyrir sig, og hefir verið talin þannig í öllum jarðabókum frá elztu tímum væri sérstaklega getið. – Þar næst öll torfan í einu lagi, eður "kaupahluti hennar eptir því sem í uppboðsgjörðinni er kallað, en ekki getið með einu orði hvers mörg kúgildi fylgi hvorki sem bændaeign né sem kirkjunnar eign; samanber uppboðsgjörð bls. 13 og uppboðsskilmálana Citr A.

En sjálf upptök og aðdragandi þessa merkilega uppboðssölu-máls eru þau, að eptir það að einn af sameigendunum Sveinn Árnason búandi þar á parti úr Sólheimum, hafði verið tekinn til að vera fjárhaldsmaður Sólheimakirkju, 1866 við embættisskoðun héraðsprófasts á kirkjunni 20. ágúst s.á., ...

Legg ég svo sök í dóm með fyrirvara.

Reykjavík, 4 Septbr 1871

Með lotningu Jón Guðmundsson (sign)

Jón Guðmundsson
Reykjavík

Dómsforsæti og dómendr
í Íslands konunglega Landsyfirrétti

Gjörum vitanlegt: at yfirréttar[illegible]sinn[illegible] Jón Guðmundsson hefir kjáð oss dverga hann sé af [illegible]áyfirvaldinu kvaddr 20. þ. mán. og honum þannig skipat, fyrir yfirdóminum at áfrýja af hendi Guðmundar Ólafssonar búnda í Þjórsyarholtum og annara manna eigenda að bænda-kirkjueignunum Ytri-Sólheimaness-Skaptafells sýslu, uppboðsgjörð einni frá 20. dag Octbr. 1869 á þeim mat öll sú jarðeign, með hjáleigum og kirkjum er, sem þar hefir verið uppboðin, að gefnu líkindaleigi seld og afhent hæstbjóðanda Ólafi spítalahaldara Pálssyni búnda á Hófðabrekkum fyrir 1869 eptir uppboðsskilmálum, er uppboðsréttarbókinni einni hafði fyrir fram samdir og sett, án þess þar eigandrænir né heldr uppboðskröfuhöfðingjar – hvar skuldheimtuhlutunum er höfðu verið á 20 40.ct eignarinnar fyrir 200 + 300 rdl. skuld, – sem þar líkindaleigi eðr ætti þar minn hlut að; og þeirra þá sameigendr og þeirra skikkaði procúratorar sig líkindaðarna vera, og svo að þar mega heimtar aðnjótandi verða, að áfrýja uppboðsgjörð þessari, og þannig gjörðri sölu fyrir áðrnefndum, líkþess að hún verði dæmd markleysa, verði ónýtt eðr annullerut, ekt. og að henni verði algjörlega hrundið.

Og þar sem nú, fyrir uppboðsréttir Skaptafells-sýslumanns þar á Ytri-Sólheimum 20. dag Octbr. mán. 1869, að fyrirfram dagsett og auglýst uppboðssala allra Ytri-Sólheima búnda kirkju-eignarinnar með hjáleigum, sámt með kirkjum og kirkjum, var í eigin mótmælum nokkurra eigendanna þar fyrir réttinum en án lögfulls samþykkis annara, látin framgang hafa, – án viðkvæmum þá mótmæli sem kreist var, – eptir fyrirfram gjörðum uppboðssölu-skilmálum, og eignin öll, sem 50 ct fornbúenda eign, með öðrum 50 ct er skuldu vera eign kirkjunnar að Sólheimum, hjáleigur og seld veit þetta eina uppboð, fullnaðarsölu, þann er hæstbjóðandi, Ólafi spítalahaldara Pálssyni búnda á Hófðabrekkum fyrir 1869 ríkismyntardali, – þá sendra áfrýjendrnir og eða sér fyrir yfirdóminum að kreijast [illegible] uppboðsgjörðinni

sakarefnit sjálft, sem og til málskostnaðarins [illegible] einn þeirra fyrir alla og allir fyrir einn, samt til hvers annars er af máli þessu má löglega leiða.

3. Uppboðsráðandanum, Árna Gislasyni sýslumanni Skaptafells-sýslanna, á Kirkjubæarklaustri, til þess að halda svörum og vörn uppi fyrir þessari uppboðsgjörð og uppboðssölu, og allri meðferð hans og frámgangi í málinu í sérhverju tilliti.

Lögdagsleggingin er afteken með tilsk. 3 Júni 1796 Stefnu þessari, sem er útgefin á dómsmálastofu yfirréttarins Reykjavík 22 dag Maj mán. 1871, er til staðfestu undir: innsigli yfirdóm[illegible]s og dómskrifarans hönd

Gyafsóknarmál.
MH.

Magnus Stephensen

Ár 1871 þann 31. Maí, höfum vid undirskrifadir Byrt framanskrifada yfirrjettar stefnu Umbods- og Dannebrogsmanni Jóni Jónssyni, og Spítalahaldara Ólafi Pálssyni, á lögheimilum þeirra, Vík, og Höfðabrekku, í Dyrhólahreppi. Þetta vottum vid í krafti eids þess er vid höfum unnid, sem stefnuvottar, med réginhandar nöfnum, og innsiglum

Runólfur Jónsson
stefnuvottur.

Sigurdur Árnason.
Stefnuvottur.

Ad Runólfr Jónsson og Sigurdr Árnason sjen eidsvarnir stefnuvottar í Dyrhóla hreppi vottast hjermed.

Gíslason

Dómsforseti og dómendr í Íslands konunglega Landsyfirrétti

Gjörum vitanlegt: að yfirréttarprocurator Jón Guðmundsson hefir tjáð oss hversu hann sé af háyfirvaldinu kvaddr 20. þ.mán. og honum þarmeð skipað fyrir yfirdóminum að áfrýa af hendi Guðmundar Ólafssonar bónda í Péturseyjarhólum og annara sameigenda af bænda-kirkjueigninni Ytri-Sólheimum í Vestr Skaptafells sýslu uppboðsgjörðinni frá 20. dag Octbr. 1869

....uppboðssala allrar Ytri Sólheima bænda-kirkju-eignarinnar með hjáleigum, samt með kirkjunni og kúgildum, var í gegn mótmælum nokkurra eigendanna þar fyrir réttinum en án lögfulls samþykkis annara, látin framgang hafa, -án úrskurðar um þau mótmæli sem hreift var, - eptir fyrirfram gjörðum uppboðssölu-skilmálum og eignin öll, sem 50 H forn bænda eign, með öðrum 50 H er skulu vera eign kirkjunnar að Sólheimum, til slegin og seld....

Stefnu þessari, sem er útgefin á dómsmálastofu yfirréttarins Reykjavík 22. dag Maj mán. 1871, er til staðfestu undir; innsigli yfirdómarans og dómskrifarans hönd

Magnús Stephensen (sign)

Gyafsókenarmál.
MH.

Magnus phenien.

Ár 1871 þann 31. Maí, höfum vid undirskrifadir Byrt framar, Krifada yfirrjettar stefnu Umbods- og Dannebrogsmanni Jóni Jónssyni, og Spítalahaldara Ólafi Pálssyni, á lögfrimilum þrirra, Vík, og Höfðabrekku, í Dyrhólahreppi. Þetta vottum vid í krafti reds þess er vid höfum unnid, sem stefnuvottar, med réginhandar nöfnum, og innsiglum

Runólfur Jónsson
Stefnu vottur.

Sigurdur Árnason.
Stefnu vottur.

Ad Runólfr Jónsson og Sigurdr Árnason hin eidsvarnir stefnuvottar í Dyrhóla hreppi vottast hér med.

Á
Nilsson

kvi er ákrærir

Hdskj. 27
146
00088

Atkvæði

í málinu: Guðmundur Ólafsson m. fl.

gegn

Ólafi Pálssyni m. fl.

Við vísitatíugjörð prófastsins í Vesturskaptafellssýslu á Ytri-Sólheimakirkju í Mýrdal 20. ágúst 1866 lofuðu sameigendur tjedrar kirkju að gjöra að kirkjunni, svo að hún yrði í embættisfæru standi, og með skjali dags. 15. sept. næst á eptir gáfu þeir fjárhaldsmanni kirkjunnar, Sveini bónda Árnasyni, leyfi til að vedsetja jörðina Ytri-Sólheima fyrir 600 rd. láni til að byggja kirkjuna upp. Samkvæmt þessu leyfi tók Sveinn Árnason 21. júní 1867, 200 rd. lán hjá Jóni umboðsmanni Jónssyni í Vík, móti veði í 20# úr Ytri-Sólheimum og sömuleiðis 18. júlí næst á eptir, 300 rd. lán hjá prestsekkjunni Sigríði Pálsdóttur á Breiðabólstað móti veði í 40# úr sömu jörð. Eptir að hinu fyrnefnda láninu hafði verið sagt upp 20. des. 1868, mættu þeir Jón umboðsmaður Jónsson og Sveinn Árnason 14. júní 1869 fyrir sáttanefnd Dyrhólahrepps að Gelli, til hvis að semja um borgun skuldarinnar, og urðu málalokin þau: að Sveinn vísaði Jóni umboðsmanni til jarðarveds þess, er honum hefði sett verið, þannig að honum væri heimill að gjöra vedið að peningum á þann hátt, er honum væri hægast, og 23. s. m. ritaði Jón umboðsmaður sýslumanninum í Skaptafellssýslu, sendi honum eptirrit af sáttagjörðinni og bað hann að selja hinn vedsetta jarðarpart við opinbert uppboð til lúkningar skuldinni með áföllnum rentum frá dagsetningu vedskuldabrjefsins. Þarið Sveinn Árnason ekki stóð heldur í skilum með rentugreiðslu af láni þvi, er hann hafði fengið hjá mdm. Sigríði Pálsdóttur, skrifaði umboðsmaður hennar, kanselliráð Skúli Thórarensen á Móeiðarhvoli hlutaðeigandi sýslumanni 26. júlí 1869 og bað hann um að

selja veðið við opinbert uppboð og fundi fyrir sáttanefnd
Dyrhólahrepps að Felli 27. ágúst næst á eptir milli kansellíráðs
Thórarensens og Sveins Árnasonar, lýsti Sveinn því yfir, að hann
væri gefi byrjað skuld þessa, en hlyti: að virða lánardrottni
sínum til jarðarverðs: þess, er sett hafði verið fyrir skuldinni,
og hefðu hlutaðeigendur því rétt til að gjöra eiga það að pen-
ingum. Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu lét þinglesa 6. sept.
1869 ganga út auglýsingu um, að kaupahlutinn í Ytri-Sól-
heimum 50# yrði seldur við opinbert uppboð 20. október næst
á eptir og að kirkjuhlutinn 50# fylgdi með í kaupinu, og
fór uppboðið fram hinn ákveðna dag að Ytri-Sólheimum,
hvar Klaus Sálarin á Kóðabrekku varð hæstbjóðandi að fjór-
fóðrum fyrir 1869 rd.

Þessari uppboðsgjörð hefir Guðmundur Ólafsson bóndi
á Péturseyjarhólum og aðrir sameigendur að Ytri-Sólheimum,
að fengnum uppreiðn og gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins með
stefnu dagsettri 22. maí þ. á. og krafizt, að téð uppboðsgjörð
verði dæmd markslaus, og að hæstbjóðandi og uppboðshafend-
unir verði dæmdir allir fyrir einn og einn fyrir alla til að
gjalda eiga allan málskostnað óskiptan eða að minnsta kosti
með 70 rd. Stefndu hafa aptur á móti krafizt, að uppboðs-
gjörðin verði staðfest og áfrýendurnir skyldaðir til in solidum
að borga eiga málskostnað óskiptan eða með einhverju nægilegu

Ástæðurnar í máli þessu bera með sjer, að heim-
ild sú, sem uppboðshafendurnir hafa byggt á rétt sinn til að
selja jörðina Ytri-Sólheima við opinbert uppboð, til lúkningar
á veðskuldum sínum með áföllnum rentum, einasta er í því
fólgin, að fjárhaldsmaður Ytri-Sólheimakirkju, sem hafði feng-
ið leyfi hjá eigendum téðrar jarðar til að veðsetja hana
fyrir láni til að byggja kirkjuna upp, gaf á opinberum
sáttafundi sáttaumboð sitt til, að uppboðshafendurnir hjeldu
eiga til veðs þess, er þeim þannig hafði verið selt, og lýsti
því yfir, að þeim væri heimilt að gjalda eiga það að peningum

En þareim engin ágreiningur er framkominn fyrir þeð, að áfrýendurnir hafi getað fjárhaldsmanni tjáðrar virðingar heimild til að gjöra þrifnaðar ráðstafanir fyrir þessa hönd — og sýslumaðr getur leyft til að veðsetja jörðina eptir hafi slíka heimild í sjer fólgna — geta skattagjaldir þeðar eptir verið skuldbindandi fyrir áfrýendurna, og þeirsvegna eptir veitt uppboðsréttardómunum nein meiri umráð yfir jörðinni, en þeir hafði fengið við veðsetningunni, sem eptir gefur verðhafanda nein rjett til að selja veðið til lúkningar á veðkröfu hans án sampykkis hlutaðeigandi eiganda, sbr. tilsk. 19. desbr. 1693 § 13. Með því að uppboðsréttardómarnir hefir brotið á móti heimild til að láta selja hina veðsettu jörð við opinbert uppboð, ber að dæma hina áfrýjuðu uppboðsgjörð ómerka, og ber uppboðsréttardómunum að greiða áfrýendunum málskostnað fyrir yfirdóminum með 30 rd. 25 sk., þarámeðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýendanna, sem ákveðast til 20 rd. 15 sk.

Að því leyti sem mál þetta hefir verið áfrýjunarmál, virðist, að það hefir verið fært fyrirvaranlega.

Því dæmist rjett að vera.

Uppboðsréttargjörð Skaptafellssýslu frá 20. október 1869, (sem hjer er áfrýjað) á ómerk að vera, og ber uppboðsréttardómurum, Jóni umboðsmanni Jónssyni í Vík og eftirgjöldum prestsekkjunnar Sigríðar Pálsdóttur á Breiðabólstað in solidum að borga áfrýendunum málskostnað fyrir yfirdóminum með 30 rd. 25 sk., þarámeðal 20 rd. 15 sk. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýendanna Jóns málaflutningsmanns Guðmundssonar.

Hið áfrýjaða dæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Reykjavík 16. nóvember 1871.

Magnús Stephensen

Hjer með afskrifti er og samhljóðandi

Vík, 20. nóvember 1871.

Jón Pétursson

Eg lýsi

J. Jónassen

348.01
Lan

LANDSYFIRRÉTTARDÓMAR
OG
HÆSTARÉTTARDÓMAR
Í ÍSLENZKUM MÁLUM

1802–1874

XI

1871–1874

SÖGUFÉLAG GAF ÚT

REYKJAVÍK 1986
PRENTSMIÐJAN HÓLAR HF.

Hdskj. 28
150

mennum hegningarlögum frá 25. júní 1869 217. og 218. smbr. 219. gr., einnig ber að staðfesta að öðru leyti, þó þannig, að málskostnaðurinn við undirréttinn virðist hæfilega settur til 10 rd., hvar af 8 rd. til hins skipaða málsfærslumanns hinna stefndu, organista P. Guðjohnsens.

Að því leyti sem stefnandi undir rekstri máls þessa hefir krafizt þess, að ýms orðatiltæki hins skipaða málsfærslumanns hinna stefndu fyrir undirréttinum um óstefnda menn verði dæmd dauð og marklaus og hann sektaður, getur krafa þessi vegna ásigkomulags áburðar þessa sem áhrærandi þessu máli óviðriðna menn, ekki tekizt til greina.

Málskostnað fyrir yfirréttinum ber áfrýjandanum að borga hinum stefndu með 10 rd.

Að því leyti sem mál þetta hefir verið gjafsóknarmál fyrir undirrétti, vottast, að það hefir verið rekið forsvaranlega.

Því dæmist rétt að vera:

Undirréttarins dómur á óraskaður að standa þó svo að málskostnaður fyrir téðum rétti færist niður í 10 rd., hvar af hinum skipaða málsfærslumanni hinna stefndu, organista P. Guðjohnsen bera 8 rd. í málsfærslulaun. Málskostnað fyrir yfirdóminum borgi áfrýjandi hinum stefndu með 10 rd.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Th. Jónassen

Árið 1871, þann 27. nóvember

dómur

í málinu nr. 30/1871: Guðmundur Ólafsson m. fl.

gegn

Ólafi Pálssyni m. fl.

Við vísitatíugjörð prófastsins í Vestur-Skaftafellssýslu á Ytri-Sólheimakirkju í Mýrdal 20. ágúst 1866 lofuðu sameigendur téðrar kirkju að gjöra að kirkjunni, svo að hún yrði í embættisfæru standi, og með skjali, dagsettu 15. sept. næst á eftir gáfu þeir fjárhaldsmanni kirkjunnar, Sveini bónda Árnasyni, leyfi til að veðsetja jörðina fyrir 200 rd. láni til að byggja kirkjuna upp. Samkvæmt þessu leyfi tók Sveinn Árnason 200 rd. lán hjá Jóni umboðsmanni Jónssyni í Vík 21. júní 1867, móti veði í 20 hdr. úr Ytri-Sólheimum, og sömuleiðis 18. júlí næst á eftir 300 rd. lán hjá prestsekkjunni Sigríði Pálsdóttur á Breiðabólstað móti veði í 40 hdr. úr sömu jörð. Eftir að hinu fyrrnefnda láninu hafði verið sagt upp 20. desember 1868, mættu þeir Jón umboðsmaður Jónsson og Sveinn Árnason 14. júní 1869 fyrir sáttanefnd Dyrhólahrepps að Felli til þess að semja um borgun skuldarinnar, og urðu málalokin þau, að Sveinn vísaði Jóni umboðsmanni til jarðarveðs þess, er honum hafði sett verið, þannig að honum væri heimilt að gjöra veðið að peningum á þann hátt, er honum væri hægast, og 23. s. m. ritaði Jón umboðsmaður sýslumanninum í Skaptafellssýslu, sendi honum eftirrit af sáttagjörðinni og bað hann að selja hinn veðsetta jarðarpart við opinbert uppboð til lúkningar á skuldinni með áföllnum rentum frá dagsetningu veðskuldabréfsins. Þar eð Sveinn Árnason ekki stóð heldur í skilum með rentugreiðslu

Hdskj. 28 151

af láni því, er hann hafði fengið hjá mad. Sigríði Pálsdóttur, skrifaði umboðsmaður hennar, kansellíráð Skúli Thorarensen á Móeiðarhvoli hlutaðeigandi sýslumanni 26. júlí 1869 og bað hann um að selja veðið við opinbert uppboð og á fundi fyrir sættanefnd Dyrhólahrepps að Felli 27. ágúst næst á eftir milli kansellíráðs Thorarensens og Sveins Árnasonar lýsti Sveinn því yfir, að hann ekki gæti borgað skuld þessa, en hlyti að vísa lánardrottni sínum til jarðarveðs þess, er sett hafði verið fyrir skuldinni, og hefðu hlutaðeigendur því rétt til að gjöra sér það að peningum. Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu lét þar næst 6. sept. 1869 ganga út auglýsingu um, að kaupahlutinn í Ytri-Sólheimum 50 hdr. yrði seldur við opinbert uppboð 20. október næst á eftir, og að kirkjuhlutinn 50 hdr. fylgdi með í kaupinu, og fór uppboðið fram hinn ákveðna dag að Ytri-Sólheimum, hvar Ólafur Pálsson á Höfðabrekku varð hæstbjóðandi að téðri jörð fyrir 1869 rd.

Þessari uppboðsgjörð hefir Guðmundur Ólafsson, bóndi á Péturseyjarhólum og aðrir sameigendur að Ytri-Sólheimum, að fenginni uppreisn og gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dagsettri 22. maí þ. á., og krafizt, að téð uppboðsgjörð verði dæmd marklaus, og að hæstbjóðandi og uppboðskrefjendurnir verði dæmdir allir fyrir einn og einn fyrir alla til að greiða sér allan málskostnað skaðlaust eða að minnsta kosti með 70 rd. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafizt, að uppboðsgjörðin verði staðfest og áfrýjendurnir skyldaðir til in solidum að borga sér málskostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu.

Réttargjörðirnar í máli þessu bera með sér, að heimild sú, sem uppboðskrefjendurnir hafa byggt á rétt sinn til að selja jörðina Ytri-Sólheima við opinbert uppboð til lúkningar á veðkröfum sínum með áföllnum rentum, einasta er í því

fólgin, að fjárhaldsmaður Ytri-Sólheimakirkju, sem hafði fengið leyfi hjá eigendum téðrar jarðar til að veðsetja hana fyrir láni til að byggja kirkjuna upp, gaf á opinberum sáttafundi samþykki sitt til, að uppboðskrefjendurnir héldu sér til veðs þess, er þeim þannig hafði verið sett, og lýsti því yfir, að þeim væri heimilt að gjöra sér það að peningum. En þar sem engin sönnun er komin fram fyrir því, að áfrýjendurnir hafi gefið fjárhaldsmanni téðrar kirkju heimild til að gjöra þvílíkar sættir fyrir þeirra hönd – og sér í lagi hefir leyfið til að veðsetja jörðina enga slíka heimild í sér fólgna – geta sættargjörðir þessar ekki verið skuldbindandi fyrir áfrýjendurna, og þess vegna ekki veitt uppboðskrefjendunum nein meiri umráð yfir jörðinni en þeir höfðu fengið við veðsetninguna, sem ekki gefur veðhafanda neinn rétt til að selja veðið til lúkningar á veðkröfu hans án samþykkis hlutaðeigandi eiganda, smbr. tilsk. 19. desbr. 1693 13. grein. Með því að uppboðskrefjendurna þannig hefir brostið alla heimild til að láta selja hina veðsettu jörð við opinbert uppboð, ber að dæma hina áfrýjuðu uppboðsgjörð ómerka, og ber uppboðskrefjendunum að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirdóminum með 25 rd., þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjendanna, sem ákveðast til 15 rd.

Að því leyti sem mál þetta hefir verið gjafsóknarmál, vottast, að það hefir verið fært forsvaranlega.

Því dæmist rétt að vera:

Hin áfrýjaða uppboðsréttargjörð sýslumannsins í Skaptafellssýslu frá 20. október 1869 á ómerk að vera. Uppboðskrefjendunum, Jóni umboðsmanni Jónssyni í Vík og erfingjum prestsekkjunnar Sigríðar Pálsdóttur á Breiðaból-

Hdskj. 28 152

stað, ber in solidum að borga áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirdóminum með 25 rd., þar á meðal 15 rd. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjendanna fyrir yfirdóminum, Jóns málaflutningsmanns Guðmundssonar.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Th. Jónassen

Árið 1871, þann 27. nóvember

dómur

í málinu nr. 40/1871: Þorkell Árnason

gegn

konsúl M. Smith.

Með landsyfirréttarstefnu frá 12. ágúst, er næst leið, áfrýjar Þorkell bóndi Árnason á Eyði, sem aðaláfrýjandi, til ómerkingar með eða án heimvísunar eða til ógildingar og breytingar gestaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1. apríl seinastl. útaf skuld, er gagnstefnandinn, kaupmaður og konsúll M. Smith telur sig eiga hjá honum, að upphæð 28 rd. 3 sk. og sækir hann um til borgunar með 5% rentum frá 25. janúar þ. á., og sem aðaláfrýjandinn er dæmdur með gestaréttardóminum til að borga að fullu, nema hann vinni synjunareið fyrir nokkurn hluta skuldarinnar eftir þeim fram komna reikningi, og hefir aðaláfrýjandi krafizt þess, að dómur þessi verði alveg úr gildi felldur, og hann algjörlega dæmdur sýkn af kærum og kröfum gagnáfrýjandans og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá honum. Gagnáfrýjandi hefir þar á móti krafizt, að aðaláfrýjandi verði beinlínis

dæmdur til að borga sér skuldina með fullri upphæð hennar án þess honum leyfist að vinna synjunareið fyrir nokkru af henni, og að gestaréttardóminum þess vegna, að því leyti hann dæmir aðaláfrýjanda eið, verði breytt en að öðru leyti staðfestur.

Réttargjörðirnar bera með sér, að það hefir gengið frávísunardómur í máli þessu árið 1869, og eru þær réttargjörðir lagðar fram in forma, og yfir höfuð í þær vitnað í málinu, en þó sér í lagi í skjal það, sem finnst í téðum réttargjörðum og lagt er þar fram undir Ltra h að no. 4, og sem inniheldur útásetningar út á reikninga gagnáfrýjanda, sem málið er risið útaf, á árunum 1864–67, og krefst aðaláfrýjandinn, að þær verði teknar til greina við úrslit málsins. Í þessum útásetningum segist aðaláfrýjandinn sumpart ekki hafa tekið né leyft öðrum að taka það, sem í skjalinu er tilgreint, sumpart sé sumt, sem hann hefir fengið í verzlun gagnáfrýjandans, reiknað sér með hærra verði en viðgengist hafi á þeim vörutegundum hjá öðrum kaupmönnum hér í bænum, og loks hafi hann ekki fengið uppbót þá, sem sér hafi borið á fiski, sem hann hafi lagt inn hjá gagnáfrýjanda á árunum 1864–67 inklusive. Þessum útásetningum hefir gagnáfrýjandinn mótmælt sem röngum og ósönnuðum, en farið svo laust og í svo almennum orðum yfir útásetningarnar, að þeim getur ekki álitizt þar með hrundið í heild sinni, og gestaréttardómurinn hefir komizt til sömu skoðunar, að því leyti sem hann hefir dæmt aðaláfrýjanda eið eftir höfuðbók gagnáfrýjanda að því er snertir skuldapóstana undir ltra A í útásetningaskjalinu h að no. 4, og þannig álitið, að hér lægi ekki fyrir nægileg sönnun, og í þessu verður landsyfirrétturinn að vera gesta réttardómaranum samdóma, en þar á móti ekki í því, að hann hefir dæmt aðaláfrýjandanum eið, því aðaláfrýjandinn

Hdskj. 28

Það var eins og Guðmundur væri knúður til að standa í stríði vegna einhverra áhugamála. Þegar allt var kyrrt orðið um útveginn í Jökulsárhliði, sem kostað hafði þó margt hnjóð og háðsyrði, lenti á honum að rekast í málsókn vegna jarðarsölu Ytri-Sólheima. Það mál var bæði óvinsælt og vafningasamt fyrir lítt menntaðan bónda og sótt móti sýsluvaldi og héraðshöfðingjum, sem mikið áttu undir sér, bæði að auði, vinsældum og frændsemi. Drepið verður á það í næsta kafla.

Stóridómur

Í máli, sem reis vegna kirkjuskulda á Ytri-Sólheimum, voru málsskjölin allumfangsmikil og yfirréttardómurinn. Kölluðu Mýrdælingar hann „Stóradóm". Málafluningsmaður þeirra, Jón Guðmundsson, sendi þeim afrit af öllu því, er farmlagt var í málinu, og lá sú bók til sýnis í Eyjarhólum og Felli fram um aldamót.

Ytri-Sólheimar í Mýrdal er höfuðból að fornu og nýju og kirkjustaður í margar aldir, og var þar síðast kirkja árið 1900. Þó að ekki sé auðið að finna fyrstu tildrög Sólheimakikrju, má eftir líkum telja hana gerða þegar í fyrstu kristni. Sólheimar er landnámsjörð, og þar bjó Loðmundur gamli og afkomendur hans. Á Sólheimafjöru átti kirkjan hálfan reka. Í fornu jarðarmati voru Sólheimar ytri virtir 92⅔ hundraða og Sólheimahjáleiga 7⅓ hundr., og eru það tíutíu hundruð öll jörðin. Það er talið með hæsta mati á einni jörð í Skaftafellssýslu frá þeim tíma. Lengi hafa 4 – 6 búendur setið á Sólheimatorfunni og oft fleiri. Við jarðamat 1861 falla Ytri-Sólheimar í verði, sem stafa mun af sandágangi og vatnauppbroti jökulárinnar Klifanda. Hún féll þá vestur um Sólheimanes og eyðilagði sléttlendið. Árabilið 1870 – 80 bjuggu þar 7 – 8 bændur, og alls þar heimilisfast 50 manns, sem tíunduðu 50 lausafjár hundruð allir og stundum minna.

Bræðurnir, Sveinn og Eyjólfur Alexanderssynir, bjuggu þar eftir Móðuharðindin. Þeir voru efnabændur og höfðinglyndir, og var Sveinn hreppstjóri í Dyrhólahreppi og formaður. Þeir andast báðir á árabilinu 1842 – 45. Eftir á jörðum þeirra bjuggu svo nokkrir þeirra afkomenda. Var Berent hreppstjóri og dannebrogsmaður þeirra efnaðastur og mest metinn. Hinir flestir efnalitlir, en vel að sér um marga hluti. Berent var fæddur fyrir aldamótin 1800, og kona hans var Helga Þórðardóttir prests á Felli Brynjólfssonar og miðkonu hans, Margrétar Sigurðardóttur, ekkju Jóns próf. Steingrímsonar. Þau Berent og Helga áttu þrjár dætur: Elsu Dóróteu, Margréti og Þórdísi. Heimili Berents þótti til fyrirmyndar á þeim árum að umgengni og húsakosti. Dæturnar ólust þar upp, og þóttu þær góðir kvenkostir. Uppkomin giftist Elsa Dórótea Árna Gíslasyni sýslumanni (1856). Þau byrjuðu búskap í Keldudal í Dyrhólahreppi. Hinn 16. maí 1858 andast Elsa Dórótea þar. Sagt var í Mýrdal, að þá kæmi sýslumaðurinn úr þingaferð, er hann frétti lát konu sinnar á Núpstað í Fljótshverfi. Hafði ætlað að taka þar næturgistingu eftir erfiða ferð yfir Skeiðarársand, en er hann fékk dánarfregnina, lét hann söðla hesta sína og létti ekki fyrr sinni ferð en heima í hlaði í Keldudal. Það var um hádegi næsta dag, og mun vera sú fljótasta ferð eftir endilangri Vestur-Skaftafellssýslu, sem menn muna, að farin væri á hestum og þeim vegleysum, er þá voru víða.

Margrét Berentsdóttir giftist Sveini Árnasyni, og byrjuðu þau að búa á parti úr Ytri-Sólheimum. Þau áttu ekki skap saman. Eftir nokkurra ára sambúð, veiktist Margrét á geðsmunum og dró að því, að þau hjón skildu. Flutti Sveinn suður á Nes og dó þar eftir skamma dvöl. Margrét varð þurfamanneskja í Dyrhólahreppi og lengi á umrenningi.

Þórdís Berentsdóttir giftist Vigfúsi Þórarinssyni, og tóku þau jörð Berents að meiri hluta. Þau bjuggu góðu búi á Ytri-Sólheimum frá 1870 – 1900. Frá öllum þessum systrum, Berentsdætrum, eru afkomendur mannvænlegir.

Auk þeirra mága Berents bjuggu á Ytri-Sólheimum frá og um 1870 Jón Jónsson, Eyjólfur Eyjólfsson Alexanderssonar, Guðrún Eyjólfsdóttir ekkja (systir hans), Sverrir Magnússon, sem tók bú Egils Sveinssonar og átti fósturdóttur hans, Elsu Einarsdóttur. Í Sólheimakoti var Guðmundur yngri Ólafsson Högnasonar og í Sólheimahjáleigu Sæmundur Árnason Högnasonar. Allir þessir Sólheimabændur voru náfrændur og svo einnig í Pétursey. Þegar hér er komið, er Berent Sveinsson orðinn ellimóður og að hætta búskap. Hafði hann áður verið forystumaður Sólheiminga og að honum kveðið. Nú hafði enginn yngri bænda yfirburði til þess um sinn.

Þar sem jörðin lá að helmingi undir Sólheimakirkju, var til þess ætlast, að endurnýjun og umbætur kirkjuhússins hvíldu á þeim helmingi. Fjarðan var rekasæl, en torfkirkja var þó á Ytri-Sólheimum allt fram að 1860. Sú kirkja stóð beint fram af bæjarröðinni, aðeins stéttargangur á milli. Þá var gamla kirkjan komin að falli og kirkjugarðurinn svo útgrafinn, að þrautalaust varð ekki komið líkkistu þar fyrir. Hvergi var heldur þægilegt að færa grafreitinn út. Neyddust kirkjueigendur þá til þess að flytja kirkjuna úr gamla grafreitnum, þegar hún var endurreist. Fyrir neðan bæjarlækinn völdu þeir nýjan grafreit, girtu hann og reistu þar nýja kirkju, sem öll var gerð úr timbri. Þetta var laust fyrir 1867, og tóku þá Sólheimingar allmikið peningalán handa kirkjunni. Lán fékk kirkjan með veðbindingu í Sólheimatorfunni hjá Jóni Jónssyni, dannebrogsmanni og umboðsmanni í Vík, og húsfrú Sigríði Pálsdóttur á Breiðabólsstað, og mun það hafa numið 500 r.d. eða 600. Auk þess nokkur smærri lán.

Sveinn bóndi Árnason tók þá við fjáráðum kirkjunnar, og lenti þegar í drætti vaxtagreiðslan. Og er lánið var komið í óskil, fóru þeir að líta í kringum sig, sem lánað höfðu, og kynna sér allan hag Sólheiminga betur. Á þessum tíma voru hörð ár og ábúendur Sólheima fátækir, svo að ekki gátu þeir flestir neitt greitt fram úr skuldamálum þessum. Þeir Sólheimaeigendur, sem lengst bjuggu, voru málunum ekki svo kunnugir sem skyldi og skiptu sér ekki heldur af þeim fyrst um sinn.

Jón umboðsmaður í Vík krefst þegar, að skuldaskil séu gerð, bæði sín vegna og hinna, er kirkjunni höfðu lánað. Þegar það varð nú ekki, vegna þess að Sólheimingar höfðu ekki handbæra peninga, þá gafst þeim stuttur frestur, áður en að láninu yrði gengið með lagarétti. Að þessum fresti liðnum voru Sólheimingar kallaðir á sáttafund, sem haldinn var milli þeirra og skuldakrefjandans. Þar komst engin sátt á né málamiðlun. En fjárhaldsmaður kirkjunnar vísaði á jarðarverðið í Ytri-Sólheimum. Gátu þess margir til, að bak við þessa hlífðarlausu innköllun stæði einhver sá, sem yfir Ytri-Sólheima vildi komast og flytja þangað. En þegar fjárhaldsmaður kirkjunnar vísaði á jörðina til skuldalúkningar án þess að ráðgast um við alla eigendurna, þótti auðséð, að líka væri hann við slíkt riðinn, og þá ef til vill, að þetta væru undirhyggjuráð sýslumannsins, sem átti smápart í Sólheimunum. Varð nú mikið umtal bæja milli og dagdómar. Hölluðu nokkrir á Sólheiminga og töldu mátulegt, að þeim kæmu vanskilin í koll. Fleiri vorkenndu þeim, og sóknarpresturinn, Gísli Thorarensen, tók þeirra málstað, þó að ekki hefði hann tök á að greiða neitt úr þessum kröggum. Fróðleiksmenn sögðu, að Sólheimakirkja hefði löngum átt í málastappi eða eigendur hennar. Þetta mætti rekja í aldir fram eftir munnmælum og annálum. Frá dögum Stefáns biskups í Skálholti og til þessa tíma væri nær óslitinn málaferill Sólheiminga. Aftur slógu kirkjueigendur allri skuldinni upp á kirkjuhaldarann, Svein Árnason, að hann væri í vitorði með Árna Gíslasyni sýslumanni um að ná öllum Sólheimum undir hann. Þær sagnir gengu í Mýrdal, að svo væri Árni sýslumaður Gíslason ör á fé og gjafmildur á yngri árum, að hann var virtur og elskaður af fátæklingum. Og svo glaðsinna og umgangsgóður, að menn hörmuðu það, þegar hann fór búferlum úr Mýrdal. En eftir það, að hann efldist að auð og útvegum, breytti hann mjög skapferli og yrði frekar harðdrægur og kröfurharður sýslubúum. Þá var og jafnan grunnt á því góða milli þeirra frændanna, séra Gísla Thorarensen á Felli og sýslumannsins. Þar af jókst og nokkuð andúð meðal manna í Út-Mýrdalnum til Árna sýslumanns.

Þegar hér var komið sögu, hafði Ólafur Pálsson hreppstjóri nýflutzt að Höfðabrekku frá Hörgsdal á Síðu. Hann var höfðingsbóndi, vinsæll og á tímabili alþingismaður Vestur-Skaftfellinga. Í Suður-Vík bjó Jón umboðsmaður Jónsson, mikilhæfur gróðamaður og héraðshöfðingi. Voru þeir mest fyrir bændum í Mýrdal og til þeirra leitað um flest vandamál. Nú stóðu þeir báðir gegn Sólheimingum í þessum málum, Jón sem skuldarkrefjandi og Ólafur sem umboðsmaður sýslumannsins, og var hann reiðubúinn að reka réttarins í þessu vanskilaöngþveiti. Leituðu Sólheimingar þá liðsinnis Einars Jóhannssonar, hreppstjóra í Þórisholti. Hafði Einar lengi verið drjúgur í tillögum og hygginn. Nú var hann orðinn farinn að kröftum og á áttræðisaldri. Hann var enginn vinur sýslumannsins og einatt erjur milli þeirra. Hann hafði þó haldið embætti sínu og var almennt talinn hinn mesti málafylgjumaður og ennþá íhlutunarsamur um hreppsins hag, þó að gamall væri.

Einar hreppstjóri ráðlagði Sólheimingum, að þeir skyldu skrifa skuldakrefjendum og sýslumanninum og leita eftir við þá að fá ársfrest til þess að útvega greiðslueyri og þá um þær aðrar tilslakanir, er þeir vildu veita í svipinn.

Engin tilslökun fékkst, og sáu Sólheimingar nú, hvað verða vildi. Og vandamál þessi voru á hvers manns vörum. Nauðungaruppboð á Ytri-Sólheimatorfunni var auglýst. Margir óttuðust þessar aðfarir, því að slík sölumál voru óvenjuleg þá löngum. „Þetta var þeim mátulegt fyrir óskilsemina sögðu andstæðingar þeirra. Aðrir hallmæltu sýslumanni og sögðu honum væri innan handar að leysa þessi vandræði, ef hann vildi. Og hann sæti svo yfir þessum málum, að hvergi væri liðs að leita.

Árið 1869 í miðjum októbermánuði var mannreið mikil um Sólheimasókn og dylgjur milli manna. Árni Gíslason sýslumaður kom með hreppstjóranum í Mýrdal til þess að selja kirkjuskuldarveðið á opinberu uppboði. Reyndu þá enn nokkrir hlutaðeigendur, hvort ekki fengju þeir að ganga inn í hæsta boð á Sólheimatorfunni. En í uppboðsskilmálum var svo að orði kveðið um gjaldfrestinn, að slíkt var fátækum bændum afboð eitt.

Hæstbjóðandi varð Ólafur Pálsson hreppstjóri og söluverðið 1869 ríkisdalir. Fullyrtu þá þeir menn, er bezt þóttust vita, að sýslumaðurinn hefði sjálfur gengið inn í boð Ólafs og þar með slegið sinni verndarhendi á Sólheimana. Myndi hann ætlast fyrir um að sameina alla þá smáparta, er jörðin var brotin í, og jafnframt reisa þar stórbú.

Sólheimingar voru nú sviptir kirkjuumsjóninni, og skyldu þeir greiða til hreppstjórans bæði jarðargjöld og kirkjutíundir, því að nú voru eignarráðir þeirra af þeim teknar. Eigendur Sólheimanna voru margir og sumir í öðrum sýslum, en þeir, er þar bjuggu, mjög efnalitlir og gátu ekki framar rönd við reist. En gremja þeirra óx daglega. Alltaf sáu þeir betur og betur, hvað þeir höfðu misst og hve þröngt þeim var nú fyrir dyrum. Prófasturinn í Skaftafellssýslu gat ekkert liðsinnt þeim, en gaf í skyn ofur góðlátlega, að þannig væru „laun syndanna“. Óskilvísi fengi illan enda. Séra Gísli Thorarensen vorkenndi mjög sóknarbörnum sínum og leitaði víða um við rétting mála þeirra, sem hann taldi, að myndi mega „kippa aftur í liðinn“, ef rétt væri að staðið.

Vegna málaferla hans og úlfúðar við sýslumanninn var það síður til greina tekið, er hann ráðlagði. Nýlega hafði dæmt verið í landaþrætumáli milli þeirra vegna prestssetursins Fells og smábýlis þar, Holts, sem var eign Árna sýslumanns. Dómurinn féll þó svo, að hvorugur, vildi una við, og stóð þrætan áfram milli þessara jarða allt fram yfir 1900. Margt fleira var misþykkjuefni þeirra, og eru til vísur, sem þeir kváðu hvor til annars, þykkju þungar.

Hinn nýi fjárhaldsmaður Sólheimakirkju seldi rekann, sem kirkjunni bar, austur í Mýrdal, og sárnaði Sólheimingum það, og margir þeirra guldu ekki til hans kirkjutíundina, svo var og um nokkra sóknarbændur aðra. Varð um þetta nokkurt missætti. Hinir og aðrir meiriháttar menn, bæði undir Eyjafjöllum og víðar, eggjuðu þá til þess að fara í mál út af þesari uppboðsgjörð, hún væri ekki lögleg. Og sauð þannig undir óánægja og ergelsi vegna þessara athafna allra.

Eins og oft endranær var allfjölmenn samkoma í Eyjarhó n eftir slátt 1870. Hafði þá sumarið verið óhagstætt og hey lítil og rýr. Hortur þóttu ekki góðar og erfið afkomuskilyrði. Þegar hýrna tók í mönnum eftir að hafa drukkið gott kaffi og vel út í það, snerust umræður að sölu Ytri-Sólheimanna. Sóknarpresturinn var þess hvetjandi, að áfrýjað væri sölunni, því að uppboðsþingið hefði verið óformlegt og sjálfur sýslumaðurinn verið sama sem hæstbjóðandi. Var þessu vandasama máli þá helzt bent að Jóni Ólafssyni í Pétursey. Hann var allra manna bezt fær um slíkt vegna hæfileika og glöggrar þekkingar á málstað öllum.

Jón og bræður hans áttu líka part í Sólheimatorfunni, sem þeim þótti illt að tapa. Jón færðist undan því að taka þetta mál og standa í því. Hann sagðist hvorki hafa þrek til þess né dug að atast í slíku. Þegar svo presturinn klappaði á öxlina á Jóni og bauð honum alla þá aðstoð, er hann gæti veitt, sagði Jón, að þetta kostaði meira heldur en einn kerlingarkoss. Fyrst ætti að andmæla réttargjörð og fara í mál móti sýsluvaldi og sveitarhöfðingjum og síðan útvega 500 ríkisdali, þar sem enginn ríkisdalur væri til. Í ofanálag fá svo sáran hrygg, ef ekki gengi allt eftir hugmyndum eigendanna. Fannst mörgum Jón draga sig of mjög í hlé frá þessum vanda. En hann benti á Guðmund bróður sinn, hann væri nógu kærulaus og kappsamur, aldrei „setti hann á hæl" eins og sézt hefði í landaþrætunni milli Péturseyjar og Eystri-Sólheima, og engu tókst um að þoka og engu var sleppt. En skömmu áður vildu eigendur Eystri-Sólheima fá land allt að sjó vegna fjöru sinnar, sem ekki náði fram að ganga. „Ósárt er þér um bróður þinn," sagði séra Gísli og brosti. En Jón hélt því fram, að hann eða enginn myndi í þetta ganga.

Svo var nú sem Jón mælti fyrir alla, er þar voru. Guðmundur bar við fáfræði sinni og sagði, bezt væri kapp með forsjá. Annað væri að sækja sjóinn og standa á rétti sínum í landadeildu heldur en eiga að sækja rétt sinn í hendur yfirvaldi. Lauk svo þeim fundi, að ekki varð neitt afgert um þetta.

Óðar var því fleygt manna milli, að Guðmundur í Eyjarhólum myndi taka upp mótmæli vegna Sólheimaeigenda og höfða mál á sýslumanninn. Það var og margra mál, að hann myndi slíkt dýru kaupa eins og Eyjólfur Bölverksson forðum. Þá höfðu sumir þetta í skopi, að maður, sem varla gæti heitið sendibréfsfær, ætlaði að taka að sér svo vandasamt mál og flókið. Hins vegar reyndu velviljaðir sveitungar að fá Guðmund ofan af þessu, en gera ennþá tilraun um einhverja vægð frá hendi hins nýja Sólheimaeiganda.

Guðrún í Eyjarhólum hvatti til þess, að Guðmundur beitti sér fyrir þessu. Hún vorkenndi ekkjum og fátækum nágrönnum, sem flækjast mundu burt af eignum sínum. Og margur las henni harma sína. Kom nú og hið erfiðasta ár og hörmuleg slys, eins og allt hallaðist á byggðarlagið. Verður síðar vikið að því.

En því nær sem Guðmundur gekk þessum málum því betur sá hann, hve allt fylgi var valt, þeirra er mest hvöttu og harðast dæmdu óréttinn.

Séra Gísli á Felli átti við ýmsa erfiðleika að etja, og þótt hann lofaði fylgi



Pétursey. Eyjarhóll til hægri á myndinni

sínu, gat þar margt í milli borið. Berent á Sólheimum vildi engan þátt taka í mótmælum vegna síns eignarhluta í Sólheimunum, og hina dreifðu eigendur varð að elta uppi víðs vegar. Einar Jóhannsson hreppstjóri í Þórisholti, var sá eini, er treysta mátti. Og hann var þess fús að ljá allt það liðsinni, er hann gat. En í stöðugum erjum átti hann við yfirboðara sinn og vildi helzt ekki láta sín við getið í þessu. Séra Kjartan Jónsson í Skógum hafði staðið í landamerkamálum gegn Guðmundi, og var því ekki leitað til hans fyrst um sinn. Þrátt fyrir þessa höllu aðstöðu var sem Guðmundur yrði æ ákveðnari í því að leggja út í málaferlin, og þegar hann ráðgaðist um það við móður sína, sem þá var blind, sagði hún: „Sárnað myndi Ólafi mínum hafa undan slíkri meðferð á frændum okkar og eignum og illa þolað." Var henni þá sagt, að allir málsmetandi menn vörnuðu sinnar aðstoðar í þessu nema Einar Jóhannsson. „O, jæja", sagði hún, „þetta vinnst ekki með mannsöfnuði, heldur með einhug og guðs aðstoð, drengir mínir!"

Þá bar það til, að stiftamtmaður eða landshöfðingi, Hilmar Finsen, kom að Eyjarhólum á yfirferð sinni, og fygldi Guðmundur honum yfir Jökulsá. Á leiðinni vestur Sólheimasand blöstu Sólheimar við. Þar leizt landshöfðingja vel á landið, og kom þá í tal jarðarsalan og nauðungaruppboðið. Þaðan myndu nú hinir fátæku bændur verða hraktir, sviptir jörð og ábúð. Þá spyr Guðmundur, hvort ekki muni ráðlegt að hreyfa þessum málum og sagði sem nánast frá öllu, er þar að laut. Landshöfðinginn kvaðst engin ráð gefa til slíks. Sitt embætti væri að gæta laga og friðar, en ekki æsa menn upp, – segir þó – eftir nokkra þögn: „Ef þið farið í mál um þetta, þá skuluð þið leita til Jóns Guðmundssonar, málaflutningsmanns í Reykjavík."

Lögberg 29 156

Á heimleiðinni athugaði Guðmundur þetta svar, og ákvað að veita sér fyrir mótmælum uppboðssölunnar, hvað sem upp á kæmi. Kom á daginn, að of mikill dráttur var orðinn á slíkum málstilbúningi. Var þá haldið samkomulagsþing um þetta á Ytri-Sólheimum, og voru nokkrir eigendur þar hugdeigir. Þeir höfðu fengið hótun um útbyggingu og sáu engin ráð heldur til að greiða kirkjuskuldina. Ötulast gekk fram í því að hrinda málinu af stað Sverrir bóndi Magnússon, og skrifuðu þá allir Sólheimaeigendur undir skuldbindingu til Guðmundar nema Berent Sveinsson. En þá eigendur, sem fjær bjuggu, skyldi Guðmundur finna hið fyrsta. Þennan samning gjöra þeir með sér í maí mánuði 1871, en séra Gísli skrifaði hann. Tókst Guðmundur svo ferð á hendur alla leið vestur í Ölfus. Þar var búsettur einn eigandi Ytri-Sólheima, Eiríkur Ólafsson á Þóroddsstöðum. Kona hans var Málmfríður, komin af Sólheimaættum. Foreldrar Málmfríðar voru Einar og Margrét Högnadóttir, systur Ólafs Högnasonar í Eyjarhólum. Þau hjón á Þóroddsstöðum tóku tveim höndum við Guðmundi. Gáfu honum umboð sitt. Þau höfðu mikinn áhuga á málinu og hvöttu Guðmund til að slaka hvergi til. Næst var að útvega málaflutningsmann; til þess reið Guðmundur suður í Reykjavík, og tók Jón Guðmundsson málaflutningsmaður málið að sér. Margar krókaleiðir urðu að þessari málshöfðun, og kom sér vel, að Móskjóni, reiðhestur Guðmundar, var þolinn og traustur. Var þá margur maður, sem brá Guðmundi um fávíslegt ofurkapp, og aðrir vildu leiðbeina honum, svo að hann félli frá því að fara í mál við sýslumann og hreppstjórnarvöld, þá og aðra mektarmenn, er móti stóðu. „Þú, sem aðeins klórar nafnið þitt. Hvað er þér að etja við lærða lögfræðinga?“ var sagt við hann og og þó frekar á bak. Allt þetta yrði til þess að gjöra Sólheiminga öreiga og baka þeim margvíslega mæðu og ef til vill refsingu. Fáu svaraði hann til, en sagði þó: „Meðan Móskjóni gefst ekki upp, hef ég ráð á að járna hann.“ Um þetta kom vísa þessi:

Allir fjandar, að sem standa þessu,
munu kasta mannvitstaug
í málavasturs skítahaug.

Sögðu menn, að þessi vísa væri eftir Árna sýslumann. Þá voru og nokkrir mikilsmegandi menn, sem báru fulla samhyggð með Guðmundi og Sólheimingum, en ærðu ekki að koma opinbert fram með það. Þannig var um nokkra Sólheimaeigendur, þeir ærðu ekki að halda föstum tekjum og eignum kirkjunnar, en létu flytja stórrekann burtu að fyrirlagi hins nýskipaða kirkjuhaldara. Við peningum uppi í jarðirnar þorði samt enginn að taka, og hafði lögfræðingurinn þeirra lagt bann við því.

Á þessu ári, 1871, var hörmulegt ástand í þeim sóknum, sem séra Gísli Thorarensen þjónaði. Vesturhluti Mýrdalsins var sérstakt prestakall þá og hét Sólheimaþing, í því voru tvær kirkjusóknir: Sólheimasókn og Dyrhólasókn. Austur-Mýrdalur var annað prestakall og hét Reynisþing. Þar voru Reynissókn og Höfðabrekkusókn. En allur Mýrdalur var eitt hreppsfélag. Dyrhólahrepps sveitarþyngsli höfðu mjög farið í vöxt vegna harðæris og voru 72 hreppsómagar, sem greitt var með úr hreppssjóði, og allmargir bændur, sem héldu við búi með styrk frá hreppnum. Í Sólheimaþingum voru taldir 58 búandi menn og húsmenn, en 60 í Reynisþingum. Þá lá við, að sex bændur í Ytri-Sólheimum væru að flosna upp frá búum sínum vegna kirkjuskuldanna, og smábændur í hreppnum seldu erfðaeignir sínar fyrir matvæli. Ekki var ein báran stök, og ekki heldur tvær til lags. Ofan á þetta bættist hið stórfelldasta sjóslys sem sagnir fara af í Mýrdal. Á góuþrælinn fórust í Dyrhólahöfn tuttugu og sex menn, og stóðu eftir ellefu ekkjur af þrjátíu og sex búendum í Dyrhólasókn og grenndinni – þá og tuttugu til þrjátíu munaðarlaus börn. Heimili þessu féllu sem í rústir mörg hver. Efnalegt ástand varð svo bágborið, að stiftyfirvöldin gengust fyrir samskotum handa ekkjum og munaðarleysingjum, bæði í Mýrdal og í Leiðvallahreppi, en þaðan voru nokkrir sjómenn, er fórust við Dyrhólaey þennan eftirminnilega dag, og tveir fyrr þann vetur.

Þessi sveitarvandræði komu mjög sárt niður, einnig á þeim, er betur máttu í byggðarlaginu. Og var á öllum góðum heimilum hlaupið vel undir bagga með ekkjum og öreigum. Í Eyjarhólum leitaði þá margur liðs eins og venjulega, og var margt, sem á bjátaði hjá fátækum ekkjum og ungum börnum þeirra. Allir fóru þaðan hughraustari og úrræðabetri, og lengur eða skemur dvöldu þar sumar ekkjurnar með yngstu börn sín. Og viðurkennt var, að hjá Guðrúnu í Eyjarhólum væru allir aumstaddir sem í móðurhöndum. Líka þar hafði hún alltíð alllítið steðjað að á undangegnum árum, veikindi og ungbarnadauði. Barnaveiki hafði sópað burtu ungbörnum víða. Í Eyjarhólum dóu þrjú börn, sem Guðrún hafð mæðzt yfir, oft úrvinda af vökum og þreytu. Allar læknistilraunir reyndust árangurslausar. Þegar svo Guðmundur var sífellt í ferðalögum vegna Sólheimamálsins og annarra útvega, fannst Guðrúnu sem hjartað myndi bresta í brjósti hennar. „Þá var mér svo mikil hressing í einnar stundar blund,eins og heillar nætur hvíld væri,“ sagði hún, „og vaknaði ævinlega með nýjum dug og kjarki.“

Það var eins og hún hefði mitt í sínu þunga og erfiða heimilislífi úrræði fyrir marga, er hennar leituðu,og heppnaðist henni vel, þó að ekki væri einhlítt. Þá leitaði hún síðar í sams konar veikindafaröldrum ráða til séra Sveinbjarnar Guðmundssonar í Holti við Eyjafjöll. Hann var „homopati“. Taldi hún meðul frá honum ágæt og bjarga börnum sínum og annara í barnaveikistilfellum. Þungur var búskaparróðurinn og aflaga fór margt úti við, er húsbóndinn var fjarri, og alltaf komu betur í ljós erfiðleikarnir við Sólheimamálið. Guðrún fann til þess, að vinssamlegir sveitungar og nágrannar fjarlægðust vegna þess. Og fáir spáðu vel fyrir úrslitum þess. Nú hafði sex Sólheimabændum verið byggt út, og fátæk ekkja var í þeim flokki, hún hét Guðrún Eyjólfsdóttir. Ekkjan leitaði til Guðrúnar í Eyjarhólum, tjáði henni grátandi ástand sitt, sem leiddi af þessari málshöfðun og hún vildi helzt hætta við. Guðmundur var

Hólaskóli 2157

í Reykjavík að fá upptekið málið. Guðrún taldi kjark í nöfnu sína og lét hana setjast inn til Ingveldar gömlu. Sat hún þar lengi dags og fór he. . aftur örugg og hress í huga.

Þegar nú alvöru gilti um mótmæli jarðarsölunnar, urðu margir menn til þess að draga kjarkinn úr Sólheimingum og sögðu, að þetta athæfi myndi jafnvel varða fangelsisvist. Um allt þetta vissi Guðrún í Eyjarhólum, og er henni ofbauð allt sem slúðrað var bæja milli, lagði hún söðul á reiðhestinn sinn og tók sér til uppléttis ferð til ýmissa frænda og vinkvenna.

Það hafði ævinlega verið henni eins konar meinabót að koma á hestbak, þegar veikindi eða búskaparþreyta sótti á. Þótt hún kæmist ekki hjálparlaust í söðulinn sinn, kom hún hress og lífsglöð aftur heim. Hjartverkurinn, þreytan og það, sem lamaði hugann, var þá allt fokið út í vindinn. Á þessum ferðum sínum heimsótti hún einhverjar konur, sem bágt áttu, eða heimili, þar sem veikindi og dauði steðjuðu að. Og alls staðar var komu hennar fagnað og henni þakkað fyrir aðstoð og leiðbeiningar.

Þegar Guðmundur kom heim úr Reykjavíkurferð sinni með stefnuna í sölumáli Sólheimanna, var Guðrún kona hans svo mædd og þreytt, að hún fylgdi varla fötum. Blóðtökumaður var þá fenginn, er Magnús hét Ólafsson, sem opnaði henni æð á fætinum. Við það létti nokkuð, en svo var Glói, reiðhestur hennar, járnaður, og tók hún sig upp að heiman með Guðmundi, er hann reið með málstefnuna til stefnuvottanna í Mýrdal. Heimsótti um leið nokkrar vinkonur sínar, sem erfitt áttu vegna vanefna og barnaveikinda. Fátækt þeirra og húsakynni voru svo hörmuleg, að furðu gegndi. En þær voru öruggar og báru sig hraustmannalega, og fannst Guðrúnu hún mega mikið af þeim læra. „Ekki dugir að kvarta – eður segja frá – heldur bera hermanns hjarta hvað sem gengur á", varð þeim á orði, er þær minntust rauna sinna.

Eftir stefnubirtinguna í Mýrdal brá Guðmundur sér austur á Síðu til þess að fá stefnuna birta sýslumanni.

Á Kirkjubæjarklaustri var honum vel tekið, og lét sýslumaður á sér heyra, að ennþá gætu Sólheimingarnir horfið frá þessu málavafstri. Benti hann á, að sjálfur hann ætti part í þeirri eign, sem ekkert umboð fengist fyrir. Mótmælin væru og dregin úr máta fram. Þessir formgallar dyggðu til að ónýta málsupptektina, hvað sem nú væri um sjálft málið. Svo kom upp á teninginn, að ekki var nema einn löggiltur stefnuvottur í Kleifarhreppi. Enga umbót vildi sýslumaður gjöra á því og gat enga leiðbeiningu gefið. Aðrir, sem Guðmundur náði til, vissu þess heldur engin skil. Fékk hann svo ekki stefnuna birta sýslumanni, en stakk henni aftur í vasa sinn til baka. Engum treysti hann heldur í Mýrdalnum til að geta gefið fullgild ráð í þessu. Kom þar með sá kvittur upp, að ónýtt væri málið. Og betra væri fyrr eða síðar. Strax lá ný suðurferð fyrir Guðmundi. Eftir eins dags hvíld heima stóð Móskjóni altýgjaður á Eyjarhólahlaði. Og á öðrum degi var sprett af honum í Reykjavík – á Stöðlakotstúni. Fannst öllum mikið fyrir ekki meira haft, og þó einkannlega málaflutningsmanninum. Þóttist Jón Guðmundsson sjá á þessu, að ekki myndi við lamb að

leika sér, þar sem var yfirvald Skaftfellinga, og gaf nú Guðmundi öll hugsanleg ráð um hvað a, er upp á kynni að koma. Í austurleið gisti hann tæpustu nóttina í Eyjarhólum og létti ferð sinni á Kirkjubæjarklaustri. Sýslumaður lét enga þykkju á sér finna, en brosti að þessari miklu fyrirhöfn og ferðalagi. Ennþá vantaði stefnuvottinn, og neitaði sýslumaður að tilnefna hann. Tók þá hreppstjórinn þar með sér gamlan mann, er fyrr hafði verið stefnuvottur, og birtu þeir skjölin þar á Klaustrinu.

Sams konar dráttur varð á að fá eftirrit uppboðsgjörðarinnar á Ytri-Sólheimum. Sýslumaður hafði engan tíma til þess. Sendi Guðmundur svo síðar Brynjólf bónda á Litlu-Heiði eftir henni. Og var Brynjólfur lengi í þeirri ferð og kom aftur erindisleysu. Það hafði sem sé vantað 1 rd. til þess að greiða fullt fyrir hana. Þegar þetta dróst enn, skrifaði Guðmundur Jóni bónda Jónssyni á Seglbúðum og bað hann að nálgast afskriftina, borga hana og senda sér. Nokkru síðar kom þetta bréf frá Jóni, dags. 27. apríl 1870:

„Góði vin! Eftir ósk þinni læt ég þig vita undirtektir sýslumannsins Á. Gíslasonar á Kirkjubæjarklaustri, þegar ég sótti afskriftina af uppboðsgjörðinni af Ytri-Sólheimum til hans fyrir þig. Þegar ég sagði honum erindið, spurði hann um peningana. Ég spurði, hvað mikið vantaði, því að ég vissi, að Brynjólfur á Litlu-Heiði afhenti peninga fyrir skjölin, þegar hann var sendur frá þér eftir þeim. Sýslumaðurinn sagði, að vantaði 1 rd., og lagði ég þá fram ríkisdalinn frá þér. Þá tekur sýslumaðurinn upp ofannefnda afskrift, les hana saman og segir vanta 8 skildinga. Ýtir til mín ríkisdalnum og læsir niður skjölin. Ég treka að fá afskriftina og borga við hentugleika þessa vantandi 8 skildinga, því að mér þótti óþarfa kostnaður að sækja þá beinlínis. Á. sýslumaður sagði að Guðmundur borgaði þá. Þá „beiddi" ég vinnumenn hans að lána mér 8 skildinga. En þeir gátu það ekki. Niðursetningskarl gat lánað mér 6 skildinga. Nú vantaði 2 sk. og spurði ég sýslumann, hvort hann vildi ekki gjöra svo vel og lána mér þá. Það sagðist hann skyldu gera, en tók fram, að ekki lánaði hann þér 2 sk. Svo fékk hann mér skjölin.

Vinsaml. J. Jónss."

Sumum Sólheimabænda „dró nú enn frekar ref úr haus" vegna útbyggingarinnar og þess, að þeim leizt ekki gangvænlega á byrjun málsins. Lágu þá líka margir í eyrum þeim og útlistuðu, hve hrapallega þetta allt hlyti að enda.

Í einni austurferð vegna þessa máls hreppti Guðmundur hina örgustu ótíð, vatnavexti og sandbyl á Mýrdalssandi. Sá þá hvergi til vegar. Móskjóni réð ferðinni. En svo fylltust augu hans af sandi, að nokkrum sinnum steig Guðmundur af baki og sleikti sandinn burtu úr þeim. Þessi læknisaðferð féll Móskjóna vel og lagði hausinn upp að honum á meðan.

Á manntalsþingi 1870 voru eins og venjulega mörg mál borin undir sýslumanninn. Var þá gustur allmikill af sýslumanni og áminnti Sólheiminga og aðra um lögleg skil, svo sem það, er í óreiðu væri vegna Sólheimakirkju. Eng-

Lbs.skj. 29
158

inn mælti slíkum vanskilum bót nema Einar Jóhannsson hreppstjóri. Hann tók svari Sólheiminga og sagði þeir væru ólögum beittir. Var ýmist, að menn greiddu ekki kirkjugjöldin þetta ár eða þá til umboðsmanns sýslumannsins, en nokkrir til fyrrverandi kirkjuhaldara. Eins konar dulinn ótti var í byggðinni vegna þessa máls og útbygginga eða annarra stefnufara út af kirkjutekjum og reka.

Þegar leið á sumar, barst frétt utan af Rangárvöllum með Sæmundi bónda Árnasyni í Sólheimahjáleigu, að ógild myndi dæmast upppboðsgjörðin á Ytri-Sólheimum og Sólheimingar myndu halda jarðeignum sínum. Sæmundur var oft í ferðalagi og mörgum að greiða kunnur. Hann var stór maður og stórfelldur í sjón og reynd. Sagði hann þessar fréttir afdráttarlaust með þungum áherzlum og krafti miklum. Hló hann mjög að þessum úrslitum. Flestir héldu þetta væru „rokur" úr Sæmundi og lögðu ekki trúnað á. En alltaf dróst þó með lögtökin, sem hótað hafði verið. Guðmundur bað Sæmund sælan segja og hressti hann.

Rétt fyrir jólin 1871 kom séra Gísli Thorarensen á Felli með bréf til Guðmundar í Eyjarhólum frá Jóni Guðmundssyni málaflutningsmanni. Það var dags. 27. nóvember og var þannig með öðru fleira.

„Einsog þér getið séð af Þjóðólfi, er nú kemur, auðnaðist okkur að vinna það fyllilega, því að uppboðsgjörðin er dæmd ómerk, og þeir Jón umboðsm. og erfingjar Sigríðar sál. á Breiðabólsstað dæmdir til að greiða okkur 25 rd. í málskostnað – –"

Séra Gísli var fagnandi þessum sigri vegna sóknarbarna sinna.

Sólheimabændur söfnuðust heim að Eyjarhólum, og var þeim margt til umræðu og ráðagerðar. Sátu þar fram á nótt yfir mátulegri hýrgun. Sögðu þeir, að Guðmundur ætti allan heiður af þessu máli. En Jón Ólafsson sagðist eiga mestan þátt í því, hann hefði bent á forystumanninn. Þetta var í gamni, og bætti þá einhver við, að enginn vissi til þess, að Guðmundur í Eyjarhólum rynni frá áformi sínu eins og nágrannar hans hefðu gert í fjörumálinu við Eystri-Sólheima. Þá hélt Jón, að rök mætti færa til þess, að Guðmundur bróðir gæti runnið á rassinn eins og aðrir menn, og var þá sögð því til sönnunar og til gestafangaðar þessi ferðasaga þeirra bræðra, og var samferðamaður þeirra, Sigurður í Pétursey, látinn flytja:

Þeir voru á laugardegi tilbúnir að taka sig upp snemma dags úr Reykjavík. Flýttu öllum erindum og lögðu nákvæmlega niður í ferðakoffort sín, svo að engar tafir yrðu við það að morgni næsta dags. Hestana, sem þeir áttu geymda hjá bóndanum á Kleppi, fengu þeir tímanlega. Þegar búið var að láta koffortin til klakks, hafði Jón gleymt því, hvort í kofforti hans væri bókaböggull, sem hann mátti ekki missa af. Guðmundur sagði, að fyrst böggullinn væri þar ekki í húsinu, hlyti hann að vera í koffortinu. Og mælti móti því, að neitt væri farið að hrugga við farangri þeirra. Jón leysti samt sem áður upp skrínu sína og athugar allt í henni með hinni mestu gænti. Þegar hann hefur náð í flösku, sem neðst var á botninum, raðar hann aftur dótinu niður með hinni mestu

„respekt". Guðmundur beið á meðan. En í staðinn fyrir að slá lokinu í lás, verður Jón ennþa að taka upp dót sitt og laga betur. Þá þverneitar Guðmundur að bíða og fer af stað með sína hesta, en skilur Jón eftir og Sigurð til þess að hjálpa honum. Nú tók það dag allan, að ýmist raðaði Jón ofan í skrínu sína eða tók upp aftur, svo að betur skyldi fara. Ríður Sigurður þá upp að Árbæ, þar sem Guðmundur bjóst við að bíða þeirra. Sagði hann, að Jón hefði hresst sig á rommflösku sinni og myndi ekki fara þann dag úr Reykjavík, hestum hans hefði aftur verið komið fyrir til sunnudags. Guðmundur skyldi þá eftir dót sitt í Árbæ, en reið til baka með Sigurði. Var því svo við bætt, að alla þá nótt vektu þeir bræður, og Jón tók ýmist upp úr skrínu sinni eða raðaði niður í hana aftur. Þessi ferðasaga þótti brosleg, „en þannig hefur þetta nú gengið hjá okkur með Sólheimamálið", sagði Guðmundur.

Svo sleit fundi þessum, að engin úrræði sáust til þess að útvega ný lán til Sólheimakirkju; átti Guðmundur að finna þau, endurheimta kirkjuna og vera í útvegum öllum, unz málum og eftirmálum væri lokið.

Hinn 9. des. 1871 birtist dómurinn í 5. – 6. tölubl. Þjóðólfs.

Þegar Guðmundur fékk dóminn í hendur, reið hann austur á Síðu til þess að birta hann sýslumanninum.

Árni sýslumaður var heima á Klaustrinu, og fannst ekki, að honum mislíkaði í neinu. Meðan dómurinn var lesinn í stofu hans, gekk hann um gólf, og þar sem var hvasst að orði kveðið, þá gekk hann út úr stofudyrunum, sem stóðu opnar. Að því loknu veitti hann kaffi með brennivíni. En enga úrlausn fékkst hann til að gera á Sólheimakirkju og hennar eignum í það sinn.

En með dómi þessum var uppboðsgjörðin gerð ónýt, og uppboðshöfðingjendum gert að borga málskostnað við yfirréttinn. Hins vegar sýslumanni ekki stefnt upp á annað en halda uppi svörum og vörn fyrir þær embættisgerðir sínar, en ekki til þess að hafa af þeim laga ábyrgð. Þannig lauk og málinu, að laga ábyrgðar hans var ekki frekar leitað með lögsókn. Höfðu og öll viðskipti orðið heldur torsótt gegn honum.

Kirkjuhaldari vor

Sólheimamálið var að vísu dæmt Sólheimingum í vil. Og þar með ónýttar útbyggingar þær, er yfir þeim höfðu verið lesnar. Eftir voru nú tvennir erfiðleikar, sem ekki voru léttir á metum fyrir efnalitla bændur og lítilsmetna. Fyrst var að fá lán, svo að greiða mætti upp gömlu skuldirnar og í öðru lagi að endurheimta Sólheimakirkju, eins og það var orðað, með fé hennar og skilríkjum. Í þetta varð Guðmundur að ganga með aðstoð Jóns Guðmundssonar málaflutningsmanns, sem í öllu var ráðhollur og útséður. Þetta lá þó ekki laust fyrir. Héraðsprófastur var seinn til aðstoðar þeim, og ekki fyrr en eftir langt þref og ærna snúninga kom hann þeim til liðs. Og var þá kirkjan aftur formlega afhent Sólheimingum. En stuttleg skil gerð á tekjum hennar, sem þá líka

Tölvuútgáfa 2009
159

109

um bodsmadur hinna nefndir erfinga Þorvaldur Björnsson
ad sem fyrst yrdi gjört út um tjed málefni.
Svo útaf hjer greindu er uppskriftinni frestad
þangad til ad skiptanadandinn i Rangarvalla
Syslu gjörir frekari radstöfun med tjed dánar
bú.

Fundi slitid
J. Björleifsson Einarsson Sigurdsson
vidstaddir vattar Gudmundur Jónsson Gudmundsson

Ár 1885. 2 dag Janúarmánadar var hreppstjórinn
i Austur Egjafjalla hreppi stadtar ad Skardshlid, ad
tvennur tilkvöddum vattum og virdingarmönnum
hreppsnefndarmanni Gudmundi Jónssyni i Hlid og
bórdarnum Odda Sveinssyni i ytri Skógum samkvæmt
brefi Syslumannsins i Rangárvalla Syslu dagsett
22 desember. f. á. ad uppskrifa og virda dánarbú
Ekkjunnar Aadbjörgar Einarsdáttir hjer á bd er andadist
9 dag November, f. á.

Erfingar
eru a, Ekkill hinnar látnu Svein Sigurdsson
b, börn peirra hjóna
1. Sigurdur Sveinsson á Raudafelli (húsmadur)
2 Valtir Sveinsson i Egstri Skógum vinnumadur
3 Sveinbjörn Sveinsson i Skardshlid ——
4 Björni Sveinsson i Vestmannaeyjum ——
5 Einar —— — ——

Rang. A-Egjafjallahreppur
Hreppsbók 1879-1905
18/4 '06

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

110

6. Gudnja Sveinsdottir ekkja i Skordshlid
7. Gudrun — — i Eystri Skógum (vinnukona)
8. Kristin Oddsdottir, dóttir hinnar látnu, vinnu kona i ytri Skógum

Fyvir könd fr nær og fjærverandi erfingja mætir vid uppskriftina herra verslunarmadur Þorvaldur Björnsson i Nápakoti og er hann hjer vidstaddur eptir skipun hreppstjóra nema ekkjunar Gudnjar Sveinsdóttir som mætir sjálf sinvegna.

Ekkillinn Sveinn Sigurdsson syndi og vesadi á og sagdi til mun búsins og ~~og~~ vera þeir vertir eins og hjer segir

Nr	Munir búsins	verding Kr	aur
	A. i bækur		
1	Vidalins postilla 2 messusaungsbók 2ar hugvekjur	1	50
2	tvær bibljur 1 flokkabók 2ar passjusálmar	1	50
3	~~bæna~~ Sjöordabók og midvikudags prelikonir og Vigfasar hugvekjur fædingar sálmar og hugvekjur	1	--
4	Atli og samanbundnar skrædur innislegt	..	50
	B. Rúmfalnadur		
5	1. Brekan 2 rekkvadir 1. undir sæng 1 Raddir	12	
6	Nærfat milli-fat. og utanyfirfat	4	..
7	tvær peisur og 1. Kot	1	50
8	einir sokkar	..	50
9	Sjal hirna	1	..
	C bús og elds gögn		
10	2. pottar	4	"
11	2 Kérnar 1. strokkar forn	1	"
12	6. mjólkar trog forn	3	
	Flet	37	50

BIÓDSKJALASAFN

Nr	Munir búsins	verding Kr	aur
	Flutt	31	50
+13	Kjær og 2 Kaggar	6	—
	D hirslur		
+14	1. Kista og 1 Ekrina forn	7	—
	E		
+15	4. orf 6. hrifur	2	
+16	4. ljáir	4	
+17	3. Skóblar 1. Páll	2	50
	F. Reidskaper		
+18	5. Klifbarar og 3. fluttningsverki	5	—
	G. Smidjutól		
+19	1 Stedje 1. Sleggja 2. hamrar 1. tvang smidabelgur med blistru 3 heflar og 1 smáhamar Sag nafra sveif 2 nafrar og 1 ögsi	15	—
	H hús og vidur		
+20	Bádstofu hús portbigdt rámar 6 ál álengd undir súd med lapti fjalar golfi og piljum	65	—
+21	Hjallar austanu vid badstofuna	25	—
+22	Smidjuhús austast i bæjarrandenni	15	
+23	Hesthus nirdra austanundir	9	
+24	— — Sidra —	7	—
+25	Kofi vestar i blaupi	1	
+26	Heyhlada austur á túni	30	
+27	Fjárhús — — —	25	
+28	— — —	8	—
+29	Lambahús — — —	10	—
+30	Trippakofi — — —	4	
+31	Hestatröd — — —	8	
+32	Trippakofi vestan vid stokkinn	1	50
	Flit	281	50

BJÖDSKJALASAFN

112 Nr	Munir búsins		vinding kr	aar
		Fluttar	281	50
33	Vefstöll		4	—
34	Hjólsledi og dráttarsledi og börur		5	—
35	3. Kvistar 2 vallarklárar		1	
36	10. hegmeisar smæri og stærri		4	—
37	Kaffe tau		3	—
38	3 askar vænir		3	—
39	málikvörn		1	—
40	16 hestar hegbandsreipi		10	50
41	4 púlsbeisli		1	—
42	2. færi med umbúdum		6	—
43	tvennskinnklædi og tvennir sjóskór		6	—
44	1. hádarskinn		10	—
45	Rokkur forn		1	—
46	Raudkinnótt kyr 8–10 vetra		80	—
47	Brandskjaldótt ad fridja kolfi		80	—
48	Raudkinnótt 4–5 vetra hind		80	—
49	1. vetrúngur		20	—
50	R. Stjöttur hestar 15 v. gódgungur		40	—
51	Raudskjöttur — 10 ———		46	—
52	Sjós — 14 ———		40	—
53	Mönótt brissa 9 vetra		35	
54	Sjóst hesttryppi		20	
55	16 ær med lömbum hver 8. kr		128	
56	12 kindur 1. vetra — 6 —		72	
		Flit	978	

ÞJÓDSKJALASAFN ÍSLANDS

Nr	Munir búsins	kr	aur
	Flutter	978	
×57	3 Sandir 2 vetrir hver á 8 kr	24	–
×58	7 ℔ 40 ál forntmot jördinn Sölheima hjáleiga	586	66
	Somtals	1588	66

Fleirri fjörmuna vor ekki sagt til
Vidurkendar skaldir á búinu
1 Útforar kostnadur hinnor látnu, til
Gudnjar Sveinsdóttir Skordshlid . . . 80 –
formed talid til prests og kirkju
Ekkjann Gudni Sveinsdóttir i Skordshlid
tekur muni búsins ad sjer ad vordveita pángad til
peim verdi rádstafad af skipta rádandanum
pess skal getid ad fjenadur á fódur á hennor
búi til vors.
Einnig skal pess getid ad skagt hafdi ritast
dagar á uppskriftar fundi vidvikjandi búi
pessu, settum og haldinn dag 17 desemb f. ár
enn hafdi skrifast 16. hjer i Skordshlid,
pvi nest óskadi verstunarmadur herra porvaldur
Björnsson i Nupakoti af hreppstjóra ad leggja fram
skjal dagsett 3 Nóvember 1879 er framlagt vor
á uppskriftar fundi ninefndum og er pad framlagt
og upplesid og mert Nr. 1. leka svo lagdi porvaldur
fram fullmaktar skjal dagsett 17 f. m (fyrra ár) med
nafni ekkilsins og vatta undir, sem leka vor
upplesid og mert Nr 2. og kannast ekkillinn

vid pad ad ällu leiti og jafnframt nestadi hinum framlagda afsalsgjörningi eda gjafa gjörningi sem ösönnum og sönn leidist synir hans sem vidstaddir eru Sigurdar og Sveinbjörn, af pessu leiddi ad porvaldur sem fallmekt-ugar Mkilsins og allra erfingja hinnar látnu nema Mkjunar Gudnjar i Skardshlid áskadi ad hreppstjörinn hirti og geimdi vandlega hinn framlagda gjörning sem med tilliti til fallmaktar sem hann hefur og um mæta Mkilsins og hinna vidstödda sona hans virdist ef tilvill hinn áminsti gjörningur vera pess edlis ad eiga ad geimast vandlega til rettar ins ad gjördar, og fann hreppstjörinn sem gjörir pad enga heldur enn adrir sem vid voru staddir ástæda ad nesta pad.

En sa pessarji [illegible] Svejnn Sigurðsson

J Hjorleifsson

Sjörnsson Guðni Sveinsdottir

Sigurður Sveinsson Sveinbjörn Sveinsson

vottar Guðmundur Jónsson Oddur Sveinsson

Ar 1885. Manudagina 2 febráar mánadar var hreppstjörinn i Austur Eyjafjalla hreppi staddur ad Eyvindarhólum med 2. tilkvöddum vottum og virdingar mönnum med hreppstjöra Sk Arnasyni og yngismanni K Jónassyni, samkvæmt ósk hlutadeigandi erfingja Páliner Pálsdottir og

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Ár 1885. 2. dag Janúarmánaðar var hreppstjórinn í Austur-Eyjafjallahreppi staddur að Skarðshlíð, að tveimur tilkvöddum virðingarmönnum...að uppskrifa og virða dánarbú Auðbjargar Einarsdóttur hjer á bæ er andaðist 9 dag Nóvember, f.á,

Erfingjar

eru a, Ekkill hinnar látnu Svein Sigurðsson

b, börn þeirra hjóna

1. Sigurður Sveinsson á Rauðafelli (húsmaður)

...

6, Guðný Sveinsdóttir ekkja í Skarðshlíð

...

fyrir hönd nær og fjarverandi erfingja mætir við uppskriftina herra verslunarmaður Þorvaldur Björnsson í Núpakoti og er hann hér viðstaddur eptir skipun hreppstjóra nema ekkjunnar Guðnýjar Sveinsdóttur sem mætir sjálf sínvegna.

Ekkillinn Sveinn Sigurðsson sýndi og vísaði á, og sagði til muna búsins og voru þeir virtir eins og hjer synir

		virðing	
Nr	Munir búsins	Kr	aur
1	Víðalins postilla...	...	...
...	...	...	...
58	7 H 40 ál fornt mat jörðinn Sólheimahjáleiga	586	66
	Samtals	1588	66

Fleirri fjármuna var ekki sagt til...

Er þessari uppskrift lokið Sveinn Sigurðsson (sign)

J Hjörleifsson (sign)

Þ Björnsson (sign) Guðní sveinsdóttir (sign)

Sigurður Sveinsson (sign) Sveinbjörn Sveinsson (sign)

Vottar Guðmundur Jónsson (sign) Oddur Sveinsson (sign)

Dyrhólahreppur
Nr 13.

Uppskriftar - uppboðs-
uttektar og fógetavók
fyrir hreppstjóra
í Dyrhola

1888 - 1900

sókn på me krafa er gjörð til, finst
oss þettað verð naumast geta stöðist, þessa
lysingu höfum við gjört eptir bestu
þekkingu og sannfæringu.
Sama ár og dag sem að framann

Þorsteinn Árnason Finnbogi Einarson

Ár 1889 þann 4 janúar erum við undirskrifir
til staðar á Ytri Sólheymum í Dyrhólahrepp
samkvæmt brjefi Sýslumansins í Skapta-
fellssýslu 20 f.m. dómkvaddir, til að
virða til peningaverðs 5 H að fornumati
í nefndrijörð, til heyrandi dánarbúi
Svéns sál Árnasonar á Krókskoti í
Gullbringusýslu
Lising jarðarinnar er hunnig, tún
inn eru fremur grasgefinn, og megri
partur af þeym grasgefinn, fær. Útslægjur
þverbrestasamar, Vallendis slægjur sem

Hdskj. 31
167
20111

oft verda fyrir töluverda áfa í fokgrjóti
hagar fremur miklir og godir. Sjerstakar
ínitjar á hún ekki, utann reka sólafjöru
í sameiningu vid hinar jardirnar mótak
og afrjett, og slægjustikki í Hvolslandi
sem köllud er Solheyma mýri, jördin
fylgja 5 ör í kúgildi, sem voru af hentar
ábúanda ad haustlagi lamblausar, legga
eptir þær 17½ ℔ smjör, geyngur helmingur
af því til prestsins í Myrdalsþíngum
5 ál í óákvednu eptir hvert hundrad í
landskuld, Hús sem jardarpartinum fylga eru
þau sem nú skal greyna.
1 Bæjardir í sameyningu fyrir 50 hundrad
sem eru ad stærd 10¼ ál á leyngd 3 ál 15
þuml vídar, 6½ al á hæd med þili og
hurd, eptir því til heyrir tjedum
jardarparti, lídug 1 al yfrum þvert
og hlutfall úr þili og hurd
2 Búr er fyldi 12½ hundradi, er
Sveinn b[illegible] á 2½ al á leyngd, 3¾ al vítt
fjögra, ál hátt med þili og hurd, þar af fylgja
5 ℔ 1½ al yfrum þvert og ⅖ úr þili og hurd
3 Eldhús 6¾ ál lánkt, og rúmar 4 ál á vídd
og 4 ál á hæd, þar af ter partinum 2½ al yfrum
þvert,
4 Úr fjósinu fylgir partinum bás fyrir 1 kú
húsinn öll med þak hellu
Samkvæmt til kinningu ábúanda og vissi
tasjum biskupa, á Kirkjann hálftlanda
og fynst okkur því ekki til hlídi lekt
virda nema helmingum af optnefndum
5 hundrudum, af framanngreyndum
ástædum, og eptir ítarlega yfir vegun
virdum vid jardarpart þennann á 225
tvöhundrud tuttugu og fymm kronur,
þessa virdingu og lísingu höfum vid gjört
eptir bestu vitund og þekkingu,
Vigfús bóndi þorarinnson sem ábú
andi var vidstaddur, enn Oddvitarnir

Höskj. 31
168
001

i Dyrhóla og Hvamshreppi, [illegible] eyrnig
hafdi verid gefinn kostur á ad vera vid Virdingma
komu hvorugur

Þad skal eyrnig tekid fram ad
Ábúandinn Vigfús Þorarinn sem bad
þess getid ad sjer væru pantsettan allar
eygur Sveins sál Árnasonar, fastar
og lausar, med fyrsta vedrjetti fyrir
ofann álagi jardarinnar, sem hann
bjóá sem var 12½ hundrad fornt mat.
Sama ár og dag sem ad framann.

Þorsteinn Árnason Einar Einarsson

Ár 1888 þann 6 júni tókum vid Undir-
skrifadir. út adal póst veginn frá Hafurs á
og austur fyrir Steigarháls, á þeim vegi
var gjört ad rœsum á Hvolseyar brunni,
vida hladinn upp Steigardals brúinn
gjört ad rœsi á henni og borinn þarka mikill

aur og [illegible] ihana, lika ruddur Steigarhals-
vestann, og á lítum vid ad verkid væri vel
af hendi leyst

Dyrhólum 6. Mars 1889

Þorsteinn Árnason Sigurdur Bjarnason

Ár 1889 þann 7. júni vorum undirskrifadir
úttektarmenn til stadar ad Eystri Sólheimum
til þess ad taka út 1/3 part tjedrar jardar af
prestinum Ólafi Stephensen í Hvammi, sem
tekid hafdi á nesti honum árid 1888 þ. 7. júni
af Jóni bónda Þorsteinssyni fyrir hönd hreppstjóra
Jóns Hjörleifssonar í Eystri Skógum, sem
nú hefir verid ad varadur en mætir ekki þó hann
vari med nægum fyrir vara advaradur. Vittakandi
sem bad um úttektina er Vigfús bóndi Þórar-
inssón á Ytri Sólheimum, sem nú er um-
bodsmadur jardarinnar samkvæmt skrifleyri
umbodi eigandens S. Kjartans Jónssonar
á Ellidavatni, dags. 6 marz 1889. Vittakandi

Hdskj. 31
169
0011

Ár 1889 þann 4. janúar erum við undirskrifaðir til staðar á Ytri-Sólheimum í Dyrhólahrepp samkvæmt brjéfi Sýslumannsins í Skaptafellssýslu 20. f.m. dómkvaddir til að virða til peningaverðs 5 H að fornumati í nefndri jörð tilheyrandi dánarbúi Sveins sál. Árnasonar á Krókskoti í Gullbringusýslu.
Lísing jarðarinnar er þannig, túninn eru fremur grasgefin og meyripartur af þeym greiðfær. Útslægjur þverbrestasamar, valllendis slægjur sem oft verða fyrir töluverðu áfalli af fokgrjóti, hagar fremur miklir og góðir, sjerstakar ínitjar á hún ekki, utann rekasæla fjöru í sameiníngu við hinar jarðirnar mótak...

Hús sem jarðarpartinum fylgja eru þau sem nú skal greyna.
1. Bæjardir í sameiníngu fyrir 50 hundruðum eru að stærð 10 ¼ ál á leyngd 3 ál 15 þuml víðar, 6 ½ ál á hæð með þili og hurð, eptir því tilheyrir tjeðum jarðarparti, liðug 1 al yfrum þvert og hlutfall úr þili og hurð
2. Búr er fyldi 12 ½ hundraði er Sveinn bjó á...

Það skal tekið fram að ábúandinn Vigfús Þórarinsson bað þess getið að sjer væru pantsettar allar eygur Sveins sál. Árnasonar, fastar og lausar, með 1. veðrjétti fyrir, ofann álagi jarðarinnar, sem hann bjó á sem var 12 ½ hundrað fornt mat.
Sama ár og dag sem að framann

Þorsteinn Árnason Einar Einarsson

andinn, Kristján Ó. Þorgrímsson, hinum stefnda, Lárusi Bjarnason fyrir hönd S. Friedlænders, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. ágústmánaðar.

Nr. 4/1893: Vigfús Þórarinsson
gegn
hreppsnefndum Hvamms- og Dyrhólahreppa í Vestur-Skaptafellssýslu.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu í hjeraði hreppsnefndirnar í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu, er Dyrhólahreppi hinum forna hefur verið skipt í, gegn áfrýjandanum Vigfúsi bónda Þórarinssyni á Ytri-Sólheimum til að fá hann skyldaðan til að greiða sjer meðal annars eptirgjald eptir 5 hndr. f. m. í Ytri-Sólheimum frá fardögum 1879 til fardaga 1891, en jarðarhundruð þessi hafði eigandinn Sveinn Árnason fengið hreppsnefndunum til umráða, er hann fluttist burtu úr hreppnum, svo sem með lageða framfærslustyrk með konu hans, Margrjeti Berentsdóttur, er hann skildi þar eptir. Málið var dæmt í aukarjetti Skaptafellssýslu 18. ágústmán. f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða hinum stefndu afgjald af umræddum jarðarparti fyrir greind ár, 174 kr. 59 a., og árlegt fjörufóður svo nefnt, eða eptirgjald eptir fjöruna að rjettri tiltölu fyrir sama tíma, eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna, en að

öðru leyti skyldi hann vera sýkn af kröfum hreppsnefndanna. Í gagnsóknarmáli, er áfrýjandinn jafnframt hafði höfðað til þess að fá hreppsnefndirnar skyldaðar til að greiða sjer meðlag með fyrnefndri Margrjeti Berentsdóttur um 7 ára tíma, er hann taldi hana hafa dvalið hjá sjer, 390 kr., voru hreppsnefndirnar sýknaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú Vigfús Þórarinsson áfrýjað til yfirdómsins og krafizt þess, að hreppsnefndirnar verði skyldaðar til að greiða honum 390 kr. sem meðlag með fyrnefndri Margrjeti ásamt 5% vöxtum frá gagnkærudegi til borgunardags, hvorttveggja að frádregnu afgjaldi af 5 hndr. í Ytri-Sólheimum fyrir árin 1879—91, svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinar stefndu hreppsnefndir, sem hafa fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, hafa aptur á móti krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá yfirdómi og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra hjer fyrir rjettinum. *Til vara* hafa þær krafizt staðfestingar dómsins og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra.

Frávísunarkröfu sína byggja hinar stefndu hreppsnefndir, eða hinn skipaði talsmaður þeirra á því, *að* vottorð sýslumanns vanti um það, að þeir menn, er birt hafi yfirdómsstefnuna, sjeu eiðsvarnir stefnuvottar í hlutaðeigandi hreppi, *að* vissu vanti fyrir því, að stefnan sje birt öllum eða nægilega mörgum hreppsnefndarmönnum, og að þeir, er birt hafi stefnuna, hafi eigi í vottorði sínu skýrskotað til áður unninna eiða. En þar

Hdskj. 32 171

sem því alls eigi er neitað af hálfu hinna stefndu að þeim hafi verið birt yfirdómsstefna að öllu leyti löglega, enda hafa þeir látið mæta fyrir yfirdóminum í máli þessu, þá verður frávísunarkröfu þessari eigi gaumur gefinn.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum er engin vefenging á því frá hálfu áfrýjanda, að hinar stefndu hreppsnefndir hafi haft afnota- og umráðarjett yfir þeim 5 hndr. f. m. í jörðinni Ytri-Sólheimum, er ræðir um í málinu, og að þeim hafi því borið afgjald það eptir hundruð þessi fyrir árin 1879—91, er áfrýjandi hafði ábúð á þeim, er undirdómurinn hefur dæmt þeim, og hefur áfrýjandi eigi sjerstaklega fundið neitt að upphæð tjeðrar afgjaldskröfu. Ákvæði undirdómsins um afgjald af jarðarhundruðunum, þar með talið eptirgjaldið eptir fjöruna, fjörufóðrið, verða því að standa óhöggvið. Hinsvegar hefur áfrýjandinn haldið fram fyrir yfirdóminum kröfu sinni í gagnsókninni fyrir undirrjettinum um 390 kr. meðlag úr hreppssjóði með Margrjeti Berentsdóttur fyrir 7 ára tíma, er hún hafi dvalið hjá honum. Hinar stefndu hreppsnefndir hafa neitað því að það hafi verið að ráðstöfun þeirra, að Margrjet dvaldi hjá áfrýjandanum umræddan 7 ára tíma, og með því að áfrýjandi hefur eigi gegn þeirri neitun sannað, að svo hafi verið, eða fært á annan hátt næg rök fyrir því, að hreppunum beri að greiða honum greint meðlag eða endurgjald, þá verður þessi krafa hans eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu, og þar sem ekkert er að athuga við málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og eptir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða talsmanni hinna stefndu hreppsnefnda ber í málflutningslaun fyrir yfirdómi 15 kr., er greiðist honum af almannafje, og vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða talsmanni hreppsnefndanna, cand. jur. Hannesi Thorsteinson, greiðast í málsfærslulaun af almannafje 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. ágústmánaðar.

Nr. 27/1893. Rjettvísin gegn Tómasi Tómassyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verði lagður á þetta málið virðist nauðsyn til bera, að hjeraðsdómarinn útvegi þær ýtarlegri skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort hinn ákærði í rjettarhöldunum 4. febr. 1891 hafi mætt sem sakborningur eða vitni, eða hvorttveggja.
2. Hve lengi hann hafi verið í gæzluvarðhaldi og hversvegna.
3. Hvort hann hafi í upphafi verið krafinn andsvara

Hdskj. 32 172

Ár 1898, hinn 1. d. sept. mán. var Sólheimakirkja skoðuð af undirskrifuðum prófasti sra Bjarna Einarssyni. Viðstaddir voru: sóknarpresturinn sra Júsli Kjartansson á Felli, safnaðarfulltrúi og fjárhaldsmaður kirkjunnar Vigfús Þórarinsson á Sólheimum, og hr. Jón Ólafsson frá Pjetursey. Kirkjan álíst at vera í fremar góðu standi. Úr þeim göllum, sem taldir eru í síðustu vísitazíu 1896, á kirkjunni og áhöldum hennar, hefur at vísu eptir verit bætt til fullu, og sennar þat til af þér, at til stendur at leggja þenna kirkju niður og sameina Sólheima- og Dyrhóla-sókn-in um nýja kirkju at Skeitflöt.

Börn voru yfirheyrt í kristindómi og reyndust dável uppfrædd.

Vísitazíunni lakit

Júsli Kjartansson Bjarni Einarsson
Vigfús Þórarinsson Jón Ólafsson

Sólheimaþing AA/4
Firlejnstöll Sólheima 1840-1896

Viðvíkjandi sameiningu Sólheima og Dyrhólakirkju gerum vér undirritaðar viðkomandi sóknarnefndir svo feldan samning við eigendur beggja kirknanna, umboðsmann herra Haldór Jónsson í Vík eiganda Dyrhólakirkju og alla undirskrifaða eigendur Sólheimakirkju.

Vér sóknarnefndirnar tökum að oss eptir ítrekaða áskorun viðkomandi sóknarbænda að standa fyrir nýrri kirkjubyggingu fyrir þau tillög frá eigendum hinna nú verandi kirkna, er hér segir:

Eigandi og umráðamaður Dyrhólakirkju umboðsmaður herra H. Jónsson skal leggja til kirkjubyggingarinnar 1800,00 kr. — átján hundruð krónur — í peningum og skal hann afhenda þá ~~peninga~~ upphæð í hendur viðkomandi sóknarnefndum, hvenær sem þær krefjast fjárins til framkvæmdar byggingunni. Hins vegar skal hann laus við allar ískyldur hinnar nú verandi Dyrhólakirkju, nema hið ákveðna prestsmötugjald, það skal hvíla á kirkjueignunni framvegis eptir sem áður, en eigandinn heldur óátalið sem frjálsri eign kirkjunni, kirkjujörðunum, sem eru Steig og Rauðháls, reka o.s.frv.

Eigendur Sólheimakirkju skulu einn fyrir alla og allir

Hdsk. 33
00115
173

fyrir einn leggja til kirkjubyggingarinnar 1000,00 kr. — eitt þúsund kr. — sem lúkast þannig: Þeir leggja Sólheimakirkju í því ástandi, sem hún kemur fyrir, með inventarium, að undantekinni annari kirkjuklukkunni fyrir umsamið kaupverð 400,00 kr. — fjögur hundruð kr. Ennfremur leggja þeir til sem borgun upp í þessar 1000,00 kr. sjóð kirkjunnar eins og hann verður þegar vøntanlegt leyfi háyfirvaldanna fæst um sameiningu kirknanna. Það, sem þá vantar upp á 1000,00 kr. greiði þeir í peningum eptir eignahlutfalli jarðarinnar hvenær sem hinar viðkomandi sóknarnefndir krefjast fjárins til framkvæmdar byggingunni. Prestsmötugjaldið hvílir á eigendum Sólheimakirkju eptir sem áður, en annars eru eigendurnir að öðru leyti með öllu lausir við kirkjuna og allar hennar ískyldur, en halda sem frjálsri eign kirkjuhluta jarðarinnar, fjöru og öllum réttindum.

Dyrhólum 20. Mai 1898.

Haldór Jónsson eigandi Dyrhólakirkju.

Eigendur Sólheimakirkju:

Vigfús Þórarinsson
Þorleifur Jónsson
Einar Guðmundsson
Sverrir Magnússon
Eyjólfur Ólafsson
Jón Ólafsson.

Í sóknarnefnd Dyrhólasóknar:

Guðmundur Þorbjarnarson
Sigurður Björnsson
Kristján Þorsteinsson.

Í sóknarnefnd Sólheimasóknar:

Högni Jónsson
Árni Jónsson
Þorleifur Jónsson
Gísli Kjartansson.

Vottar:

Sigurður Sverrisson.
Grímur Sigurðsson.

—— " ——

Rétt afrit staðfestir með tilkvöddum vottum
Felli 31. Janúar 1899.
Gísli Kjartansson

Vottar:

Vigfús Þórarinsson
Sigurður Bjarnarson.

—— " ——

In fidem 16/5 1906
Jón Þorkelsson

Hdskj. 33 174

Viðvíkjandi sameiningu Sólheima og Dyrhólakirkju gerum vér udirritaðar viðkomandi sóknarnefndir svo feldan samning við eigendur beggja kirknanna, umboðsmann herra Halldór Jónsson í Vík eiganda Dyrhólakirkja og alla undirskrifaða eigendur Sólheimakirkju.

Vér sóknarnefndirnar tökum osseptirítrekaða áskorun viðkomandi sóknarbænda að standa fyrir nýrri kirkjubyggingu fyrir þau tillög frá eigendum hinna núverandi kirkna er hér segir:

Eigandi og umráðamaður Dyrhólakirkju umboðsmaður herra H. Jónsson skal leggja til kirkjubyggingarinnar 1800,00 kr. –átjánhundruð krónur- í peningum og skal hann afhenda þá upphæð í hendur viðkomandi sóknarnefndum, hvenær sem þær krefjast fjárins til framkvæmdar byggingunni. Hins vegar skal hann laus við allar ískyldur hinnar núverandi Dyrhólakirkju, nema hið ákveðna prestsmötugjald, það skal hvíla á kirkjueigninni framvegis eptir sem áður, en eigandinn heldur óátalið sem frjálsri eign kirkjunni, kirkjujörðunum, sem eru Steig og Rauðháls, reka o.s.frv.

Eigendur Sólheimakirkju skulu einn fyrir alla og allir fyrir einn leggja til kirkjubyggingarinnar 1000, 00 kr.- eitt þúsund kr.- sem lúkast þannig: Þeir leggja Sólheimakirkju í því ástandi, sem hún kemur fyrir, með inventarium, að undanskylinni annari kirkjuklukkunni fyrir umsamið kaupverð 400,00 kr. –fjögur hundruð kr. Ennfremur leggja þeir til sem borgun upp í þessar 1000,00 kr. sjóð kirkjunnar eins og hann verður þegar væntanlegt leyfi háyfirvaldanna fæst um sameiningu kirknanna. Það, sem þá vantar uppá 1000,00 kr. greiði þeir í peningum eptir eignahlutfalli jarðarinnar hvenær sem hinar viðkomandi sóknarnefndir krefjast fjárins til framkvæmdar byggingunni.

Prestsmötugjaldið hvílir á eigendum Sólheimakirkju eptir sem áður, en annars eru eigendurnir að öðru leyti með öllu lausir við kirkjuna og allar hennar ískyldur, en halda sem frjálsri eign kirkjuhluta jarðarinnar, fjöru og öllum réttindum.

Dyrhólum 20. maí 1898.
Halldór Jónsson eigandi Dyrhólakirkju.
Eigendur Sólheimakirkju:
Vigfús Þórarinsson
Þorleifur Jónsson
Einar Guðmundsson
Sverrir Magnússon
Eyjólfur Ólafsson
Jón Ólafsson.
Í sóknarnefnd Dyrhólasóknar:
Guðmundur Þorbjarnarson
Sigurður Björnsson
Kristján Þorsteinsson
Í sóknarnefnd Sólheimasóknar:
Högni Jónsson
Árni Jónsson
Þorleifur jónsson
Gísli Kjartansson

Vottar:
Sigurður Sverrisson
Grímur Sigurðsson

framlagði hann umboð dagsett 14. p.m., er var áteiknad og auðkennt № 17 svo hljóðandi: # #.

Eftir ósk beggja málspartanna var fyrir réttinum leitað um sættir og gjörðist fyrir réttarins milligöngu milli málspartanna svohljóðandi

Sætt

Hinir mættu varnaraðilar lýsa því yfir, að þeir vilji samþykkja kröfu sækjendanna að því er snertir rétt eigendanna Hvols til lambaupprekstursins í Hvítmögu, þannig að hálf Hvítmaga skuli talin tilheyra eigendum Hvols. Af málskostnaðinum greiða þeir 10-tíu-krónur-sækjandinn fellur að öðru leyti frá kröfu sinni.

Sætt þessa undirskrifa málspartar til staðfestu.

Guðm. Þorbjarnarsson
Gísli Kjartansson
Jón Sæmundsson

Frekara eigi fyrirtekið. Upplesið og samþykkt.

Rétti slitið.

Guðl. Guðmundsson
Guðm. Þorbjarnarsson
Gísli Kjartansson
Jón Sæmundsson
#.

Vottar:
Þorsteinn Árnason
Dagbjartur Svensson
#.

Samhljóða dómsmálabókinni og málsskjölunum vottar:
Guðl. Guðmundsson

Ritl. 2 ark. 1.00
– Tein króna.
Guðl. Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi í Laftsalahelli 10. apríl. 1901 og innfært í afsals og veðbréfabók Skaftafellssýslu № 43. Bls. 46.

Guðl. Guðmundsson
(L. S.)

Þingl: 1.00
– Tein króna
Guðl. Guðmundsson

44.

Eg undirskrifaður Jón Ólafsson á Ytri-Sólheimakoti, gef og afsala frá mér og mínum erfingjum

Ár 1907 þridjudaginn 2 júlí var hreppstjóri Dyrhóla hrepps Guðm Þorbjarnarson staddur ad Nyrsta Hvali ásamt tilkvöddum vottum og virdinga mönnum Jóni Einarssyni og Jónathan Jánssyni til þess samkvæmt ósk Bjarna Þorsteinssonar þar á bæ ad uppskrifa og virda dánarbú konu hans Elinar sál. Jánsdattir er andadist 24. maí þ.á.

Erfingjar eru:

A Madur hinnar látnu Bjarni Þorsteinsson
B Börn þeirra hjóna
1 Kristján 6 ára
2 Sigurbjörg 4 ára
C Börn hennar frá fyrra hjónabandi:
1 Magnús 24 ára
2 Sigridur 23 —
3 Jón 21 —
} Öll vinnuhjú hjer á bæ og eru vidstödd

Ár 1907 mánudaginn 27. maí var af hreppstjóra Dyrhólahrepps Guðm. Þorbjarnarsyni og Lopti bónda Jónssyni fyrir tekin úttekt á 1/4 af austurjörð Ytri Sólheima. Fráfarandi jarðarinnar er Einar Guðmundsson en viðtakandi er Páll Þórarinsson og eru þeir báðir mættir. – Til hliðsjónar er síðasta úttekt jarðarinnar frá 9. apríl f.á.

Kom þá fyrir

1. Jarðarhús.....

Er svo úttektargjördinni lokið

Guðm Þorbjarnarson Páll Þórarinsson

Loftur Jónsson Einar Guðmundsson

þetta sem kv. tilskip. 24. apríl 1833 § 4 Cfr. opiðbrjef 28. apr. 1841, fyrir fram innritad í afsals og veðmala-bækur Skaptafellssýslu sub No 251 bls. 306, til þinglesturs á næsta mannfalspingi fyrir Dyrhólá-hrepp, og verður þvínæst gefið ókeypis vottorð um þinglesturinn.

Til staðfestu undirritad nofnum mitt og embætt-isinn sigli

Skrifstofu Skaptafellssýslu D. u. s.

Björgvin Vigfússon
settur
L. S.

Gjald til landssjöðs:
3 – þrjár – krónur
B. V.

252

Samrit

B. No 6500

Eg Þorvaldur Björnsson

Bjarnaborg í Reykjavík

Gjöri kunnugt: að jeg hefi fengið að láni hja Lands-bankanum í Reykjavík 1500 krónur – fimtan hundr-uð krónur – og lofa jeg að borga í vexti af láni þessu frá í dag 7% á ári, þangað til að ödruvísi verður ákvedið, og (að) anki 1% dráttarvexti, ef nokkur vanskil verda sýnd. Svo er mjer og skylt ad endur greida allt lánið innan sjö mánada.

Skylt er mjer ad greida vextina af láninu fyrir fram.

Til tryggingar skadlausri greidslu á láni þessu og vöxtum sem og þeim kostnadi, er orsakast kann af oskilsemi minni, hefi jeg fengið þá

Bjarnhjedinn Þorsteinsson Grettisgötu

Jón Hermannsson skrifstofustjóra og

Jón Magnússon skrifstofustjóra, til ad rita undir skuldabrjef þetta sem sjálfskuldar ábyrgdarmenn, og ábyrgjast þeir lánið allir fyrir einn og einn fyrir alla, unz því er ad fullu lokið.

Til frekari tryggingar fyrir láni þessu, ásamt vöxtum og ödrum kostnadi, er kann ad stafa af því, vedset jeg Landsbankanum med fyrsta vedrjetti jördina

Sölheima hjáleigu í Mýrdal og 5 ℔ f. m. í jördunni Leirum undir Eyjafjöllum med öllu, sem eigu Pessari fylgir og fylgjaber.

Lofa eg ad hinni vedsettu fasteigu, sem med vardingar gjörd dags. ~ er virt ~ skuli haldid vel vid, og ávallt, medan hun er vedsett Landsbankanum, vátryggd fyrir ad minsta kosti ~ krónur.

Af skuldabrjefi Pessu eru gjörd og undirskrifud 2 samrit, og má Pinglesa Pad á minn kostnad, án Pess jeg sje Par til kvaddur.

Skyldi mál sökn rísa útaf láni Pessu, er mjer skylt ad mæta fyrir gestarjetti í Reykjavík med sama fyrir vara og eg vdri innan bæjarmadur, vo er og um sjálfskuldar ábyrgdarmennina.

Til stadfestu undirrita jeg nafn mitt í vidurvist til kvaddravotta.

Reykjavík 18. jan. 1908

P. Bjarnarson

Sjálfskuldarábyrgdarmenn.

Bjarnhjedinn Porsteinsson

Jón Magnússon

Vitundarvottar:
Páll Ólafsson
Porl. Jónatansson

Hdskj. 44

001324

Eg Þorvaldur Björnsson

Bjarnaborg í Reykjavík

Gjöri kunnugt. Að jeg hefi fengið að láni hjá landsbankanum í Reykjavík 1500 krónur – fimmtán hundruð krónur- og lofa jeg að borga...

Fil frekari tryggingar fyrir láni þessu, ásamt vöxtum og öðrum kostnaði, er kann að stafa af því, veðset jeg Landsbankanum með fyrsta veðrjetti jörðina Sólheimahjáleigu í Mýrdal og 5 H f.m. í jörðinni Leirum undir Eyjafjöllum með öllu, sem eign þessari fylgir og fylgja ber...

Til staðfestu undirrita jeg nafn mitt í viðurvist tilkvaddra votta.

Reykjavík 18. jan. 1908

Þ. Bjarnarson

Sjálfsskuldarábyrgðamenn.

Bjarnhéðinn Þorsteinsson

Jón Magnússon

Vitundarvottar:

Páll Ólafsson

Þorl. Jónatansson

af því þinglesið á næsta manntalsþingi í Dyrhólahreppi

Gjald: þinglestur kr. 5.00
– fimm krónur –
S. E.

Skrifstofa Skaptafellssýslu 21. des. 1909
Sig. Eggerz

345

Veðdeild 3. flokkur
Samrit. Nº 92

Jeg Guðmundur Þorbjarnarson, hreppstjóri, Hvoli
Gjöri kunnugt: að jeg hefi fengið að láni hjá veðdeild
Landsbanka Íslands í Reykjavík 3300 kr. – þrjú þúsund
og þrjú hundruð krónur, skuldbind jeg mig til að
greiða vexti af láni þessu frá þessum degi 4½ af hundr.
á ári. Einnig er mjer skylt að greiða 4% lag til stjórnar-
kostnaðar og varasjóðs ½ af hundraði á ári. – Höfuðstól
láðnis skal endurborga á 30 árum (árin 1910–1939) og
er jeg skyldur að greiða veðdeildinni 1. október ár hvert
vexti, afborgun og tillag til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í
einu lagi með jöfnri upphæð á hverjum gjalddaga, er sam-
tals nemur 214 kr. 68 a. á ári. Hafi jeg eigi innan 1. nóvemb.
borgað veðdeildinni þá upphæð, er jeg átti að líka 1. október
næst á undan, skal í dráttarvexti af nefndri upphæð greiða
1 af hundraði fyrir hverjum mánuð frá gjalddaga til borgunar-
dags, og skal sá mánuður, sem kominn er fram í, talinn
sem heill.

Greiði jeg eigi alla hin árlegu gjöld mín til veðdeildarinnar á ákveðn-
um tíma, er allt lánið þegar fallið í gjalddaga, án uppsagnar.
Hið sama gildir og ef veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi
lengur fullnægjandi eptir því, sem ákveðið er, eða falli á
veðið eptirstöðvar af skuldum eða öðrum afgjöldum,
er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar.

Til byggingar skuldlausri greiðslu á láni þessu með vöxtum

og ödrum gjöldum til veddeildarinnar eins og ádur segir, sem og þeim kostnaði, er orsakast hann af vanskilum mínum og innheimtu lánsins, veðset jeg veddeildinni hjermeð með 1. veðrjetti: 9.24 # úr jörðinni Hvoli með tilheyrandi húsum, samkv. veðleyfi Jóns Einarssonar, dags. 19/10.'09, alla jörðina Álptagróf með tilheyrandi húsum og 29 # að f. m. úr Ytri-Sólheimum með tilheyrandi húsum, allar jarðirnar í Dyrhólahrepp í Skaptafellssýslu, með öllu, sem eign þessari fylgir og fylgja ber.

Lofa jeg að annast um að hinni veðsettu fasteign, sem með virðingargjörð dags. 23/9.'09 og 22/9.'09 er virt á 9500 kr. + 800 kr. + 1740 kr. skuli haldið vel við og áralt meðan hún er veðsett veddeildinni, leigð fyrir hæfilegt gjald eða leigu.

Sje hinni ~~vátryggðu~~ veðsettu húseign eigi haldið vátryggðri samskvæmt reglum veddeildarinnar fyrir að minsta kosti 2000 kr. og veddeildinni sent í tæka tíð skilríki fyrir því, að svo sje gjört, er allt lánið fallið í gjalddaga fyrirvaralaust, og stjórn veddeildarinnar jafnframt heimilt, að vátryggja húseignina á kostnað minn. Er þá ofannefnt veð einnig til tryggingar fyrir brunabótagjaldi því, er veddeildin þannig kann að inna af hendi.

Af skuldabrjefi þessu eru gjörð og undirskrifuð tvö samrit, og má þinglesa það á minn kostnað, án þess jeg sje tilkvaddur.

Reykjavík 4. nóv. 1909

Guðm. Þorbjarnarson

Vitundarvottar:
Láms Helgason
Jón Jónsson

Ár 1909, þriðjudaginn 21. desember er veðskuldabrjef þetta fyrirfram innritað í afsals og veðmálabók Skaptafellssýslu sub nr. 345, bls. 1/33 og verður eptisritið þing

345

Veðdeild 3. flokkur

Samrit

No 92

Jeg Guðmundur Þorbjarnarson, hreppstjóri; Hvoli
Gjöri kunnugt: að jeg hefi fengið að láni hjá veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavik 3300 kr. – þrjú þúsund og þrjú hundruð krónur, skuldbind jeg mig til að greiða vexti af láni þessu frá þessum degi...

Til tryggingar skaðlausri greiðslu á láni þessu með vöxtum og öðrum gjöldum til veðdeildarinnar eins og áður segir, sem og þeim kostnaði, er orsakast kann af vanskilum mínum og innheimtu lánsins, veðset jeg veðdeildinni hjermeð með 1. veðrjetti: 9,24 H úr jörðinni Hvoli með tilheyrandi húsum samkv. Veðleyfi Jóns Einarssonar, dags19/10 '09, alla jörðina Álptagróf með tilheyrandi húsum og 29 H að f.m. úr Ytri-Sólheimum með tilheyrandi húsum, ...

Reykjavík 4. nóv. 1909
Guðm. Þorbjarnarson

Vitundarvottar:
Lárus Helgason
Jón Jónsson

vedbrjefi þinglesnu 18. febr. 1907 fyrir 450 kr.
Skrifstofu Skaftafellssýslu 28. maí 1913
Sig. Eggerz

Gjald: Kr. 4,00
— fjórar krónur —
S. E.

No 147.

U 30/Eg Erlingur Brynjólfsson Ytri-Sólheimum í Dyrhólahreppi
Gjöri kunnugt: ad eg hefi fengid ad láni hjá Sparisjóti V.-Skaftafellssýslu í Vík Kr. 1000,00 — eitt þúsund krónur og lofa eg ad greida vexti af láni þessu frá í dag 5% á ári þangad til ödruvísi verdur ákvedit. Svo er mér og skylt, ad endurgreida árlega Kr. 100,00 — 1/10 hluta lánsins. Vexti og afborgun skal greida á tímabilinu frá 16. til 30. desember ár hvert. Greidi eg (lántakandi) eigi vexti eda afborgun í ákvedinu tíma, er öll skuldin þegar komin í gjalddaga. Skylt er mjér ad greida eins árs vexti ~~eda afborgun í ákvedinu tíma~~ fyrir fram og ennfremur 1% dráttarvexti ef eigi er stadid í skilum. Fyrsta afborgun greidist í desember gjalddaga 1912.

Til tryggingar skadlausri greidslu á láni þessu og vöxtum, eins og ódur segir, sem og þeim kostnadi, er orsakast kann af óskilsemi minni, vedset eg sparisjóti V.-Skaftafellssýslu hérmed med 1 vedrétti og uppforslurjétti: eignar og ábúdarjört mína 25 hundrud ad f. m. úr Ytri Sólheimum í Dyrhólahreppi medöllum húsum er bygd eru á jördinni og medöllu, sem eign þessari fylgir og fylgja ber. Lofa eg ad annast um, ad hinni vedsettu fasteign skuli haldit vel vid og ávalt, medan hún er vedsett sparisjóti V.-Skaftafellssýslu, leigd fyrir ad minsta kosti jafnmikid eftirgjald eda leigu og hún nú er leigd fyrir.

Sé hinni vedsettu húseign eigi haldit vátrygdri, samkvæmt reglum sparisjóttins, fyrir ad minsta kosti kr., er allt lánid fallit í gjalddaga fyrirvaralaust.

Af vedskuldabréfi þessu eru gjörd og undirskrifud tvö samrit, og má þinglesa þad á minn kostnad, án þess eg sé tilkvaddur.

Vík 5 desemb. 1911
Erlingur Brynjólfsson

Vitundarvottar:
Jón Þorsteinsson
Jón Gíslason

Ár 1913, mitvikudaginn 4. júní er framanskrád skjal fyrir fram

No 147

Eg Erlingur Brynjólfsson Ytri-Sólheimum í Dyrhólahreppi

Gjöri kunnugt: að eg hefi fengið að láni hjá Sparisjóði V-Skaftafellssýslu í Vík kr. 1000,00 – eitt þúsund krónur og lofa eg að greiða vexti af láni þessu...

Til tryggingar skaðlausri greiðslu á láni þessu og vöxtum, eins og áður segir, sem og þeim kostnaði, er orsakast kann af óskilsemi minni, veðset eg sparisjóði V-Skaftafellssýslu hérmeð með 1 veðrétti og uppfærslurétti: eignar og ábýlisjörð mína 25 hundruð að f.m. úr Ytri-Sólheimum í Dyrhólahreppi með öllum húsum er bygð eru á jörðinni og með öllu sem eign þessari fylgir og fylgja ber...

Af veðskuldabréfi þessu eru gjörð og undirskrifuð tvö samrit, og má þinglesa það á minn kostnað, án þess eg sé til kvaddur.

Vík 5 desemb. 1911

Erlingur Brynjólfsson

Vitundarvottar:

Jón Þorsteinsson

Jón Gíslason

fardögum (s: p. á.) er kaupandi [illegible] eigandi og umráðamaðr ofan tétrar eignar.

Afsals og vedmálabók 1910–1918

Afsal þetta er í tveim samhljóða framritum eitt handa hvorum, kaupanda og seljanda.

Nr 16

Seljandi svarar til vanheimildar.

Til stað festu eiginhandar nöfn oðilja ritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

pt. Hemru 12. maí 1915

Jón Eyjólfsson
seljandi

Sigurðr Jónsson
kaupandi

00173

Vitundarvottar:
Jón Einarsson
Valdimar Jónsson

Ár 1915, mánudaginn 17. maí var hinsvegarritað afsal lesið á manntalsþingi fyrir Skaftártungu hrepp og þérnæstinnfort í afsals- og vedmálabók Skaftafellssýslu sub nr. 247. bls. 331.

~~Skrifstofu Skaftafellssýslu 30. júlí 1915~~

Aths.: 1. Eignarheimild seljanda er ekki þinglesin.
2. Á jörðunni Búlandi hvílir:
a. 600 kr. vedskuld við Landsbanka Íslands med 1. vedr. í 10 ℔ 119 áln.; þingl. 9. mars 1903.
b. 200 kr. vedskuld við veddeild Landsbanka Íslands med 1. vedr. í 11 ℔ samhliða fyrri vedskuldinni. þinglesið 28. apríl 1910.

Til stað festu nafn mitt og embættisinnsigli.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 30. júlí 1915

Sigurjón Markusson
(LS)

Gjöld: þingl. 2 kr.
Aths. 1 —
Samtals kr. 3 — þrjár — krónur
SM.

Nr. 248.

Viðundirritaðir: Ég Ólafur H. Jónsson bóndi á Eystri Sólheimum í Mýrdal sem kaupandi og ég Guðmundur Þorbjarnarson bóndi á Stóra-Hofi, sem seljandi, gjörum svohljóðandi kaupsamning:

1. gr.

Hið selda eru jarðeignir Guðmundar Þorbjarnarsonar 17 hundruð 59 ál.

ad dýrleika í jörðunni Eystri-Sólheimum í Dyrhólahreppi og 14 hundruð og 60 ál. í Ytri-Sólheimum í sama hreppi (hvortveggja nýtt mat).

Í kaupinu eru öll jarðarhús eða andvirði þeirra, ásamt tilhegrandi kúgildum, sem eru 28 ær 1 kýr.

2. gr.

Kaupverðið er umsamið 5000.00 fimm þúsund krónur og skal kaupandi greiða það þannig: Helming kaupverðsins skal hann hafa greitt í peningum fyrir 10. júní 1915, hann tekur að sjer ad borga vedskuld hvílandi á hinni seldu jörð, sem er ad upphæð Kr. 821.72 átta hundruð tuttugu og ein Kr. 72 aur. Það sem ávantar kaupverðið, skal hann hafa borgað í peningum, eða bankavasctabrjefum 20. október 1915, og skal hann þá einnig hafa tekið að sjer ofangreinda vedskuld og komið henni af nafni seljanda.

3. gr.

Hið selda skal afhent kaupanda um leið og fyrri afborgun er greidd og hefur hann þá allar tekjur af eignunni þá þeim deigi. Þó skal honum heimilt að vedsetja eignina, sem sína eign, við banka eða adra opinbera lánstofnun, eftir að þessi samningur er gerðar.

4. gr.

Afsal fær kaupandi þegar hann hefir greitt kaupverðið og fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi þenum.

Rísi málsókn út af samningi þenum skal sótt og varið fyrir gestarjetti Vestur-Skaftafellssýslu. — Samningur þessi er gjörður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Eystri-Sólheimum 24. nóvemb. 1914

Guðmundur Þorbjarnarson

Ólafur H. Jónsson

Vitundarvottar:

Bjarni Þorsteinsson

Nr. 248

Við undirritaðir: Ég Ólafur H. Jónsson bóndi á Eystri-Sólheimum í Mýrdal sem kaupandi og ég Guðmundur Þorbjarnarson bóndi á Stóra-Hofi, sem seljandi, gjörum svohljóðandi kaupsamning:

1. gr.

Hið selda eru jarðeignir Guðmundar Þorbjarnarsonar 17 hundruð 59 ál. Að dýrleika í jörðinni Eystri-Sólheimum í Dyrhólahreppi og 14 hundruð og 60 ál. í Ytri-Sólheimum í sama hreppi (hvortveggja nýtt mat)....

Eystri-Sólheimum 24. nóvemb. 1914

Guðmundur Þorbjarnarson

Ólafur H. Jónsson

Vitundarvottar:

Bjarni Þorsteinsson

0017

Nr. 263.

Jeg Þorvaldur Bjarnason frá Núpakoti

Gjöri kunnugt, ad jeg med brjefi þessu sel og afsala þeim Jóni Magnússyni bæjarfógeta og Jóni Hermannssyni skrifstofustjóra, báðum til heimilis í Reykjavík, eignarjörðmína Sólheimahjáleigu í Dyrhólahreppi innan Skaftafellssýslu, 12,2 hundruð ad dýrleika ad nýju mati, med kúgildum, húsum, gögnum og gædum til lands, vatns og ejávar, öllum, sem fylgja og fylgjaber, adengu undanskildu, fyrir umsamið kaupverð Kr. 2400,00 – tvö þúsund og fjögur hundruð krónur –, og með þvi ad þeir hafa greitt mjer kaupverðið ad fullu, þá segi jeg nefnda Jón Magnússon og Jón Hermannsson rjetta eigendur ad nefndri jörð Sólheimahjáleigu frá síðastliðnum fardagum ad telja.

Kaupandi haldi kaupi sínu til laga en jeg svara til lagarifti-inga.

Til stadfestu er nafn mitt undirritad í tveggja votta viðurvist.

Reykjavík, 15. júlí 1915.
Þ. Bjarnasson

Vitundarvottar:
B. Hjaltested
Jóhann Kristjánsson

Ár 1915, þriðjudagum 10. ágúst er framangreint afsal fyrir fram innfært í afsals- og vedmálabók Skaftafellssýslu sub nr. 263, bls. 349 og verður eftirriti af afsalinu lesið á næsta manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp.

Til stadfestu nafn mitt og embættisinnsigli.
Skrifstofu Skaftafellssýslu, D. u. s.
Sigurjón Markússon
(L. S.)

Gjald: 4-fjórar-krónur
Borgað S. M.

Nr. 262.

~~Samrit.~~
~~B. № 6500~~
~~Eg Þorvaldur Björnsson~~
~~Bjarnaborg í Reykjavík~~
~~Gjöri kunnugt: ad eg hefi fengið ad láni hjá Landsbankanum~~

í Reykjavík 1500 krónur fimtán hundrud krónur og lofa eg od greiđa í vexti af láni þessu frá í dag 7% á ári, þangad til od ödnvísi verđur ákvedid, og od auki 1% dráttarvexti, ef nokkur vanskil verđa sýnd. Svo er mjer og skylt od endurgreiđa alt lánid innan sjö mánađa.

Skylt er mjer od greiđa vextina af láninu fyrir fram.

Til tryggingor skadlausri greiđslu á láni þessu og vöxtum, sem og þeim kostnadi, er orsakast kann af óskilsemi minni, hefi eg fengid þá

Bjarnhéđinn Þorsteinsson Grettisgötu

Jón Hermannsson skriftofustjóra og

Jón Magnússon skriftofustjóra

til ad rita undir skuldabrjef þetta sem sjálfskuldarábyrgđarmenn, og ábyrgjast þeir lánid allir fyrir einn og einn fyrir alla, uns þrír er od fullu lokid.

Til frekari tryggingor fyrir láni þessu, ásamt vöxtum og ödrum kostnadi, er kunnu od stafa af þrí, vedset eg Landsbankanum med fyrsta vedrétti

jörđina Sólheimahjáleigu í Mýrdal og

5# f.m. í jörđinni Leirum undir Eyjafjöllum

med öllu, sem eign þessari fylgir og fylgja ber.

Lofa eg, od hinni vedsettu fasteign, sem med virđingorgjörđ dags. ~ er virt ~

skuli haldid vel vid og ávalt ámeđan húni er vedsett Landsbankanum, vátrygd fyrir od minsta korti ~ krónur.

Af skuldabrjefi þessu eru gjörđ og undirskrifud 2 samrit, og má þinglesa þad á minn kostnad, án þess eg sé tilkvaddur.

Skyldi málsóku rísa út af láni þessu, er mjer skylt od mæta fyrir gestarjetti í Reykjavík med sama fyrirvara og eg væri innanbæjarmadur, svo er og um sjálfskuldarábyrgđarmennina.

Til stađfestu undirrita eg nafn mitt í viđurvist tilkvaddra votta.

Reykjavík 18. jan. 1908

Þ Bjarnarson

Sjálfskuldarábyrgđarmenn.

Bjarnhjeđinn Þorsteinsson

Jón Magnússon

Jón Hermannsson

Vitundarvottar:

Pall Ólafsson

Þorl. Jónatansson

Vitundarvottar od undirskrift ábyrgđarmannanna

Ólafur V Ófeigsson

Gunnar Gunnarsson

(frá Vík)

Ár 1908.

Nr. 263.

Jeg Þorvaldur Bjarnason frá Núpakoti

Gjöri kunnugt, að jeg með brjefi þessu sel og afsala þeim jóni Magnússyni bæjarfógeta og Jóni Hermannssyni skrifstofustjóra, báðum til heimilis í Reykjavík, eignarjörð mína Sólheimahjáleigu í Dyrhólahreppi innan Skaptafellssýslu, 12,2, hundruð að dýrleika að nýju mati, með kúgildum, húsum, gögnum og gæðum til lands og sjávar, öllum, sem fylgja og fylfja ber, aðengu undanskildu, fyrir umsamið kaupverð kr. 2400...

Reykjavík, 15. júlí 1915.

Þ. Bjarnason

Stjórnartíðindi

fyrir

Ísland.

1915.



Lög

um

fasteignamat.

Nr. 22.
3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara, og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef að fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórnum skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins.

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema legið hafi að fullu og öllu í síðustu fimtíu ár undir aðra jörð.

Nr. 22. 3. nóv.

5. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara, og mannvirki þau og umbætur, er gerð hafa verið á eigninni síðustu 10 árin. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja, afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgerðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sjeu metin sjer í lagi og lóð sú og mannvirki, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

7. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa í fám orðum, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Þegar mat fer fram í fyrsta sinn, skal tilgreina landamerki í matsgerðinni.

9. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

Húsaskattur af skattskyldum húsum, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðarrjettinda, er hverri húseign fylgir.

10. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri, er að framan getur.

11. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefn-

darmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun af nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

12. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

13. gr.

Fasteignamat og yfirmat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgerðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

14. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á fasteignina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirmatsnefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirmatsnefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

15. gr.

Yfirmatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignamatsnefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirmatsnefndar afgreiða matsgerðirnar til Stjórnarráðsins.

16. gr.

Samkvæmt matsgerðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefnda, lætur landsstjórnin semja fasteignabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

17. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

Nr. 22. 3. nóv.

18. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 16. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Nr. 23. 3. nóv.

Lög

um

dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Þeir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal greint:

1. Þeir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30 % af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa í árslaun frá 500—1000 kr., 20 % af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa í árslaun 1000—1500 kr., 15 % af launahæðinni.
4. Þeir, er hafa í árslaun 1500—2000 kr., skulu fá 10 % af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20 % af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 skulu fá 10 % af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 5 % af launahæðinni.

Reglugjörð

7
26. jan.

um

fasteignamat.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár. Fyrsta matið skal fara fram árin 1916—1918 (l. nr. 22, 3. nóv. 1915, 1. gr. 1. mgr. Skammstöfuð hjer eftir fml.), og skal því lokið 15. júlí 1918 (fml. 13. gr.). Því næst ber að semja allsherjarfasteignabók fyrir land alt, og löggildir stjórnarráðið hana. Hún öðlast gildi frá 1. apríl 1920 (16. gr. fml.). Um leið og fasteignabókin öðlast gildi, er úr lögum numin tilsk. 1. apríl 1861 um löggildingu nýrrar jarðabókar (fml. 18. gr.).

Fyrsta fasteignamat.

Fasteignabókin 1. apríl 1920.

2. gr.

Næsta fasteignamat skal að öllu fara fram árið 1930, og svo framvegis 10. hvert ár. Skal þá og hvert skifti, er reglulegt mat fasteigna fer fram, samin og gefin út allsherjarfasteignabók fyrir land alt, og fellur þá úr gildi fasteignamatsbók sú, sem samin hefir verið og út gefin samkvæmt næsta reglulegu mati á undan, og endurvirðingar þær, er fram kunna að hafa farið, sbr. 3. gr.

Fasteignamat eftir 1920.

Fasteignabækur.

3. gr.

Milli þess, er regluleg fasteignamöt fara fram, skal endurvirðing fara fram (fml. 1. gr. 2. mgr.):

1. Eftir kröfu eiganda fasteignar. Eigandi getur krafist endurvirðingar, ef fasteign hans verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar, svo sem af sandfoki, skriðum, vatnaágangi, jarðskjálftum, eldgosum o. s. frv. Ennfremur getur eigandi krafist endurvirðingar, ef verðmæti fasteignar hans rýrnar til muna á annan hátt, svo sem af því að atvinnuvegur, sem áður var rek-

Endurvirðingar.

7 26. jan.

inn í nánd við eða í sambandi við mannvirki, legst niður, breyttar samgöngur valda verðlækkun hennar o. s. frv.

2. Eftir kröfu landsstjórnarinnar, ef fasteign hækkar í verði án tilkostnaðar eiganda, svo sem vegna breyttra samgangna, atvinnuvega, sem reknir verða í sambandi eða í nánd við fasteignina eða endurbóta á henni af hálfu notenda, en án tilkostnaðar eiganda o. s. frv.

4. gr.

Aðferð við endurvirðingar.

Sá, er endurvirðingar krefst, skal senda skriflega kröfu þar um til formanns undirfasteignamatsnefndar í þeirri sýslu eða kaupstað, þar sem fasteignin liggur, og skal formaður kveðja nefndina saman sem fyrst að unt er. Skal eignin síðan metin eftir sömu reglum sem samskonar fasteignir alment, og matsgjörðin síðan eða matsgjörðirnar, ef fleiri eru, lagðar fram á hentugum stað í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem eignirnar eru, enda sje það auglýst fyrirfram. Skulu matsgjörðir þessar liggja til sýnis mánaðartíma, og síðan sendar formanni yfirmatsnefndar. Skal hann kveðja saman yfirmatsnefnd og fer um yfirmatið sem yfirmat fasteigna alment.

Eigandi fasteignar eða landsstjórnin geta og fundið að þeim matsgjörðum, er hjer um ræðir, sem matsgjörðum alment.

5. gr.

Kostnaður. Endurvirðingar.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá, er krefst endurvirðingar (sbr. 3. og 4. gr.), greiða kostnað við virðinguna, nema verðið breytist við hana um $^1/_{10}$ hluta eða meira (fml. 17. gr.).

II. KAFLI.

Matsnefndir, skipun þeirra o. fl.

6. gr.

Undirmatsnefndir. Varamenn.

Í hverju sýslufjelagi og í hverjum kaupstað skal vera 3. manna undirmatsnefnd. Nefnir stjórnarráðið formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn 2 nefndarmenn. Á sama hátt er tilnefndur varaformaður og varamenn (fml. 10. gr. 1. mgr.). Varaformaður tekur sæti í nefndinni, ef formaður deyr eða forfallast. Varanefndarmenn taka á sama hátt sæti í nefndinni, ef aðalnefndarmenn deyja eða forfallast í þeirri röð, er formaður tiltekur (sbr. fml. 11. gr. 1. mgr.).

7. gr.

Yfirmatsnefndir utan kaupstaða.

Í hverri sýslu (og er hjer átt við lögsagnarumdæmi, en eigi sýslufjelög) skulu vera 3 yfirfasteignamatsmenn. Er sýslumaður formaður yfirmatsnefndar,

en hina nefnir stjórnarráðið. Á sama hátt skipar stjórnarráðið 2 varamenn, er taka skulu sæti í forföllum aðalmanna á sama hátt sem fyrir er mælt í 6. gr. (fml. 10. gr. 2. mgr., sbr. 11. gr. 1. mgr.). 7 26. jan.

Yfirmatsnefndir í kaupstöðum.

Í kaupstöðum landsins skipar stjórnarráðið alla 3 yfirmatsmennina og 3 varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmannanna, þannig, að varaformaður tekur sæti aðalformanns og varamenn sæti aðalmanna, samkvæmt fyrirmælum 6. greinar (fml. 10. gr. 2. mgr. sbr. 11. gr. 1. mgr.).

8. gr.

Vanhæfi matsmanna.

Aldrei má sami maður sitja á sama tíma í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd (11. gr. 1. mgr.). Eigi má maður heldur taka þátt í mati eignar sjálfs síns nje ættingja sinna eða sjer tengdra í beina línu upp eða niður á við (foreldrar, börn, barnabörn, stjúp- eða tengdaforeldrar, stjúp- eða tengdabörn o. s. frv.).

9. gr.

Starfatími matsmanna.

Formenn yfirmatsnefnda í kaupstöðum eru skipaðir æfilangt. Sama er um aðra yfirmatsmenn bæði í kaupstöðum og utan kaupstaða. Geta yfirmatsmenn því eigi að lögum skorast undan starfanum, nema heilsulasleiki banni eða þeir flytjist brott úr umdæminu (sbr. og síðustu setningu þessarar gr.). Sama er um varamenn.

Undirmat.

Formenn og varaformenn undirmatsnefnda eru og skipaðir æfilangt. Aðrir undirmatsmenn, aðalmenn og varamenn, eru skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti árið 1921, eftir hlutkesti. Skal sýslunefnd eða bæjarstjórn hluta um, hvor frá skuli fara, og kjósa síðan í stað hans.

Endurskipun.

Endurskipa má þá nefndarmenn, sem úr ganga, en enginn er skyldur að taka við endurskipun, ef hann hefir verið í undirmatsnefnd 10 ár eða lengur.

Undanþágurjettur.

Svo getur og sextugur maður altaf skorast undan að taka á móti nefndarskipun (fml. 11. gr. 2. mgr.).

10. gr.

Eiður matsmanna.

Áður en fasteignamatsmaður, sem skipaður hefir verið af sýslunefnd, bæjarstjórn eða stjórnarráði (þar á móti eigi sýslumenn), tekur til starfa í fyrsta skifti, skal hann undirrita svolátandi eiðstaf, sem formaður nefndar (yfir- eða undirmatsnefndar) skal innrita í gjörðabók nefndarinnar:

»Jeg N. N. (eða ef fleiri skulu vinna eiðinn í einu: Vjer N. N. og N. N.), sem skipaður er fasteignamatsmaður í N. N. (sýslu eða kaupstað) sver það, að matsstörfin skal jeg rækja með alúð og samviskusemi svo sem jeg veit sannast og rjettast.

Svo hjálpi mjer guð og hans heilaga orð«.

11. gr.

26. jan.

Bókhald. Sjerhver fasteignamatsnefnd, bæði undir- og yfirmatsnefnd, skal hafa sína gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu. Skal formaður nefndar geyma bókina. Í bók þessa skal rita greinilega lýsingu á hverri fasteign, sem metin er, Yfirmatsnefnd getur þó látið sjer nægja, við hverja fasteign, að vísa til lýsingar undirmatsnefndar, ef hún hefir ekkert við þá lýsingu að athuga. Ella lýsir hún eigninni eftir því, sem hún telur rjett vera. Að loknu mati skulu matsmenn allir, er einhvern þátt hafa í mati tekið, undirrita matsgjörðirnar.

Fasteignirnar skulu skráðar í gjörðabók í framhaldandi töluröð, jarðeignir eftir rjettri boðleið í hrepp, en húseignir og lóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum eftir götunúmerum, ef sett eru, og skal sömu röð fylgt í gjörðabók yfirmatsnefndar (sbr. fml. 8. gr.). Við hverja fasteign skal getið dýrleika hennar eftir því, sem matsmenn meta hana, en síðan skulu matsnefndir skrá á öðrum stað í bókina sjer og óslitið í sömu röð allar fasteignir ásamt dýrleika þeirra.

Að loknu undirmati sendir formaður undirmatsnefndar gjörðabók formanni yfirmatsnefndar í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað.

III. KAFLI.

Undirmat.

12. gr.

Undirbúningur. Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínum umdæmum, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta. Eyðublöðin eiga hreppstjórar og bæjarfógetar að fylla út eftir bestu vitund, og senda þau síðan formanni undirmatsnefndar fyrir marsmánaðarlok það ár, er mat skal fara fram, í fyrsta sinni fyrir lok marsmánaðar 1916. Skýrslur þessar skulu fylgja matsgjörðunum (fml. 3. gr. 1. mgr.).

Skýrslur hreppstjóra og bæjarfógeta.

Spurningar til eigenda og umráðamanna. Ennfremur sendir stjórnarráðið eyðublöð með spurningum um það, er fasteignir snertir, og skulu bæjarfógetar og hreppstjórar sjá um, að eigendur eða umráðamenn svari þeim, og skulu þeir að því loknu senda þær formanni undirmatsnefndar. Fylgja eyðublöðin útfylt síðan matsgjörðunum.

Skýringar hreppsnefnda og bæjarstjórna. Auk þessa er hreppsnefndum og bæjarstjórnum skylt að láta matsnefndum í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna, ef matsnefnd æskir slíkra skýringa (fml. 3. gr. 2. mgr.).

13. gr.

Upplýsingar eiganda fasteigna. Matsnefnd á að gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar, að verði teknar til greina við matið á fasteign

hans. Einnig er eiganda eða umráðamanni skylt að veita matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er honum er unt að veita og þeir telja sjer þörf á að fá (fml. 14. gr.). 7 26. jan.

Hvarvetna þess, er matsnefnd þykir sjer eigi fært að meta eign án þess að skoða hana, skal slík skoðun fara fram. Áður en mat byrjar í hreppi hverjum eða kaupstað, skal það auglýst með hæfilegum fyrirvara á þann hátt, sem vant er að birta auglýsingar á þeim stað, svo og hvar nefndin haldi fundi sína í hreppnum eða kaupstaðnum, svo að menn geti þangað komið og látið matsnefnd í tje nauðsynlegar upplýsingar. Þegar matsnefnd þykist þurfa að skoða fasteignir, skal hún gjöra notanda og eiganda eða umráðamanni, ef hann er annar og þess er kostur, viðvart með hæfilegum fyrirvara. **Skoðun fasteigna.** **Auglýsing mats.**

14. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýst greinilega og skal ákveða svo skýrt, að eigi sje um að villast, hver hún er. Nafngreina skal og eiganda og notanda, og nefna stöðu þeirra og heimili, og ef þeir eru fleiri, þá hversu mikinn hluta eignarinnar þeir eigi eða noti (sbr. 8. gr. fml.). Lýsing þessa skal skrá í gjörðabók (sbr. 11. gr.), en þar að auki ber matsnefndum jafnframt að skrá matsgjörðirnar sjerstaklega og leggja samritin fram í hreppnum eða kaupstaðnum (sjá 21. gr.). Samrit þessi skulu á sínum tíma send formanni yfirmatsnefndar, og geymd í skjalasafni sýslunnar eða kaupstaðarins til afnota við næsta fasteignamat. **Lýsing fasteigna.**

15. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi vera sanngjarnlega seld eftir kostum hennar og ókostum (sbr. 18. og 19. gr.). Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, sem fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteign kann að hafa verið seld fyrir síðustu árin fyrir matið, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku, veðsetningar eða annars. **Samreglur um allar fasteignir.**

Allar fasteignir skal virða til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar fasteignar standa á heilu hundraði (fml. 2. gr.). **Virða til króna.**

16. gr.

Fyrsta skifti, er jarðeignir eru metnar samkvæmt reglugjörð þessari, skulu tilgreind landamerki í matsgjörðinni (fml. 8. gr. niðurl.). Sje til þinglesin landamerkjaskrá samkvæmt landamerkjalögum nr. 5, 17. mars 1882, nægir þó að vísa til hennar. Öll eignagögn jarða, svo sem lögfestur, gömul landamerkjabrjef eða ítakaskrár, sem eigi eru vitanlega skráð í embættisbækur og kostur er á, ber að afhenda matsnefnd í frumriti eða staðfestu eftirriti. Skulu þau gögn fylgja matsgjörðunum (sbr. fml. 5. gr. 1. mgr.). **Sjerreglur um jarðir.** **Landamerki.** **Eignagögn.**

Hvað meta skal. Hver sú jörð, er hefir sjerstök bæjarhús og afskift tún og engi, skal metin út af fyrir sig, hvort sem hún hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta, eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem skift er sundur

Skiftar jarðir milli fleiri eigenda (þ. e. skift í fleiri býli) skuli metin í einu lagi, sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins (fml. 4. gr. 1. mgr.).

Fleirbýli. Ef fleirbýli er á jörð, ber því að meta sjer hvert býli, ef það fullnægir

Hjáleigur. áðurnefndum kröfum. Sama er um hjáleigur. Þurrabúðir skulu og metnar

Þurrabúðir. sjerílagi, en afgjald þeirra skal talið til jarðarinnar.

Eyðijarðir. Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjerílagi, enda þótt bæjarhús sjeu niðurlögð, nema legið hafi að fullu og öllu undir aðra jörð síðustu 50 árin fyrir matið (fml. 4. gr. 2. mgr.).

Niðurlagðar hjáleigur. Þar sem hjáleigur hafa verið lagðar undir höfuðból og bæjarhús niðurlögð, ber að meta þær með höfuðbólinu.

Jarðir samanlagðar. Þar sem sjálfstæð býli hafa verið niðurlögð á síðustu 50 árum og lögð undir aðrar jarðir að einhverju leyti eða öllu, skal meta þau sjer, eins og þau væru sjerstök lögbýli.

Afrjettarlönd. Afrjettarlönd, sem eru eign einnar eða fleiri sveitar og einungis eru notuð til upprekstur, skal eigi meta sjerstaklega, en taka ber til greina upprekstursrjettinn þegar jarðir eru metnar í þeirri sveit, sem upprekstursrjettinn eiga (fml. 7. gr. 1. mgr.).

Nú hefir sveitarfjelag aðrar nytjar afrjettar, t. d. skóg, veiði fugla eða fiska, reka, námur, fossafl o. s. frv., og ber þá að taka þær nytjar til greina, er meta skal jarðeignir í sveitinni eða þær jarðeignir, er sjerstaklega kunna að hafa nytjar þessar, t. d. vegna legu sinnar.

Nú á einstök jörð eða jarðir sjerstakt upprekstrarland, og skal þá taka það til greina við mat jarðarinnar.

Þrætulönd. Þrætulönd (ɔ: lönd, er tvær eða fleiri jarðir gjöra tilkall til og þrætan er eigi löglega útkljáð til fullnaðar með samningi eða dómi) skal meta sjerílagi (fml. 7. gr. 2. mgr.).

Innstæðukúgildi og annað lausafje, er jörð kann að fylgja, t. d. bát, skal eigi meta með henni (fml. 5. gr. 2. mgr.). En geta skal innstæðukúgilda í gjörðabók og annars slíks fylgifjár með jörðum.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega (þ. e. virði þeirra skal greint út af fyrir sig) hús þau, er á henni standa, hvort sem þau eru eign landeiganda eða annara, svo og mannvirki þau og umbætur, er gjörðar hafa verið á eigninni síðustu 10 árin (fml. 5. gr. 2. mgr.), t. d. túnasljettur, girðingar o. s. frv. En geta skal og lýsa og meta sjer, hvað landeigandi á eða aðrir.

18. gr.

Þá er meta skal jarðeign til peningaverðs samkv. lögum nr. 22, 3. nóv. 1915,

7
26. jan.

Spurningar

um ýms atriði, er snerta hús og lóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, og ætlast er til að eigendur eða umráðendur, eða notendur fyrir þeirra hönd, svari til afnota við fasteignamat 1916—1918.

I. Hús og meðfylgjandi lóð.

Húsið nr. (eða önnur nægileg skilgreining) ..... í ..... hreppi. / kaupstað.

1. Hve stórt er húsið (lengd, breidd, hæð)? Hve margar íbúðir eru í því? Hve mörg herbergi fylgja hverri íbúð?
2. Úr hverju er húsið bygt (grjót, steini, steinsteypu)? Hvernig eru þak og veggir varðir (með járni, timbri o. s. frv.)? Hvenær er það bygt?
3. Er kjallari undir húsinu? Hversu stór? Er kjallarinn þurr eða rakur? Er íbúð í kjallara?
4. Er húsið hlýtt, kalt, þurt, rakt?
5. Eru baðtæki í húsinu?
6. Er vatnssalerni í því?
7. Hverskonar eru hitunar- og eldunartækin (miðstöðvarhitun, ofnar, eldavjel o. s. frv.)?
8. Er vatnsleiðsla í húsinu?
9. Hvernig er húsið lýst? Er rafmagns- eða gaslýsing í húsinu?
10. Hefir húsið verið virt? Í hverju skyni hefir það verið virt? Hversu há er virðingin? Hvenær fór hún fram?
11. Hvað fæst árlega í leigu eftir húsið? Hvaða ársleiga er hæfileg?
12. Hvert er síðasta söluverð hússins? Var það selt fyrir peninga eða í skiftum? Hvað var látið á móti, ef skifti voru?
13. Hversu stór er lóð sú, sem húsinu fylgir?
14. Til hvers er hún notuð eða nothæf? (Ef matjurtagarður er, skal stærð hans greind).

ber að taka til greina og skrá í gjörðabók alt það, er telja má að máli skifti um verðmæti eignarinnar. Hjer til telst einkum:

Leiðbeiningar um mat og matsskýrslur hverrar einstakrar jarðar

A. Mannvirki á jörðinni:
   1. Mannvirki, sem jörð fylgja, svo sem hellar úthöggnir, garðar (heygarðar, matjurta eða blómgarðar), girðingar, vörslu- eða áveituskurðir, vatns-, rafmagns- eða gasleiðsla, fjár- eða hestarjettir, brunnar eða önnur vatnsból, safnþrær o. s. frv., og skal öllu slíku lýst í stuttu máli.
   2. Mannvirki, er notandi (ábúandi) á.
   3. Mannvirki, er aðrir en eigandi og notandi eiga.

B. Jarðnytjar:
   1. Tún og nátthagar, hvað af sjer gefi, hvernig sje (sljett, þýft, harðlent, sendið o. s. frv.), möguleika til útgræðslu o. s. frv.
   2. Útengi, hvað af sjer gefi, hvernig sje (þýft, blautt, sljett, þurt), áveituengi, heyfall, hvort langt eða stutt á það o. s. frv.
   3. Útbeit (fjalllendi, skóglendi, mýrlendi, erfitt að nota eða auðvelt, snjóþyngsli, selför, vetrar- eða sumarbeit, fjörubeit o. s. frv.).

C. Önnur jarðargæði, nytjar eða hlunnindi, svo sem:
   1. Skógur, mótak, torf- og reiðingsrista, hellutak eða önnur byggingarefni (svo sem grjót, möl, sandur), meltekja.
   2. Veiði (silungs- lax- fugla), eggver (sjerstaklega æðarvarp).
   3. Reki (hvala- viðar- fugla- fiska), söl, þari, þang o. s. frv.
   4. Vergögn (útræði, uppsátur, lending o. s. frv.) og tekjur af þeim.
   5. Þurrabúðir á landi jarðar, grunnleigurjettindi, er tekjur gefa af sjer o. s. frv.
   6. Hvernig jörð liggi við samgöngum, vegir og aðrar samgöngubætur í nánd við jörð; ef jörð er í nánd við verslunarstað, eða iðnaður er á eða í nánd við jörð o. s. frv.
   7. Upprekstrarland í landi jarðar er tekjur veiti henni (sbr. 17. gr. 8. mgr.).
   8. Hverir eða laugar, fossar, námur, ölkeldur o. s. frv.
   9. Ítök í annara lönd, er fylgja henni, svo sem slægjur, beit, skógarhögg, mótak, torfrista, reki, veiði o. s. frv., eða kvaðir eða afgjaldsskyldur annara til hagsmuna jörðinni.

D. Sjerstakir ókostir, svo sem:
   1. Ef jörð liggur undir skemdum af völdum náttúrunnar (sæ, vatni, sandi, uppblæstri, skriðum, eldgosum o. s. frv.).
   2. Ítök annara í land hennar, kvaðir eða afgjaldsskyldur (t. d. prestsmata), er á henni hvíla o. s. frv.
   3. Hættur fyrir búfjenað í landi jarðar, ágangur búfjár annara manna, ágangur af fjenaði ferðamanna, afrjettarfé o. s. frv.

E. Þess skal getið, ef jörð er fastur embættisbústaður, t. d. prestssetur eða þingstaður, skólasetur o. s. frv. Svo skal og getið um framfleyzlu fjenaðar á jörðinni, hver sje, í hvernig hirðingu hún er, að því leyti sem því kynni að verða lýst ófullkomið í sambandi við framannefnd atriði.

19. gr.

7 26. jan. Hús og lóðir.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo (sbr. 14. gr.), að húsin sjeu metin sjer (verð húsanna greint sjer í lagi), og lóð sú og mannvirki, svo sem girðingar, brunnar o. s. frv., er hverri húseign fylgir, sjerilagi (fml. 6. gr. 1. mgr.).

Skal húsum lýst í stuttu máli (steinhús, steinsteypuhús, timburhús, þak, stærð, aldur o. s. frv.), til hvers það sje notað (íbúðarhús, verslunarhús, kirkja, banki, leikhús o. s. frv.), kvaðir á húsi eða til hagsmuna húss o. s. frv.

Tilgreina skal stærð lóða, ef hægt er, til hvers þær sjeu notaðar og til hvers nothæfar, lega við götu, girðingar og önnur mannvirki á lóð, kvaðir o. s. frv.

20. gr.

Lóðir og lendur, sem engu húsi fylgja.

Sjerstaklega skal meta allar lóðir og lendur með tilheyrandi mannvirkjum, er engu húsi (eða jörð) fylgja, svo sem byggingarlóðir í kaupstöðum, sem enn er eigi bygt á, tún og erfðafestulönd í kaupstöðum o. s frv. Skal geta stærðar, ef hægt er, til hvers lóð eða lenda sje notuð eða nothæf, legu hennar, kvaða o. s. frv.

Sama er um ítök og fasteignarjettindi, er eigi fylgja neinni jörð eða húseign (fml. 6. gr. 2. mgr.).

21. gr.

Matslok.

Undirmati skal jafnan lokið fyrir 15. júlí það ár, er reglulegt mat skal fara fram. Fyrsta undirmat fer þó fram árin 1916, 1917 og 1918 og skal vera lokið 15. júlí 1918 (sbr. 1. gr.).

Matsgjörðir úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins (sbr. 14. gr. reglugjörðar þessarar), eða öðrum hentugum stað, er auglýstur sje fyrirfram, og liggja frammi út mánuðinn (fml. 13. gr.), og síðan skulu öll matsgögn þegar send formanni yfirmatsnefndar.

Matsgjörðir þær, er fara fram árin 1916 og 1917, skulu framlagðar samkvæmt áðursögðu þau sumur og síðan send formanni yfirmatsnefndar, svo að yfirmatsnefnd geti jafnóðum yfirfarið þær og úrskurðað kærur, er berast kunna (sbr. 24. gr.).

22. gr.

Nú greinir matsmenn á um fasteign eða dýrleika hennar, og skal þess getið í gjörðabók, þar sem fasteign er lýst, svo og í dýrleikaskrá fasteigna þeirra, er getur í 11. gr.

IV. KAFLI.
Yfirmat.

23. gr.

Yfirmatsnefnd skal taka til starfa svo fljótt sem unt er, eftir að hún hefir fengið matsgögnin frá undirmatsnefndum (sbr. 21. gr.). Hún á að endur skoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað rangt eða óljóst, eða ef undirmatsmenn hafa eigi komið sjer saman (sbr. 22. gr.), getur hún heimtað nánari skýringar undirmatsnefndar, eiganda eða umráðamanns fasteignar, hreppsnefnda eða bæjarstjórna og jafnvel skoðað fasteignina, ef brýn þörf gjörist. Því næst skal hún lagfæra matið eftir því, sem henni þykir þurfa (fml. 15. gr. 1. mgr.). **Lagfæringar án kæru.**

24. gr.

Nú er eigandi fasteignar eða umráðandi óánægður með mat á fasteign sinni, og skal hann þá bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirmatsnefndar fyrir 31. ágúst, fyrsta skifti 31. ágúst 1916 um þær fasteignir, er metnar verða á því ári. Innan sama tíma er hverjum eiganda fasteignar heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirmatsnefnd fellir úrskurð um kæruna að fengnu áliti undirmatsnefndar (fml. 14. gr.), og ef henni þykir þess þörf, að fengnum frekari upplýsingum (sbr. 23. gr.). **Kærur.**

Úrskurði sína skal yfirmatsnefnd skrá í gjörðabók sína ásamt stuttri greinagjörð um forsendur þeirra.

Mat yfirmatsnefndar er óhagganlegt til næsta reglulegs fasteignamats, nema endurvirðing komi til samkv. 3. gr.

25. gr.

Innan októbermánaðarloka, í fyrsta skifti 1918, skal formaður yfirmatsnefndar afgreiða matsgjörðirnar til stjórnarráðsins (fml. 15. gr. 2. mgr.), ásamt öðrum matsgögnum (sbr. 11., 12., 14, 16., 23. og 24. gr.).

Stjórrarráð Íslands 26. jan. 1916.

Einar Arnórsson.

Indriði Einarsson.

15. Hvað er lóðin virt sjer?
16. Er lóðin girt, og ef svo er, með hverju (trjágarði, stein- eða steinsteypuvegg o. s. frv.)?
17. Eru önnur mannvirki á lóðinni en húsið og gi ðingarnar? Ef svo er, hver eru þau?
Ekki er gerð grein fyrir aðild umbj. m. að málinu né hvaða hagsmuni stefnendur hafa af því að fá dóm á hendur umbj. m. um viðurkenninguna. Ekki er gerð grein fyrir því hvers vegna stefnendur byggi á jarðarmati frá 1922 um hlutföll en í stefnu er því haldið fram að hlutur Ytri-Sólheima III hafi verið metinn 9,0 hundruð og er þá átt við Framnes og hlutur Ytri-Sólheima V (Sólheimatungu) hafi verið metinn 20 hundruð. Nauðsynlegt er að stefnendur geri grein fyrir því hvers vegna miðað er við þessi hlutföll þar sem skipting jarðarinnar í hlutföllum hefur fram til þessa verið talin önnur. Svo virðist sem stefnendur telji, að með dómi um greind eignarhlutföll við skipti á spildunni fengist viðurkenning fyrir því að Sólheimatunga eigi stærri hlut í óskiptu landi Sólheimatorfunnar en talið hefur verið til þessa.

Verður að telja að málatilbúnaður stefnenda sé svo vanreifaður, að erfitt sé fyrir stefndu að halda uppi vörnum í málinu, þar sem óljóst er hvers vegna þeim er stefnt.

Sýknukrafa

Málstæður og önnur atvik

Um sögu Sólheimajarða og jarðamata vísast til aðilaskýrslu umbj. m., Tómasar Ísleifssonar, á dómskjali nr. 42. Ber að líta á þá aðilaskýrslu sem hluta af greinargerð umbj. m. í máli þessu.

Í máldaga Sólheimakirkju í Gíslamáldögum frá því um 1570 er dýrleiki jarðarinnar talinn 100 hundruð. Í jarðabók Skúla Magnússonar frá 1760 er tilgreindur dýrleikinn 100 hundruð en einnig 120 hundruð og 20 álnir, en hafa verður í huga að jarðabók Skúla er ekki byggð á sjálfstæðu mati, heldur á söfnun eldri gagna.

Í jarðarmötunum 1686 og 1695/1698 er að finna þrenns konar mat á Ytri-Sólheimum. Í jarðarbókinni 1695 kemur fram hið forna mat sem var 100 hundruð með hjáleigunni, þ.e. heimajörðin 92 2/3 hundruð og hjáleigan 7 1/3 hundruð, sbr. nýja jarðabók fyrir Ísland, sem lögleidd var 1861. Kaupmannahöfn S.9. Svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar 19. maí 1988, dómasafn 1988 bls. 683, er þess getið að í inngangi að jarðabókinni frá 1639 að dýrleiki sé þar reiknaður eftir hæð landskuldar af jörðum en hið forna hundraðamat sýnist hins vegar vera miðað við markaðsverð jarðanna. Með þessu skýrist munur á mati jarðar eftir mismunandi matsaðferðum. Fram fór mat á Ytri-Sólheimum í júní 1849 og um matið segir í úrskurðarbók þeirra manna sem voru kvaddir til að rannsaka jarðarmatið árið 1850 að Sólheimahjáleiga hafi verið talin 7 hundruð og 40 álnir eða nálægt 7 hundruðustu úr allri Sólheimaeigninni. Sólheimahjáleigan var þá virt á 400 ríkisdali en jörðin Ytri-Sólheimar á 1300 ríkisdali. Þetta verðmat er byggt á ástandi jarðanna á þessum tíma og hefur ekkert með eignarhlutfall á því sem þá var óskipt. Í nýrri jarðabók fyrir Ísland sem lögleidd var árið 1861 á grundvelli tilskipunar frá 1848 er Sólheimatorfan skráð á eftirfarandi veg:

Sólheimahjáleiga	7 1/3 hundruð forn	12,2	hundruð ný
Ytri-Sólheimar	92 2/3 hundruð forn	39,9	hundruð ný

Tekið er fram að eignarhlutföll heimajarðar og hjáleigu í allri sameign Sólheima skuli áfram vera í hlutfalli hins forna mats.

Í dómi landsyfirréttar 27. nóvember 1871 um jörðina er hið forna jarðarmat lagt til grundvallar. Sama er að segja um dóm landsyfirréttar 14. ágúst 1893. Enn fremur í

dómi aukaréttar Skaftafellssýslu 6. ágúst 1901 og 20. nóvember 1901. Í öllum þessum tilvikum er byggt á hinu forna jarðamati. Í fasteignamati 1922 eru Sólheimar skráðir sem Ytri-Sólheimar I-VI auk Sólheimahjáleigu. Hlutföll eru önnur en í hinu forna mati. Í matið vantar Ytri Sólheima IIIA eða Ytri Sólheima VII og er matið því háð slíkum ágöllum að á því verður ekki byggt um skiptingu jarðarinnar.

Í fjölmörgum afsölum allt til þessa dags er hlutum úr jörðinni afsalað og miðað við hið forna mat og skiptingu. Sem dæmi má nefna afsal (dskj. nr. 12), þar sem Guðmundi Þorbjarnarsyni er hinn 7. apríl 1900 afsalað 21,5 hundraði að fornu mati úr Ytri Sólheimum. Hinn 8. apríl 1901 afsalar Halldór Jónsson sama Guðmundi 3 hundruðum og 59 1/5 al. fornt mat (dskj. nr. 13). Hinn 30. janúar 1905 selur Sverrir Magnússon Erlingi Brynjólfssyni með kaupsamningi (dskj. nr. 14) part úr Ytri Sólheimum að dýrleika 25 hundruð að fornu mati .Hinn 2. október 1904 selur Friðrik Björnsson Guðmundi Þorbjarnarsyni eign sína 4 hundruð að fornu mati í vesturjörð Ytri Sólheima (dskj. nr. 15). Þannig mætti rekja í löngu máli upplýsingar um að jörðinni var skipt að fornu mati og hlutföllin eru greind í veðmálabókum og víðar og er miðað við að jörðin með hjáleigunni sé 100 hundruð að fornu mati og hjáleigan því sem næst 7 1/3 hundruð þar af. Stefnandi hefur sjálfur lagt fram gögn sem styðja þær málsástæður umbj.m. að til hafi verið skipting jarðarinnar í hlutföllum svo lengi sem rakið verður og allt fram á síðustu öld.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af HR 1988 bls. 683 skal því aðeins styðjast við fasteignamatið 1922 að ekki sé til eldri skipting á dýrleika jarðanna. Er þá haft í huga að beitt er mismunandi matsaðferðum.

Hið forna mat hefur að auki verið notað milli eigendanna með ýmsum hætti svo sem við ákvörðun prestmötu og skiptingu rekafjöru.

Svo sem fyrr segir var hálf jörðin Ytri Sólheimar eign kirkjunnar og greiddu eigendur hins helmings jarðarinnar kirkjunni í afgjald 16 fjórðunga smjörs árlega (umbreytt í pund). Skiptingin fór eftir hinu forna mati þannig:

Prestmata				**Forna mat**		
Ábúandi	**Jörð**	**Pund**	**%**	**Jörð**	**hundruð**	**%**
Einar Einarsson	Ytri-Sólheimar I	29	18 1/8	Ytri-Sólheimar 2	18 2/3	18,7
Ísleifur Erlingsson	Ytri-Sólheimar II	40	25	Ytri-Sólheimar 3 áður Ytri-Sólh. 4	25	25
Óskar M. Hallgrímsson	Ytri-Sólheimar III	20	12 ½	Ytri-Sólheimar 4	12 ½	12,5
Ólafur H. Jónsson	Ytri-Sólheimar IV	6	3 ¾	Ytri-Sólheimar 3a	4	4
Sigurður Högnason	Sólheimakot	20	12 ½	Ytri-Sólheimar 1 (Sólheimakot)	12	12
Sæmundur Jónsson og Tómas Jónsson	Sólheimahjáleiga	12,5	7 13/16	Sólheimahjáleiga	7 1/3	7,33
Ásgeir Pálsson	Framnes	32,5	20 5/16	Framnes og Sólheimatunga	8 + 12 1/2	20,5
Samtals		160	100		100	100

Eftir að landskiptalögin frá 1941 tóku gildi leystu eigendur helmings jarðarinnar prestmötukvöðina til sín og eignuðust þannig alla jörðina. Smjörfjórðungum hafði þá verið breytt í pund í hlutfallinu 1:10 og guldu bændur fyrir kvöðina í eftirfarandi hlutföllum:

Dagsetning	Eigandi/Ábúandi	Jörð	Pund	Prósent	Forna mat
16.1.1945	Sæmundur Jónsson	Sólheimahjáleiga	12 1/2	7,8	7,33
20.10.1942	Sigurður Högnason	Sólheimakot	20	12,5	12
16.1.1945	Maríus Einarsson	Ytri-Sólheimar II	29	18,1	18,67
20.12.1943	Ísleifur Erlingsson	Ytri-Sólheimar	40	25	25
16.1.1945	Guðrún Einarsdóttir	Ytri-Sólheimar III	20	12,5	12,5
16.1.1945	Ásgeir Pálsson	Framnes	32	20	20,5
16.1.1945	Ólafur H. Jónsson	Ytri-Sólheimar IV	6 ½	4,1	4
		Samtals	160	100	100

Stefnendur hafa lagt fram landskiptagerð frá 1944. Þeirri landskiptagerð var aldrei lokið og hún var ekki samþykkt og undirrituð af öllum eigendum jarðarinnar. Landskiptagerð þessi tekur ekki til alls heimalandsins heldur var aðeins víxlað slægjuskákum á milli jarða til að gera land hverrar jarðar samfelldara en áður var. Í skiptagerðinni er sagt að skipt sé eftir jarðamatinu frá 1922. Einnig er sagt að slægjuskákarnar hafi verið mældar. Þegar skiptagerðin er lesin kemur fram að landi tveggja jarðanna er ekki skipt. Hægt er með mælingu loftmynda að sýna fram á að það land sem jarðirnar fengu við þessi skipti er ekki í hlutfalli við jarðamatið 1922.

Enn var reynt að koma á landskiptum árið 1960 en tókst ekki vegna ágreinings um hlutföll en forsjármenn Sólheimahjáleigu vildu nota matið frá 1922.

Skipti milli Sólheima um dýrleika í hundruðum er sem hér segir að fornu mati:

Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot)	12 hndr
Ytri-Sólheimar II	18 2/3 hndr
Ytri-Sólheimar III (áður Ytri-Sólheimar IV)	25 hndr
Sólheimatunga	12 ½ hndr
Ytri-Sólheimar IV (áður VI)	12 ½ hndr
Ytri-Sólheimar IIIa	4 hndr
Framnes	8 hndr
Sólheimahjáleiga	7 1/3 hndr
Samtals	100 hndr

Kröfugerð stefnenda á hendur öðrum eigendum Ytri-Sólheimajarða en Framness er með þeim hætti að stefnendur virðast ætla að fá bindandi dóm um að jarðahlutfall fasteignamatsins 1922 verði grundvöllur fyrir skiptum á jörðinni. Umbj. m. krefjast sýknu, enda telja þeir að til grundvallar skiptingu Sólheimajarðarinnar í heild beri að leggja hið forna mat og framangreinda skiptingu. Matið 1922 kæmi því aðeins til greina að ekki lægi fyrir skipting jarðarinnar samkvæmt eldri gögnum. Þessi gögn liggja fyrir í dómum og eignaskiptagjörningum eins og fyrr er nefnt. Það er og meginregla landskiptalaga að hafi eignarhlutföll breyst við endurmat við misjafna

RAGNAR AÐALSTEINSSON
SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR
Lögmenn

ræktun eða verklegar framkvæmdir þá breytast eigi fyrir það eignarhlutföll óskipts lands eða landsnytja.

Samkvæmt framansögðu liggja fyrir ótvíræðar upplýsingar um eignarhlutföll Ytri-Sólheimajarðarinnar frá fornu fari, sem leggja ber til grundvallar skiptum á jörðinni.

Jafnframt er sýknukrafa umbj. m. á því byggð að stefnendur hafi ekki sýnt fram á hvernig þeir hafi eignast sérstaklega óskipta hlutdeild í landspildunum tveimur sem kröfur þeirra lúta að, hvorki að því er varðar staðsetningu eða stærð. Verður ekki séð annað en að stefnendur hafi ákveðið legu lands og stærð að geðþótta.

Minnt er á að í fasteignamatinu 1922 er jarðir Ytri-Sólheimatorfunnar vantaldar og hafa stefnendur ekki gert grein fyrir því á hvern hátt því mati verði beitt við skiptingu jarðarinnar. Óbreytt verður það ekki lagt til grundvallar.

Tilvísanir í lög
Vísað er til landskiptalaga nr. 46/1941 og til eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Skýrslur fyrir dómi
Umbjóðandi minn, Tómas Ísleifsson, mun koma fyrir dóm og gefa skýrslu.

Ítreka gerðar kröfur og legg málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík, 18. febrúar 2004.

Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Til Héraðsdóms Suðurlands

Nr. 108 Lagt fram í Héraðsdómi Suðurlands 17/1 2005

ENDURRIT
ÚR
DÓMABÓK
HÉRAÐSDÓMS SUÐURLANDS

Málið nr. E-1042/2003:
Eyrún Sæmundsdóttir og
Einar Þorsteinsson
(Óskar Sigurðsson hdl.)
gegn
Ingibjörgu Ásgeirsdóttur,
Db. Margrétar Ásgeirsdóttur,
Þresti Óskarssyni,
Guðgeiri Ásgeirssyni,
(Bjarni S. Ásgeirsson hrl.)
Benedikt Bragasyni,
Tómasi Ísleifssyni,
Kristínu Björnsdóttur,
Andrínu Guðrúnu Erlingsdóttur,
Einari Guðna Þorsteinssyni,
Óskari Sigurði Þorsteinssyni,
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Ásgeiri Óskarssyni,
Óskari Óskarssyni,
Sigurði Ásgeirssyni,
Kristni Stefánssyni,
Ástu Ósk Stefánsdóttur,
Kjartani Stefánssyni,
Gróu Þorsteinsdóttur,
Db. Sigríðar Jónsdóttur,
Kristínu Þorsteinsdóttur,
Sigríði Þorsteinsdóttur,
Sigrúnu R. Þorsteinsdóttur,
Hildigunni Þorsteinsdóttur,
Ólafi Þorsteinssyni,
Elínu Einarsdóttur og
Magnúsi Þór Snorrasyni.

Dómur 3. desember 2004

SS/GL/KA/-

Ár 2004, föstudaginn 3. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. E-1042/2003:

Eyrún Sæmundsdóttir og
Einar Þorsteinsson
(Óskar Sigurðsson hdl.)
gegn
Ingibjörgu Ásgeirsdóttur,
Db. Margrétar Ásgeirsdóttur,
Þresti Óskarssyni,
Guðgeiri Ásgeirssyni,
(Bjarni S. Ásgeirsson hrl.)
Benedikt Bragasyni,
Tómasi Ísleifssyni,
Kristínu Björnsdóttur,
Andrínu Guðrúnu Erlingsdóttur,
Einari Guðna Þorsteinssyni,
Óskari Sigurði Þorsteinssyni,
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Ásgeiri Óskarssyni,
Óskari Óskarssyni,
Sigurði Ásgeirssyni,
Kristni Stefánssyni,
Ástu Ósk Stefánsdóttur,
Kjartani Stefánssyni,
Gróu Þorsteinsdóttur,
Db. Sigríðar Jónsdóttur,
Kristínu Þorsteinsdóttur,
Sigríði Þorsteinsdóttur,
Sigrúnu R Þorsteinsdóttur,
Hildigunni Þorsteinsdóttur,
Ólafi Þorsteinssyni,
Elínu Einarsdóttur og

Magnúsi Þór Snorrasyni.

kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR

Mál þetta var höfðað 28. október 2003, þingfest 3. desember 2003 og dómtekið 9. nóvember 2004.

Stefnendur eru Eyrún Sæmundsdóttir, kt. 060634-7699 og Einar Þorsteinsson, kt. 310828-3279, Sólheimatungu, Vík.

Stefndu eru Ingibjörg Ásgeirsdóttir, kt. 010538-4599, Hrísateigi 5, Reykjavík, Dánarbú Margrétar Ásgeirsdóttur, Þröstur Óskarsson, kt. 300363-7849, Holtsgötu 12, Hafnarfirði, Ásgeir Óskarsson, kt. 160753-7149, Háukinn 6, Hafnarfirði, Óskar Óskarsson, kt. 250255-4389, Digranesvegi 46, Kópavogi, Guðgeir Ásgeirsson, kt. 261132-6729, Álfhólsvegi 139, Kópavogi, Sigurður Ásgeirsson, kt. 191230-4779, Gunnarsholti, Hellu, Kristinn Stefánsson, kt. 040763-4149, Raufarfelli 1, Hvolsvelli, Ásta Ósk Stefánsdóttir, kt. 310865-4789, Laxakvísl 21, Reykjavík, Kjartan Stefánsson, kt. 230262-3579, Sigtúni 8, Vík, Benedikt Bragason, kt. 030963-5399, Ytri Sólheimum I, Vík, Tómas Ísleifsson, kt. 070348-2769, Ytri Sólheimum III, Vík, Kristín Björnsdóttir, kt. 090434-4469, Ytri Sólheimum I, Vík, Andrína Guðrún Erlingsdóttir, kt. 220571-4599, Ytri Sólheimum I, Vík, Einar Guðni Þorsteinsson, kt. 061258-5749, Ytri Sólheimum II, Vík, Gróa Þorsteinsdóttir, kt. 050117-2439, Hraunvangi 7, Hafnarfirði, Dánarbú Sigríðar Jónsdóttur, Kristín Þorsteinsdóttir, kt. 120348-3379, Eyjabakka 6, Reykjavík, Sigríður Þorsteinsdóttir, kt. 220441-2299, Þverási 16, Reykjavík, Sigrún R. Þorsteinsdóttir, kt. 260245-3179, Þyskalandi, Hildigunnur Þorsteinsdóttir, kt. 020246-3249, Vesturási 32, Reykjavík, Ólafur Þorsteinsson, kt. 180450-4919, Eystri Sólheimum, Vík, Óskar Sigurður Þorsteinsson, kt. 291266-3719, Ytri Skógum 2, Vík, Elín Einarsdóttir, kt. 080367-4069, Sólheimahjáleigu, Vík og Magnús Þ. Snorrason, kt. 180666-4279, Sólheimahjáleigu, Vík.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þessar:

Aðalkrafa:

1. Að viðurkennt verði gagnvart öllum stefndu að mörk sameiginlegra landspildna Sólheimatungu og Framness, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, sem liggja austan í Sólheimanesi, annars vegar Hölur, 19,1

ha., og hins vegar Völlur, 4 ha., séu með eftirfarandi hætti, eins og þau eru dregin upp á uppdrætti á dskj. nr. 59:

a. Hölur. Úr hnitapunkti p9, p10, p24, p23, p25, p11, p12, p13, p14, p21, p22 og þaðan lína í hnitapunkt p9 aftur.
b. Völlur. Úr hnitapunkti p17, p18, p19, p20 og þaðan lína í hnitapunkt p17 aftur.

2. Að viðurkennt verði gagnvart stefndu (eigendur Framness) að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness í Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, sem liggja austan í Sólheimanesi, annars vegar Hölur, 19,1 ha., hins vegar Völlur, 4 ha., eins og þær eru afmarkaðar á uppdrætti á dskj. nr. 59 og 1. tl. kröfugerðar, séu í óskiptri sameign jarðanna í hlutföllunum 20 hundruð í hlut Sólheimatungu (2/3) og 9 hundruð í hlut Framness (1/3) og að landskipti spildnanna á milli jarðanna skuli fara fram í þeim hlutföllum.

Varakrafa:

3. Að viðurkennt verði gagnvart öllum stefndu að mörk sameiginlegra landspildna Sólheimatungu og Framness, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellsýslu, sem liggja austan í Sólheimanesi, annar vegar Hölur, 17,9 ha., og hins vegar Völlur, 4 ha., séu með eftirfarandi hætti, eins og þau eru dregin upp á uppdrætti á dskj. nr. 59:

a. Hölur. Úr hniptapunkti p9, p10, p24, p23, p25, p11, p12, p13, p14, p26, p27 og þaðan lína í hnitapunkt p9 aftur.
b. Völlur. Úr hnitapunkti p17, p18, p19, p20 og þaðan lína í hnitapunkt p17 aftur.

4. Að viðurkennt verði gagnvart stefndu (eigendur Framness) að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness í Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellsýslu, sem liggja austan í Sólheimanesi, annars vegar Hölur, 17,9 ha., og hins vegar Völlur, 4 ha., eins og þær eru afmarkaðar á uppdrætti á dskj. nr. 59 og 3 tl. kröfugerðar, séu í óskiptri sameign jarðanna í hlutföllunum 20 hundruð í hlut Sólheimatungu (2/3) og 9 hundruð í hlut Framness (1/3) og að landskipti spildnanna á milli jarðanna skuli fara fram í þeim hlutföllum.

Þrautavarakrafa:

5. Að ofangreind hlutföll séu til helminga á milli jarðanna og að landskipti spildnanna skuli fara fram í þeim hlutföllum.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi þeirra stefndu er tekið hafi til varna, að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi, auk virðisaukaskatts.

Stefndu, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Db. Margrétar Ásgeirsdóttur, Þröstur Óskarsson og Guðgeir Ásgeirsson krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda. Jafnframt krefjast þau greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefndu, Benedikt Bragason, Tómas Ísleifsson, Kristín Björnsdóttir, Andrína Guðrún Erlingsdóttir, Einar Guðni Þorsteinsson og Óskar Sigurður Þorsteinsson krefjast sýknu af kröfum stefnenda og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Aðrir stefndu hafa ekki tekið til varna í málinu. Á dskj. nr. 33 liggur frammi yfirlýsing stefndu Sigurðar Ásgeirssonar, Kristins Stefánssonar, Ástu Ósk Stefánsdóttur og Kjartans Stefánssonar, frá 24. mars 2003, um að þau fallist á kröfugerð stefnenda í væntanlegu dómsmáli og að þau muni ekki taka til varna í málinu. Þá liggur frammi í málinu, á dskj. nr. 38, yfirlýsing stefndu Kristínar Þorsteinsdóttur, Sigríðar Þorsteinsdóttur, Sigrúnar R. Þorsteinsdóttur, Hildigunnar Þorsteinsdóttur og Ólafs Þorsteinssonar, frá 19. júní 2003, vegna innbyrðis skipta á landi Framness og Sólheimatungu, sem þær jarðir hafi hlotið sameiginlega við landaskipti (sic) 1944. Í yfirlýsingunni segir m.a.: „Við teljum að girðing á norður mörkum þessa lands séu rétt mörk milli landsspildu sem eigendur Eystri-Sólheima eiga í Ytri –Sólheimum og lands sem Framnes og Sólheimatunga fengu sameiginlega í fyrrnefndum landsskiptum og liggur í Hölum sunnan nefndrar girðingar. Fyrrnefnd landsspilda norðan girðingarinnar er tilkomin vegna eignarhlutar Eystri-Sólheima í Ytri-Sólheimum. Þessi eignarhlutur er jafnan nefndur Ytri-Sólheimar III A. Þessi landsspilda úr Ytri-Sólheimum III A er nefnd Gjósta og Æsumýri og takmarkast svo af landamerkjum Ytri- og Eystri-Sólheima um Merkigil og Merkigilslæk sem eru óumdeild. Okkur er kunnugt um að fyrrnefndur jarðapartur sem nú er nefndur Ytri-Sólheimar III A er alls ekki úr Sólheimatungu (Ytri-Sólheimum V) eins og eigendur Framness hafa haldið fram í fyrri umfjöllun þessa máls. Dómsskjöl með héraðsdómsmáli nr. E.150/2002 bera þetta með sér. Við teljum að afi okkar, Ólafur H. Jónsson hafi selt Sigurði Ásgeirssyni, jörðina Ytri-Sólheima V, þann 17. júlí 1955 og ekkert undanskilið, hvorki land né hlunnindi. Við teljum því að okkur komi fyrrgreind innbyrðisskipti á Framnesi og Sólheimatungu ekki við...” Á dskj. nr. 39 staðfesta

ofangreind stefndu, utan stefnda Sigrún A. Þorsteinsdóttir, að þau muni ekki láta mál þetta til sín taka eða hafa uppi kröfur í því.

Máli þetta var munnlega flutt 22. júní 2004 um frávísunarkröfu stefndu, Benedikts Bragasonar, Tómasar Ísleifssonar, Kristínar Björnsdóttur, Andrínu Guðrúnar Erlingsdóttur, Einars Guðna Þorsteinssonar og Óskars Sigurðar Þorsteinssonar. Með úrskurði héraðsdóms 6. júlí 2004, var frávísunarkröfum stefndu hafnað.

Málsatvik:

Jörðin Sólheimar í Mýrdalshreppi er forn kirkjustaður og er elsti máldagi sem til er um kirkjuna frá 1179. Lengst af munu bæjarhúsin á Ytri Sólheimum hafa staðið við eina stétt. Er við það miðað, að land næst bæjunum hafi lengstum verið úrskipt.

Framlögð gögn í þessu máli bera með sér eftirfarandi eignayfirfærslur á jarðapörtum að Ytri Sólheimum:

- Með afsali 7. apríl 1900 hafi Vigfús Þórarinsson selt Guðmundi Þorbjarnarsyni austurjörð Ytri Sólheima. Er tekið fram að selt sé 21 ½ hundrað að fornu mati.
- Með afsali 8. apríl 1901 hafi Halldór Jónsson selt Guðmundi Þorbjarnarsyni hluta úr Ytri Sólheimum og er tekið fram að seldar séu 59 1/5 álnir að fornu mati. Tilgreint er í afsali að seldur sé hluti er hafi tilheyrt Dyrhólahreppi.
- Með afsali 2. október 1904 hafi Friðrik Björnsson selt Guðmundi Þorbjarnarsyni 4 hundruð að fornu mati í vesturjörð Ytri Sólheima.
- Með afsali 30. janúar 1905 hafi Sverrir Magnússon selt Erlingi Brynjólfssyni hluta úr Ytri Sólheimum. Að dýrleika er hið selda tilgreint 25 hundruð.
- Með afsali 24. nóvember 1914 hafi Guðmundur Þorbjarnarson selt Ólafi H. Jónssyni jarðeignir sínar að Sólheimum. Í afsali er hið selda tilgreint sem 17 hundruð 59 álnir að dýrleika í jörðinni Eystri Sólheimum og 14 hundruð og 60 álnir að dýrleika í Ytri Sólheimum.
- Með afsali 29. júní 1924 hafi Eyjólfur Ólafsson selt Ásgeiri Pálssyni jarðapart í Ytri Sólheimum. Er tekið fram að parturinn sé 7 og hálft hundrað að fornu mati og að í jarðabókinni frá 1922 sé parturinn tilgreindur sem Ytri Sólheimar III.
- Með afsali 17. júlí 1955 hafi Ólafur H. Jónsson selt Sigurði Ásgeirssyni eignarpart sinn í Ytri Sólheimum V.

- Með afsali 12. mars 1966 hafi Sigurður Ásgeirsson selt Stefáni Ásgeirssyni jarðeign sína Ytri Sólheima V, sem hafi verið hluti af Framnesi. Hafi sá hluti síðar fengið nafnið Sólheimatunga. Er tekið fram að jörðin hafi í fasteignamatsbók árið 1932 verið metin á 25 hundruð, en metin með býlinu Framnes samkvæmt millimati 1958 á 12.000.00 og þá nefnd Framnes II.
- Með kaupsamningi 19. júlí 1997 hafi Áslaug Kjartansdóttir, ekkja Stefáns Ásgeirssonar, selt stefnendum, Eyrúnu Sæmundsdóttur og Einari Þorsteinssyni, jörðina Ytri Sólheima V, nú nefnd Sólheimatunga. Er tekið fram að í fasteignamatsbók frá 1922 hafi jörðin verið metin 20 hundruð og í fasteignabók frá 1932 25 hundruð.

Samkvæmt endurriti úr úttektar- og virðingarbók Dyrhólahrepps, voru fimmtudaginn 11. maí 1944 staddir á Ytri Sólheimum úttektarmennirnir Stefán Hannesson frá Litla Hvammi, Þorlákur Björnsson frá Eyjarhólum og Kjartan L. Markússon frá Suður-Hvammi. Er tekið fram að Kjartan L. Markússon hafi verið skipaður formaður skiptanefndar með bréfi sýslumanns 8. apríl 1944. Úttektarmenn hafi verið mættir í þeim tilgangi að framkvæma skipti á slægjulandi (útslægjum) Ytri Sólheimajarða. Fram kemur, að með bréfi til sýslumanns 26. október 1943 hafi Sólheimabændur, þeir Ólafur Jónsson, Ásgeir Pálsson, Ísleifur Erlingsson og Maríus Einarsson óskað eftir að skipti færu fram. Viðstaddir með landskiptanefndinni 11. maí hafi verið ábúendur og eigendur Sólheimajarða, þeir Sæmundur Jónsson Sólheimahjáleigu, Sigurður Högnason, Ísleifur Erlingsson, Einar Einarsson, Óskar Hallgrímsson, Ásgeir Pálsson og Ólafur Jónsson Eystri Sólheimum. Hafi formaður skiptanefndar spurt viðstadda um það hvort landamerki milli Sólheimajarða og nærliggjandi jarða væru skýr og ágreiningslaus og hafi viðstaddir talið svo vera. Því næst hafi verið byrjað að mæla slægjulandið. Hafi mælingum verið haldið áfram fram á kvöld. Næsta dag hafi enn verið haldið áfram að mæla, en um kvöldið hafi verið ákveðið að fresta um hríð mælingum og landskiptum og hafi úttektarmenn þá farið heim til sín. Þann 26. júní 1944 hafi fyrrnefndir landskiptamenn komið að Sólheimum til að ljúka landskiptunum. Hafi þá allir hinir sömu Sólheimabændur verið viðstaddir. Hafi stærð slægjulandsins verið mæld þann dag allan, enda mælingum lokið þá um kvöldið. Næsta dag, eða 27. júní, hafi nefndarmenn unnið að því að reikna út landsstærð hverrar jarðar fyrir sig og hafi þá gert fyrstu tillögur sínar um landskipti.

Matsnefndarmenn hafi lokið skiptum að fullu 28. júní og hafi þeir allir verið samþykkir og sammála um niðurstöður skiptanna.

Í skiptagerðinni er tekið fram að Ísleifur Erlingsson (Sólheimum IV) hafi hlotið allar svokallaðar Botnáskar (Botnaskákar) sem liggi austan frá túni hans og nái austur að Hundagili. Er því svæði lýst nánar í endurriti. Í öðru lagi hafi Ísleifur fengið land upp í Sólheimanesi, allt samliggjandi. Vestast í því sé spilda afgirt að stærð 13600 m2 og sé vesturhlið girðingarinnar mark milli Ísleifs og Óskars Hallgrímssonar (Sólheimum VI). Að norðan takmarkist landið af uppblástursrofi en að austan séu mörk uppsett milli þessa lands og slægjuskákar er Æsumýri heiti, eign Ólafs Jónssonar Eystri Sólheimum. Það land nái síðan suður að svonefndu Skarði og takmarkist af því greinilega. Að vestan sé markið áður nefnd girðing og hluti af girðingu Sigurðar Högnasonar í Sólheimakoti.

Í sameiningu hafi Ásgeir Pálsson (Sólheimum III) og Ólafur H. Jónsson Eystri Sólheimum hlotið land allt austan í Sólheimanesi frá Nýbýlisgirðingu Ásgeirs og innúr að Merkjalæk. Halli því landi á móti suðaustri, en upp á háholtinu sé mark upp sett milli þessa lands og þess er Einar Einarsson hafi hlotið. Fyrir framan Skarð og vestan við áðurnefnt mark á holtinu hafi Einar Einarsson (Sólheimum II) fengið land niður að uppsettu marki í Langadal, sem liggi þvert yfir hann og sé milli Einars og Ásgeirs. Að vestan takmarkist land Einars efst af girðingu Sigurðar Högnasonar, síðan af uppsettu marki á háholtinu móti Sólheimahjáleigu og að sunnan af marki yfir Hrossaskjólsdal móti Óskari Hallgrímssyni (Sólheimum VI). Ennfremur hafi Einar fengið svonefndar Lágar vestast og syðst í Sólheimanesi. Takmarkist þær að austan af túngirðingu Ásgeirs og norðan af uppsettu marki milli hans og Sólheimahjáleigu. Ennfremur hafi Einar fengið svonefndar Dagmálaskákir er liggi fyrir vestan Kirkjubrekku Óskars. Þessu svæði er lýst frekar í endurriti. Tekið er fram að Ólafur Jónsson Eystri Sólheimum og Ásgeir Pálsson hafi fallist á að skipta sjálfir áður nefndu landi, sem liggi austan í Nesinu (land Sólheima III og V). Ólafur Jónsson eigi eftir jarðamati 1922 5 hundruð í Ytri Sólheimum, sem hann nytji sjálfur. Slægjulandi er honum hafi verið úthlutað sé svonefnd Æsumýri vestan við Merkigil, að fyrrnefndu marki milli hans og Ísleifs. Lambhúshóll og bali innan túngirðingar hjá Sæmundi og svonefnd Gjósta niður í Merkigil. Tekið er fram að áðurnefnt mark í Æsumýri sé fært 14 metra inn á Æsumýrarskák Ísleifs.

Eftir samkomulagi milli landskiptanefndar og Sólheimabænda hafi verið ákveðið að fresta til hausts uppgerð lands þess er tekið hafi verið úr högum til

ræktunar undanfarin ár og ákveðið að skipta landi til ræktunar til þeirra sem minna hafi tekið en sá sem tekið hafi mest. Undir framangreinda skiptagerð rita að Ytri Sólheimum 31. júlí 1944, úttektarmennirnir Kjartan L. Markússon, Stefán Hannesson og Þorlákur Björnsson. Einnig rita undir skiptagerðina Ólafur H. Jónsson, Einar Einarsson, Ásgeir Pálsson og Óskar Hallgrímsson.

Samkvæmt endurriti úr úttektar- og virðingarbók voru þriðjudaginn 21. nóvember 1944, staddir að Sólheimum landskiptanefndarmennirnir Kjartan L. Markússon og Þorlákur Björnsson til að mæla tún útsetur Sólheimabænda og til að mæla þeim út land til túnauka, sem enn höfðu hlutfallslega of litlar útsetur miðað við jarðarstærð. Stefán Hannesson hafi tilkynnt forföll og því hafi hann ekki verið mættur. Sigurður Högnason Sólheimakoti hafi girt úr högum og ræktað að mestu 25800 m2. Hafi hann tekið mest land í hlutfalli við jarðarstærð, eða sem næst 1700 m2 fyrir hvert jarðhundrað. Ásgeiri Pálssyni Framnesi (Sólheimar III og V) hafi verið mælt land fram í mýrar móanum suðaustur af Nesinu að stærð 40.000 m2 eða nokkru stærra en eftir réttu hlutfalli sökum þess hve rýrt það land hafi verið. Er síðan tekið fram hvaða landi Sæmundi Jónssyni Sólheimahjáleigu og Óskari Hallgrímssyni Sólheimum VI hafi verið úthlutað. Ísleifur Erlingsson Sólheimum IV hafi fengið 12000 m2 þar sem heiti Asnastaðir. Einar Einarsson Sólheimum II hafi fengið 12000 m2 þar sem heiti Gamlaból og Ólafur Jónsson Eystri Sólheimum hafi fengið inn með Halalæk mjög nálægt landi sínu 16000 m2 allt að því helmingi stærra land en honum hafi borið hlutfallslega, þar sem það land hafi virst lítt ræktanlegt, mýrarkennt og gróið upp úr aur. Í niðurlagi er tekið fram að við landskiptin hafi verið skipt eftir jarðamatinu frá 1922. Er skiptagerðin undirrituð að Suður-Hvammi 30. nóvember 1944 af Kjartani L. Markússyni.

Með bréfi 10. ágúst 1998 fóru stefnendur þess á leit við sýslumanninn í Vík, að sýslumaður myndi skipa skiptanefnd til að framkvæma skipti á því heimalandi jarðarinnar Sólheimatungu, er væri í sameign með jörðinni Framnesi. Í kjölfarið hlutaðist sýslumaður til um skipun skiptanefndar. Með bréfi formanns landskiptanefndar 8. nóvember 2000 er því lýst, að ekki hafi tekist samkomulag um eignarhlutföll, hvorki á landi eða túnum milli aðila og því hafi ekki náðst sættir þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Vísaði landskiptanefnd málinu því frá sér í samræmi við 3. mgr. 3. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941. Samkvæmt endurriti úr landskipta- og landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu, hélt sýslumaðurinn í Vík sáttafund á skrifstofu sinni miðvikudaginn 11. júlí 2001. Fundinn hélt sýslumaður með eigendum

Framness og Sólheimatungu í Mýrdalshreppi, vegna deilu um eignarhlutföll jarðanna í óskiptu landi þeirra. Er tekið fram að stefnendur hafi mætt vegna Sólheimatungu og að Einar Jónsson lögfræðingur hafi mætt vegna Framness. Fyrir lægi krafa eigenda Sólheimatungu um að þegar úrskiptu landi jarðanna úr Sólheimatorfu samkvæmt landskiptagerð frá 1944, yrði skipt í samræmi við fasteignamat frá 1922, þannig að Framnes (Ytri Sólheimar III) væru 9 hundruð en Sólheimatunga (Ytri Sólheimar V) væru 20 hundruð. Er tekið fram að krafa eigenda Framness væri að málið ætti ekki undir landskiptalög, með því að skipti á landinu hafi þegar farið fram árið 1944, en þeir væru þó viljugir til að leita sátta. Samkvæmt endurriti er fært til bókar að sýslumaður teldi, eins og málið lægi fyrir, að ekki væri grundvöllur fyrir frekari sáttatilraunum, en hins vegar lægi deiluefnið nokkuð ljóst fyrir, þannig að eigendur Framness teldu að skiptum hafi lokið með landskiptagerðinni frá 1944 og væru með tilteknar hugmyndir um hvernig hið úrskipta land ætti að skiptast á milli Ytri Sólheima III og V, auk hugmynda um hvernig skipta ætti óskiptu landi jarðanna úr Sólheimatorfunni allri. Eigendur Sólheimatungu teldu hins vegar að landi því, sem landskiptagerðin frá 1944 ætti við, hafi verið úthlutað sameiginlega til Ytri Sólheima III og V og vildu láta skipta því eftir eignahlutföllum í fasteignamati frá 1922, sem og óskiptu landi úr Sólheimatorfunni. Í niðurlagi fundagerðar er bókað að sættir gætu hugsanlega náðst. Hafi sýslumaður veitt aðilum frest í því skyni til 10. ágúst 2001 og ættu aðilar að skila inn sáttatillögu, er tæki á því landi sem úrskipt hafi verið 1944 til Ytri Sólheima III og V, burtséð frá skoðunum á því hver eignarhlutföll ættu að vera í óskiptu landi jarðanna í Sólheimatorfunni að öðru leyti.

Stefnandi, Einar Þorsteinsson, ritaði sýslumanninum í Vík bréf 8. ágúst 2001. Er tekið fram að á sáttafundinum í Vík 11. júlí 2001 hafi verið fallist á að leita frekari sátta. Eigendur Sólheimatungu hafi á fyrsta landskiptafundi boðið að óskiptu landi Sólheimatungu og Framness yrði skipt til helminga, þ.e. túnunum til helminga og öðru landi til helminga. Eigendur Sólheimatungu hafi fallist á að láta boð um slíkt standa en því aðeins að sátt tækist og að skiptum yrði lokið. Um óskipt land jarðanna færi hins vegar eftir ákvæðum laga. Stefnandi, Einar Þorsteinsson, ritaði sýslumanni enn bréf 25. júní 2001. Tekur stefnandi fram að landskipti hafi tvisvar verið gerð milli jarða í Ytri Sólheimatorfu, árið 1944. Þá hafi skipti verið framkvæmd af landskiptanefnd. Sýndist stefnanda einboðið að fara eftir jarðamati frá 1922 við skipti á milli lögbýlanna Sólheimatungu og Framness. Í jarðamatinu frá 1922 hafi jarðirnar verið metnar þannig að Ytri Sólheimar III, eða Framness, væru 9.0 hundruð og Ytri

Sólheimar V, eða Sólheimatunga væru 20.0 hundruð. Sýslumaðurinn í Vík ritaði eigendum Framness og Sólheimatungu bréf 4. september 2001 vegna deilu um eignarhlutföll í óskiptu landi jarðanna Framness og Sólheimatungu. Lýsti sýslumaður því yfir að þar sem sáttatilraunir hefðu ekki borið árangur, væri málinu vísað frá sem ósættu og aðilum vísað til Héraðsdóms Suðurlands með ágreining sinn.

Með bréfi 14. september 2001 til stefnenda, lýsa eigendur Framness því að þeir væru reiðubúnir til að leggja fram svohljóðandi sáttaboð til að leysa þann ágreining sem væri uppi varðandi legu og stærð jarðanna Framness og Sólheimatungu: „Hvorri jörð um sig tilheyri það úrskipt land sem nú er í vörslum eigenda hvorrar jarðar. Um hlutdeild í óskiptu landi Ytri-Sólheima fer að lögum." Hafi eigendur Framness sammælst um að leggja til sáttaboð til að deiluna mætti leysa, en það væri mat þeirra að sáttaboðið fæli í sér afsal á réttindum þeirra. Með ofangreindu tilboði væru eigendur Framness að bjóða fram til makaskipta kjarna jarðar sinnar, svokallaðan Bæjarstað, ræktað land og grasgefið, u.þ.b. 6 hektara að stærð, auk þess helming hlutdeildar sinnar í sandrækt að u.þ.b. sömu stærð, en væru að bjóðast til að taka í staðinn svokallaðar Hölur, að mestu gróið land en óhæft til ræktunar að miklu leyti vegna halla, enda hafi þar ekki verið ræktað. Stærð landsins í Hölum væri u.þ.b. 15 hektarar. Vakin er athygli á því að ekki væri víst að unnt væri að einskorða sakarefnið við ofangreinda deilu. Bæri þar fyrst að nefna að allt frá árinu 1965 hafi verið ljóst að skipti á óskiptu landi Sólheimajarða gætu ekki farið fram vegna deilna um stærðarhlutföll jarðanna, auk þess sem ýmsir ábúendur hafi tekið sér land af óskiptu, án samráðs við sameigendur eða formlegra skipta.

Við aðalmeðferð málsins gáfu m.a. skýrslu fyrir dómi Sigurður Ásgeirsson, Ólafur Þorsteinsson og Siggeir Ásgeirsson.

Sigurður Ásgeirsson kvaðst hafa eignast jörðina Sólheimatungu á árinu 1955. Er hann hafi keypt jörðina hafi ekkert verið undanskilið við söluna. Er undir Sigurð var borið dskj. nr. 60, kvað hann hnitapunkta sýna með réttum hætti afmörkun á spildu er bæri heitið Hölur. Kvað Sigurður svokallaða nýbýlisgirðingu Ásgeirs Pálssonar í Framnesi í upphafi hafa verið reista milli hnitapunkta p22 og p21. Hafi girðingin síðar verið færð og því ekki staðið á upphaflega staðnum í mörg ár. Girðingin hafi verið færð þegar girt hafi verið í kringum allt landið, en það hafi verið gert skömmu eftir landskiptin árið 1944. Hafi girðingar ýmsar verið komnar upp er Sigurður hafi keypt land sitt 1955 en vinna hafi verið í gangi við aðrar. Kvaðst Sigurður, ásamt föður sínum, Ásgeiri Pálssyni, hafa girt hina svokölluðu

nýbýlisgirðingu milli hnitapunkta p22 og p21. Hafi þeir feðgar talið sig hafa verið að afmarka Höl með girðingunni. Sigurður kvað engin skipti hafa átt sér stað á sameiginlegu landi Framness og Sólheimatungu eftir að vitnið hafi keypt jörðina Sólheimatungu. Þá kvaðst vitnið ekki hafa vitneskju um að slík skipti hafi átt sér stað fyrir þann tíma. Á dskj. nr. 58 kæmi fram að makaskipti hafi átt sér stað á svokallaðri Fiðlulág, annars vegar og Gjóstu og Æsumýri hins vegar. Fiðlulág hafi verið inni á Höl. Ekki hafi verið gengið frá þeim skiptum með formlegum hætti. Umrædd skipti hafi átt sér stað um leið og girðingar hafi verið reistar fljótlega eftir 1944.

Ólafur Þorsteinsson kvaðst telja að afi sinn, Ólafur Jónsson á Eystri Sólheimum, hafi nytjað svokallaða Fiðlulág. Skipti hafi farið fram á því landi og Gjóstu og Æsumýri er land hafi verið girt af eftir landskiptin 1944.

Vitnið Siggeir Ásgeirsson kvaðst telja að enn sæjust staurabrot sem merki eftir svonefnda nýbýlisgirðingu. Ef miðað væri við dskj. nr. 60 hafi nýbýlisgirðingin verið á milli hnitapunkta p26 og p27. Kvaðst vitnið þó kannast við að girðing hafi einhverju sinni verið milli hnitapunkta p21 og p22.

Dómarar héraðsdóms hafa gengið á vettvang ásamt aðilum og lögmönnum þeirra.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur byggja kröfur sínar í málinu á því að þeir hafi eignast jörðina Sólheimatungu með kaupsamningi 19. júlí 1997. Með landskiptagerðinni frá 11. maí 1944 hafi óskipt land, Hölur og Völlur, fallið til jarðanna Framness og Sólheimatungu. Umræddu landi sé nánar lýst í landskiptagerðinni og séu hnit á dskj. nr. 60 við hana miðuð. Krafa um skiptingu þess lands byggi á landskiptalögum nr. 46/1941, en við ákvörðun á hlutföllum hins úrskipta lands sé byggt á jarðamati frá 1922, sem landskiptalög miði við og stuðst hafi verið við um innbyrðis skiptingu á Sólheimatorfunni. Hlutur Ytri Sólheima III, nú Framness, sé í jarðamatinu metinn á 9,0 hundruð og Ytri Sólheima V, nú Sólheimatungu, sé metinn á 20,0 hundruð.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnenda, sé gerð krafa um að hinu úrskipta landi verði skipt til helminga. Í því efni sé byggt á því að eigendur Framness hafi lýst sig reiðubúna að fallast á jafna hlutfallslega skiptingu á hina úrskipta landi.

Af hálfu stefnenda er byggt á landskiptalögum, nr. 46/1941, sérstaklega 3. mgr. 2. gr., jarðalögum, nr. 65/1976 og lögum um landamerki, nr. 41/1919.

Málsástæður og lagarök stefndu:

Stefndu Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Db. Margrétar Ásgeirsdóttur, Þröstur Óskarsson og Guðgeir Ásgeirsson byggja á því að í framhaldi af sölu Sigurðar Ásgeirssonar á þeim jarðahluta er hafi fengið nafnið Sólheimatunga, til Stefáns Ásgeirssonar, hafi orðið til gagnkvæmur ábúðasamningur, eða „heiðursmannasamkomulag" um að þar væru tún og óskipt land metið að jöfnu, eða 50:50. Hafi ekkja Stefáns, Áslaug Kjartansdóttir, vísað til nefnds samkomulags í dskj. nr. 34. Stefán hafi reist íbúðarhús á jörðinni árið 1968, en hafi að öðru leyti búið með ábúendum Framness. Á árunum 1973 og 1975 hafi Ásgeir Pálsson og kona hans Kristín Tómasdóttir bæði fallið frá og hafi Siggeir Ásgeirsson þá tekið við búi. Skipti á dánarbúunum hafi ekki farið fram fyrr en árið 1986. Búskap hjá Siggeiri Ásgeirssyni hafi lokið á árinu 1987. Í fasteignamati frá árinu 1992 sé ræktað land Framness talið 30,2 hektarar, en Sólheimatungu 16 hektarar. Ástæða þess mismunar sé sú að tún frá Framnesi hafi verið skráð á Sólheimatungu. Þegar búskapur hafi lagst af í Sólheimatungu hafi þau á ný verið skráð á Framnes, án þess að skráningu túna á Sólheimatungu hafi verið breytt. Hafi Áslaug Kjartansdóttir vísað til þessa ruglings á dskj. nr. 34. Samkvæmt áðurnefndu „heiðursmannasamkomulagi" hafi Áslaug væntanlega gert ráð fyrir að helmingur eða 15 hektarar hafi tilheyrt Sólheimatungu.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að landskiptum milli jarðanna Framness og Sólheimatungu hafi lokið með landskiptagerðinni 1944 og séu eigendur jarðanna bundnir af þeim skiptum. Um þetta efni megi vísa til skiptagerðarinnar sjálfrar. Þar sem um sé að ræða meira en hálfrar aldar gamla gerð, verði að gera sérstaklega ríkar kröfur á hendur stefnendum um að þau sanni innihald skiptagerðarinnar og fullyrðingar um að skiptum hafi ekki lokið. Einföld yfirlýsing stefnenda þess efnis að skiptum sé ekki lokið, verði ekki talin nægileg gegn eindregnum mótmælum stefndu og orðanna hljóðan í skiptagerðinni.

Þá byggja stefndu sýknukröfu sína á því að við skiptin 1944 hafi vestari hluti svonefnds „Heimalands" fallið í hlut Framness. Árið 1999 hafi hluti landsins verið girtur af. Stefnandi, Einar Þorsteinsson, hafi einhliða og án samráðs við eigendur Framness, girt af hluta lands er hafi tilheyrt Framnesi, en á þeim tíma hafi staðið yfir tilraunir til landskipta. Yfirlýsing í kaupsamningi stefnenda og Áslaugar Kjartansdóttur, frá 19. júlí 1997, sem sé einhliða yfirlýsing seljanda um hið selda og vísan til ætlaðs samkomulags við eigendur Framness, sem og leiðrétting á samningnum, sé marklaus gagnvart stefndu, en seljandi hafi ekki getað selt meira en

hún hafi átt. Vakin sé athygli á því að stefnendur hafi ekki lagt fram afsal fyrir eignarhluta sínum í jörðinni Sólheimatungu. Óupplýst sé hver sé þinglýstur eigandi landsins skv. afsali. Til álita komi nauðsyn á samaðild Áslaugar Kjartansdóttur með stefnendum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að sjálfstæður búskapur hafi ekki verið rekinn á jarðarparti Sólheimatungu síðan árið 1924, heldur hafi jörðin verið nytjuð af öðrum. Litlar sem engar jarðabætur hafi átt sér stað á jörðinni, né uppbygging. Hlutföll þau er stefnendur leggi til grundvallar séu því augsýnilega röng og grundvöllur fyrir þau ósannaður. Stefnendur byggi rétt sinn á kaupsamningi frá 19. júlí 1997, sem leiddur sé frá afsali 17. júlí 1955 til Sigurðar Ásgeirssonar. Endurriti af því afsali, sem fram komi á dskj. nr. 42 beri með sér, að tekið sé stimpilgjald af 21,2 hundruðum, en skjalið tilgreini að jörðin sé metin á 25 hundruð, samkvæmt fasteignamati frá 1932, en þá hafi verið liðin 23 ár frá því fasteignamati. Það renni enn stoðum undir að haldið hafi verið eftir 5 hundruðum og rennir jafnframt stoðum undir að fyrrgreind krafa um skipti í hlutföllunum 20,0 á móti 9,0 sé röng. Stefndu mótmæla alfarið að yfirlýsing stefndu á dskj. nr. 33 hafi einhverja þýðingu í málinu.

Um lagarök vísa stefndu til landskiptalaga, nr. 46/1941. Þá er vísað til 18. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, varðandi samaðild.

Stefndu Benedikt Bragason, Tómas Ísleifsson, Kristín Björnsdóttir, Andrína Guðrún Erlingsdóttir, Einar Guðni Þorsteinsson og Óskar Sigurður Þorsteinsson byggja í aðalatriðum sýknukröfu á því, að jarðeignir að Ytri Sólheimum hafi til forna verið metnar fornu mati. Í fasteignamati frá 1922 hafi verið byggt á nýju mati, sem sé haldið slíkum ágöllum að á því verði ekki byggt um skiptingu jarðarinnar. Við þá yfirfærslu hafi öll eignahlutföll raskast. Í fjölmörgum afsölum allt til þessa dags hafi hlutum úr jörðinni verið afsalað miðað við hið forna mat og skiptingu. Dæmi um það komi fram á dskj. nr. 12, 13, 14 og 15. Þannig hafi verið til staðar skipting jarðarinnar Ytri Sólheima í hlutföllum svo langt aftur verði rakið. Samkvæmt því og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá árinu 1988, í dómasafni þess árs á bls. 683, skuli því aðeins styðjast við fasteignamatið frá 1922 að ekki sé til eldri skipting á dýrleika jarðanna. Hið forna mat hafi að auki verið notað milli eigenda með ýmsum hætti svo sem við ákvörðun prestmötu og skiptingu rekafjöru. Jörðin Ytri Sólheimar hafi áður fyrr að hálfu verið í eigu kirkjunnar. Hafi eigendur hins helmings jarðarinnar greitt kirkjunni í afgjöld 16 fjórðunga smjörs árlega. Skipting hafi farið eftir hinu forna mati. Eftir að landskiptalög, nr. 46/1941, hafi tekið gildi, hafi eigendur jarðarinnar leyst

prestmötukvöðina til sín og þannig eignast alla jörðina. Smjörfjórðungum hafi þá verið breytt í pund í hlutfallinu 1:10 og hafi bændur goldið fyrir kvöðina í þeim hlutföllum.

Stefnendur hafi lagt fram landskiptagerð frá 1944. Þeirri landskiptagerð hafi aldrei lokið og hún ekki verið samþykkt eða undirrituð af öllum eigendum jarðarinnar. Landskiptagerðin taki ekki til alls heimalandsins heldur hafi aðeins verið víxlað slægjuskákum á milli jarða til að gera land hverrar jarðar samfelldara en áður hafi verið. Í skiptagerðinni hafi verið tilgreint að skipt hafi verið eftir jarðamatinu frá 1922. Einnig hafi verið tekið fram að slægjuskákirnar hafi verið mældar. Þegar skiptagerðin sé lesin komi fram að landi tveggja jarðanna hafi ekki verið skipt. Unnt sé með mælingu loftmynda að sýna fram á að það land sem jarðirnar hafi fengið við þessi skipti, séu ekki í hlutfalli við jarðamatið frá 1922.

Enn hafi verið reynt að koma fram landskiptum árið 1960 en það hafi ekki tekist vegna ágreinings um hlutföll. Forsjármenn (sic) Sólheimahjáleigu hafi viljað nota matið frá 1922. Kröfugerð stefnenda á hendur öðrum eigendum Ytri Sólheimajarða en Framness sé með þeim hætti, að stefnendur virðist ætla að fá bindandi dóm um að jarðahlutfall fasteignamatsins frá 1922 verði grundvöllur að skiptum á jörðinni. Stefndu krefjist sýknu, enda telji þau að til grundvallar skiptingu Sólheimajarðarinnar í heild sinni beri að leggja hið forna mat og hina fornu skiptingu. Matið frá 1922 komi því aðeins til greina að ekki liggi fyrir skipting jarðarinnar samkvæmt eldri gögnum. Þau gögn liggi fyrir í dómum og eignaskiptagjörningum. Það sé og meginregla landskiptalaga að hafi eignarhlutföll breyst við endurmat við misjafna ræktun eða verklegar framkvæmdir þá breytist eigi fyrir það eignarhlutföll óskipts lands eða landsnytja. Samkvæmt þessu liggi fyrir ótvíræðar upplýsingar um eignarhlutföll Ytri Sólheimajarðarinnar frá fornu fari, sem leggja beri til grundvallar skiptum á jörðinni.

Jafnframt þessu sé sýknukrafa stefndu byggð á því að stefnendur hafi ekki sýnt fram á hvernig þeir hafi eignast sérstaklega óskipta hlutdeild í landspildunum tveimur sem kröfur þeirra lúti að, hvorki að því er varði staðsetningu eða stærð. Verði ekki annað séð en að stefnendur hafi ákveðið legu lands og stærð þess að geðþótta. Minnt sé á að í fasteignamatinu frá 1922 séu jarðir Ytri Sólheimatorfunnar vantaldar og hafi stefnendur ekki gert grein fyrir því á hvern hátt því mati verði beitt við skiptingu jarðarinnar. Óbreytt verði það ekki lagt til grundvallar.

Stefndu vísa til landskiptalaga, nr. 46/1941 og til eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Niðurstaða:

Í máli þessu verður fyrst fyrir að taka afstöðu til þess hvort skiptagerðin frá 11. maí 1944 hafi falið í sér landskipti á grundvelli landskiptalaga, nr. 46/1941. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1941 geta komið til skipta eða endurskipta eftir lögunum, að nokkru eða öllu leyti, heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota. Fyrir skiptum eru sett skilyrði í 1. – 3. tl. 1. gr. laganna. Samkvæmt 2. tl. geta allir hlutaðeigandi eigendur beiðst skipta. Samkvæmt 4. gr. laganna skal sýslumaður kveða til oddamann til skiptagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiptum og annast bókun skiptagerðar. Skiptagerðin frá 11. maí tilgreinir sérstaklega að Sólheimabændur, þeir Ólafur Jónsson, Ásgeir Pálsson, Ísleifur Erlingsson og Marius Einarsson hafi með bréfi 26. október 1943, óskað eftir því við sýslumann að skipti færu fram. Í kjölfar þess skipaði sýslumaður Kjartan L. Markússon frá Suður-Hvammi, formann skiptanefndar, en bréf þess efnis ritaði sýslumaður 8. apríl 1944. Þessar ráðstafanir bera þess glögg merki, að farið hafi verið með beiðni Sólheimabænda í samræmi við lög nr. 46/1941. Er í skiptagerðinni tilgreint að auk Kjartans hafi úttektarmenn Dyrhólahrepps einnig komið að skiptagerðinni, en framangreind 4. gr. laga nr. 46/1941 tiltekur úttektarmenn matsmenn hvern í sínu umdæmi. Þegar til þessa er litið eru engin efni til annars en að miða við að skiptagerðin frá 11. maí 1944 hafi falið í sér landskipti að Ytri Sólheimum, sem farið hafi fram á grundvelli laga nr. 46/1941.

Á því hefur m.a. verið byggt af hálfu stefndu að skiptagerðin hafi ekki öðlast gildi, þar sem hún hafi ekki verið undirrituð af öllum hlutaðeigandi, þ. á m. öllum landeigendum að Ytri Sólheimum. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1941 skal skiptagerð rita í bók, er sýslumaður löggildi og skal henni þinglýsa. Að öðru leyti kveða lögin ekki á um form skiptagerða. Um slíkar skiptagerðir kann að ríkja slíkur ágreiningur að þær verði bornar undir dómstóla til ógildingar í framhaldi af skiptum. Í ljósi þessa eðlis skiptagerða verður ekki talið að þær þurfi að undirrita af hálfu landeigenda til að þær öðlist gildi. Um gildi skiptagerðarinnar að öðru leyti er tekið fram, hún var færð í úttekar- og virðingarbók Dyrhólahrepps og að henni hefur ekki verið skotið til yfirmats skv. 6. gr. laga nr. 46/1941 eða dómsmál höfðað til ógildingar hennar.

Liggur þá næst fyrir að leysa úr hvort með framangreindri landskiptagerð hafi óskipt land, Hölur og Völlur, fallið til jarðanna Sólheimatungu og Framness, svo sem stefnendur halda fram og byggja kröfugerð sína á og hvort stefnendum hafi tekist sönnun um að það land sé réttilega afmarkað með þeim hætti er stefnendur miða dómkröfur sínar við á dskj. nr. 60. Í landskiptagerðinni frá 1944 greinir m.a.: „Í sameiningu hlutu þeir Ásgeir Pálsson (Sólheimar III) og Ólafur Jónsson Eystri-Sólheimum land allt austan í Sólheimanesi frá Nýbýlisgirðingu Ásgeirs og innúr að merkjalæk. Hallar þessu landi mót suðaustri, en upp á há-holtinu er mark sett upp milli þessa lands og þess er Einar Einarsson hlaut." Stefnendur miða við, að land það er ber heitið Hölur og afmarkast á uppdrætti á dskj. nr. 60 af punktum merktum p9, p10, p24, p23, p25, p11, p12, p13, p14, p21, p22 og þaðan lína í hnitapunkt p9 aftur, tilgreini land það er skiptagerðin miðar við sem það land er Ásgeir Pálsson og Ólafur Jónsson hafi hlotið í sameiningu. Fyrst er til að taka, að þeir eigendur Framness er halda uppi vörnum í málinu, stefndu Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Db. Margrétar Ásgeirsdóttur, Þröstur Óskarsson og Guðgeir Ásgeirsson, hafa með bréfi 14. september 2001 viðurkennt að land í Hölum, um 15 hektara að stærð, sé að mestu gróið land en óhæft til ræktunar að miklu leyti vegna halla, enda hafi þar ekki verið ræktað. Fær sú lýsing samræmst landi er stefnendur afmarka sem Höl á dskj. nr. 60, en efni þessa bréfs hefur þýðingu um úrslit í ljósi 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Þá er litið til þess að aðrir eigendur Framness, stefndu Sigurður Ásgeirsson, Kristinn Stefánsson, Kjartan Stefánsson og Ásta Ósk Stefánsdóttir, hafa öll lýst yfir að þau fallist á kröfugerð stefnenda, en þinglýsingavottorð fyrir Framnes ber með sér að þessi stefndu séu eigendur samtals að 33,35% eignarhluta í jörðinni. Um gildi þessarar yfirlýsingar fer eftir 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Einnig er til yfirlýsingar á dskj. nr. 38 að líta, þar sem eigendur Eystri Sólheima og þess svæðis norður af Höl er nefnt hefur verið Ytri Sólheimar IIIA., eða Gjósta og Æsumýri, telja að girðing á norðurmörkum þess lands sem liggi í Hölum séu rétt mörk milli landspildu Eystri Sólheima í Ytri Sólheimum og lands sem Framnes og Sólheimatunga fengu sameiginlega í landskiptunum 1944. Loks er til þess að líta, að svæði það sem nefnt hefur verið Hölur, er austan í Sólheimanesi og hallar í suðaustur, svo sem tekið er fram í landskiptagerðinni. Merkjalækur afmarkar spildu þessa við norðausturhlið, svo sem tekið er fram í skiptagerðinni. Hnitapunktar á dskj. nr. 60, merktir sem p10, p9 og áfram að p27 eða p22 fylgja línu sem liggur um hrygg Sólheimanessins og hallar svæðið því austan við allt á móti suðaustri. Er það því niðurstaða dómsins, að

merkjalína í hnitapunktum frá p9, p10, p24, p25, p11, p12, p13 og p14 samrýmist þeirri lýsingu er landskiptagerðin gefur á því svæði er Ásgeir Pálsson og Ólafur Jónsson hafi hlotið í sameiningu. Stefnendur hafa með línu á milli hnitapunktanna p24, p23 og p25, á nyrðri hluta spildunnar, ákveðið að gera ekki kröfu um að fleyglaga spilda sé innan þessa svæðis. Stefnendum er heimilt að haga kröfugerð sinni með þessum hætti, en fyrir slíku afsali á kröfum finnst ekki stoð í eignarheimildum í málinu.

Stefnendur hafa miðað kröfur sínar á syðri jaðri þessa svæðis aðallega við hnitapunkta á dskj. nr. 60 milli p21 og p22, en til vara við línu á milli hnitapunktanna p26 og p27. Samkvæmt landskiptagerðinni frá 1944 liggur hið umdeilda svæði frá svokallaðri nýbýlisgirðingu Ásgeirs. Sigurður Ásgeirsson kvaðst hafa reist þá girðingu með föður sínum Ásgeiri Pálssyni. Hefur Sigurður staðfastlega haldið því fram að girðingin hafi í upphafi verið á milli hnitapunkta sem eru merktir sem p21 og p22 á dskj nr. 60. Vitnið Siggeir Ásgeirsson kvaðst einnig vita til þess að girðing hafi einhverju sinni verið á þeim stað. Á vettvangi sáust þess augljós merki, að girðing hafði einhverju sinni verið á milli hnitapunktanna p26 og p27, en nokkuð var um gömul staurabrot og gamlan gaddavír á þessum stað. Hins vegar sáust engin sambærileg merki um girðingu milli punktanna p21 og p22. Þrátt fyrir staðfastan framburð Sigurðar Ásgeirssonar þykir dóminum varlegra að miða staðsetningu nýbýlisgirðingarinnar við hin skýru ummerki, enda ekki loku fyrir það skotið, hafi girðing einhverju sinni verið milli hnitapunkta p21 og p22, að hún hafi verið færð áður tekið var til við skiptin á árinu 1944. Samkvæmt þessu hafa stefnendur í 3. tl. í varakröfu sinni afmarkað svæðið Höl réttilega, sem það svæði er Ásgeir Pálsson og Ólafur Jónsson hlutu sameiginlega í landskiptagerðinni 1944 og er talið hafa verið austan í Sólheimanesi. Miðast Hölur því við eftirfarandi hnitapunkta: Úr hnitapunkti p9, p10, p24, p23, p25, p11, p12, p13, p14, p26, p27 og þaðan lína í hnitapunkt p9 aftur.

Síðar í landskiptagerðinni segir: „Ásgeiri Pálssyni Framnesi (Sólheimar III og V) var mælt land fram i myrar móanum suðaustur af Nesinu að stærð 40.000 ferm.. eða nokkru stærra en eftir réttu hlutfalli sökum þess hve rýrt það land er." Stefnendur miða kröfugerð sína við að umrædd lýsing svari til þess lands sem nefnt hefur verið Völlur, og á dskj. nr. 60 fært inn miðað við hnitapunkta p17, p18, p19, p20 og lína aftur í p17. Spildan svarar til þess að vera 40.000 m2 að stærð, eða 4 hektarar. Er hún sérstaklega afmörkuð á þessu svæði og hefur verið tekin til ræktunar, en landi

umhverfis hana hefur ekki verið bylt eða það tekið til ræktunar. Er þessi spilda suðaustur af Sólheimanesi. Svarar hún til þeirrar lýsingar er landskiptagerðin gefur á því landi er Ásgeir Pálsson fékk út mælt með landskiptagerðinni og ekki öðru landi til að dreifa í því sambandi, svo sem vettvangsganga bar með sér. Verður því fallist á með stefnendum að svæðið Völlur sé réttilega afmarkað á dskj. nr. 60 miðað við hnitapunkta er áður er lýst.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins, að kröfugerð stefnenda á dskj. nr. 59 verði tekin til greina með þeim hætti, að viðurkennt er að mörk sameiginlegra landspildna Sólheimatungu og Framness, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, sem liggja austan í Sólheimanesi, annars vegar Hölur, 17,9 ha., og hins vegar Völlur, 4 ha., eru með eftirfarandi hætti:

a. Hölur. Úr hnitapunkti p9, p10, p24, p23, p25, p11, p12, p13, p14, p26, p27 og þaðan lína í hnitapunkt p9 aftur.

b. Völlur. Úr hnitapunkti p17, p18, p19, p20 og þaðan lína í hnitapunkt p17 aftur.

Með 2. og 4. tl. í dómkröfum gera stefnendur kröfu um viðurkenningu á að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness, Hölur og Völlur, séu í óskiptri sameign þeirra jarða í hlutföllunum 20 hundruð í hlut Sólheimatungu og 9 hundruð í hlut Framness og að landskipti spildnanna á milli jarðanna skuli fara fram í þeim hlutföllum. Skiptagerðin frá 1944 mælir fyrir um að Ásgeir Pálsson, vegna Sólheima III og Ólafur Jónsson, vegna Eystri Sólheima, hafi í sameiningu hlotið það landsvæði er hefur verið skilgreint sem Hölur og að Völlur hafi runnið sameiginlega undir Sólheima III og Sólheima V, en báðar þær jarðir hafi verið í eigu Ásgeirs. Verður því við það miðað að land þetta sé óskipt. Þær eignarheimildir er fyrir liggja í málinu miða við, að Sólheimar III hafi síðar orðið Framnes og að Sólheimar V hafi síðar orðið Sólheimatunga. Aðilar máls þessa hafa ekki gert ágreining um að Ólafur Jónsson hafi látið hið sameiginlega land Höl fylgja við sölu á Sólheimum V, eða Sólheimatungu, til Sigurðar Ásgeirssonar 17. júlí 1955. Þá verður við það miðað að Völlur hafi tilheyrt þessum jörðum sameiginlega, þó svo landskiptagerðin miði við að Ásgeir Pálsson hafi verið skráður bæði fyrir Ytri Sólheimum III og Ytri Sólheimum V.

Í 2. gr. laga nr. 46/1941 er lögbundið það mat er verði lagt til grundvallar skiptum samkvæmt landskiptalögum. Í málinu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir því að við landskipti samkvæmt landskiptalögum nr. 46/1941 sé eða hafi verið

heimilt að miða við annan skiptagrundvöll en þar kemur fram. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal skipta eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verði við komið. Séu í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra að finna í jarðatali Johnsen frá 1847, skuli það þá nota. Verði hvorugu þessu mati við komið skuli fara eftir fasteignabók frá 1922, eða síðari fasteignabókum, þó þannig að ávallt verði notað hið elsta jarðamat, sem við verður komið. Grein þess ber er skýra þannig að ekki verði miðað við eldri möt en jarðamatið frá 1861 eða jarðatal Johnsen frá 1847. Með tilvitnaðri 2. gr. laga nr. 46/1941 er lögbundið það mat er verði lagt til grundvallar skiptum. Jarðamati frá 1861 verður ekki komið við í þessu máli, þar sem viðkomandi jarðir eru ekki metnar þar með aðgreindum hætti. Sama á við um jarðatal Johnsen frá 1847. Á dskj. nr. 4 liggur fyrir afrit úr fasteignabók frá 1922, sem öðlaðist gildi 1. apríl 1922. Á bls. 215 er kveðið á um landverð að Ytri Sólheimum í Dyrhólahreppi. Er tekið fram, að landverð Sólheimahjáleigu sé 20 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima I (Sólheimakots) sé 15 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima II sé 20 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima III sé 9 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima IV sé 30 í hundruðum króna, landverð Ytri Sólheima V sé 20 í hundruðum króna og að landverð Ytri Sólheima VI sé 15 í hundruðum króna. Jarðamat þetta er skýrt og hefur legið til grundvallar landskiptunum 1944, svo sem tekið er fram í landskiptagerðinni sjálfri. Hafa úrskipti á óskiptu landi milli jarðanna 1944 því tekið mið af þessum hlutföllum og Hölur og Völlur því fallið til jarðanna í þessum sömu hlutföllum. Svo sem áður er rakið miða stefnendur kröfugerð sína við fasteignabókina frá 1922. Fellur kröfugerð stefnenda að ótvíræðum ákvæðum laga nr. 46/1941, og hefur dómurinn, svo sem mál þetta er lagt fyrir, ekki við aðrar heimildir að styðjast til að mæla fyrir um annars konar skiptagrundvöll á þessum tilteknu spildum. Er þá ekki litið til eða tekin afstaða til skiptagrundvallar að Ytri Sólheimum að öðru leyti. Verður kafa stefnenda því tekin til greina eins og hún er fram sett. Samkvæmt því er viðurkennt að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness, Hölur og Völlur, séu í óskiptri sameign þessara jarða í hlutföllunum 20 hundruð í hlut Sólheimatungu og 9 hundruð í hlut Framness og skulu landskipti spildnanna á milli jarðanna fara fram í þeim hlutföllum.

Engir annmarkar eru á aðild þessa máls af hálfu stefnenda.

Um árabil hefur ríkt ágreiningur að Ytri Sólheimum um innbyrðis skipti á landi. Hefur áður verður gerður reki að því að fara með slík ágreiningsmál fyrir dómstóla án þess að árangur hafi borið. Er hér um verulega hagsmuni að ræða fyrir

deiluaðila, en not af landi þurfa að vera eigendum hagfelld. Með hliðsjón af þessu, vafa um landamerki á syðri jaðri þeirrar landspildu og ber heitið Hölur, þess að málatilbúnaður stefnenda var í upphafi ekki svo glöggur og skýr sem skyldi og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 telur dómurinn rétt að hver aðili beri sinn kostnað af málinu, en stefnendur hafa ekki gert grein fyrir öðrum kostnaði á málskostnaðaryfirliti en vinnu lögmanns stefnenda og aksturskostnaði hans.

Af hálfu stefnenda flutti málið Óskar Sigurðsson héraðsdómslögmaður, en af hálfu stefndu Ingibjargar Ásgeirsdóttur, Db. Margrétar Ásgeirsdóttur, Þrastar Óskarssonar og Guðgeirs Ásgeirssonar flutti málið Bjarni S. Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður. Af hálfu stefndu Benedikts Bragasonar, Tómasar Ísleifssonar, Kristínar Björnsdóttur, Andrínu Guðrúnar Erlingsdóttur, Einars Guðna Þorsteinssonar og Óskars Sigurðar Þorsteinssonar flutti málið Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

Dóm þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari sem dómsformaður, ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Lárussyni bónda og Karli Axelssyni hæstaréttarlögmanni.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að mörk sameiginlegra landspildna Sólheimatungu og Framness, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, sem liggja austan í Sólheimanesi, annars vegar Hölur, 17,9 ha., og hins vegar Völlur, 4 ha., eru eftir línu, sem ákveðin er á eftirfarandi hátt:

a. Landspildan Hölur afmarkast á eftirfarandi hátt: Úr hnitapunkti 584422 norður og 7041158 austur (p9) í hnitapunkt 584504 norður og 7041572 austur (p10), þaðan í hnitapunkt 584552 norður og 7041560 austur (p24), þaðan í hnitapunkt 584517 norður og 7041405 austur (p23), þaðan í hnitapunkt 584614 norður og 4041546 austur (p25), þaðan í hnitapunkt 584699 norður og 7041532 austur (p11), þaðan í hnitapunkt 584750 norður og 7041433 austur (p12), þaðan í hnitapunkt 584788 norður og 7041393 austur (p13), þaðan í hnitapunkt 584809 norður og 7041282 austur (p14), þaðan í hnitapunkt 584445 norður og 7040779 austur (p26), þaðan í hnitapunkt 584326 norður og 7040834 austur (p27) og þaðan lína í hnitapunkt 584422 norður og 7041158 austur aftur (p9).

b. Landspildan Völlur afmarkast á eftirfarandi hátt. Úr hnitapunkti 584431 norður og 7039981 austur (p17), þaðan í hnitapunkt 584561 norður og 7039901 austur (p18), þaðan í hnitapunkt 584441 norður og 7039706 austur (p19), þaðan í hnitapunkt 584279 norður og 7039734 austur (p20) og þaðan lína í hnitapunkt 584431 norður og 7039981 austur aftur (p17).

Viðurkennt er að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness, í Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, landspildurnar Hölur og Völlur, séu í óskiptri sameign þessara jarða í hlutföllunum 20 hundruð í hlut Sólheimatungu og 9 hundruð í hlut Framness og skulu landskipti spildnanna á milli jarðanna fara fram í þeim hlutföllum.

Málskostnaður fellur niður.

Símon Sigvaldason

Guðmundur Lárusson Karl Axelsson

Eftirfarandi nýtt málsskjal var lagt fram til Héraðsdóms Suðurlands af stefndu Eyrúnu Sæmundsdóttur ofl.
Áður hafði þetta skjal verið lagt fram af stefnendum:

Nýtt nr. málsskjals	**Efni málsskjals**	**Fyrra nr. málsskjals**	**Samanber bls.**
109	Túnkort	87	414-418

SÝSLUMAÐURINN VÍK Í MÝRDAL

Skiptavottorð

Við skipti þann 21. maí 2001 á dánarbúi hjónanna Þorsteins Jónssonar, kt. 290311-4119, er lést þann 5. 07. 1995, og Valgerðar Sigríðar Ólafsdóttur, kt. 211208-4499, er lést þann 9. 10. 2000 komu fasteignir þeirra eftirtaldar að jöfnu í hlut barna þeirra, Sigríðar kt.220441-2299, Sigrúnar R. kt. 260245-3179, Hildigunnar kt. 020246-3249, Kristínar kt.120348-3379, og Ólafs kt. 180450-4919, öll Þorsteinsbörn.

Eystri-Sólheimar, Mýrdalshreppi, jörð og hlunnindi, 1/3 ræktunar og 2/3 íbúðarhúss

Ytri-Sólheimar 3a, jörð og reki.

Einnig hlutabréf hinna látnu í Eimskipafélagi Íslands h.f., og innistæður í Búnaðarbanka Íslands h.f.

Vík í Mýrdal, 3. júlí 2001

Sigurður Gunnarsson

Vík, 22.07.2003
Staðfest endurrit

LAND					2				
HLUNNINDI					33				
ÍBÚÐARHÚS	1917		100 M3			ÁBÚANDI	7920-4110	SIGURFINNUR KETILSSON	

8507 DYRHÓLAHREPPUR — SÍÐA 1125 — SKRÁNING OG MAT FASTEIGNA 1970:

SKRÁNING		LÝSING EIGNA			FASTEIGNAMAT		EIGENDUR OG ÁBÚENDUR			AFGJ.K. VERÐM. Í ÞÚS.
HEITI EIGNAR MATSÞÆTTIR	NÚMER EIGNAR	BYGGINGARÁR	EFNI	STÆRÐIR	MATSÞ. Í ÞÚS.	SAMTALS Í ÞÚS.	UMRÁÐA-RÉTTUR	NAFN NÚMER	NAFN	
ÍBÚÐARHÚS		1968	TIMBUR	312 M3	620					
ÚTIHÚS					59	854				
DYRHÓLAR VESTRI	8507-18400									
TÚN							EIG AN AB	1599-4002	DYRHÓLAHREPPUR	
LAND				4.0 HA	33					
HLUNNINDI					52					
ÍBÚÐARHÚS		1939			2					
ÚTIHÚS				M3	10					
					32	129				
EYJARHÓLAR	8507-20000									
TÚN							EIG OG AB	9670-3864	ÞÓRLÁKUR BJÖRNSSON	
LAND				25.5 HA	195					
HLUNNINDI					120					
ÍBÚÐARHÚS		1938	STEYPT		3					
ÚTIHÚS				330 M3	181					
					77	576				
EYSTRI-SÓLHEIMAR	8507-22000									
TÚN							EIG OG AB	9746-6424	ÞORSTEINN JONSSON	
LAND				11.5 HA	111					
HLUNNINDI					165					
ÍBÚÐARHÚS		1951	STEYPT		10					
ÚTIHÚS				670 M3	741					
					126	1.153				
FELL	8507-24000									
TÚN							EIG AN AB	7349-3706	RIKISSJÓÐUR	
LAND				16.5 HA	184					
ÚTIHÚS					186					
					316	686				
ÍBÚÐARHÚS SUNARBÚST	8507-24001									
LAND							LANDEIG	7349-3706	RIKISSJÓÐUR	
HÚS				1200 M2	1					
		1930	STEYPT	370 M3	245	246	EIG MANNV	5140-6397	JÓN HALLGRÍMSSON	
FRAMNES	8507-26000									
TÚN							EIG OG AB	0675-2144	ÁSGEIR PÁLSSON	
LAND				30.0 HA	254		EIG OG AB	7547-2242	SIGGEIR ÁSGEIRSSON	
HLUNNINDI					143		EIG AN AB	7839-1316	SIGURÐUR ÁSGEIRSSON	
ÍBÚÐARHÚS		1936	STEYPT		10					
ÚTIHÚS				230 M3	152					
					710	1.269				

Hdsk. 112 470

15/1 '07 FASTEIGNAMAT RÍKISINS

TÚN				29.5 HA	264				KRISTJÁN BJARNASON	
LAND					187					
HLUNNINDI					10					
ÍBÚÐARHÚS		1926	STEYPT	540 M3	298					
ÚTIHÚS					437	1.196				

3507 DYRHÓLAHREPPUR — SÍÐA 1127 — SKRÁNING OG MAT FASTEIGNA 1970:

SKRÁNING		LÝSING EIGNA			FASTEIGNAMAT		EIGENDUR OG ÁBÚENDUR			AFGJ.K. VERÐM. Í ÞÚS.
HEITI EIGNAR MATSÞÆTTIR	NÚMER EIGNAR	BYGGINGARÁR	EFNI	STÆRÐIR	MATSÞ. Í ÞÚS.	SAMTALS Í ÞÚS.	UMRÁÐA-RÉTTUR	NAFN NÚMER	NAFN	
ÞRI-SÓLHEIMAR 1	8507-38000						EIG OG AB	2207-7597	ERLINGUR SIGURÐSSON	
TÚN				25.0 HA	198					
LAND					121					
HLUNNINDI					10					
ÍBÚÐARHÚS		1938-54		310 M3	274					
ÚTIHÚS					538	1.141				
ÞRI-SÓLHEIMAR 2	8507-40000						EIG OG AB	9734-4248	ÞORSTEINN EINARSSON	
TÚN				24.5 HA	199		EIG AN AB	0880-2904	AUÐUR JÓNA MARIUSARD	
LAND					198					
HLUNNINDI					10					
ÍBÚÐARHÚS		1945	STEYPT	400 M3	243					
ÚTIHÚS					708	1.358				
ÞRI-SÓLHEIMAR 3	8507-42000						EIG OG AB	4827-3270	ISLEIFUR ERLINGSS	
TÚN				30.0 HA	242					
LAND					198					
HLUNNINDI					10					
ÍBÚÐARHÚS		1950	HLAÐIÐ	375 M3	415					
ÚTIHÚS					458	1.323				
KAPELLA	8507-42001						EIG MANNV	-	KAPELLUSJ SÓLHEIMAKAP	
HÚS		1960	HLAÐIÐ	273 M3	181	181				
KETILSSTAÐIR 1A	8507-44000						EIG OG AB	4729-6544	INGÓLFUR KETILSSON	
TÚN				24.0 HA	206		EIG AN AB	7349-3706	RÍKISSJÓÐUR	
LAND					99					
ÍBÚÐARHÚS		1940	STEYPT	150 M3	116					
ÚTIHÚS					484	905				
BARNASKÓLI	8507-44001						EIGANDI	7349-3706	RÍKISSJÓÐUR	
LAND				2.4 HA	26		EIG MANNV	1599-4002	DYRHÓLAHREPPUR	
HÚS		1967	STEYPT	1490 M3	3.649	3.675	EIG MANNV	4451-8007	HVAMMSHREPPUR	
KETILSSTAÐIR 2	8507-46000						EIG OG AB	5183-3228	JÓN STEFÁN SIGURÐSSON	
TÚN				29.5 HA	273		EIG OG AB	8819-1218	SÆMUNDUR SALOMONSSON	
LAND					110		EIG AN AB	7349-3706	RÍKISSJÓÐUR	
ÍBÚÐARHÚS		1959	STEYPT	600 M3	665					
ÚTIHÚS					728	1.776				

FASTEIGNAMAT RÍKISINS 15/1 07

Hdskj. 112 471

SKRÁNING		LÝSING EIGNA			FASTEIGNAMAT		EIGENDUR OG ÁBÚENDUR			AFGJ.K. VERÐM. Í ÞÚS.
HEITI EIGNAR MATSÞÆTTIR	NÚMER EIGNAR	BYGGINGARÁR	EFNI	STÆRÐIR	MATSÞ. Í ÞÚS.	SAMTALS Í ÞÚS.	UMRÁÐA-RÉTTUR	NAFN NÚMER	NAFN	
SOLHEIMAHJALEIGA	8507-66000			27.0 HA	226		EIG OG AB	8816-6868	SÆMUNDUR JONSSON	
TUN					121		EIG AN AB	8897-0438	TOMAS JONSSON	
LAND					10		EIG AN AB	-	SIGRIÐUR JONSDOTTIR	
HLUNNINDI					997		EIG AN AB	1842-2700	EINAR ÞORSTEINSSON	
IBUÐARHUS		1959	STEYPT	500 M3	88					
IBUÐARHUS		1939	STEYPT	200 M3	566	2.008				
UTIHUS										
SOLHEIMATUNGA	8507-69500						EIG OG AB	8332-8738	STEFAN ASGEIRSSON	
IBUÐARHUS		1968	STEYPT	310 M3	690	690				
STEIG	8507-70000						EIG OG AB	8524-8308	STIGUR GUÐMUNDSSON	
TUN				35.0 HA	285		EIG AN AB	6879-7160	OLÖF OLAFSDOTTIR	
LAND					110		EIG AN AB	6559-5982	MATTHILDUR VALFELLS	
IBUÐARHUS		1940	STEYPT	270 M3	179					
UTIHUS					248	822				
VATNSSKARÐSHOLAR	8507-72000						EIG OG AB	3388-7752	GUNNAR STEFANSSON	
TUN				17.5 HA	176		EIG AN AB	-	BJARNI KRISTJANSSON	
LAND					99		EIG AN AB	7949-6219	SIGURJON ARNASON	
HLUNNINDI					2					
IBUÐARHUS		1934	STEYPT	270 M3	149					
UTIHUS					462	888				
VELLIR	8507-74000						EIG OG AB	9512-8602	ÞORÐUR GUÐMUNDSSON	
TUN				22.0 HA	192					
LAND					44					
HLUNNINDI					1					
IBUÐARHUS		1939	STEYPT	165 M3	126					
UTIHUS					254	617				

15/1 '07
FASTEIGNAMAT RÍKISINS

FJÖLDI BYGGÐRA JARÐA	29	JARÐIR		SAMTALS
FJÖLDI EYÐIJARÐA	6	LANDMAT	9.893	52
FJÖLDI ANNARRA FASTEIGNA	11	HLUNNINDAMAT	115	
		HÚSAMAT	24.421	5.622
FJÖLDI FASTEIGNA SAMT	46	HEILDARMAT	34.429	5.674

14.710 077 3

ADRAR FASTEIGNIR

LÝSING EIGNA | FASTEIGNAMAT | EIGENDUR OG ÁBÚENDUR | AFGJ.K. VERÐM.

Hdskj. 112 472

	LAND				55		ABUANDI	7920-4110	SIGURFINNUR KETILSSON		

SKRÁNING		LÝSING EIGNA			FASTEIGNAMAT		EIGENDUR OG ÁBÚENDUR			Í ÞÚS. VERÐM. AFGJ.K.
HEITI EIGNAR MATSÞÆTTIR	NÚMER EIGNAR	BYGGINGARÁR	EFNI	STÆRÐIR	MATSÞ. Í ÞÚS.	SAMTALS Í ÞÚS.	UMRÁÐA-RÉTTUR	NAFN-NÚMER	NAFN	
HLUNNINDI					2		ABUANDI	8341-8648	STEFAN LYNGDAL GISLASON	
IBUDARHUS		1917	BLANDAÐ	100 M3	33					
IBUDARHUS		1968	TIMBUR	312 M3	620					
UTIHUS					418	1.213				
DYRHOLAR VESTRI	8507-18400						EIG AN AB	1599-4002	DYRHOLAHREPPUR	
TUN				4.0 HA	33					
LAND					52					
HLUNNINDI					2					
IBUDARHUS		1939	BLANDAÐ	M3	10					
UTIHUS					32	129				
EYJARHOLAR	8507-20000						EIG OG AB	9670-3864	ÞORLÁKUR BJÖRNSSON	
TUN				25.5 HA	195					
LAND					120					
HLUNNINDI					3					
IBUDARHUS		1938	STEYPT	330 M3	181					
UTIHUS					377	876				
EYSTRI-SOLHEIMAR	8507-22000						EIG OG AB	9746-6424	ÞORSTEINN JONSSON	
TUN				11.5 HA	111					
LAND					165					
HLUNNINDI					10					
IBUDARHUS		1951	STEYPT	670 M3	741					
UTIHUS					632	1.659				
FELL	8507-24000						EIG AN AB	7349-3706	RIKISSJODUR	
TUN				16.5 HA	184					
LAND					186					
UTIHUS					316	686				
IBUDARHUS SUMARBUST	8507-24001						LANDEIG	7349-3706	RIKISSJODUR	
LAND				1200 M2	1		EIG MANNV	5140-6397	JON HALLGRIMSSON	
HUS		1980	STEYPT	370 M3	245	246				
FRAMNES	8507-26000						EIG OG AB	0675-2144	ASGEIR PALSSON	
TUN				30.0 HA	254		EIG OG AB	7547-2242	SIGGEIR ASGEIRSSON	
LAND					143		EIG AN AB	7839-1316	SIGURDUR ASGEIRSSON	
HLUNNINDI					10					
IBUDARHUS		1936	STEYPT	230 M3	152					

FASTEIGNAMAT RÍKISINS 12/1 '07

Hdskj. 113 473

SKRÁNING		LÝSING EIGNA			FASTEIGNAMAT		EIGENDUR OG ÁBÚENDUR			Í ÞÚS. VERÐM. AFGJ.K.
HEITI EIGNAR MATSÞÆTTIR	NÚMER EIGNAR	BYGGINGARÁR	EFNI	STÆRÐIR	MATSÞ. Í ÞÚS.	SAMTALS Í ÞÚS.	UMRÁÐA-RÉTTUR	NAFN-NÚMER	NAFN	
SÓKNARKIRKJA	8507-64001						EIG MANNV	8164-5523	SKEIÐFLATARSÓKNUÐUR	
HÚS		1900	TIMBUR	366 M3	162	162				
SOLHEIMAHJÁLEIGA	8507-66000						EIG OG AB	3816-6868	SÆMUNDUR JÓNSSON	
TÚN				27.0 HA	226		EIG OG AB	1842-2700	EINAR ÞORSTEINSSON	
LAND					121		EIG AN AB	8897-0438	TÓMAS JÓNSSON	
HLUNNINDI					10		EIG AN AB	-	SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR	
ÍBÚÐARHÚS		1959	STEYPT	500 M3	997					
ÍBÚÐARHÚS		1939	STEYPT	200 M3	86					
ÚTIHÚS					566	2.008				
SOLHEIMATUNGA	8507-69500						EIG OG AB	8332-9728	STEFÁN ÁSGEIRSSON	
ÍBÚÐARHÚS		1963	STEYPT	310 M3	690	690				
STEIG	8507-70000						EIG AN AB	6879-7160	ÓLÖF ÓLAFSDÓTTIR	
TÚN				35.0 HA	285		EIG AN AB	6559-5982	MATTHILDUR VALFELLS	
LAND					110		ÁSUANDI	8524-8308	STIGUR GUÐMUNDSSON	
ÍBÚÐARHÚS		1940	STEYPT	270 M3	179					
ÚTIHÚS					589	1.163				
VATNSSKARÐSHÓLAR	8507-72000						EIG OG AB	3388-7752	GUNNAR STEFÁNSSON	
TÚN				20.4 HA	202		EIG AN AB	-	BJARNI KRISTJÁNSSON	
LAND					99		EIG AN AB	7949-6213	SIGURJÓN ÁRNASON	
HLUNNINDI					2					
ÍBÚÐARHÚS		1934	STEYPT	270 M3	149					
ÚTIHÚS					462	914				
VELLIR	8507-74000						EIG OG AB	9512-8602	ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON	
TÚN				22.0 HA	192					
LAND					44					
HLUNNINDI					1					
ÍBÚÐARHÚS		1939	STEYPT	165 M3	126					
ÚTIHÚS					283	646				

Hdskj. 113

8507 DYRHOLAHREPPUR SÍÐA 1157 SKRÁNING OG MAT FASTEIGNA 05.10.1973

SKRÁNING		LÝSING EIGNA			FASTEIGNAMAT		EIGENDUR OG ÁBÚENDUR			Í ÞÚS. VERÐM. AFGJ.K.
HEITI EIGNAR MATSÞÆTTIR	NÚMER EIGNAR	BYGGINGARÁR	EFNI	STÆRÐIR	MATSÞ. Í ÞÚS.	SAMTALS Í ÞÚS.	UMRÁÐA-RÉTTUR	NAFN-NÚMER	NAFN	
YTRI-SOLHEIMAR 1	8507-38000						EIG OG AB	2207-7597	ERLINGUR SIGURÐSSON	
TUN				25.0 HA	198					
LAND					121					
HLUNNINDI					10					
IBUÐARHÚS		1938-54	BLANDAÐ	310 M3	274					
ÚTIHÚS					538	1.141				
KARTÖFLUGEYMSLA	8507-38001						EIG MANNV	-	RÆKTUNARFÉL SOLHEIMINGA	
ÚTIHÚS					132	132				
YTRI-SOLHEIMAR 2-4	8507-40000						EIG OG AB	9734-4248	ÞORSTEINN EINARSSON	
TUN				24.5 HA	199		EIG AN AB	0980-2904	AUÐUR JÓNA MARIUSARD	
LAND					198					
HLUNNINDI					10					
IBÚÐARHÚS		1945	STEYPT	400 M3	243					
ÚTIHÚS					708	1.358				
YTRI-SOLHEIMAR 3	8507-42000						EIG AN AB	-	DB ÍSLEIFS ERLINGSS	
TUN				30.0 HA	242		ÁBÚANDI	-	LILJA TÓMASDÓTTIR	
LAND					153					
HLUNNINDI					5					
IBÚÐARHÚS		1950	HLAÐIÐ	375 M3	415					
ÚTIHÚS					458	1.273				
KAPELLA	8507-42001						EIG MANNV	-	KAPELLUSJ SOLHEIMAKAP	
HÚS		1960	HLAÐIÐ	273 M3	181	181				
YTRI SOLHEIMAR 3A	8507-42500						EIG AN AB	9746-6424	ÞORSTEINN JÓNSSON	
LAND					45					
HLUNNINDI					5	50				
KETILSSTAÐIR 1A	8507-44000						EIG OG AB	4729-6544	INGÓLFUR KETILSSON	
TUN				26.0 HA	224		EIG AN AB	7349-3706	RÍKISSJÓÐUR	
LAND					99					
IBÚÐARHÚS		1940	STEYPT	150 M3	116					
ÚTIHÚS					485	922				
BARNASKÓLI	8507-44001						EIGANDI	7349-3706	RÍKISSJÓÐUR	
LAND				2.4 HA	26		EIG MANNV	1599-4002	DYRHÓLAHREPPUR	

Fastanr / Eigandi	Notkun	Flatarmál lóðar	Landnr / Mhl	Lóðarnr / Hæðein	B.ár	B.efni	m² á lóð Flatarmál	m³ á lóð Mannv.mat	Land-lóðarmat	Fasteignamat samtals	Ál.stofn mannvirkis	Ál.stofn samtals
Framnes 163018												
Jörð			163018	00013500			715,8m²	3413m³	272			
Þröstur Óskarsson			*300363-7849*	*16,6667%*								
Margrét Ásgeirsdóttir			*070129-4859*	*16,6667%*								
Guðgeir Ásgeirsson			*261132-6729*	*16,6667%*								
Sigurður Ásgeirsson			*191230-4779*	*16,6667%*								
Ingibjörg Ásgeirsdóttir			*010538-4599*	*16,6667%*								
Kjartan Stefánsson			*230262-3579*	*5,5555%*								
Kristinn Stefánsson			*040763-4149*	*5,5555%*								
Ásta Ósk Stefánsdóttir			*310865-4789*	*5,5555%*								
218-7903 Eign samtals							138,7m²	1761	272	2033	1761	2033
Jörð			00						272			
Ræktað land		01					30,2ha	1105			1105	
Reki		02						18			18	
Fjós með áburðarkj			040101		1936	Steypt	104,2m²	544			544	
Hlaða			090101		1936	Steypt	34,5m²	94			94	
Þröstur Óskarsson			*300363-7849*	*16,6667%*								
Margrét Ásgeirsdóttir			*070129-4859*	*16,6667%*								
Guðgeir Ásgeirsson			*261132-6729*	*16,6667%*								
Sigurður Ásgeirsson			*191230-4779*	*16,6667%*								
Ingibjörg Ásgeirsdóttir			*010538-4599*	*16,6667%*								
Kjartan Stefánsson			*230262-3579*	*5,5555%*								
Kristinn Stefánsson			*040763-4149*	*5,5555%*								
Ásta Ósk Stefánsdóttir			*310865-4789*	*5,5555%*								
218-7906 Íbúð			**030101**		**1936**	**Steypt**	**140,6m²**	**1849**		**1849**	**5314**	**5314**
Þröstur Óskarsson			*300363-7849*	*16,6667%*								
Margrét Ásgeirsdóttir			*070129-4859*	*16,6667%*								
Guðgeir Ásgeirsson			*261132-6729*	*16,6667%*								
Sigurður Ásgeirsson			*191230-4779*	*16,6667%*								
Ingibjörg Ásgeirsdóttir			*010538-4599*	*16,6667%*								
Kjartan Stefánsson			*230262-3579*	*5,5555%*								
Kristinn Stefánsson			*040763-4149*	*5,5555%*								
Ásta Ósk Stefánsdóttir			*310865-4789*	*5,5555%*								
218-7909 Eign samtals							436,5m²	2030		2030	2030	2030
Fjárhús með áburðark			060101		1967	Steypt	196,0m²	1202			1202	
Hlaða			070101		1966	Steypt	240,5m²	828			828	
Kjartan Stefánsson			*230262-3579*	*100,0000%*								
Garðakot 163020												
Jörð			163020	00015000			871,1m²	3467m³	210			
Mýrdalshreppur			*461283-0399*	*33,3334%*								
Bjarni Kristjánsson			*180529-5279*	*11,1111%*								
Friðrik Kristjánsson			*261032-3259*	*11,1111%*								

Hdskj. 114 476

Fastanr / Eigandi	Notkun	Flatarmál lóðar	Landnr / Mhl	Lóðarnr / Hæð	B.ár	B.efni	m² á lóð Flatarmál	m³ á lóð Mannv.mat	Land-lóðarmat	Fasteignamat samtals	Ál.stofn mannvirkis	Ál.stofn samtals
Sæunn Sigurlaugsdóttir			050445-2599	33,3333%								
Sólheimahjáleiga 163107												
Jörð			**163107**	**00055000**			**1840,4m²**	**5669m³**	**457**			
Gróa Þorsteinsdóttir			050117-2439	33,3300%								
Einar Þorsteinsson			310828-3279	16,6700%								
Eyrún Sæmundsdóttir			060634-7699	16,6700%								
Jón Hallgrímsson			210410-4819	33,3300%								
Einar Þorsteinsson			310828-3279				Ábúandi					
218-8438 Eign samtals												
Jörð			00					38	457	495	38	495
Reki			02						457		38	
Gróa Þorsteinsdóttir			050117-2439	33,3300%				38				
Einar Þorsteinsson			310828-3279	16,6700%								
Eyrún Sæmundsdóttir			060634-7699	16,6700%								
Jón Hallgrímsson			210410-4819	33,3300%								
218-8439 Eign samtals							**1483,8m²**	**4753**		**4753**	**4753**	**4753**
	Ræktað land		01				30,6ha	1110				1110
	Fjós með áburðarkj		050101	1956	Steypt		145,9m²	714				714
	Fjárhús með áburðark		060101	1959	Steypt		647,6m²	991				991
	Fjárhús		070101	1940			39,9m²	12				12
	Hesthús		080101	1936	Steypt		30,0m²	131				131
	Hlaða m/ súgþurrkun		090101	1957	Hlaðið		150,0m²	404				404
	Hlaða		100101	1940			25,2m²	5				5
	Hlaða		110101	1940	Steypt		84,3m²	231				231
	Hlaða		120101	1920	Steypt		50,0m²	77				77
	Votheysturn		130101	1959	Steypt		15,8m²	119				119
	Geymsla		150101	1959	Hlaðið		42,3m²	159				159
	Geymsla		160101	1934	Steypt		46,2m²	185				185
	Véla/verkfærageymsla		170101	1974	Timbur		162,0m²	476				476
	Véla/verkfærageymsla		180101	1934	Steypt		44,6m²	139				139
Einar Þorsteinsson			310828-3279	50,0000%								
Eyrún Sæmundsdóttir			060634-7699	50,0000%								
218-8441 Íbúð			**030101**	**1959**	**Steypt**		**265,0m²**	**4806**		**4806**	**13811**	**13811**
Einar Þorsteinsson			310828-3279	50,0000%								
Eyrún Sæmundsdóttir			060634-7699	50,0000%								
218-8442 Íbúð			**040101**	**1939**	**Steypt**		**91,6m²**	**1377**		**1377**	**3957**	**3957**
Einar Þorsteinsson			310828-3279	50,0000%								
Eyrún Sæmundsdóttir			060634-7699	50,0000%								
Sólheimakapella 163044												
Viðskipta og þjón.lóð			**163044**	**00019601**			**54,0m²**	**207m³**				
Kapellusjóður Sólheimakapellu			580882-0809	100,0000%								
218-8074 Sérhæfð bygging			**010101**	**1960**	**Hlaðið**		**54,0m²**					

Eigandi	Lóðar Mhlhæðein	Lóðarhr B.ár	B.efni	m² á lóð Flatarmál	m³ á lóð Mannv.mat	Land-lóðarmat	Fasteignamat samtals	Ál.stofn mannvirkis	Ál.stofn samtals
218-8439 Eign samtals				1483,8m²	4753		4753	4753	4753
Ræktað land	01			30,6ha	1110			1110	
Fjós með áburðarkj	050101	1956	Steypt	145,9m²	714			714	
Fjárhús með áburðark	060101	1959	Steypt	647,6m²	991			991	
Fjárhús	070101	1940		39,9m²	12			12	
Hesthús	080101	1936	Steypt	30,0m²	131			131	
Hlaða m/ súgþurrkun	090101	1957	Hlaðið	150,0m²	404			404	
Hlaða	100101	1940		25,2m²	5			5	
Hlaða	110101	1940	Steypt	84,3m²	231			231	
Hlaða	120101	1920	Steypt	50,0m²	77			77	
Votheysturn	130101	1959	Steypt	15,8m²	119			119	
Geymsla	150101	1959	Hlaðið	42,3m²	159			159	
Geymsla	160101	1934	Steypt	46,2m²	185			185	
Véla/verkfærageymsla	170101	1974	Timbur	162,0m²	476			476	
Véla/verkfærageymsla	180101	1934	Steypt	44,6m²	139			139	
Einar Þorsteinsson	*310828-3279*		*50,0000%*						
Eyrún Sæmundsdóttir	*060634-7699*		*50,0000%*						
218-8441 Íbúð	**030101**	**1959**	**Steypt**	**265,0m²**	**4806**		**4806**	**13811**	**13811**
Einar Þorsteinsson	*310828-3279*		*50,0000%*						
Eyrún Sæmundsdóttir	*060634-7699*		*50,0000%*						
218-8442 Íbúð	**040101**	**1939**	**Steypt**	**91,6m²**	**1377**		**1377**	**3957**	**3957**
Einar Þorsteinsson	*310828-3279*		*50,0000%*						
Eyrún Sæmundsdóttir	*060634-7699*		*50,0000%*						
Sólheimakapella 163044									
Viðskipta og þjón.lóð	**163044**	**00019601**		**54,0m²**	**207m³**				
Kapellusjóður Sólheimakapellu	*580882-0809*		*100,0000%*						
218-8074 Sérhæfð bygging	**010101**	**1960**	**Hlaðið**	**54,0m²**	**977**		**977**	**1626**	**1626**
Kapellusjóður Sólheimakapellu	*580882-0809*		*100,0000%*						
Sólheimatunga 163108									
Jörð	**163108**	**00055300**				**268**			
Eyrún Sæmundsdóttir	*060634-7699*		*50,0000%*						
Einar Þorsteinsson	*310828-3279*		*50,0000%*						
218-8456 Eign samtals					**603**	**268**	**871**	**603**	**871**
Jörð	00					268			
Ræktað land	01			16,0ha	585			585	
Reki	02				18			18	
Eyrún Sæmundsdóttir	*060634-7699*		*50,0000%*						
Einar Þorsteinsson	*310828-3279*		*50,0000%*						
Sólheimatunga lóð 178758									
Íbúðarhúsalóð 5000,0m²	**178758**	**00055301**		**139,0m²**	**427m³**	**109**			
Áslaug Kjartansdóttir	*301140-3989*		*100,0000%*						

Fastanr / Eigandi	Notkun	Flatarmál lóðar	Landnr / Mhlhæðein	Lóðarnr / B.ár	B.efni	m² á lóð Flatarmál	m³ á lóð Mannv.mat	Land-lóðarmat	Fasteignamat samtals	Ál.stofn mannvirkis	Ál.stofn samtals
Einar Einarsson			*230656-4529*	*50,0000%*							
Sigurbjörg Gyða Tracey			*220762-4759*	*50,0000%*							
218-8556	**Íbúð**		**030101**	**1987**	**Timbur**	**142,2m²**	**3049**		**3049**	**8762**	**8762**
Einar Einarsson			*230656-4529*	*50,0000%*							
Sigurbjörg Gyða Tracey			*220762-4759*	*50,0000%*							
218-8565	**Fjós með áburðarkj**		**160101**	**1985**	**Steypt**	**200,0m²**	**2461**		**2461**	**2461**	**2461**
Einar Einarsson			*230656-4529*	*100,0000%*							
218-8566	**Alifuglahús**		**170101**	**1950**	**Steypt**	**29,0m²**	**175**		**175**	**175**	**175**
Einar Einarsson			*230656-4529*	*50,0000%*							
Sigurbjörg Gyða Tracey			*220762-4759*	*50,0000%*							
Ytri-Sólheimar 1	**163037**										
Jörð			**163037**	**00019000**		**839,6m²**	**3255m³**	**457**			
Erlingur Sigurðsson			*141216-4069*	*100,0000%*							
Erlingur Sigurðsson			*141216-4069*				*Ábúandi*				
218-8038	**Eign samtals**					**682,1m²**	**4419**	**457**	**4876**	**4419**	**4876**
	Jörð		00					457			
	Ræktað land	01				33,5ha	1227			1227	
	Reki	02					38			38	
	Fjós með áburðarkj		040101	1948	Steypt	189,0m²	1671			1671	
	Fjárhús		050101	1956	Timbur	187,6m²	392			392	
	Véla/verkfærageymsla		070101	1956	Timbur	55,0m²	72			72	
	Hlaða m/ súgþurrkun		080101	1967	Steypt	234,7m²	901			901	
	Votheysturn		090101	1957	Steypt	15,8m²	118			118	
Erlingur Sigurðsson			*141216-4069*	*100,0000%*							
218-8041	**Íbúð**		**030101**	**1938**	**Hlaðið**	**157,5m²**	**1857**		**1857**	**5335**	**5335**
Erlingur Sigurðsson			*141216-4069*	*100,0000%*							
Ytri-Sólheimar	**163038**										
Iðnaðar og athafnalóð			**163038**	**00019001**			**283m³**				
218-8047	**Kartöflugeym garðáva**		**010101**	**1971**	**Steypt**		**117**		**117**	**195**	**195**
**Ræktunarfélag Sólheiminga*			*580882-0999*	*100,0000%*							
Ytri-Sólheimar	**163040**										
Viðskipta og þjón.lóð			**163040**	**00019201**		**84,9m²**	**361m³**				
Þorsteinn Einarsson			*171127-5999*	*100,0000%*							
218-8058	**Garðávaxtageymsla**		**010101**	**1971**	**Steypt**	**84,9m²**	**710**		**710**	**1181**	**1181**
Óskar M Hallgrímsson			*180322-4699*	*100,0000%*							
Ytri-Sólheimar 2-4	**163041**										
Sumarbústaðaland		**10000,0m²**	**163041**	**00019202**		**32,4m²**	**86m³**	**423**			
Jón Friðjónsson			*260545-2649*	*100,0000%*							

Hdskj. 114 479

Fastanr / Eigandi / Notkun	Flatarmál lóðar	Landnr Mhl hæðein	Lóðarnr B.ár B.efni	m² á lóð Flatarmál	m³ á lóð Mannv.mat	Land-lóðarmat	Fasteignamat samtals	Ál.stofn mannvirkis	Ál stofn samtals
218-8059 Sumarhús			**010101 1983 Timbur**	**32,4m²**	**577**	**423**			
Jón Friðjónsson			*260545-2649 100,0000%*				**1000**	**577**	**1000**
Ytri-Sólheimar 163042									
Annað land	600000,0m²		**163042 00019400**	**125,9m²**	**413m³**	**292**			
Mýrdalshreppur			*461283-0399 33,3334%*						
Tómas Ísleifsson			*070348-2769 33,3333%*						
Erlingur Sigurðsson			*141216-4069 33,3333%*						
218-8060 Eign samtals				**125,9m²**	**3143**	**292**			
Þjónustuhús			010101 1993 Timbur	46,5m²	1525	108	**3435**	**4356**	**4648**
Geymsla			020101 1993 Timbur	13,2m²	223	31		2539	
Náðhús			030101 1993 Timbur	7,8m²	75	18		372	
Þjónustuhús			040101 1995 Timbur	58,4m²	1320	135		125	
Bílaleigan Geysir hf			*661093-2699 100,0000%*					1320	
Ytri-Sólheimar 3 163043									
Jörð			**163043 00019600**	**872,8m²**	**3538m³**	**577**			
Tómas Ísleifsson			*070348-2769 100,0000%*						
Tómas Ísleifsson			*070348-2769*	*Ábúandi*					
218-8063 Eign samtals				**224,7m²**	**304**	**577**			
Jörð		00				577	**881**	**304**	**881**
Fjós			040101 1950 Steypt	63,9m²	207			207	
Geymsla			140101 1950 Stál	57,2m²	39			39	
Hesthús			150101 1920	40,9m²	16			16	
Geymsla			160101 1950	62,7m²	42			42	
Tómas Ísleifsson			*070348-2769 100,0000%*						
218-8064 Eign samtals				**518,5m²**	**2773**				
Ræktað land		01		31,3ha	1144		**2773**	**2773**	**2773**
Reki		02			18			1144	
Fjárhús			050101 1961 Timbur	291,6m²	765			18	
Hlaða			070101 1979 Steypt	152,1m²	746			765	
Hlaða			080101 1950 Steypt	74,8m²	100			746	
Tómas Ísleifsson			*070348-2769 100,0000%*					100	
218-8066 Íbúð			**030101 1950 Hlaðið**	**129,6m²**	**2064**				
Tómas Ísleifsson			*070348-2769 100,0000%*				**2064**	**5931**	**5931**
Ytri-Sólheimar 2 163039									
Jörð			**163039 00019200**	**915,5m²**	**3903m³**	**379**			
Einar Guðni Þorsteinsson			*061258-5749 100,0000%*						
Einar Guðni Þorsteinsson			*061258-5749*	*Ábúandi*					
218-8048 Eign samtals				**743,3m²**	**3517**	**379**			
Jörð		00				379	**3896**	**3517**	**3896**
Reki		02			38			38	
Fjós			040101 1961 Steypt	19,8m²	1220			1220	
Fjárhús			060101 1967 Timbur	288,1m²	387			387	
Hlaða			080101 1955 Steypt	155,8m²	628			628	

Hdskj. 114
480

Fastanr / Eigandi	Notkun	Flatarmál lóðar	Landnr / Mhlhæðein	Lóðarnr / B.ár	B.efni	m² á lóð Flatarmál	m³ á lóð Mannv.mat	Land-lóðarmat	Fasteignamat samtals	Ál.stofn mannvirkis	Ál.stofn samtals
	Hlaða		090101	1967	Stál	142,5m²	413			413	
	Véla/verkfærageymsla		120101	1970	Steypt	137,1m²	831			831	
Einar Guðni Þorsteinsson			*061258-5749*		*100,0000%*						
218-8050 Íbúð			030101	1945	Steypt	172,2m²	2399				
Einar Guðni Þorsteinsson			*061258-5749*		*100,0000%*				2399	6893	6893
Ytri-Sólheimar 2 lóð 176604											
Sumarbústaðaland		2850,0m²	176604	99192010							
Einar Guðni Þorsteinsson			*061258-5749*		*33,3334%*			118	118		118
Óskar Sigurður Þorsteinsson			*291266-3719*		*33,3333%*						
Guðlaugur J Þorsteinsson			*020961-2959*		*33,3333%*						
Haraldur Leifsson			*030346-4919*								
					Umráðandi						
Ytri-Sólheimar 3 land 176889											
Ræktunarland		0,7ha	176889	00019602							
Hallbera Sigríður Ísleifsdóttir			*130534-4069*		*50,0000%*			35	35		35
Margrét Ísleifsdóttir			*251242-4619*		*50,0000%*						
Ytri-Sólheimar 3 land 176890											
Ræktunarland		3,2ha	176890	00019603							
Ingibjörg Ólafsdóttir			*130115-4709*		*100,0000%*			162	162		162
Ytri-Sólheimar 3A 163045											
Jörð			163045	00019800							
Sigríður Ólafsdóttir			*211208-4499*		*100,0000%*			169			
218-8075 Jörð			00								
Sigríður Ólafsdóttir			*211208-4499*		*100,0000%*			169	169		169
218-8076 Reki			01								
*Þorsteinn Jónsson			*290311-4119*		*100,0000%*		18		18	18	18
Ytri-Sólheimar 4 179926											
Jörð			179926	00019900		19,8m²	56m³	379			
Óskar Sigurður Þorsteinsson			*291266-3719*		*100,0000%*						
223-8363 Jörð í byggð			00								
Óskar Sigurður Þorsteinsson			*291266-3719*		*100,0000%*			379	379		379
218-8056 Sumarbústaður			010101	1987	Timbur	19,8m²	600				
Óskar Sigurður Þorsteinsson			*291266-3719*		*100,0000%*				600	600	600
Ytri-Sólheimar 4 179929											
Sumarbústaðaland		10000,0m²	179929	00019901		21,2m²	55m³	379			
Guðlaugur J Þorsteinsson			*020961-2959*		*100,0000%*						
218-8057 Sumarbústaður			010101	1987	Timbur	21,2m²	644	379			
Guðlaugur J Þorsteinsson			*020961-2959*		*100,0000%*				1023	644	1023

Hdskj. 114 481

RAGNAR [illegible]SSON
SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR
Lögmenn

Nr. 15 lagt fram í Héraðsdómi Suðurlands / 2007

Greinargerð stefndu

Benedikts Bragasonar
Andrínu G. Erlingsdóttur
Einars Guðna Þorsteinssonar
Óskars Sigurðar Þorsteinssonar
Ingibjargar Ásgeirsdóttur

í héraðsdómsmálinu:

Tómas Ísleifsson og
Sigrún Ragnarsdóttir
gegn
Eyrúnu Sæmundsdóttur ofl.

Ég undirritaður lögmaður Benedikts Bragasonar, Andrínu G. Erlingsdóttur, Einars Guðna Þorsteinssonar, Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur sækir þing í máli þessu í umboði ofangreindra stefndu.

Ég legg fram:

Nr. 15 greinargerð þessa

Þar sem umbj. m. eru sammála þeirri dómkröfu Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar Ragnarsdóttur að Ytri-Sólheimum III tilheyri 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðatorfunni að Ytri-Sólheimum þ.e. Sólheimatorfu. Af þessu leiðir að umbj. m. gera ekki neinar dómkröfur í máli þessu, enda ekki gerð málskostnaðarkrafa þeim á hendur.

Með hliðsjón af ofangreindu lýsa umbj. m. því yfir að þeir muni ekki sækja frekar þing í dómsmáli þessu.

Ytri-Sólheimum, janúar 2007

Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl

Til Héraðsdóms Suðurlands

UR. 116 Lagt fram í 29/4. 2007.

Afsal

Ég undirrituð, Kristín Þorsteinsdóttir, kt.: 120348-3379, Eyjabakka 6, Reykjavík, sel hér með og afsala Þorsteini Magnússyni, kt.: 270576-5759, Eyjabakka 6, Reykjavík helmingi eignarhlutar míns í jörðinni Ytri-Sólheimar 3A í Mýrdalshreppi. Sú eign sem ég afsala er nánar tiltekið eftirfarandi:

10% jarðarinnar Ytri-Sólheimar 3A, Mýrdalshreppi, landnúmer: 163045, ásamt öllum landsnytjum og hlunnindum sem viðkomandi eignarhlut fylgja.

Kaupandi hefur kynnt sér ástand hins selda og sættir sig við það að öllu leyti. Afhendingardagur er 6. febrúar 2007.

Umsamið kaupverð hefur kaupandi að fullu greitt.

Kaupandi greiðir stimpilgjöld og þinglýsingargjöld af afsali þessu.

Samkvæmt framansögðu lýsi ég Þorstein Magnússon réttan og lögmætan eiganda að framangreindum eignarhluta í jörðinni Ytri-Sólheimar 3A í Mýrdalshreppi.

Til staðfestingar ofangreindu undirrita kaupandi og seljandi afsal þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 6. febrúar 2007

Kristín Þorsteinsdóttir
Kristín Þorsteinsdóttir

Þorsteinn Magnússon
Þorsteinn Magnússon

Vottar að undirritun,
réttri dagsetningu
og fjárræði

Gunnlaugur Einarsson kt 250981-3769

Hildigunnur Þorsteinsd. 020246-3249

Skjal nr. 2-42/2007
Móttekið til þinglýsingar
19. feb. 2007
stimpilgjald kr. 1.236
þinglýsingargjald kr. 1.350

INNFÆRT
20 FEB. 2007

ORIGINAL

Yfirlýsing

Við undirrituð sem áttum heima á Ytri-Sólheimum á fimmta áratug 20. aldar vottum hér eftirfarandi:
Við heyrðum aldrei talað um að vesturjarðarpartur Ólafs H. Jónssonar hefði gleymst í fasteignamatinu 1922. Þessi jarðarpartur var 4 hundruð að fornu mati og 5 hundruð samkvæmt fasteignamatinu 1922.
Við teljum fráleitt að eigendur Ytri-Sólheimajarða hafi rýrt eignarhlut sinn í Sólheimatorfu, við landskiptin 1944, með því að samþykkja að heildarfasteignamat jarðanna samkvæmt fasteignamatinu 1922 væri breytt úr 129 hundruðum í 134 hundruð.
Við vitum að á uppvaxtarárum okkar álitu allir eigendur að heimajörð Sólheima að eignahlutfall Sólheimatorfu væri samkvæmt hinu forna mati.

Þorsteinn Einarsson 171127-5999. 20.4.2007

Sigríður Einarsdóttir 021233-3239. 20.4'07

Sigríður Ásgeirsson 191230-4779

Siggeir Ásgeirsson 150836-7519 22.4'07

Sigurjón Einarsson 201030-3909 23.4'07

Ingibjörg Ásgeirsdóttir 010538-4599. 23.4.07

Hallbera Ísleifsdóttir 130534-4069 23.4.07

Eslingur Ísleifsson 110531-3899 23.04.2007

Héraðsdómur Suðurlands

Þingbók málsins E-00723/2006

Stefnendur: Tómas Ísleifsson, Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir

Héraðsdómur Suðurlands Austurvegi 4, Selfossi 15.11.2006
Dómari: Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari Vottur: Guðrún Sveinsdóttir
Aðstoðarmaður dómara: Pálmi Þór Másson

Af hálfu stefnanda sótti þing Ármann Fr. Ármannsson hdl. v. Ragnars Aðalsteinssonar hrl. og lagði fram nr. 1 - 92 stefnu og fylgiskjöl.
Af hálfu stefndu Hildigunnar, Sigríðar, Kristínar, Sigrúnar og Ólafs Þorsteinsbarna sótti þing Christiane Leonor Bahner hdl. vegna Hjörleifs Kvaran hrl.
Af hálfu stefndu Einars, Elínar, Eyrúnar og Magnúsar sækir þing Óskar Sigurðsson hrl.
Af hálfu stefndu Andrínu G. Erlingsdóttur, Benedikts Bragasonar, Einars Guðna Þorsteinssonar, Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur sækir þing Ármann Fr. Ármannsson hdl. vegna Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hrl.
Af hálfu stefnda Þrastar er þing ekki sótt.
Stefndu fengu með samþykki stefnanda frest til að leggja fram greinargerð til 17.1.2007.

Héraðsdómur Suðurlands Austurvegi 4, Selfossi 17.1.2007
Dómari: Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari Vottur: Guðrún Sveinsdóttir
Aðstoðarmaður dómara: Pálmi Þór Másson

Af hálfu stefnenda sótti þing Ólafur Björnsson hrl. v. Ragnars Aðalsteinssonar hrl.
Af hálfu stefndu Hildigunnar, Sigríðar, Kristínar, Sigrúnar og Ólafs Þorsteinsbarna sótti þing Christiane Leonor Bahner hdl. og leggur fram nr. 110, greinargerð ásamt fylgiskjölum nr. 111 - 114.
Af hálfu stefndu Einars, Elínar, Eyrúnar og Magnúsar sækir þing Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. og leggur fram nr. 93, greinargerð ásamt fylgiskjölum nr. 94 - 109.
Af hálfu stefndu Andrínu G. Erlingsdóttur, Benedikts Bragasonar, Einars Guðna Þorsteinssonar, Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur sækir

þing Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. vegna Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hrl.
Af hálfu stefnda Þrastar er þing ekki sótt.

Málið fór til dómstjóra til úthlutunar.

Ár 2007, fimmtudaginn 15. mars, er dómþing Héraðsdóms Suðurlands háð í dómsalnum að Austurvegi 4, af Ásgeiri Magnússyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið:

Mál nr. E-723/2006

Tómas Ísleifsson o.fl.

gegn

Eyrúnu Sæmundsdóttur o.fl.

Skjöl málsins nr. 1 – 114 liggja frammi.

Af hálfu stefnenda sækir þing Ólafur Björnsson hrl. vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Af hálfu stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur, Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur og Magnúsar Þórs Snorrasonar sækir þing Óskar Sigurðsson hrl. og einnig vegna Hildigunnar, Sigríðar, Kristínar, Sigrúnar og Ólafs Þorsteinsbarna.

Af hálfu stefndu Benedikts Bragasonar, Andrínu G. Erlingsdóttur, Einars Guðna Þorsteinssonar, Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur sækir þing Sigurður Sigurjónsson hrl. vegna Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hrl. Óskar hann eftir að leggja fram dskj. nr. 115, yfirlýsingu skjólstæðinga sinna um að þau séu sammála dómkröfu stefnenda og að þau geri ekki neinar dómkröfur í málinu og muni þar af leiðandi ekki láta málið til sín taka frekar.

Málinu er frestað til fyrirtöku til þriðjudagsins 24. apríl nk. kl. 15:00.

Dómþingi slitið
Ásgeir Magnússon.

Vottur:
Guðrún Sveinsdóttir.

Ár 2007, þriðjudaginn 24. apríl, er dómþing Héraðsdóms Suðurlands háð í dómsalnum að Austurvegi 4, af Ásgeiri Magnússyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið:

Mál nr. E-723/2006

Tómas Ísleifsson o.fl.

gegn

Eyrúnu Sæmundsdóttur o.fl.

Skjöl málsins nr. 1 – 115 liggja frammi.

Af hálfu stefnenda sækir þing Ármann Fr. Ármannsson hdl. vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Af hálfu stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur, Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur og Magnúsar Þórs Snorrasonar sækir þing Óskar Sigurðsson hrl.

Þorsteinn Magnússon mætir sem einn eigenda Ytri Sólheima 3a fyrir sína hönd og Hildigunnar, Sigríðar, Kristínar, Sigrúnar og Ólafs Þorsteinsbarna og leggur fram sem dskj. nr. 116, afsal vegna helmings eignarhlutar Kristínar Þorsteinsdóttur í jörðinni Ytri Sóheimum 3a.

Aðalmeðferð er ákveðin föstudaginn 31. ágúst nk. kl. 09:30.

Dómþingi slitið

Ásgeir Magnússon.

Vottur:

Guðrún Sveinsdóttir.

Ár 2007, föstudaginn 31. ágúst, er dómþing Héraðsdóms Suðurlands háð í dómsalnum að Austurvegi 4, af Ásgeiri Magnússyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið:

Mál nr. E-723/2006

Tómas Ísleifsson o.fl.

gegn

Eyrúnu Sæmundsdóttur o.fl.

Skjöl málsins nr. 1 – 116 liggja frammi.

Af hálfu stefnenda sækir þing Ragnar Aðalsteinsson hrl. og leggur fram nr. 117, yfirlýsingu einstaklinga sem fæddir eru á Sólheimum á árabilinu 1920 – 1940.

Af hálfu stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur, Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur og Magnúsar Þórs Snorrasonar sækir þing Óskar Sigurðsson hrl. og jafnframt fyrir hönd þeirra Hildigunnar, Sigríðar, Kristínar, Sigrúnar og Ólafs Þorsteinsbarna.

Þorsteinn Magnússon mætir sem einn eigenda Ytri Sólheima 3a fyrir sína hönd.

Fyrstur tekur máls lögmaður stefnanda. Hann gerir sömu kröfur og fram koma í stefnu á dskj. nr. 1, reifar málsatvik, málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur til máls lögmaður stefndu annarra en Þorsteins Magnússonar. Hann gerir sömu kröfur og fram koma í greinargerð, reifar málsatvik, málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur til máls Þorsteinn Magnússon og gerir sömu kröfur og fram koma í greinargerð, reifar málsatvik, málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Lögmaður stefnanda tekur aftur til máls og gerir athugasemdir við málflutningsræðu lögmanns stefnda og leggur málið í dóm.

Lögmaður stefndu tekur aftur til máls og gerir athugasemdir og leggur málið í dóm.

Þorsteinn Magnússon tekur aftur til máls og gerir athugasemdir og leggur málið í dóm.

Málið er dómtekið.

Dómþingi slitið
Ásgeir Magnússon

Vottur:
Guðrún Sveinsdóttir.

Ár 2007, fimmtudaginn 27. september, er dómþing Héraðsdóms Suðurlands háð í dómsalnum að Austurvegi 4, af Ásgeiri Magnússyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið:

Mál nr. E-723/2006

Tómas Ísleifsson o.fl.

gegn

Eyrúnu Sæmundsdóttur o.fl.

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur

sjá dómabók

Dómsorð:

Stefndu, Einar Þorsteinsson, Eyrún Sæmundsdóttir, Elín Einarsdóttir, Magnús Þór Snorrason, Andrína G. Erlingsdóttir, Benedikt Bragason, Einar Guðni Þorsteinsson, Óskar Sigurður Þorsteinsson, Hildigunnur Þorsteinsdóttir, Ólafur Þorsteinsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Sigrún Ragnheiður Þorsteinsdóttir, Þorsteinn Magnússon, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Þröstur Óskarsson, eru sýkn af kröfum stefnenda, Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar Ragnheiðar Ragnarsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði óskipt stefndu Einari Þorsteinssyni, Eyrúnu Sæmundsdóttur, Elínu Einarsdóttur og Magnúsi Þór Snorrasyni 500.000 krónur í málskostnað. Stefnendur greiði og óskipt stefndu Hildigunni Þorsteinsdóttur, Ólafi Þorsteinssyni, Sigríði Þorsteinsdóttur, Sigrúnu Ragnheiði Þorsteinsdóttur og Þorsteini Magnússyni 80.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði að viðstöddum Torfa Ragnari Sigurðssyni hdl. vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl. og Óskari Sigurðssyni hrl. vegna allra stefndu.

Dómþingi slitið
Ásgeir Magnússon

Vottur:
Guðrún Sveinsdóttir.

HÉRAÐSDÓMUR
SUÐURLANDS

DÓMUR

27. september 2007

Mál nr. E-723/2006:

Stefnendur: Tómas Ísleifsson
Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Stefndu: Eyrún Sæmundsdóttir o.fl.
(Óskar Sigurðsson hrl.)
Andrína Guðrún Erlingsdóttir o.fl.
(Sjálfur ólöglærður)

Dómari: Ásgeir Magnússon héraðsdómari.

Ár 2007, fimmtudaginn 27. september, var í Héraðsdómi Suðurlands í málinu nr. E-723/2006

Tómas Ísleifsson og
Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Eyrún Sæmundsdóttur,
Einari Þorsteinssyni,
Elínu Einarsdóttur,
Magnúsi Þór Snorrasyni,
(Óskar Sigurðsson hrl.)
Andrínu G. Erlingsdóttur,
Benedikt Bragasyni,
Einari Guðna Þorsteinssyni,
Óskari Sigurði Þorsteinssyni,
Hildigunni Þorsteinsdóttur,
Ólafi Þorsteinssyni,
Sigríði Þorsteinsdóttur,
Sigrúnu R. Þorsteinsdóttur,
Þorsteini Magnússyni,
Ingibjörgu Ásgeirsdóttur og
Þresti Óskarssyni,

kveðinn upp svohljóðandi

D Ó M U R:

Mál þetta var höfðað 7., 8. og 9. nóvember 2006 og dómtekið 31. ágúst 2007. Stefnendur eru: Tómas Ísleifsson og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir, bæði til heimilis að Ytri-Sólheimum III, Mýrdalshreppi. Stefndu eru: Eyrún Sæmundsdóttir, Einar Þorsteinsson, Elín Einarsdóttir, og Magnús Þór Snorrason, öll til heimilis að Sólheimahjáleigu, Mýrdalshreppi, Andrína G. Erlingsdóttir og Benedikt Bragason. bæði til heimilis að Ytri-Sólheimum I, Mýrdalshreppi, Einar Guðni Þorsteinsson, til heimilis að Ytri-Sólheimum

II, Mýrdalshreppi, Óskar Sigurður Þorsteinsson, Ytri-Sólheimum II, Mýrdalshreppi, Hildigunnur Þorsteinsdóttir, Vesturási 32, Reykjavík, Kristín Þorsteinsdóttir, Eyjabakka 6, Reykjavík, Ólafur Þorsteinsson, Eystri-Sólheimum, Mýrdalshreppi, Sigríður Þorsteinsdóttir, Þverási 16, Reykjavík, Sigrún R. Þorsteinsdóttir, Þyskalandi, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Hrísateigi 5, Reykjavík, og Þröstur Óskarsson, Gauksási 47, Hafnarfirði.

Stefnendur gera þá kröfu á hendur stefndu að viðurkennt verði með dómi, að eignarhlutdeild stefnenda, Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar R. Ragnarsdóttur, sem eigenda Ytri-Sólheima III, sé 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum, þ.e. Sólheimatorfu. Þá er og krafist málskostnaðar alls úr hendi stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur, Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur, Magnúsar Þórs Snorrasonar, Hildigunnar Þorsteinsdóttur, Kristínar Þorsteinsdóttur, Ólafs Þorsteinssonar, Sigríðar Þorsteinsdóttur og Sigrúnar R. Þorsteinsdóttur in solidum eða hvers um sig að mati dómsins.

Stefndu Einar Þorsteinsson, Eyrún Sæmundsdóttir, Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason krefjast sýknu af kröfum stefnenda. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi og við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefndu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Stefndu Hildigunnur, Ólafur, Sigríður og Sigrún Ragnheiður, öll Þorsteinsbörn, og Þorsteinn Magnússon, er tók við aðild málsins af móður sinni Kristínu Þorsteinsdóttur 24. apríl sl. á grundvelli afsals eignarhluta hennar í jörðinni Ytri-Sólheima IIIa, krefjast sýknu af dómkröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi samkvæmt mati dómsins.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing stefndu Benedikts Bragasonar, Andrínu G. Erlingsdóttur, Einars Guðna Þorsteinssonar, Óskars Sigurðar Þorsteinssonar og Ingibjargar Ásgeirsdóttur um að þau séu sammála dómkröfum stefnenda og með því að engin málskostnaðarkrafa sé gerð á hendur þeim geri þau sjálf engar dómkröfur í málinu og muni ekki sækja frekar þing í því. Þá hefur stefndi, Þröstur Óskarsson, ekki sótt þing í málinu.

Málsatvik.

Ytri-Sólheimar eru landnámsjörð og forn kirkjustaður og sýnist hafa verið margbýlt þar frá fornu fari. Tún og slægjur næst bæjunum í Sólheimatorfu munu vera úrskipt en að öðru leyti er land jarðartorfunnar og landsnytjar í óskiptri sameign eigenda jarðanna átta. Ekki hafa farið fram landskipti á Ytri-Sólheimum nema að hluta á landi næst bæjunum. Aðilar kveða ágreining vera um eignarhlutföll á landi og landsnytjum Sólheimatorfu í heild og hafi sá ágreiningur leitt til þess að ekki hafi reynst unnt að skipta sameiginlegu landi jarðarinnar og landsnytjum milli eigenda í réttum hlutföllum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sýnast Ytri-Sólheimar skiptast í eftirtaldar átta jarðir og er getið þinglesinna eigenda við hverja jörð.

Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot)	Andrína G. Erlingsdóttir og Benedikt Bragason
Ytri-Sólheimar II	Einar Guðni Þorsteinsson
Ytri-Sólheimar III	Tómas Ísleifsson og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
Ytri-Sólheimar IIIA	Hildigunnur, Kristín, Ólafur, Sigríður og Sigrún R. Þorsteinsbörn
Ytri-Sólheimar IV	Óskar Sigurður Þorsteinsson
Sólheimatunga (Ytri-Sólheimar V)	Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson
Framnes	Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason
Sólheimahjáleiga	Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Þröstur Óskarsson, Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason

Málsástæður stefnenda.

Stefnendur kveða elstu heimild um Ytri-Sólheima III sem 25% Sólheimatorfu vera að finna í uppboðsgjörð Ytri-Sólheima með Sólheimahjáleigu hinn 20. október 1869. Í gjörðinni sé tiltekinn og boðinn upp bændahluti allra ábýla torfunnar, samtals 50 hundruð að fornu mati. Sólheimakirkja hafi átt torfuna hálfa eða 50 hndr. Jörð stefnenda sé í uppboðsgjörðinni tilgreind sem ábýli Sverris Magnússonar 12 hndr og 60 al. og að meðtöldum kirkjuhlutanum 25 hndr. Sé þá sem endranær öll torfan 100 hndr forn og jörð stefnenda 25 hndr þar af. Heimildir stefnenda að jörð sinni og þar með að 25% allrar torfunnar verði raktar til eignarheimildar Sverris Magnússonar. Stefnandinn Tómas hafi eignast jörðina 27. júlí 1984 úr hendi systkina sinna eftir lát foreldra þeirra og með skjali, dagsettu 1. september 2006, hafi hann afsalað hálfri jörðinni til eiginkonu sinnar,

stefnandans Sigrúnar. Afi og amma Tómasar, Erlingur Brynjólfsson og Hallbera Ísleifsdóttir, hafi eignast Ytri-Sólheima III (áður IV), eða 25% jarðarinnar, úr hendi Sverris Magnússonar árið 1905, en Sverrir hafi búið á jörðinni frá 1860 til 1905. Ísleifur Erlingsson, faðir Tómasar, hafi eignast jörðina eftir dauða föður síns úr hendi móður sinnar og systkina 6. desember 1928.

Stefnendur telja óumdeilt að forverar stefnandans Tómasar, þ.e. þeir sem hann leiði rétt sinn til jarðarinnar frá, hafi eignast 25 hundruð forn í jörðinni Ytri-Sólheimum, sem metin hafi verið á 100 hundruð forn. Jörð hans sé því 25% af allri jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum. Þá telja þeir óumdeilt að hvorki stefnendur né forverar stefnandans Tómasar hafi selt eða ráðstafað með öðrum hætti neinum hluta af þessum fjórðungi torfunnar. Jarðartorfan í heild sinni hafi og haldist óbreytt frá því að forverar stefnandans Tómasar hafi eignast 25% í henni í þeim skilningi að torfan hafi hvorki stækkað né minnkað og af því leiði að hlutfall stefnanda í óskiptu landi og landsnytjum sé óbreytt, hafi hvorki aukist né minnkað. Loks sé ekki deilt um að jörðin eigi fjórða hvern dag ársins á Sólheimafjöru. Einnig sé óumdeilt að jörðin hafi greitt fjórðung prestsmötugjalds allrar Sólheimatorfu og endurspeglist það í því gjaldi sem eigandi jarðar stefnenda hafi orðið að greiða við innlausn prestsmötunnar, þ.e. 25%.

Stefnendur kveða stefndu, eigendur Sólheimahjáleigu, Sólheimatungu og hluta Framness, hins vegar þeirrar skoðunar að þegar byrjað hafi verið að verðmeta hverja jörð fyrir sig vegna jarðamatsins 1922 hafi eignarhlutdeild stefnenda í óskiptri sameign minnkað. Með þessu virðist þessir stefndu eiga við að hafi séreignir annarra einstakra jarðeigenda á torfunni hækkað í mati, t.d. vegna aukinnar og bættrar ræktunar á úrskiptum hlutum jarðartorfunnar, þá skuli sú hækkun matsverðs leiða til þess að hlutdeildin í hinu óskipta landi og landsnytjum hækki samsvarandi. Þannig telji þeir að hlutdeild stefnenda í hinu óskipta landi með landsnytjum hafi minnkað án tilverknaðar og ráðstafana þeirra eða forvera stefnandans Tómasar. Ágreiningur aðila lúti því að því hvort einstakir eigendur torfunnar geti aukið eignarhlutdeild sína í hinni óskiptu eign og landsnytjum með því að bæta mannvirki og úrskipta eign sína og þannig aukið verðgildi hennar til mats.

Vísa stefnendur til þess að svo langt aftur sem rakið verði hafi verið til staðar skipting á jarðeignum að Ytri-Sólheimum í hlutföllum sem miðast hafi við hið svokallaða forna mat. Þannig hafi í fjölmörgum afsölum allt til þessa dags hlutum úr jörðinni verið afsalað miðað við hið forna mat. Hafi hlutföllin þá miðast við að jörðin með hjáleigunni væri 100 hundruð að fornu mati og hjáleigan því sem næst 7 1/3 hundruð þar af. Hafi þessi háttur

verið á hafður svo lengi sem rakið verði og allt fram á síðustu öld. Hið forna mat hafi þar að auki verið notað milli eigendanna með ýmsum hætti, svo sem við ákvörðun prestsmötu, skiptingu rekafjöru og úttektargjörðir við ábúendaskipti leigujarða. Í gerðabókum jarðamatanna 1922, 1932 og 1942 sé skipting prestsmötunnar á milli Sólheimajarða í hlutfalli hins forna mats. Eftir að landskiptalögin frá 1941 hafi tekið gildi hafi ábúendur Sólheimatorfu leyst prestsmötukvöðina til sín og séu þau afsöl einnig í hlutfalli hins forna mats. Samkvæmt afsölunum teljist eignarjörð stefnenda vera 25% af óskiptu en hjáleigan tæplega 8% og Sólheimatunga með Framnesi 20%. Enn í dag eigi Sólheimahjáleiga annan hvern sunnudag á Sólheimafjöru eða 1/14, sem sé 7,1% fjörudaga.

Landskiptagerð, sem fram hafi farið árið 1944, hafi ekki tekið til alls heimalandsins heldur hafi aðeins verið víxlað slægjuskákum á milli jarða til að gera land hverrar jarðar samfelldara en áður hafi verið. Í skiptagerðinni sé sagt að skipt sé eftir jarðamatinu frá 1922. Einnig sé sagt að slægjuskákirnar hafi verið mældar. Þegar skiptagerðin sé lesin komi fram að landi tveggja jarðanna sé ekki skipt. Vitað sé að við landskiptin hafi mikið af ómældu landi á holtunum á milli hinna mældu slægjuskáka komið í hlut jarðanna. Þannig sé það land, sem jarðirnar fengu, ekki í hlutfalli við fasteignamatið 1922 eða önnur möt. Á uppdráttum frá október 1987 komi fram stærð graslendis jarðanna. Með því að nota þessa uppdrætti og landskiptagerðina frá 1944 komi t.d. í ljós að jörðin Sólheimahjáleiga sé með að minnsta kosti 20% af graslendi jarðanna en ekki 15,5% eins og vera ætti ef skipt hefði verið samkvæmt fasteignamatinu 1922. Graslendi Sólheimahjáleigu sé því meira en 30% stærra en vera ætti samkvæmt fasteignamatinu 1922. Við skiptin hafi heimaland hjáleigunnar raunar aldrei verið mælt.

Skipti milli Sólheimajarða í dýrleika í hundruðum sé sem hér segi að fornu mati:

Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot)	12 hndr
Ytri-Sólheimar II	18,9 hndr
Ytri-Sólheimar III (áður Ytri-Sólheimar IV)	25 hndr
Sólheimatunga (án Ytri-Sólheima IIIa)	12 ½ hndr
Ytri-Sólheimar IV (áður Ytri-Sólheimar VI)	12 ½ hndr
Ytri-Sólheimar IIIa	4 hndr
Framnes	7,77 hndr
Sólheimahjáleiga	7 1/3 hndr
Samtals	100 hndr

Í 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 sé við það miðað að skipta skuli eftir jarðamati frá árinu 1861 þar sem því verði við komið en séu tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi en

aðgreint mat að finna í jarðatali Johnsens frá 1847 skuli það notað. Síðan segi að verði hvorugu þessu mati við komið skuli fara eftir fasteignabók 1922 eða síðari fasteignabókum, „þó þannig, að ávallt verði notað hið elsta jarðamat sem við verður komið." Í ákvæði þessu sé fólgin leiðbeiningarregla um notkun sönnunargagna en ekki sé verið að binda sönnunarfærsluna við greind gögn. Í hinu tilvitnaða ákvæði 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 felist að heimilt sé að færa fram sönnun með öðrum hætti um dýrleika jarða í sömu jarðartorfunni og sé því ekki verið að víkja frá grunnreglu íslensks réttarfars um frjálst mat á sönnun, sbr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði. Í 2. mgr. 3. gr. landskiptalaga segi að nú hafi eignarhlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignarhlutföll óskipts lands eða landsnytja. Lagaákvæði þessu sé ætlað að koma í veg fyrir að eignarhlutdeild jarðeigenda í aðstöðu stefnenda minnki við misjafna ræktun eða aðrar framkvæmdir. Samkvæmt lagaákvæði þessu sé útilokað að jarðamatið 1922 geti leitt til þess að hlutdeild stefndu, eigenda Sólheimahjáleigu, Sólheimatungu og hluta Framness, í jörðinni aukist á kostnað stefnenda.

Þá komi og eignarréttarákvæði stjórnarskrár í veg fyrir að unnt sé að skerða eignarhluta stefnanda í þágu annarra án eignarnáms og fulls endurgjalds.

Í fasteignamatinu 1922 séu Sólheimar skráðir sem Ytri-Sólheimar I-VI auk Sólheimahjáleigu. Hlutföll séu þar önnur en í hinu forna mati. Matinu sé ekki ætlað að greina frá eignarhlutföllum jarða á óskiptri jarðartorfu eins og að Ytri-Sólheimum. Land hverrar jarðar, bæði ræktað og óræktað, sé þar metið til peningaverðs. Þannig hafi aukin ræktun úrskipts lands þau áhrif að metið landverð jarðar hækki. Það eigi ekki að leiða til þess að hlutdeild viðkomandi jarðar í óskiptu landi hækki. Matið sé því ekki nothæft við ákvörðun hlutfallslegrar eignar hverrar jarðar. Þá vanti í matið Ytri-Sólheima IIIa og sé matið því haldið slíkum ágöllum að á því verði ekki byggt um skiptingu jarðarinnar. Verði ekki séð hvernig unnt sé að leiðrétta það mat vegna ágallans. Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af hrd. 1988 bls. 683 skuli því aðeins styðjast við fasteignamatið 1922 að ekki sé til eldri skipting á dýrleika jarðanna.

Í jarðamatsgögnum frá árinu 1850, sem séu frumforsendur fyrir mötunum 1861 og 1922, sé sérstaklega tekið fram að eignarhluti Sólheimahjáleigu í sameign Sólheimatorfu sé um 7/100. Hlutdeild jarðarinnar samkvæmt prestsmötu hafi verið sú sama. Í jarðamötum 19. aldar sé ætíð sérgreint mat á hlutfalli Sólheimahjáleigu af Ytri-Sólheimum og sé hlutfallið 7,33%. Ekki sé þar að finna hlutfallsskiptingu Ytri-Sólheima án hjáleigunnar. Hins vegar séu næg gögn um þá skiptingu sem skylt og óhjákvæmilegt sé að byggja skiptinguna á og

ætíð með það sem óumdeilda upphafsstöðu að hjáleigan sé 7,33% af torfunni. Eignarhlutfall hjáleigunnar í óskiptu landi og landsnytjum aukist ekki við umbætur á húsum eða aukna ræktun úrskipts séreignarlands, enda myndi slík regla leiða til skerðingar á hlutdeild annarra eigenda jarðartorfunnar.

Stefnendur kveðast líta svo á að jörðin Ytri-Sólheimar IIIa sé hluti af jörðinni Sólheimatungu sem nefndist Ytri-Sólheimar V í matinu 1922. Sé þetta reyndin þrátt fyrir að jarðirnar séu nú ekki eign sömu einstaklinga og að hvor parturinn um sig hafi sjálfstæða eignarheimild í veðmálabókum. Megi sjá af jarðamatsgögnum frá 1918 að jörðin Ytri-Sólheimar V hafi verið tvískipt og að rekja megi þessa tvískiptingu allt til þessa dags. Þá liggi fyrir að jörðin Ytri-Sólheimar IIIa sjáist hvergi skráð fyrr en 18. desember 1970. Bæði Sólheimatunga og hlutajörð hennar, Ytri-Sólheimar IIIa, eigi fjörudaga að réttu hlutfalli hins forna mats. Það sama hafi og gilt um prestsmötu jarðanna.

Um lagarök vísa stefnendur m.a. til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár, viðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, landskiptalaga nr. 46/1941, laga nr. 41/1919 um landamerki og til jarðalaga. Enn fremur til laga um meðferð einkamála um heimild til að gera viðurkenningarkröfu, um sönnun og sönnunarbyrði, aðild, málskostnað o.fl.

Málsástæður stefndu.

Af hálfu stefndu Einars, Eyrúnar, Elínar og Magnúsar Þórs er aðallega á því byggt að ágreiningur máls þessa sé afmarkaður við skiptagrundvöll landskiptalaga nr. 46/1941, þ.e. sérreglur þeirra um slit sameignar og þær ákveðnu reglur, sem leggja beri til grundvallar við ákvörðun eignarhlutfalla við landskipti. Ekki sé öðrum skiptagrundvelli til að dreifa en þeim sem fyrir sé mælt í 3. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 og fari því eignarhlutfall jarða í sameiginlegu landi Sólheimatorfunnar eftir fasteignabókinni frá 1922. Sé því hafnað sjónarmiðum stefnenda um að jörð þeirra, Ytri-Sólheimar III, eigi 25% í óskiptu landi torfunnar samkvæmt svonefndu fornu mati.

Í landskiptalögum nr. 46/1941 sé nákvæmlega tilgreint hver grundvöllur landskipta eigi að vera. Hafi verið um að ræða nýmæli við setningu laganna. Í tíð eldri landskiptalaga, þ.e. laga nr. 43/1913 og laga nr. 57/1927, hafi aðeins verið tekið fram að skipti skyldu miðuð við lögmæt eignarhlutföll lands og landsnytja en ekkert skýrt nánar hvernig finna ætti þessi lögmætu eignarhlutföll. Hafi þetta valdið vandkvæðum í framkvæmd og deilum. Þess vegna hafi við setningu nýrra landskiptalaga á árinu 1941 verið tilgreint nákvæmlega hvaða heimildir skuli gilda um eignarhlutföll að landinu. Sé þannig í 2. gr. laganna

lögbundið það mat er lagt verði til grundvallar skiptum samkvæmt landskiptalögum. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skuli skipta eftir jarðamati frá árinu 1861 þar sem því verði við komið. Séu í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, skuli það þá nota. Verði hvorugu þessu mati við komið skuli fara eftir fasteignabók frá 1922, eða síðari fasteignabókum, þó þannig að ávallt verði notað hið elsta jarðamat sem við verður komið. Grein þessi hafi af dómstólum og í framkvæmd verið skýrð þannig að ekki verði miðað við eldri möt en jarðamatið frá 1861 eða jarðatal Johnsens frá 1847. Með tilvitnaðri 2. gr. laga nr. 46/1941 sé lögbundið það mat er lagt verði til grundvallar skiptum.

Jarðamati frá 1861 verði ekki komið við í þessu máli þar sem viðkomandi jarðir séu ekki metnar þar með aðgreindum hætti. Sama eigi við um jarðatal Johnsens frá 1847. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 skuli fara eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum ef hvorki er til að dreifa aðgreindu mati á þeim jörðum, sem verið sé að skipta landi á milli, í jarðamatinu frá 1861 né jarðatali Johnsens. Jarðamatið 1922 hafi legið til grundvallar landskiptunum 1944 eins og tekið hafi verið skýrlega fram í landskiptagerðinni. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004 hafi gildi greindrar landskiptagerðar verið staðfest og sérstaklega tekið fram að skiptagerðin fæli í sér landskipti að Ytri-Sólheimum sem farið hefðu fram á grundvelli laga nr. 46/1941. Þá hefði skiptagerðinni ekki verið skotið til yfirmats skv. 6. gr. laga nr. 46/1941 eða dómsmál höfðað til ógildingar hennar.

Ytri-Sólheimabændur, að undanskildum bændum á Ytri-Sólheimum IIIa, hafi tekið til ræktunar land á Sólheimasandi laust eftir 1950. Landinu hafi verið skipt milli jarðanna í sömu hlutföllum og í skiptunum 1944 eða eftir jarðamatinu frá 1922, sbr. fyrirliggjandi túnkort.

Eftir að stefndu Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson hafi keypt Sólheimatungu (Ytri-Sólheima V) árið 1997 hafi þau óskað eftir að skipti færu fram á úrskiptu landi sem jörðin hafi átt í sameign með Framnesi. Samkomulag hafi ekki náðst um afmörkun landsins eða eignarhlutföll og hafi verið leyst úr ágreiningi aðila með greindum dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 3. desember 2004. Í málinu hafi umrætt land verið afmarkað og viðurkennt að sameiginlegar landspildur Sólheimatungu og Framness væru í óskiptri sameign þessara jarða í þeim hlutföllum er fasteignabókin frá 1922 greindi, þ.e. 20

hundruð í hlut Sólheimatungu og 9 hundruð í hlut Framness, og að landskipti spildnanna á milli jarðanna skyldu fara fram í þeim hlutföllum.

Í greindum dómi hafi verið tekið fram að ekki væri litið til eða tekin afstaða til skiptagrundvallar að Ytri-Sólheimum að öðru leyti. Sé það eðlilegt, enda hafi umfjöllunarefni málsins lotið að skiptagrundvelli Framness og Sólheimatungu. Stefndu í því máli hafi heldur ekki gert kröfu um úrlausn á skiptagrundvelli á öðru landi á Ytri-Sólheimum. Dómurinn hafi því ekki tekið afstöðu til annars en stefnendur hafi gert kröfu til. Það liggi hins vegar fyrir að í greindu máli hafi með bindandi hætti verið kveðið á um að ekki verði viðkomið jarðamötum frá 1861 og 1848 við skipti á sameiginlegu landi en farið skuli eftir jarðamati frá 1922.

Ljóst megi því vera að hið sama eigi við um annað sameiginlegt land Sólheimatorfunnar og einsýnt að við landskipti á sameignarlandi jarðanna beri að fara eftir fasteignabókinni frá 1922 í samræmi við skýr fyrirmæli laga nr. 46/1941. Þá hafi þau hlutföll líka gilt á Ytri-Sólheimum frá landskiptunum 1944, eða í 62 ár, og verið staðfest í framkvæmd. Eignarhlutfall jarðar stefnenda geti því ekki verið annað en í fasteignabókinni greinir, enda ekki að finna aðgreint mat hennar í jarðamötum frá 1861 og 1848. Kröfugerð stefnenda sé ekki í samræmi við eignarhlutföll fasteignabókarinnar frá 1922 auk þess sem stefnendur hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi eignast stærri sameignarhluta á kostnað annarra, hvort heldur með kaupum á landi, gjöfum eða erfð, og hafi þar með ekki sýnt fram á að eignarhlutur þeirra sé stærri en hann hafi verið þegar jarðamatið hafi farið fram á árinu 1922. Því beri að sýkna stefndu af kröfum stefnenda.

Stefndu kveðast mótmæla þeim staðhæfingum stefnenda að Ytri-Sólheimar IIIa séu úr Sólheimatungu. Ytri-Sólheimar IIIa séu í raun úr Ytri-Sólheimum III, þ.e. þeim parti sem í dag heiti Framnes. Vísa stefndu meðal annars til þess að þegar landskiptin fóru fram á árinu 1944 hafi Ólafur H. Jónsson átt jarðirnar Ytri-Sólheima V og VI og að auki 5 hundruð í Ytri-Sólheimajörðinni, sem hann hafi nytjað sjálfur alfarið. Í síðari mötum sé þessi hluti nefndur Ytri-Sólheimar IIIa. Hafi hann ætíð verið nytjaður sjálfstætt og gengið sjálfstætt kaupum og sölum. Í skiptagerðinni sé hann tiltekinn sem 5 hundruð og sé þá miðað við jarðamatið frá 1922. Í jarðamatinu sé þessi partur hins vegar ekki tilgreindur en við landskiptin hafi hann verið viðurkenndur. Þau skipti hafi ekki verið kærð. Hafi gildi skiptagerðarinnar verið staðfest með tilvitnuðum dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 3.

desember 2004. Þá megi og sjá af kæru Þorsteins Jónssonar til fasteignamatsnefndar 18. nóvember 1970 og úrskurði fasteignamatsnefndar, dags. 18. desember 1970, sem liggi fyrir í málinu að þessi partur hafi tilheyrt Ytri-Sólheimum III.

Þá sé umfjöllun stefnenda um grundvöll landskipta og túlkun á ákvæðum laga nr. 46/1941 einfaldlega röng og eigi ekki við nein lagarök að styðjast. Ekki sé unnt skv. 2. gr. laga nr. 46/1941 að miða við eldri möt en frá 1861 eða 1848 og sé þá skilyrði að um aðgreint mat sé að ræða. Stefnandi byggi á því að farið skuli eftir fornu mati án nánari tilgreiningar á því hvenær það mat hafi farið fram. Þau eignarhlutföll sem stefnandi vilji fara eftir séu í andstöðu við skýr fyrirmæli laga nr. 46/1941 auk þess sem þar sé ekki að finna aðgreint mat viðkomandi jarða.

Hafnað sé túlkun stefnenda á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1941 sem fram komi í stefnu, enda staðfesti tilgreint ákvæði einfaldlega fyrirmæli 2. gr. og þær heimildir sem á skuli byggja við ákvörðun eignarhlutfalla við landskipti. Reynt skuli að byggja á elsta matinu af þeim þremur sem þar séu tilgreind þar sem sé að finna aðgreint mat jarða. Í tilviki Sólheimatorfunnar sé það matið frá 1922. Ástæða þess að byggt skuli á því mati en ekki nýrri mötum sé sú að í þeim fasteignamötum sem á eftir komi sé landið metið hærra eftir því sem meira hafi verið ræktað og gert fyrir það. Ef farið væri t.d. eftir mjög nýlegu fasteignamati við landskipti á milli jarða yrði það til þess að sá eigandi sem hefði verið mjög athafnasamur við ræktun og umbætur fengi meira af hinu óskipta landi í sínar hendur en honum bæri. Í greinargerðinni með landskiptalögum hafi sá löggjafarvilji komið skýrt fram að breytingar á fasteignamati jarða vegna umbóta mættu ekki hafa áhrif á eignarhlutföll við landskipti á óskiptu landi. Það séu því lögákveðin skiptahlutföll milli jarða, þ.e. hin tilgreindu þrjú möt til að nota við skiptin, en sú flóra sem á eftir komi eða hafi áður komið fram hafi enga þýðingu. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna vísi einfaldlega til þessa. Um ræktun séu síðan sérákvæði í 11. gr. landskiptalaganna, þ.e. þegar einhver landeigandinn hafi ræktað hluta af hinu óskipta landi án þess að samið hafi verið um eignarrétt hans að því. Sé þá tekið tillit til þess við skiptin. Lögin séu því alveg skýr hvað þetta varði.

Þá sé vakin athygli á að í stefnu sé ekki á því byggt í þessu máli að samkomulag hafi verið um önnur eignarhlutföll en jarðarmatsbækur þær, sem tilgreindar séu í 1.-3. mgr., gefi upp, og allir eigendur hafi samþykkt, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941. Ekkert slíkt

samkomulag sé heldur til staðar. Ákvörðun eignarhlutfalla viðkomandi jarða fari því eftir fasteignabókinni frá 1922, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941.

Loks sé óhjákvæmilegt vegna umfjöllunar í stefnu að fjalla aðeins um eignarheimildir stefnenda, fyrirmæli heimildarskjala sem og ráðstöfun stefnenda á landi. Faðir stefnanda, Ísleifur Erlingsson, hafi fengið jörðina Ytri-Sólheima IV (nú Ytri-Sólheimar III) í arf eftir föður sinn samkvæmt einkaskiptum er fram hafi farið 6. desember 1928. Þinglýst eignarheimild hans, dags. 13. apríl 1930, undirrituð af Gísla Sveinssyni sýslumanni, sé svohljóðandi: „Samkvæmt einkaskiftum í dánarbúi Erlings Brynjólfssonar á Ytri-Sólheimum, þ. 6. desbr. 1928, er Ísleifur Erlingsson bóndi á Ytri Sólheimum IV í Dyrhólahreppi réttur og óátalinn eigandi fasteignarinnar, jarðarinnar Ytri-Sólheima IV, að gildu fasteignamati kr. 3000,oo og öllum húsum á jörðinni – 2200,00, verð samt. Kr. 5200,00 ...". Hér sé um að ræða jarðamatið frá 1922 og athygli veki að sýslumaður tiltaki eignina samkvæmt gildu fasteignamati 30 hundruð.

Með afsali 27. júlí 1984 hafi stefnandinn Tómas keypt ¾ hluta úr Ytri-Sólheimum III af systkinum sínum. Hvorki sé í þessari eignarheimild né hinni fyrri getið um forn hundruð frá fyrri öldum heldur sé í skiptagerð þeirri, sem stefnandi leiði rétt sinn frá, skýrlega vísað til fasteignabókarinnar frá 1922.

Í stefnu á bls. 2 segi orðrétt: „Einnig er óumdeilt að hvorki stefnendur né forverar stefnandans Tómasar hafa selt eða ráðstafað með öðrum hætti neinum hluta af þessum fjórðungi torfunnar". Stefndu taki fram að þetta sé ekki rétt og vísi í því sambandi til eftirfarandi skjallegra heimilda: Gjafabréfs til Óskars M. Hallgrímssonar, dags. 18. mars 1972, þar sem eigendur og ábúendur Ytri-Sólheimajarða hafi gefið Óskari land úr óskiptu sameignarlandi jarðanna undir sumarbústað, allt að einum hektara að stærð. Veðbandslausnar, dags. 24. júlí 1996, fyrir tveimur spildum úr jörðinni Ytri-Sólheimum III, samtals 3,9 hektarar, sem séu í eigu Ingibjargar Ólafsdóttur og Margrétar Ísleifsdóttur o.fl., og afsals, dags. 27. júlí 1984, til stefnanda Tómasar þar sem hann lofi að láta seljendum í té endurgjaldslaust land undir sumarbústaði, allt að 3 hekturum.

Stefndu kveðast byggja kröfur sínar á landskiptalögum nr. 46/1941 sem og almennum reglum eignaréttar. Að því er málskostnaðarkröfu varði sé byggt á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndu Hildigunnur, Ólafur, Sigríður og Sigrún Þorsteinsbörn og Þorsteinn Magnússon kveðast hafa eignast eignarhlut sinn í óskiptu landi Ytri-Sólheimatorfu með arftöku eftir móður sína og ömmu, Valgerði Sigríði Ólafsdóttur, sem sjálf hafi fengið hann í arf eftir föður sinn, Ólaf H. Jónsson. Sé þar um að ræða eignarhluta úr vesturjörð Ytri-Sólheima, 4 hundruð að fornu mati, sem Ólafur hafi keypt af Guðmundi Þorbjarnarsyni sem aftur hefði eignast hann með fyrirliggjandi afsali, dags. 2. október 1904, frá Friðriki Björnssyni. Þessum eignarhluta hafi Ólafur haldið eftir er hann seldi aðrar eignir sínar að Eystri-Sólheimum og Ytri-Sólheimum. Eignarhluti þessi í það heila sé nú skráður sem Ytri-Sólheimar IIIa í fasteignamati og veðmálabókum og sé gjarnan nefndur parturinn í daglegu máli.

Við skipti sem fram hafi farið á slægjulandi Ytri-Sólheima á árinu 1944 hafi komið fram að Ólafur H. Jónsson ætti og nýtti 5 hundruð úr Ytri-Sólheimum samkvæmt jarðamati 1922 og hafi honum verið úthlutað slægjulandi í samræmi við það. Hafi þetta verið gert þrátt fyrir að umrædd 5 hundruð hafi ekki komið fram í fasteignamatinu 1922 og hafi engar athugasemdir verið gerðar af hálfu annarra jarðeigenda í Ytri-Sólheimatorfu. Ekki sé heldur að sjá að það land sem úthlutað hafi verið til Ytri-Sólheima V hafi við skiptin skerst á móti. Öfugt við staðhæfingar stefnenda komi fram berum orðum í gögnum vegna skiptanna að í sumum tilvikum hafi menn fengið meira land að flatarmáli en þeim hafi borið hlutfallslega vegna þess að landið væri rýrt eða lítt ræktanlegt. Innbyrðis hlutföll flatarmáls þess heimalands sem til skipta hafi komið 1944 séu því ekki þau sömu og eignarhlutföll í torfunni samkvæmt fasteignamatinu 1922 jafnvel þótt skipt hafi verið samkvæmt því mati. Einnig komi fram berum orðum í opinberum skjölum sem gerð hafi verið vegna skiptanna að skipt hafi verið eftir jarðamatinu frá 1922. Þá hafi skipting fjörudaga verið í hlutfalli við eignarhlutdeild viðkomandi jarðar í Sólheimatorfu og hafi þessi fjöruréttur eigenda partsins aldrei verið véfengdur af öðrum eigendum Ytri-Sólheima. Stefndu eigi þannig þriðja hvern mánudag sem fjörudag á sameiginlegri Ytri-Sólheimafjöru. Þriðji hver mánudagur samsvari 4-5% eignarhluta.

Stefndu segja Ólaf H. Jónsson á Eystri-Sólheimum hafa eignast þrjá hluta úr landi Ytri-Sólheima, tvo þeirra úr svonefndri austurjörð Ytri-Sólheima. Þeir hafi hvor um sig verið 12½ hundrað að fornu mati, en 20 og 15 hundruð samkæmt fasteignamati 1922 og þar nefndir Ytri-Sólheimar V og Ytri-Sólheimar VI. Þá hafi Ólafur einnig eignast hlut í

vesturjörðinni og hafi hann verið talinn 4 hundruð samkvæmt fornu mati en hans sé að engu getið á fasteignamati 1922, eins og áður segir, þrátt fyrir að ýmis gögn og heimildir bæði fyrr og síðar staðfesti tilvist hans. Vekja stefndu athygli á að aðilum máls þessa beri saman um að eignarhlut þennan vanti í fasteignabókina 1922 og vísa í því sambandi til ummæla í stefnu á bls. 4 og greinargerðar stefndu eigenda Sólheimahjáleigu.

Ólafur hafi selt Óskari Maríusi Hallgrímssyni Ytri-Sólheima VI í október 1943 og hann hafi selt Ytri-Sólheima V til Sigurðar Ásgeirssonar í júní 1955. Vottar að þessum kaupum hafi verið Ásgeir Pálsson, faðir Sigurðar, og Þorsteinn Jónsson, tengdasonur Ólafs. Ólafur hafi látist 2. september 1960. Þann 26. júní árið eftir hafi hreppstjóri Dyrhólahrepps komið að Eystri-Sólheimum að gera upp dánarbú Ólafs. Hafi þar meðal annars verið skráður hluti í Ytri-Sólheimum, 4 hundruð (fornt mat). Hreppstjórinn hafi verið Ásgeir Pálsson, sá sami og verið hafi vottur að kaupum sonar síns Sigurðar af Ólafi um 6 árum áður. Þannig sé ljóst að Ásgeiri hafi verið fullljóst að Ólafur hafi átt áfram jarðeignir á Ytri-Sólheimum eftir að hafa selt Sigurði Ásgeirssyni Ytri-Sólheima V árið 1955, enda hafi Sigurður og síðari eigendur Ytri-Sólheima V (síðar Sólheimatungu) aldrei mótmælt því að svo hafi verið. Þannig sé ekki að sjá að vafi hafi leikið á því að Ólafur hafi enn átt umræddan jarðarhluta í vesturjörð Ytri-Sólheima allt til dauðadags 1960 þrátt fyrir að hafa afsalað Sigurði Ásgeirssyni Ytri-Sólheimum V 17. júlí 1955.

Í þessu sambandi sé og rétt að árétta að þær slægjuskákir sem Ólafur H. Jónsson hafi fengið úthlutað við landskiptin 1944 hafi ekki verið látnar af hendi eftir sölu hans á Ytri-Sólheimum V og engar heimildir séu um að nokkur hafi krafist þess að það yrði gert. Það styrki ennfremur það sem þessi stefndu hafi ætíð talið, að sá jarðarpartur sem hér um ræði hafi verið ótengdur Ytri-Sólheimum V sem Ólafur afsalaði Sigurði Ásgeirssyni árið 1955.

Árið 1970 hafi Þorsteinn Jónsson, faðir og afi stefndu og tengdasonur Ólafs H. Jónssonar, orðið var við að eignarhlutinn í Ytri-Sólheimatorfu væri ekki skráður á hann sem eiganda í landi Ytri-Sólheima og lagt fram kæru þar um. Í úrskurði fasteignamatsnefndar hafi verið fallist á þetta og úrskurðað að umræddur jarðarhluti skyldi sérmetinn sem jörð undir heitinu Ytri-Sólheimar IIIa og tekið fram að þar sé um að ræða 4 hundruð að fornu mati.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á að í 1.-3. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 sé lögbundinn sá skiptagrundvöllur sem notast skuli við þegar óskiptu landi í jarðartorfum sé skipt niður. Ekki er að sjá að umræddar málsgreinar 2. gr. séu frávíkjanlegar nema hvað varði undantekninguna í 4. mgr. Niðurlagsákvæði 3. mgr. 2. gr. þess efnis að „ávallt verði notað hið elsta jarðamat sem við verður komið“ taki samkvæmt efni málsgreinarinnar einungis til þess ef grípa þurfi til yngri mata en fasteignabókarinnar frá 1922. Í jarðamati

1861 sé ekki að finna aðgreint mat þeirra jarða sem hér um ræði, né heldur í jarðatali Johnsen frá 1847. Í fasteignabókinni frá 1922 sé aðgreint mat hins vegar að finna en sem fyrr segi sé Ytri-Sólheima IIIa að engu getið þar og séu aðilar málsins sammála um að sú jörð sé þar vantalin. Hins vegar hafi komið fram við landskipti 1944 að Ólafur H. Jónsson ætti „eftir jarðamati 1922 5 hundruð í Ytri-Sólheimum" sem hann nytjaði sjálfur.

Stefndu kveðast geta fallist á að skipt sé eftir fasteignabókinni frá 1922 þrátt fyrir að Ytri-Sólheima IIIa sé þar ekki getið undir því heiti né innan annarra jarða í Ytri-Sólheimatorfu, að því gættu að 5 hundruðum sé bætt við þá heild sem þar komi fram varðandi Sólheimatorfu eins og gert hafi verið við landskiptin 1944. Samanlagt landverð Sólheimatorfu sé þannig rétt reiknað 134 hundruð samkvæmt matinu en ekki 129 hundruð eins og fasteignabókin 1922 gefi til kynna. Skipti á þeim grundvelli leiði til þess að hlutdeild stefnenda sé 22,4% en ekki 25% eins og stefnendur krefjist. Geti þeir því ekki fallist á kröfu þeirra þar sem slíkt samþykki kynni að hafa í för með sér eftirgjöf á réttindum þeirra til umrædds lands. Samkvæmt þessu sé hlutur Ytri-Sólheima IIIa í matinu 1922 3,9%.

Telji dómurinn hins vegar að fasteignabókinni frá 1922 verði ekki við komið við skipti, þar sem Ytri-Sólheimar IIIa komi þar ekki við sögu, sé óhjákvæmilegt að notast við elsta mat þar sem þá jörð sé að finna aðgreinda frá heildinni ásamt öllum öðrum jörðum sem hér komi við sögu, aðgreindum. Sú niðurstaða leiði af 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 sem taki m.a. til þess ef grípa þurfi til þess að nota yngri jarðamöt en fasteignabókina frá 1922. Ytri-Sólheimar IIIa komi ekki inn á fasteignamat sem sjálfstæð jörð fyrr en 1970. Fasteignamatið 1970 og möt næstu ára þar á eftir hafi hins vegar þann annmarka að þar séu Ytri-Sólheimar II og Ytri-Sólheimar IV metnir í einu lagi til dýrleika. Elsta fasteignamat þar sem sé að finna aðgreint mat allra þeirra jarða sem tilheyri Sólheimatorfu sé fasteignamatið 1998 og sé landverð þeirrar jarðar sem krafa stefnenda tekur til þá metið 19,5% af heildarlandverði Sólheimatorfunnar. Miðað við þær forsendur geti stefndu því ekki heldur fallist á kröfu stefnenda um 25% eignarhlut í Sólheimatorfu.

Niðurstaða.

Í máli þessu snýst ágreiningur aðila um það hver sé eignarhlutdeild stefnenda í óskiptu landi Ytri-Sólheima og þá jafnframt eftir hvaða hlutföllum eigi að skipta þessu landi. Reisa stefnendur málatilbúnað sinn á því að þeir sem eigendur Ytri-Sólheima III eigi 25% af hinu óskipta landi samkvæmt svonefndu fornu mati og þá að um sé að ræða 25 hundruð forn. Þeir stefndu sem látið hafa málið til sín taka hafa hafnað þessum sjónarmiðum og telja að ekki sé öðrum skiptagrundvelli til að dreifa en þeim sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Eigi skipting landsins því að ráðast af þeim

eignarhlutföllum jarðanna sem ákvörðuð hafi verið með jarðamatinu frá 1922, svokallaðri fasteignabók 1922, en að öðrum kosti verði notast við elsta mat þar á eftir þar sem jarðirnar séu allar aðgreindar.

Með landskiptalögunum nr. 46/1941 var kveðið á um að samkvæmt lögunum geti komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota. Ef lögfest skipti hafi eigi áður farið fram geti hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja krafist skiptanna. Eins og hér háttar liggur fyrir að stefndu eiga skýran rétt til þess að um landskipti á hinu óskipta landi fari eftir reglum nefndra laga.

Í 2. gr. laganna segir að skipta skuli eftir jarðamati frá árinu 1861 þar sem því verði við komið. Séu í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, skuli það þá nota. Verði hvorugu þessu mati við komið skuli fara eftir fasteignabók frá 1922, eða síðari fasteignabókum, þó þannig að ávallt verði notað hið elsta jarðamat, sem við verður komið. Ekki verður fallist á það með stefnendum að hin tilvitnuðu ákvæði 2. gr. feli einungis í sér leiðbeiningarreglu um notkun sönnunargagna án þess að vera bindandi fyrir dómstóla. Verður þvert á móti að líta svo á með vísan til skýrs orðalags greindra ákvæða að með þeim sé lögbundið hvaða mat skuli lagt til grundvallar skiptum og að ekki verði miðað við eldri möt en jarðamatið frá 1861 eða jarðatal Johnsens frá 1847. Einu undantekninguna sem lögin gera hvað þetta varðar er að finna í 4. mgr. 2. gr. landskiptalaganna þar sem heimilað er að skipta eftir öðrum eignarhlutföllum en jarðamatsbækur gefa upp ef þau hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur og allir eigendur samþykkja að eignarhlutföllin skuli haldast. Er að því vikið í stefnu að eignarhlutföll jarðanna samkvæmt hinu forna mati hafi mikið verið notuð milli eigendanna sjálfra, svo sem við ákvörðun á prestsmötu, skiptingu rekafjöru og úttektargjörðir við ábúendaskipti leigujarða. Með vísan til þessa hélt lögmaður stefnenda því fram við aðalmeðferð málsins að áratugum saman hefði full sátt um það ríkt milli allra eigenda Sólheimatorfunnar að byggja á hinu forna mati við ákvörðun eignarhlutfalla og því væri heimilt, með vísan til greindrar 4. mgr. 2. gr., að skipta hinu óskipta sameignarlandi á grundvelli þeirra. Gegn mótmælum stefndu verður

að telja að málsástæða þessi hafi komið of seint fram af hálfu stefnenda og því verður þegar af þeirri ástæðu ekki til hennar litið.

Stefnendur hafa og skírskotað til þess að matið frá 1922 sé ekki nothæft við ákvörðun hlutfallslegrar eignar hverrar jarðar þar sem því hafi ekki verið ætlað að greina frá eignarhlutföllum jarða í slíkri óskiptri jarðartorfu, heldur sé land hverrar jarðar þar metið til peningaverðs. Telja stefnendur að beiting þessa mats leiði til þess að aukin ræktun úrskipts lands hækki metið landverð og þar með hlutdeild viðkomandi jarðar í óskiptu landi og ef túlka eigi framangreind ákvæði 2. gr. landskiptalaganna á þann veg sem stefndu telji réttast þá hljóti þau að teljast andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Með vísan til þess að til framangreindra sjónarmiða er vitnað í stefnu verður ekki fallist á það með stefndu að málsástæða þessi sé of seint fram komin og verður hún því tekin til efnislegrar úrlausnar.

Framangreind ákvæði landskiptalaganna nr. 46/1941 eru sérákvæði um slit á sameign á landi þegar um er að ræða verðmæti sem eru sameign eigenda fleiri býla eins og áður greinir. Sýnist með lögfestingu ákvæðanna í 2. gr. laganna hafa verið ætlunin að setja almennar reglur um við hvaða heimildir skuli styðjast við ákvörðun eignarhlutfalla í slíkum tilvikum en sams konar ákvæði hafði skort í áðurgildandi landskiptalögum. Verður að telja að löggjafanum hafi verið þetta heimilt, enda sýnist með umræddum lagaákvæðum stefnt að því að við slík skipti verði ávallt byggt á elstu fyrirliggjandi heimildum sem traustar geti talist, þótt aldrei verði farið aftar en til jarðamatanna 1861 og 1847. Verður heldur ekki fallist á það með stefnendum að ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna útiloki að fasteignabókinni frá 1922 verði beitt, heldur sýnist því fremur ætlað að ítreka þann tilgang laganna sem að ofan greinir.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður að telja að við skipti hins óskipta lands að Ytri-Sólheimum beri að fara eftir ákvæðum 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Verður því ekki fallist á það með stefnendum að hægt sé að grundvalla skiptingu landsins á hinu forna mati.

Fyrir liggur að jarðirnar sem hér um ræðir, og eiga óskipt land í Ytri-Sólheimum, eru ekki metnar með aðgreindum hætti í jarðamatinu frá 1861 og verður því af þeim sökum ekki komið við í þessu máli. Sama á við um jarðatal Johnsens frá 1847. Samkvæmt

fasteignabókinni frá 1922 er landverð á Ytri-Sólheimum ákvarðað þannig að Sólheimahjáleiga er metin á 20 í hundruðum króna, Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot) á 15 í hundruðum króna, Ytri-Sólheimar II 20 í hundruðum króna, Ytri-Sólheimar III 9 í hundruðum króna, Ytri-Sólheimar IV 30 í hundruðum króna, Ytri-Sólheimar V 20 í hundruðum króna og Ytri-Sólheimar VI 15 í hundruðum króna. Samkvæmt því telst jörð stefnenda, Ytri-Sólheimar IV, sem nú heitir Ytri-Sólheimar III, vera 23,3% af metnu heildarverði Ytri-Sólheima í fasteignabókinni 1922. Hins vegar er þar ekki að finna mat á Ytri-Sólheimum IIIa og telja stefnendur að þar með sé matið ónothæft sem grundvöllur hlutfallsskipta milli allra jarðanna. Af hálfu stefndu er því hins vegar haldið fram að bæta eigi við matið þeim 5 hundruðum í Ytri-Sólheimum, sem staðfest hafi verið með landskiptagerðinni 1944 að þá hafi verið í eigu Ólafs H. Jónssonar og teljist nú vera jörðin Ytri-Sólheimar IIIa, og að með því verði hlutdeild stefnenda 22,4% af metnu heildarverði Ytri-Sólheima. Þá hefur verið á það bent af hálfu stefndu að elsta fasteignamat þar sem sé að finna aðgreint mat allra þeirra jarða sem tilheyra Sólheimatorfu sé fasteignamatið 1998 og samkvæmt því reiknist landverð jarðar stefnanda þar 19,5% af heildarverði torfulandsins. Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn þykja hér ekki standa efni til að taka afstöðu til hvort skipti sem fram færu á hinu óskipta landi Ytri-Sólheima yrðu grundvölluð á fasteignabókinni 1922 eða nýrri mötum og hvort og þá að hve miklu leyti tekið yrði tillit til eignarhlutdeildar Ytri-Sólheima IIIa í jörðinni við þau skipti. Samkvæmt þessu, og að virtu öðru því sem hér hefur verið rakið, þykja stefnendur ekki hafa sýnt fram á að eignarhlutdeild þeirra, sem eigenda Ytri-Sólheima III, sé 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnendur til að greiða stefndu Einari Þorsteinssyni, Eyrúnu Sæmundsdóttur, Elínu Einarsdóttur og Magnúsi Þór Snorrasyni óskipt 500.000 krónur í málskostnað. Þá eru stefnendur og dæmdir til að greiða óskipt stefndu Hildigunni Þorsteinsdóttur, Ólafi Þorsteinssyni, Sigríði Þorsteinsdóttur, Sigrúnu Ragnheiði Þorsteinsdóttur og Þorsteini Magnússyni 80.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til þess að þessi stefndu hafa að mestu farið sjálf með mál sitt fyrir dóminum.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Einar Þorsteinsson, Eyrún Sæmundsdóttir, Elín Einarsdóttir, Magnús Þór Snorrason, Andrína G. Erlingsdóttir, Benedikt Bragason, Einar Guðni Þorsteinsson, Óskar Sigurður Þorsteinsson, Hildigunnur Þorsteinsdóttir, Ólafur Þorsteinsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Sigrún Ragnheiður Þorsteinsdóttir, Þorsteinn Magnússon, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Þröstur Óskarsson, eru sýkn af kröfum stefnenda, Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar Ragnheiðar Ragnarsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði óskipt stefndu Einari Þorsteinssyni, Eyrúnu Sæmundsdóttur, Elínu Einarsdóttur og Magnúsi Þór Snorrasyni 500.000 krónur í málskostnað. Stefnendur greiði og óskipt stefndu Hildigunni Þorsteinsdóttur, Ólafi Þorsteinssyni, Sigríði Þorsteinsdóttur, Sigrúnu Ragnheiði Þorsteinsdóttur og Þorsteini Magnússyni 80.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon.

Rétt endurrit staðfestir
á skrifstofu Héraðsdóms
Suðurlands 27/9 2007

HÉRAÐSDÓMUR SUÐURLANDS

610/2007

ÁFRÝJUNARSTEFNA

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Gerir kunnugt: Réttinum hafa tjáð Tómas Ísleifsson, kt. 070348-2769, og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir, kt. 310555-3559, bæði til heimilis að Ytri-Sólheimum 3, 871 Vík, þau þurfi að áfrýja til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 27. september 2007 í málinu nr. E-723/2006:

Tómas Ísleifsson
og
Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir
gegn
Eyrúnu Sæmundsdóttur ofl.

Málflutningsumboð:
Undirritaður, Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður, Klapparstíg 25-27, Reykjavík, flytur mál þetta í umboði áfrýjenda Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar Ragnheiðar Ragnarsdóttur.

Stefndu:
Stefndu eru Eyrún Sæmundsdóttur, kt. 060634-7699, Einar Þorsteinsson, kt. 310828-3279, Elín Einarsdóttir, kt. 080367-4069 og Magnús Þór Snorrason, kt. 180666-4279, öll til heimilis að Sólheimahjáleigu, 871 Vík, Andrína G. Erlingsdóttur kt. 220571-4599 og Benedikt Bragason kt. 030963-5399, bæði til heimilis að Ytri-Sólheimum 1, 871 Vík, Einar Guðni Þorsteinsson, kt. 061258-5749, til heimilis að Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík, Óskar Sigurður Þorsteinsson, kt. 291266-3719, Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík, Hildigunnur Þorsteindóttir, kt. 020246-3249, Vesturási 32, 110 Reykjavík, Þorsteinn Magnússon, kt. 270576-5759, Eyjabakka 6, Reykjavík, Ólafur Þorsteinsson, kt. 180450-4919, Eystri-Sólheimum, 871 Vík, Sigríður Þorsteinsdóttir, kt. 220441-2299, Þverási 16, 110 Reykjavík, Sigrún R. Þorsteindóttir, kt. 260245-3179, Þýskalandi, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, kt. 010538-4599, Hrísateigi 5, 105 Reykjavík og Þröstur Óskarsson, kt. 300363-7849, Gauksási 47, 221 Hafnarfirði.

Áfrýjendur
Áfrýjendur eru Tómas Ísleifsson, framhaldsskólakennari, kt. 070348-2769, og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir, framhaldsskólakennari, kt. 310555-3559, eigendur Ytri Sólheima 3, bæði til heimils að Sólheimum 3, 871 Vík.

Tilgangur áfrýjunar:
Dómi Héraðsdóms Suðurlands er áfrýjað í því skyni, að fá hnekkt með dómi Hæstaréttar þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að hafna beri kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á að eignarhlutdeild þeirra sem eigenda Sólheima III sé 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum, þ.e. Sólheimatorfu. Þá er áfrýjað í því skyni, að fá hnekkt þeirri ályktun héraðsdóms, að stefndu eigi skýran rétt til þess að um landskipti á

Sólheimatorfunni fari eftir reglum landskiptalaga nr. 46/1941. Ennfremur til að fá hnekkt þeirri ályktun héraðsdóms, að lögbundið sé hvaða jarðamat skuli leggja til grundvallar við skipti á sameiginlegu landi og landsnytjum torfunnar. Áfrýjað er og í því skyni að fá hnekkt þeirri ályktun, að sú málsástæða í héraðsdómsstefnu, að eignarhlutföll jarðanna skv. fornu mati hafi verið notuð milli eigendanna, hafi komið of seint fram og að ekki sé þess vegna heimilt að skipta landinu á grundvelli 4. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti. Enn er málinu áfrýjað til þess að fá hnekkt þeirri túlkun héraðsdóms að dómstólnum sé skylt að beita ákvæðum landskiptalaga við skipti óskipts lands og landsnytja jarðartorfunnar án tillits til þess, að með slíkri skiptingu eru áfrýjendur sviptir eignarhlutdeild sinni að hluta. Áfrýjað er og til að fá hnekkt þeirri lagatúlkun héraðsdóms, að landskiptalög bindi hendur dómsóla á þann veg, að þeim sé óheimilt að byggja efnisdóm um eignarhlut í óskiptu landi og landsnytjum á framkomnum sönnunargögnum, þar sem þeir séu bundnir af formreglum landskiptalaga og formreglurnar gangi framar en efnisleg sönnunargögn um eignarrétt. Þá er og áfrýjað í því skyni að fá hnekkt þeirri ályktun héraðsdóms, að eigandi að óskiptu landi og landsnytjum torfunnar geti aukið eignarhlutdeild sína með því að auka verðmæti úrskipts lands síns, t.d. með aukinni ræktun, og þar með skert eignarhlutdeild sameigenda sinna án heimildar þeirra. Að lokum er áfrýjað í því skyni að fá hnekkt þeirri ályktun héraðsdóms, að ákvæði landskiptalaga gangi framar ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar og víki þeirri vernd til hliðar þegar kemur að viðurkenningu á sannaðri 25% eignarhlutdeild áfrýjenda í óskiptu landi og landsnytjum Sólheimatorfunnar.

Dómkröfur áfrýjenda:
Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og viðurkennt verði með dómi, að eignarhlutdeild áfrýjenda, Tómasar Ísleifssonar og Sigrúnar R. Ragnarsdóttur sem eigenda Ytri-Sólheima 3, sé 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum, þ.e. Sólheimatorfu. Þá er og krafist málskostnaðar alls í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu Eyrúnar Sæmundsdóttur, Einars Þorsteinssonar, Elínar Einarsdóttur, Magnúsar Þórs Snorrasonar, Hildigunnar Þorsteindóttur, Þorsteins Magnússonar, Ólafs Þorsteinssonar, Sigríðar Þorsteinsdóttur og Sigrúnar R. Þorsteindóttur *in solidum* eða hvers um sig að mati dómsins eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Áskilnaður:
Áskilnaður er gerður um frekari kröfur, málsástæður og rökstuðning umfram það, sem gert var í héraði, sbr. 163. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 17. gr. l. nr. 38/1994 um breyting á þeim lögum, svo og til að leggja fram sýnileg sönnunargögn til frekari stuðnings málsástæðum áfrýjanda.

Tilkynningarfrestur áfrýjenda um varnir:
Stefndu skulu tilkynna Hæstarétti eigi síðar en 21. 2009, hvort þeir muni halda uppi vörnum í málinu. Berist ekki slík tilkynning á réttum tíma, er litið svo á, að þeir krefjist staðfestingar á hinum áfrýjaða héraðsdómi.

Áfrýjunarstefnu þessa verður að birta eigi síðar en viku áður en ofangreindur frestur til handa stefndu er á enda.

Til staðfestu er innsigli Hæstaréttar.

Reykjavík 16. nóvember 2007

Gjald kr. 12.700
Greitt KÝ

Stefndu, Einar Þorsteinsson, Eyrún Sæmundsdóttir, Elín Einarsdóttir, og Magnús Þór Gunnarsson hafa falið undirrituðum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti. Samrit af áfrýjunarstefnu hefur verið afhent mér samtímis því sem ég undirrita yfirlýsingu þessa.

~~Reykjavík~~ 23/4 2007.

Óskar Sigurðsson hrl

Stefndu, Hildigunnur, Ólafur, Sigríður og Sigrún Ragnheiður öll Þorsteinsbörn og Þorsteinn Magnússon hafa falið undirrituðum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti. Samrit af áfrýjunarstefnu hefur verið afhent mér samtímis því sem ég undirrita yfirlýsingu þessa.

30/11 2007

Reykjavík 2007.
Við undirrituð, Benedikt Bragason, Andrína G. Erlingsdóttir, Einar Guðni Þorsteinsson, Óskar Sigurður Þorsteinsson, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Þröstur Óskarsson, sem er stefnt fyrir Hæstarétt í framangreindu dómsmáli, lýsum því yfir að okkur hefur hverju um sig verið afhent samrit

stefnunnar og ritum við nöfn okkar hér undir því til staðfestingar.

Benedikt Bragason 030563-5399

Andrína G. Erlingsdóttir 220571 4599

Einar Guðni Þorsteinsson, 061258-5749

Óskar Sigurður Þorsteinsson 291266-3719

Ingibjörg Ásgeirsdóttir 010538-4599

Þröstur Óskarsson 300367-7849

Stefndu, _____

_____

_____

hafa falið undirrituðum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti. Samrit af áfrýjunarstefnu hefur verið afhent mér samtímis því sem ég undirrita yfirlýsingu þessa.

Reykjavík 2007.

Ytri-Sólheimum, 3. desember 2007

Hæstiréttur Íslands,
Dómhúsinu við Arnarhól,
101 Reykjavík.

Efni: Hæstaréttarmálið nr. 610/2007: Tómas Ísleifsson ofl. gegn Eyrúnu Sæmundsdóttur ofl.

Okkur undirrituðum:

Andrínu G. Erlingsdóttur, kt. 220571-4599,
Benedikt Bragasyni, kt. 030963-5399,
Einari Guðna Þorsteinssyni, kt. 061258-5749,
Óskari Sigurði Þorsteinssyni, kt. 291266-3719, og
Þresti Óskarssyni, kt. 300363-7849,

hefur verið birt áfrýjunarstefna í ofangreindu máli.

Við lýsum því yfir að við samþykkjum kröfur áfrýjenda í málinu á sama hátt og við samþykktum kröfur stefnenda í héraði. Þar sem ekki eru gerðar kröfur um málskostnað úr okkar hendi munum við ekki sækja þing í málinu fyrir Hæstarétti.

Líta ber á bréf þetta sem málflutningsyfirlýsingu af okkar hálfu um að við séum samþykk kröfum áfrýjenda í málinu og ósamþykk kröfum annarra stefndu.

Virðingarfyllst,

Andrína G. Erlingsdóttir 220571-4599

030963-5399

Einar G. Þorsteinsson 061258-5749

291266-3719

Óskar Sigurður Þorsteinsson

Þröstur Óskarsson 300363-7849